Sverrir Guðmundsson, 819.
Sverrir Haukur Gunnlaugsson, 815.
Svimset, Alf Palmer, 809.
von Sydow, Erik, 807.
Szenkovits, Paul, 810, 812.
Sælgæti, lækkun gjalda, augl., 322.
Sæmundsen, Carl, 811.

T.

Tallroth, T., 810.
Talvetie, Pentti, 807.
Tham, W., 809.
Thestrup, Knud, 808.
Thorlaksson, Steingrímur Oktavius, 813.
Thorsen, A. W., 808.
Thorsen, Kjell, 808.
Tjaarstra, Johannes, 808.
Tollverð, lækkun flutningsgjalds, augl., 8; notaðra bifreiða, augl., 340, 377.
Tómas Bjarni Sturlaugsson, 817.
Tómas Sveinsson, 821.
Tómas Á. Tómasson, 816, 820 (2).
Trausti Þorsteinsson, 817.
Tristany, Rogelio Rafael, 822.
Troels-Smith, Viggo, 810.
Tryggvason, Agnete, 822.
Tryggvi Ásmundsson, 820 (2).
Trömborg, Johan, 809.

U, Ú.

Ullern, Arnfin, 808.
Umferð, Borgarfjarðarkauptún, augl., 471; Borgarnes, augl., 321; Grindavík, augl., 214; Hafnarfjörður, augl., 399, 422—423; Hofsós, augl. 322, Keflavík, augl. 139, 474; Keflavíkurflugvöllur, augl., 460; Kópavogur, augl., 366, 486—487; Njarðvíkurhreppur, augl., 399; Reykjavík, augl., 138, 139 (2), 214, 251, 252, 351, 352, 366, 422; Seltjarnarneshreppur, augl., 215.
Unni Kröyer, 806.
Uusivirta, Pentti, 807.
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, stofnskrá, 349—351.
Útflutningslánasjóður, rg., 19—20.
Útvarpsrekstur ríkisins, rg., br., 166.

V, W.

Valdimar Þ. Kristjánsson, 820.
Valdís Þorkelsdóttir, 818.

Valey Jónasdóttir, 819.
Valgarð Briem, 821.
Valgerður Elín Valdimarsdóttir, 818.
Vatnsskattur, Reykjavík, rg., 475—477.
Vatnsveitufélög: Múlakotsbænda, sþ., 103—104; Skálavatnsveitu, sþ., 469—470.
Vatnsveitur: Bessastaðahreppur, rg., 229 232; Borgarnes, rg., 205—209, gjsk., 209—210; Keflavík, rg., 42—44; Kópavogur, rg., br., 40; Siglufjarðarkaupstaður, rg., br., 40—41; Vestur-Landeyjahreppur, rg., 182—183.
Veðdeild Landsbanka Íslands, rg., 270—274, 275—279.
Veiðibann, síldveiðar með herpinót, augl., 423; smásíld, loðna, rg., br., 45.
Veiðifélög: Hvítárvatns, sþ., 246—247; Laxár og Krákár, sþ., 223—225, arðskrá, 235—236; Mýrarkvíslar, arðskrá, 381; Saurbæjarhrepps, arðskrá, 234; Stóru-Langadalsár og Setbergsár, sþ., 236—237; Vestur-Eyfellinga, sþ., 465—466; Þorvaldsdalsár, sþ., 464—465; Önundarfjarðar, sþ., 233—234.
Veiðisvæði, fyrir Suðvesturlandi, rg., 60—61; fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði, augl., 1.
Verðgrundvöllur, freðfiskur, augl., 354; rækja, augl., 352—353; saltfiskur og ufsaflök, augl., 353.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rg., 247—250.
Verðlaunasjóður, Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, rkn., 318—319, 319—320.
Verzlanir: afgreiðslutími, Húsavík, sþ., br., 18; Reykjavík, sþ., 281—284; tollfrjálsar, á Keflavíkurflugvelli, rg., 12—14.
Verzlunarbanki Íslands hf., rkn., 294—296.
Vestmannaeyjar, hafnarrg., br., 194.
Vestur-Landeyjahreppur, vatnsveita, rg., 182—183.
Viðar Rósmundsson, 815.
Viðar Símonarson, 818.
Vilborg Pétursdóttir, 816.
Vilborg Sigurðardóttir, 818.
Víglundur Þór Þorsteinsson, 814.
Vögeli, W., 810.
Vörumerki, augl., 324, 358, 461, 636—805.
Wachtmeister, W., 810.
Weistein, Tarald, 808.
Widner, A. Å., 809.
Widum, Knut Erik, 809.
Wigren, B., 810.
Wilhelmsen, Jan Erik, 809.
Winge, Kaare, 808.
Wongraven, Björn, 809.
Woodcock, F. Huntley, 821.

Þ.

Þingeyrarhreppur, sveitarstjóri, sþ., 184.
Þingeyrarsókn, stj.bréf, 104.
Þingeyri, hafnarrg., br., 472.
Þingvallahreppur, fasteignaskattur, augl., 323.
Þorbjörn Sigurgeirsson, 813.
Þorsteinn Sigurðsson, 806.
Þorvaldur G. Einarsson, 814.
Þorvarður Kjerúlf Þorsteinsson, 817.
Þóra Einarsdóttir, 806.
Þórarinn Sveinsson, 820.
Þórður Ásgeirsson, 814, 815.
Þórður Eydal Magnússon, 813.
Þórhallur Runólfsson, 820.
Þórhildur Ólafsdóttir, 806.
Þórir Einarsson, 813.
Þórleifur Jónsson, 814.
Þroskaþjálfaskóli, rg., 390—394.
Þungaskattur, dísilbifreiða, gjsk., 101—102.

Skammstafanir í registri, B-deild.

augl. = auglýsing.
br. = breyting.
hm. = heiðursmerki.
gjsk. = gjaldskrá.
r. = reglur.
rg. = reglugerð.
rkn. = reikningur.
stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
sþ. = samþykkt.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1971

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar til 1. apríl 1971 fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum:

1. Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40′6N og 22°55′2V og þaðan réttvísandi 213° og frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í norðurátt í punkt 63°58′2N og 23°29′1V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. Í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línum, er hugsast dregnar milli eftirgreindra punkta:

1.	64°28′N	23°57′V
2.	64°27′N	24°43′V
3.	64°18′N	24°43′V
4.	64°18′N	24°23′V

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1971 í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki falla undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Stjórnartíðindi B 1, nr. 1. Útgáfudagur 14. janúar 1971.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1971

Nr. 2. 2 12. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um skyldusparnað.

1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr. sbr. 7. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Félagsmálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá sparimerkjakaupum þeim aðilum, sem greiða starfsmönnum sínum laun með ávísunum, sem gerðar eru í skýrslugerðavélum, enda fylgi ávísunum sparimerkjamiði með tilgreindri upphæð, sem viðkomanda ber að greiða í skyldusparnað. Sparimerkjamiða þessa ber launaviðtakanda að líma á sparimerkjablað sitt í sparimerkjabókinni áður en hann afhendir það á pósthús.

Launagreiðendum, sem fá leyfi ráðuneytisins til útgáfu slíkra sparimerkja, ber að greiða heildarupphæð útgefinna sparimerkja til viðkomandi pósthúss, samtímis því að merkin eru gefin út. Greiðslum þessum ber að fylgja nákvæm skrá um viðtakendur slíkra merkja og skulu þær vera í þríriti og kvittar pósthúsið fyrir móttöku andvirðisins á eitt eintakið.

Ráðuneytið skal tilkynna póststjórninni um þá aðila, sem heimild hafa fengið til útgáfu slíkra merkja. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun, leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar, með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðar en síðasta dag febrúarmánaðar ár hvert, vegna slíkra tekna á næsta ári á undan. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði, eða öðrum hlunnindum, þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miða við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

3. gr.

Póststjórnin gefur út sparimerki og sparimerkjabækur, (að öðru leyti en því sem um getur í 2. gr.). Félagsmálaráðuneytið ákveður verðgildi sparimerkja.

Sparimerkjabók skal vera í líku formi og tékkhefti, þannig að hverju blaði bókarinnar, sem vera skal með riflínu, fylgi fastur stofn. Á stofni hvers blaðs, skal vera kvittana- og vottorðseyðublað, en sparimerki skal líma á hinn hluta blaðsins í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Á þeim hluta blaðsins,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

sem sparimerki skal líma á, skal vera eyðublað fyrir vottorð póstmanns, sbr. 8. og 9. gr. Í vottorði þessu skal greina númer sparimerkjabókar, nafn bókareiganda, nafnnúmer og heimilisfang hans, hvort sparimerki hafi verið greidd samkvæmt undanþágu, og heimildar þá getið. Loks skal vera yfirlýsing póstmanns um að hann hafi sjálfur rifið sparimerkjablaðið úr bókinni.

Á titilblað bókarinnar skal eigandi hennar rita nafn sitt, heimili, fæðingardag og ár ásamt nafnnúmeri, þegar hann fær bókina hjá póstmanni og í viðurvist hans. Í sparimerkjabók skulu vera leiðbeiningar varðandi notkun hennar, svo og eyðublöð fyrir vottorð um undanþágu frá sparnaðarskyldu. Sparimerkjabækur skulu vera tölusettar í áframhaldandi töluröð. Á kápu bókarinnar skal prenta áberandi áletrun um að vextir reiknist ekki af merkjunum fyrr en pósthúsið hefur kvittað fyrir móttöku þeirra.

4. gr.

Sparimerki skulu vera til sölu og sparimerkjabækur til afhendingar ókeypis í öllum póststofum og póstafgreiðslum.

Pósthús skulu gefa ókeypis kvittun fyrir sparimerkjakaupum, stíluða á nafn kaupanda. Kvittun skal vera í þríriti. Skal póststjórninni sent eitt afrit og einu heldur pósthúsið eftir. Pósthús þessi skulu halda skrá í tvíriti yfir þá, sem fengið hafa sparimerkjabækur og skal sá, sem fengið hefur slíka bók, kvitta fyrir móttöku hennar á skrána. Á skrána skal færa nafn bókareiganda, heimili hans, fæðingardag og ár, ásamt nafnnúmeri svo og tölusetningu bókarinnar.

Nú þarf bókareigandi að fá nýja bók, og skal hún þá bera sömu tölusetningu og fyrri bók eða bækur hans.

5. gr.

Rétt til undanþágu frá þáttöku í skyldusparnaði eiga:

a) Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám.
b) Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.
c) Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þúsund krónur skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Undanþágu samkvæmt þessum lið má veita allt að 6 mánuði aftur í tímann, miðað við útgáfudag undanþágu.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Slíkar undanþágur má þó eigi veita lengur en 6 mánuði aftur í tímann, miðað við útgáfudag undanþágu.

Skýrslur um þessar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

6. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldusparnaði samkvæmt 5. gr. a. lið, geta snúið sér til lögreglustjóra eða hreppstjóra í heimilissveit sinni, en þeir sem rétt eiga til undanþágu samkvæmt 5. gr. b. og c. lið til hlutaðeigandi skattstjóra, og fengið vottorð þeirra um, að þeir séu undanþegnir skyldusparnaði um lengri eða skemmri tíma. Sama gildir, ef um er að ræða undanþágu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., nema ákvörðun skattstjóra hafi verið áfrýjað, en þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþág-

una. Vottorðið skal fært á þar til gert eyðublað í sparimerkjabók og dagsett af útgefanda.

Ef bókareigandi er námsmaður, skal hann leggja fram vottorð skólastjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa staðfestum námssamningi.

Er lögreglustjóri, hreppstjóri eða skattstjóri hafa athugað, hvort hlutaðeigandi bókareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, skulu þeir rita vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skulu þeir auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða upphafsstöfum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu um hver áramót láta húsnæðismálastjórn og hlutaðeigandi skattayfirvöldum í té skrá um þær undanþágur, sem veittar hafa verið. Skráin skal vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða.

7. gr.

Rétt til endurgreiðslu á skyldusparnaði eiga:

a) þeir, sem náð hafa 26 ára aldri,
b) gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
c) þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa, svo og þeir, sem kaupa jarðir, eða byggja íbúðarhús á jörð og hefja búskap,
d) útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Ef bókareigandi hefur náð 26 ára aldri sbr. a. lið þessarar greinar, skal hann fá endurgreiðslu gegn framvísun aldursvottorðs.

Á sama hátt skal bókareigandi, sem er giftur og hefur stofnað heimili sbr. b. lið þessarar greinar, framvísa giftingarvottorði sínu hjá endurgreiðsluaðila, er hann vill fá endurgreiðslu.

Sá, sem vill fá endurgreiðslu samkvæmt c-lið þessarar greinar, skal snúa sér til húsnæðismálastjórnar og framvísa eftirgreindum skilríkjum:

1. Þeir, sem kaupa íbúð eða jörð, skulu færa sönnur á það með framlagningu kaupsamnings.
2. Þeir, sem byggja íbúð til eigin þarfa, skulu leggja fram vottorð sveitarstjórnar um lóðarréttindi og vottorð byggingarfulltrúa um byggingarstig, samkvæmt nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé þessum skilyrðum fullnægt, veitir húsnæðismálastjórn umsækjanda heimild til endurgreiðslu á skyldusparnaði hans.

Þessi endurgreiðsluheimild leysir ekki hlutaðeigandi undan skyldu til að halda áfram þátttöku í skyldusparnaði samkvæmt ákvæðum laga þessara. Þó er húsnæðismálastjórn skylt, eftir að endurgreiðsla samkv. c.lið þessarar greinar hefur farið fram, að veita þeim aðilum undanþágu frá skyldusparnaði um eins árs skeið í senn, sem færa sönnur á það fyrir húsnæðismálastjórn með framvísun veðbókarvottorðs, að þeir séu enn íbúðareigendur.

Þeir, sem eru undanþegnir skyldusparnaði samkvæmt d.lið þessarar greinar geta snúið sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra, er þeir hverfa af landi burt, og fengið vottorð hans um rétt til endurgreiðslu gegn framvísun farseðils til útlanda.

Að fullnægðum ofangreindum skilyrðum, skulu innlögð sparimerki þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, endurgreidd í veðdeild Landsbanka Íslands, en þeirra, sem búsettir eru annars staðar á landinu, í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, sbr. 15. gr.

Á sama hátt skulu pósthúsin endurgreiða rétthöfum þau sparimerki, sem ekki hafa verið lögð inn.

8. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði og framvísað þar sparimerkjabók sinni og óskað þess, að póstafgreiðslumaður nemi brott úr bókinni blöð þau, sem eru með álímdum sparimerkjum.

Jafnan skal tæma sparimerkjabækur um hver áramót, og þó ekki síðar en 10. janúar ár hvert.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur, skal nema brott umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr., og undirrita það. Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag, áritað til póststjórnarinnar, og póstleggur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjáreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er móttekið af póstmanni.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

9. gr.

Nú framvísar launþegi við launagreiðanda sparimerkjabók sinni, sem sýnir, að hann er undanþeginn skyldusparnaði, sbr. 5. og 6. gr., og skal þá eigi greiða honum með sparimerkjum.

Eftir að hafa athugað vottorð um undanþágu frá skyldusparnaði, sbr. 5. og 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, nemur póstmaður brott blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álímdum sparimerkjum, sem ekki hafa verið auðkennd, og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna. Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókarinnar og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr., og undirritar það. Slík sparimerkjablöð skal yfirstimpla með áletruninni: **Endurgreitt.** Um sparimerkjabókarblöð með álímdum auðkenndum merkjum, fer samkvæmt 8. gr.

Heimilt er póstmanni að synja um greiðslu sparimerkja samkvæmt grein þessari, ef hann telur vera um óeðlilega upphæð sparimerkja að ræða, nema fyrir liggi vottorð hlutaðeigandi skattstjóra um sparimerkjaeignina.

Endurgreidd sparimerkjablöð skulu síðan send póststjórninni með mánaðarskilagrein, sbr. 12. gr.

10. gr.

Nú hefur blað með álímdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar, og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

11. gr.

Glatist sparimerkjabók, en sparimerki hafa verið afhent pósthúsinu til áframsendingar og fjárhæðin lögð á sparimerkjareikning bókareiganda, getur húsnæðismálastjórn fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins stefnt til sín handhafa þessarar sparimerkjabókar með 6 mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnvaldaauglýsingar hér á landi. Ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur Byggingarsjóður ríkisins eða Stofnlánadeild landbúnaðarins greitt þeim manni upphæðina, sem er skráður eigandi bókarinnar, þegar hann á rétt til endurgreiðslu samkv. reglugerð þessari, án þess að nokkur annar, er sparimerkjabókin kann að

hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur Byggingarsjóði ríkisins eða Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Kostnað af þessu ber bókareiganda að greiða.

12. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar póstleggja skilagrein til póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 9. gr., og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilagreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilagreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilagreininni.

13. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði, og skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja, svo og sparimerkjablöð greiddra merkja, skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 2. mgr. 12. gr.

14. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 13. gr. Er henni berast sparimerkjabréf, sbr. 8. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, skal ávaxtað í innlándsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, en þeirra, sem búsettir eru á lögbýlum utan kaupstaða og kauptúna í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver sparifjáreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

Heimilt er að færa á sérstakan biðreikning innstæður á skyldusparnaðarreikningum, þar sem innstæðan er eingöngu vextir, sem reikningseigandi hefur ekki tekið út um leið og höfuðstólinn. Af slíkum innstæðum reiknast hvorki vextir né vísitöluuppbót. Ef slíkra innstæðna er ekki vitjað innan 20 ára, renna þær til Byggingarsjóðs ríkisins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins eftir því sem við á.

15. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á sérreikningi samkvæmt 14. gr., og hefur náð 26 ára aldri, stofnar til hjúskapar, verði það fyrr, eða kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. c. lið 7. gr., skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt samkvæmt 7. gr., með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var lagt inn, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsgr. 5. gr. laga nr. 30 12. maí 1970. Sama gildir um endurgreiðslu til útlendinga skv. 7. gr. Nú andast maður, sem á fé á slíkum sérreikningi, og skal þá endurgreiða dánarbúinu sparifé með sama hætti. Krefjast má dánarvottorðs og vottorðs skiptaráðanda um hverjum megi greiða innstæðufé.

Sparifjáreigendur skulu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nema samanlagt að minnsta kosti kr. 150 000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og Húsnæðismálastofnun ríkisins að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

16. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkvæmt 1. og 2. gr., þessarar reglugerðar, skal undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Fé þetta er einnig skatt- og útsvarsfrjálst sem eign, og ekki framtalsskylt. Vextir af fé þessu eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

17. gr.

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert, upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera upplýsingar, um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans, svo og upphæð þá, sem hann hefur keypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr.

Samkvæmt þessum gögnum skulu skattstjórar sannprófa hvort kaupgreiðendur og aðrir, sem skylt er að kaupa sparimerki samkvæmt 2. gr., hafi keypt sparimerki, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

18. gr.

Hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessarar reglugerðar, skal skylt að mæta, eða láta mæta, hjá skattstjóra með sparimerkjabók sína, eða senda hana með öðrum hætti, til þess að sannprófað verði, hvort hann hefur eignazt sparimerki, svo sem vera ber, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Skattstjórar ákveða hvenær hlutaðeigendur skulu mæta, láta mæta, eða senda sparimerkjabækur sínar, samkvæmt grein þessari, og skal birta þá ákvörðun með þeim hætti, sem venjulegt er að birta opinberar auglýsingar á hverjum stað.

Sparimerkjabækur, sem berast skattstjóra samkvæmt grein þessari, skal skattstjóri endursenda bókareiganda, honum að kostnaðarlausu, að lokinni sannprófun, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Nú kemur í ljós, sbr. 17. og 18. gr., að sparimerkjakaup hafa verið vanrækt, og skal þá skattstjóri úrskurða gjald á hendur þeim, sem sekur er um vanrækslu, sem nema skal allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.

Þeim, sem vanrækir að mæta, láta mæta, eða senda sparimerkjabók sína, samkv. 18. gr., án lögmætra forfalla, skal gert að greiða allt að 200 króna gjald.

Skattstjórar skulu semja skrár í tvennu lagi yfir gjöld samkvæmt þessari grein, og skulu skrár þessar vera tvíritaðar. Annars vegar skal semja skrá yfir gjaldendur, sem ekki eru búsettir á lögbýlum. Samrit af þeirri skrá skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins, og gjöld samkvæmt henni skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hins vegar skal semja skrá yfir þá gjaldendur, sem búsettir eru á lögbýlum. Samrit af þeirri skrá skal senda Búnaðarbanka Íslands, og gjöld samkvæmt henni renna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Hitt eintak skránna skal afhent innheimtumönnum gjaldanna, sbr. 20. gr.

20. gr.

Gjaldskrár, samkvæmt 19. gr., skulu liggja frammi almenningi til sýnis á sama stað og tíma og skrár um tekju- og eignarskatt. Kæra má til skattstjóra út af gjaldi samkvæmt 19. gr., með sama hætti og kæra má út af álögðum tekju- og eignarskatti.

Áfrýja má úrskurði skattstjóra til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld samkvæmt 19. gr. falla í gjalddaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur, og má innheimta þau með lögtaki.

Innheimtu gjalda samkvæmt 19. gr. annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

21. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 25 000.00.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mál.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 3. 13. janúar 1971.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalds með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, sem hér segir:

Frá og með 1. febrúar 1971, skal lækka flutningsgjald í tollverði vöru um 50% frá raunverulegu flutningsgjaldi hverju sinni. Þó er lækkunarheimildin bundin við vöruflutninga til landsins í reglubundnu áætlunarflugi skv. tvíhliða loftferðasamningum. Enn fremur nær lækkunin eingöngu til flutningsgjalds þess hluta leiðarinnar, sem er eða getur verið samfelldur flutningur í þeirri flugvél, sem vöruna flytur til landsins. Það skilyrði er sett fyrir framangreindri lækkun, að vara sé tollafgreidd og tekin úr afgreiðslu flugfélaganna innan 15 daga frá komudegi flugvélarinnar til landsins.

Með gildistöku auglýsingar þessarar er felld úr gildi eldri auglýsing ráðuneytisins frá 21. júlí 1967.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1971.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 2—3. Útgáfudagur 19. janúar 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1971

3. janúar 1971. 9 Nr. 4.

REGLUGERÐ

um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Heiti stofnunar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.

Stofnunin heitir Raunvísindastofnun Háskólans og er háskólastofnun, sem heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild, og fjallar deildarráð um málefni stofnunarinnar, nema er um almenn háskólamál ræðir. Í því atviki fjallar háskólaráð um málin.

2. gr.

Starfssvið.

Aðalstarf stofnunarinnar er undirstöðurannsóknir á sviði stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðvísinda, en bæta má við rannsóknarstofum eða undirstofnunum á öðrum sviðum raunvísinda, eftir því sem síðar kann að verða mælt fyrir um og fé veitt til í fjárlögum eða á annan hátt.

3. gr.

Skipulag Raunvísindastofnunar Háskólans.

Stofnunin skiptist fyrst um sinn í fjórar rannsóknarstofur, sem starfa á eftirtöldum sviðum:

I. Rannsóknarstofa í stærðfræði.

Starfssvið: Stærðfræðilegar greinar: Stærðfræði, stærðfræðileg eða teoretisk eðlisfræði, hagnýtt stærðfræði.

II. Rannsóknarstofa í eðlisfræði.

Starfssvið: Tilraunaleg eðlisfræði, þ. á m. fyrst um sinn jarðeðlisfræðilegar mælingar, sem framkvæmdar eru í vinnustofu (laboratorium).

III. Rannsóknarstofa í efnafræði.

Starfssvið: „Teoretisk“ og tilraunaleg efnafræði.

IV. Rannsóknarstofa í jarðvísindum.

Starfssvið: Jarðvísindi, þ á m. jarðeðlisfræði, jarðfræði, og jarðefnafræði, og rekstur jarðvísindalegra athugunarstöðva.

Stjórn sker úr vafaatriðum í sambandi við skiptingu verkefna milli rannsóknarstofa.

Stjórn er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að skipta rannsóknarstofum í deildir og fela starfsmanni deildarstjórn.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

B 2

4. gr.

Forstaða fyrir rannsóknarstofum.

Fyrir hverri rannsóknarstofu er forstöðumaður, sem hefur á hendi stjórn vísindalegra rannsókna og stendur fyrir daglegum rekstri rannsóknarstofu undir yfirstjórn stjórnar. Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn til allt að fimm ára í senn að fengnum tillögum deildarráðs verkfræði- og raunvísindadeildar. Forstöðumenn skulu fá sérstaka þóknun fyrir forstöðustarfið samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skipa sex menn sem hér segir:

a) Forstjóri, sem er formaður stjórnarinnar, kosinn til allt að fimm ára í senn af háskólaráði úr hópi prófessora Háskólans í þeim greinum, sem undir stofnunina falla. Forstjórinn skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi, sem heyrir ekki undir ákveðna rannsóknarstofu. Hann kemur og fram fyrir stofnunina í heild.
b) Fjórir forstöðumenn rannsóknarstofanna.
c) Vísindalega menntaðir starfsmenn, tilgreindir í 7. gr. I 4. A. a) og b), kjósa úr sínum hópi einn mann í stjórnina. Skal hann hafa starfað við stofnunina samfleytt í eitt ár. Kosning hans gildir í eitt ár frá 1. september að telja.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, fer með fjármál hennar, gengur frá rekstraráætlun og tillögum til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til stofnunarinnar og skiptingu fjárveitingar milli rannsóknarstofa. Stjórnin tekur ákvörðun um rannsóknarverkefni og önnur verkefni, sem taka skal upp eða fella niður innan stofnunarinnar. Stjórnin fjallar um ráðningar vísindamenntaðs starfsfólks svo og annars starfsfólks, sbr. 7. gr.

Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi, og ræður þá atkvæði formanns. Stjórnin getur skotið málum til deildarráðs eða háskólaráðs til úrskurðar eða samráðs. Ráðherra ákveður þóknun forstjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

6. gr.

Fjármál.

Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald, og ber sjálfstæða fjárábyrgð.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

Aðrar tekjur eru þessar:

a) Styrkir til einstakra rannsókna samkvæmt umsókn.
b) Styrkir eða greiðsla fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Öflun tekna á þennan hátt og ráðstöfun þeirra er háð samþykki stjórnarinnar.

Árlegur stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur stofnunarinnar skal sendur Ríkisendurskoðuninni til endurskoðunar ásamt fylgiskjölum. Samrit reikningsins sendist menntamálaráðuneytinu.

Í ársreikningi skal einnig gera grein fyrir tekjum samkvæmt a—c lið.

7. gr.
Starfslið.

I.

Starfsmenn stofnunarinnar eru:

1. Forstjóri og forstöðumenn rannsóknarstofa, sbr. 5. og 4. gr.
2. Prófessorar eða gistiprófessorar við Háskólann í þeim greinum, er undir stofnunina falla, eiga kost á vinnuaðstöðu við stofnunina, þ. á m. nauðsynlegri rannsóknaraðstoð, eftir því sem aðstæður leyfa að dómi stjórnarinnar. Skulu þeir þá vera forstöðumanni viðkomandi rannsóknarstofu til ráðuneytis um vísindaleg málefni hennar, svo sem um verkefnaval o. fl. Heimilt er að greiða þeim sérstaka þóknun fyrir starf sitt við stofnunina samkv. ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs, er leitar álits stjórnarinnar.
3. Dósentar og lektorar við Háskólann, sem starfa að rannsóknum á sviðum, sem undir stofnunina falla, og stjórnin veitir vinnuaðstöðu við stofnunina.
4. Aðrir starfsmenn við rannsóknarstörf.
   A. Vísindalega menntaðir starfsmenn.
      a) Fastráðnir starfsmenn.
      b) Starfsmenn ráðnir til takmarkaðs tíma, 1—3 ára.
      c) Lausráðnir starfsmenn, ráðnir til skemmri tíma en 1 árs.
      d) Starfsmenn ráðnir til hluta af starfi við stofnunina, t. d. að öðrum hluta ráðnir til kennslustarfa við menntaskóla eða kennaraskóla eða Háskólann sjálfan, svo sem dósentar og lektorar, sjá 3.
      e) Styrkþegar, sem njóta styrks, t. d. frá Vísindasjóði, og fá vinnuaðstöðu við stofnunina um takmarkaðan tíma.

      Starfsmenn A, a) — d), skulu hafa lokið háskólaprófi, og getur stjórnin skipað þeim í tvo starfsflokka eftir menntun og vísindalegri hæfni með samþykki deildarráðs.

   B. Tæknimenntaðir starfsmenn.
      a) Fastráðnir starfsmenn.
      b) Lausráðnir starfsmenn.

   C. Aðstoðarmenn.
      a) Fastráðnir aðstoðarmenn.
      b) Aðrir aðstoðarmenn, þ. á m. stúdentar.

Vísindalega menntaðir starfsmenn, 4. A. a) og b), skulu ráðnir til rannsóknarstarfa, en þó skal, ef deildarráð óskar, setja ákvæði um kennslu við Háskólann í ráðningarsamning, enda skal ráðning þessara manna gerð með vitund deildarráðs og því gefinn kostur á að óska eftir slíku ákvæði. Þó skal kennslustarfið ekki vera meira en þriðjungur starfsins þann tíma, sem kennslan stendur yfir. Starfsmönnum, sem annast kennslu samkv. þessu ákvæði, skal ákveða aukaþóknun að fengnum tillögum háskólaráðs.

5. Starfslið á skrifstofu og almennt starfsfólk.

   Ráðið skal starfslið á skrifstofu, þ. á m. skrifstofustjóri, sem sér um almenn framkvæmdastörf samkv. erindisbréfi, er stjórnin setur honum, svo og annað almennt starfsfólk stofnunarinnar.

II.

Ráðherra ræður starfslið Raunvísindastofnunar Háskólans, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og deildarráðs. Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

Um starfskjör fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 104/1966, um Raunvísindastofnun Háskólans, ásamt breytingu samkv. reglugerð nr. 39/1968.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 5. 12. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verzlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja tollfrjálsar vörur, farþegum og áhöfnum millilandaflugvéla. Nafn sölubúðanna skal vera: Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Fríhöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í fríhöfnum erlendis.

Í sölubúð þeirri, sem ætluð er farþegum og áhöfnum, sem eru að koma til landsins, skal þó aðeins heimilt að selja eftirtalinn varning, svo sem tíðkazt hefur, og innan eðlilegra takmarka, að mati tollgæzlunnar:

Áfengi, tóbak, sælgæti, ilmvötn, snyrtivörur og filmur. Utanríkisráðherra getur heimilað fleiri tegundir varnings, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Fríhöfninni skal stjórnað af fríhafnarstjóra, sem utanríkisráðherra skipar, og ber hann ábyrgð á rekstri hennar undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Fríhafnarinnar, skal fríhafnarstjóri ráða með samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Að því er varðar farþega og áhafnir, sem eru að fara af landi brott, skal tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á, að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, unz komið er um borð í flugvél þá, sem er á förum.

Þá skal þess og gætt, að farþegar og áhafnir, er verzla við komu til landsins, færi varning sinn beint til tollgæzlumanns.

4. gr.

Fríhöfnin fær, unz annað kann að verða ákveðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því, sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því, sem þörf krefur.

5. gr.

Fríhafnarstjóri skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Fríhafnarinnar.

Þegar vörur eru seldar til Fríhafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með, að vörur þessar séu fluttar til Fríhafnarinnar.

6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, ber að endurgreiða nefnd gjöld ef Fríhöfnin kaupir slíkar vörur sem söluvarning. Skulu gjöldin endurgreidd þá er varan er komin í tollvörugeymslur, skv. vottorði tollgæzlumanns.

7. gr.

Fríhöfninni er heimilt að annast innflutning á öllum varningi, sem hún óskar að selja á sínum vegum.

Einnig er Fríhöfninni heimilt að kaupa vörur beint úr tollvörugeymslu innflytjenda.

8. gr.

Verzlanir Fríhafnarinnar séu aðskildar frá birgðaskemmum og verði varningur sem afhentur er verzlunum frá birgðaskemmum, reiknaður á útsöluverði verzlananna.

Í birgðaskemmum skal fært birgðabókhald, sem sýni nákvæmlega birgðir hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt, að sem greiðastur aðgangur verði að samanburði birgða verzlana og birgðaskemma. Birgðir Fríhafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og fært þykir og skal niðurstaða talningar send utanríkisráðherra og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli hverju sinni.

9. gr.

Fríhöfnin skal selja varning sinn í erlendum gjaldeyri, þó með þeirri undantekningu, að Íslendingum skal heimilt að verzla í Fríhöfninni fyrir þann íslenzka gjaldeyri, sem þeim á hverjum tíma er leyfilegt að hafa með sér úr landi.

Erlendum flugfarþegum skal einnig heimilt að verzla fyrir allt að þeirri upphæð í íslenzkum gjaldeyri, sem þeir geta sýnt kvittun fyrir, að hafi verið keypt í íslenzkum banka.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellinum, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur vörur, sem keyptar hafa verið í Fríhöfninni eða gæta þess, að ekki sé farið með þær út úr flugvélinni.

11. gr.

Fríhöfninni er heimilt að senda vörur í pósti til viðtakenda búsettra erlendis, í samráði við tollyfirvöld, enda hafi varan verið greidd fyrir fram.

Tollgæzlan skal bera ábyrgð á, að réttar vörur séu sendar samkvæmt pöntunum og bera ábyrgð á, að vörunum sé komið í hendur póstþjónustunnar.

Útfylla skal afgreiðsluseðla vegna póstsendinga þessara og skulu tollgæzlumaður og póstafgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnnar fyrir hönd kaupanda.

12. gr.

Ef Fríhöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæzlu.

13. gr.

Skrifstofa fríhafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Fríhafnarinnar.

Fríhafnarstjóri skal árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Fríhafnarinnar.

14. gr.

Fríhafnarstjóri skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., sbr. breyting á þeim lögum, nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 309 frá 17. desember 1968, um tollfrjálsar verzlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 12. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 6. 14. janúar 1971.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... 8.80 kr./m³
   b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis ..... 1.10 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn til notkunar í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
   a. Vatnsgjald ..... 13.80 kr./m³
3. Þegar sérstaklega stendur á getur hitaveitustjóri, að tilskildu samþykki orkunefndar, selt vatn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðisins.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" ..... 138.00 kr./mán.
2. Fyrir mæla frá 1"—2" ..... 228.00 kr./mán.

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald fyrir eina heimæð er, miðað við heildarrúmmál húsa, sem hita skal:

Allt að 400 m³ 19 300.00 kr.
400 til 2000 m³ 19 300.00 kr. af 400 m³ + 15.25 á m³ þar yfir
2000 til 6000 m³ 42 175.00 kr. af 2000 m³ + 13.25 á m³ þar yfir

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3200.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 230.00 kr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

15. janúar 1971. Nr. 7.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Ísafjarðar.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Ísafjarðar er fyrst um sinn:

a) Mæðravernd: Eftirlit með barnshafandi konum.
b) Barnavernd: Eftirlit með heilsufari ungbarna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára) svo og ónæmisaðgerðir gegn barnaveiki, kíghósta, kúabólu og mænusótt.

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar í samráði við lækna, er starfa við stöðina.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð þrem mönnum, bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar, einn er tilnefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu og einn af Sjúkrasamlagi Ísafjarðar.

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald.

Um skiptingu kostnaðar og annað sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 8. 20. janúar 1971.

REGLUR

um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962 og frá 21. október 1969, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 17 31. júlí 1970, samkvæmt lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenzkra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó.

2. gr.

Olíustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt, og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um olíustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinkun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara, og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýraverndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrir-

byggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 184 16. ágúst 1966.

Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

20. janúar 1971. Nr. 9.

REGLUR

um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs eða vélbáta til fiskveiða, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir	850 lítrar á ári

Ef fyrir liggur yfirlýsing lögreglustjóra um, að umsækjandi um endurgreiðslu vegna benzíns, notuðu á dráttarvél, hafi ekki átt bifreið eða díseldráttarvél á því ári, sem benzínið var notað, er heimilt að endurgreiða af allt að 50% meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en að framan segir.

3. gr.

Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til rétts lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi, sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz, koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 23 16. apríl 1970 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 218 15. júlí 1968.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 10. 21. janúar 1971.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 244 24. nóv. 1966, um afgreiðslutíma verzlana á Húsavík.

1. gr.

5. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8.00 til kl. 22.00 á tímabilinu 15. sept. til 14. maí. Á tímabilinu 15. maí til 14. sept. frá kl. 8.00 til kl. 23.30 sbr. a-lið 4. gr.

Á sölustöðum þessum skal heimilt að selja eftirtaldar vörur: Dagblöð, tímarit, kort, frímerki, tóbaksvörur, eldspýtur, öl og gosdrykki, ís, sælgæti, nýja ávexti, heitar pylsur, niðursuðuvörur, ávaxtasafa, kaffi, te, kakó, innpakkað kex, raksápu, handsápu, tannkrem, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, skyndiplástur, wc-pappír, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, minjagripi, spil, kvensokka og vettlinga.

Heimilt er bæjarráði að bæta við vörutegundum sbr. 2. mgr., enda liggi þá fyrir samþykki heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig haga skuli umbúnaði þeirra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1963 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um útflutningslánasjóð.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Útflutningslánasjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Stofnaðilar gera með sér sérstakan stofnsamning fyrir sjóðinn.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innanlands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð.

b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna og skal stofnfé greiðast með jöfnum greiðslum á árunum 1971 til og með 1973. Af stofnfé og framlagsfé skal reikna árlegan arð.

Auk stofnfjár og framlagsfjár síðari aðila, er sjóðsstjórninni heimilt að afla fjár til starfsemi sjóðsins með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er heimilt að taka lán erlendis með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Sjóðsstjórnin skal afla sér heimildar til lántöku hjá stofnaðilum. Veita má slíkar heimildir, er gildi um ákveðinn tíma.

4. gr.

Stofnaðilar sjóðsins ábyrgjast fjárskuldbindingar hans gagnvart þriðja manni. Um ábyrgð síðari aðila að sjóðnum fer eftir því, sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara, og skipa Seðlabankinn, Landsbankinn og Iðnlánasjóður einn fulltrúa hver. Önnur skipan stjórnar sjóðsins er þó heimil, samkvæmt ákvörðun sjóðsaðila, sbr. 3 málsgr. 1. gr. Skipa skal varamenn á sama hátt. Stjórn sjóðsins skal skipuð til fjögurra ára í senn. Aðilar að sjóðnum ákveði laun stjórnarmanna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Formaður sjóðsstjórnar kallar saman fundi og stýrir þeim. Engar bindandi ákvarðanir má taka, nema allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra séu á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

7. gr.

Verkefni stjórnarinnar eru einkum þessi:

a) Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar og setur lágmarksskilyrði fyrir þeim.
b) Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánskjör sjóðsins, að höfðu samráði við viðskiptaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum lánum.
c) Í upphafi hvers árs gerir stjórnin lánaáætlun fyrir komandi ár, auk þess sem hún áætlar, hve mikils lánsfjár þurfi að afla til starfsemi sjóðsins.
d) Í lok hvers bókhaldsárs, sem skal vera hið sama og almanaksárið, semur stjórnin skýrslu um starfið á árinu og leggur hana fyrir aðila sjóðsins.

8. gr.

Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift formanns stjórnar og annars meðstjórnanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins, og skal sá aðili sjá um afgreiðslu lána og innheimtu. Stjórn sjóðsins skal gera skriflegan samning við hlutaðeigandi lánastofnun, þar sem m. a. verði kveðið á um endurgjald fyrir veitta þjónustu, undirskriftaheimildir vegna daglegra starfa og sérstöðu sjóðsins gagnvart annarri starfsemi viðkomandi lánastofnunar.

10. gr.

Seðlabankinn, Landsbankinn og Iðnlánasjóður úrskurða reikninga Útflutningslánasjóðs og taka ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og um afskriftir krafna sjóðsins, að fengnum tillögum stjórnar hans.

11. gr.

Útflutningslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana. Nær undanþágan og til stimpilgjalda af eigin skuldbindingum.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útflutningslánasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Útflutningslánasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

13. gr.

Án samþykkis meirihluta stjórnar er einhliða úrsögn stofnaðila eða seinni framlagsaðila úr sjóðnum óheimil.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir sjóðsins, að fullnægðum skuldbindingum, ganga til stofnaðila og framlagsaðila í hlutfalli við greitt stofnfé og framlagsfé.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt tillögum stofnaðila Útflutningslánasjóðs og með heimild í lögum nr. 47/1970, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 21. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um menntaskóla.

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki sízt með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum laga nr. 12/1970, um menntaskóla, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Umsóknir um skólavist skulu ritaðar á eyðublöð, sem menntamálaráðuneytið lætur gera, og skulu fylgja þeim þau gögn, er þar greinir.

8. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð um það próf. Rétt til inngöngu í 1. bekk veitir og lokapróf fyrra árs í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, sbr. reglugerð nr. 93/1970, svo og verzlunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands með lágmarkseinkunninni 6.00 og Samvinnuskólapróf með sömu lágmarkseinkunn. Heimilt er að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar og umsókn um skólavist studd meðmælum skólastjóra þess skóla, er nemandinn hefur síðast stundað nám í.

9. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla sem reglulegur nemandi þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 8. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. IV. kafla).

Nú óskar nemandi, er staðizt hefur lokapróf fyrra árs í framhaldsdeild gagnfræðaskóla, inngöngu í 2. bekk menntaskóla, og skal þá eftirgreindum skilyrðum fullnægt, sbr. reglugerð nr. 93/1970, um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla:

a) að skólastjóri gagnfræðaskólans eða námsráðgjafi mæli sérstaklega með umsækjanda til menntaskólanáms, og séu meðmælin send beint til viðtökuskóla,
b) að umsækjandinn standist próf viðtökuskólans í þeim greinum, sem kenndar eru á fyrsta námsári hans, en ekki í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna. Heimilt er viðtökuskóla að fresta slíkum prófum, ef um er að ræða greinar, sem ekki teljast beinn undirbúningur undir nám á öðru námsári skólans.
c) að umsækjandinn afli sér viðbótarkennslu í þeim greinum, þar sem viðtökuskóli telur, að námsefni framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna nægi ekki til undirbúnings undir áframhaldandi nám í menntaskóla, og skal umsækjandinn í þeim tilgangi eiga aðgang að haustnámskeiðum þeim, sem haldin eru við menntaskólana, með sömu kjörum og reglulegir nemendur skólanna,
d) að meðaleinkunn umsækjanda á lokaprófi hafi verið eigi lægri en 5.5 og einkunn í hverri grein eigi lægri en 4.0.

Lokapróf síðara árs í framhaldsdeild gagnfræðaskóla veitir ekki réttindi til styttingar námstímans umfram það, er lokapróf fyrra árs veitir.

III. KAFLI
Um námsefni og kennslu.

10. gr.

I. a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.
b) Námsefni skólanna skal vera þríþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

II. **Kjarni.**

Í hinum sameiginlega kjarna skulu vera þessar námsgreinar:

Íslenzk tunga og bókmenntir	15	einingar
Erlend tungumál	18	—
Félagsvísindi	18	—
Náttúruvísindi	18	—
Stærðfræði	12	—
Listir	3	—
Samtals	84	einingar

Auk þess skal nemendum séð fyrir líkamsæfingum og íþróttaiðkun við hæfi, og skal ætla til þess allt að 12 einingum.

Framangreind skipan námsgreina í kjarna er miðuð við, að kennsla í erlendum málum verði efld á fyrri skólastigum og jafnframt, að nemendur hafi almennt öðlazt kunnáttu í vélritun, áður en þeir koma í menntaskóla. Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu námsgreinar í kjarna því vera sem hér segir:

Íslenzk tunga og bókmenntir	15	einingar
Danska	6	—
Enska	9	—
3. erlent tungumál (franska eða þýzka)	12	—
Saga og félagsfræði	12	—
Náttúruvísindi (náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði)	15	—
Stærðfræði	12	—
Listir	2	—
Vélritun og frágangur skriflegra verkefna	1	—
Samtals	84	einingar
Líkamsrækt allt að	12	—

III. **Kjörsvið.**

Meðal kjörsviða til stúdentsprófs skulu vera þessi:

1. **Nýmálakjörsvið.**

Íslenzka (málvísindi)	3	einingar
Enska	9	—
3. erlent tungumál (franska eða þýzka)	3	—
4. erlent tungumál	12	—
(eða 4. erlent tungumál 8 einingar og latína 4 einingar)		
Heimspeki	3	—
Bókmenntir	3	—
Samtals	33	einingar
Valgreinar	15	einingar
Kjarni	96	—
Heildarnámsefni	144	einingar

2. **Fornmálakjörsvið.**

Íslenzka (málvísindi)	3	einingar
4. erlent tungumál (latína og/eða gríska)	18	—
Saga (fornaldarfræði)	6	—
Heimspeki	3	—
Bókmenntir	3	—
Samtals	33	einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
Heildarnámsefni	144	einingar

3. **Eðlisfræðakjörsvið.**

Stærðfræði (m. a. hagnýtt stærðfræði)	15	einingar
Eðlisfræði og efnafræði	18	—
Samtals	33	einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
Heildarnámsefni	144	einingar

4. **Náttúrufræðakjörsvið.**

Stærðfræði	9	einingar
Líffræði, jarðfræði—landafræði	12	—
Eðlisfræði, efnafræði (þar með talin lífefnafræði)	12	—
Samtals	33	einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
Heildarnámsefni	144	einingar

5. **Félagsfræðakjörsvið.**

Hagfræði og félagsfræði (megingreinar), saga, heimspeki, sálfræði	Samtals	33 einingar
Valgreinar	15	—
Kjarni	96	—
Heildarnámsefni	144	einingar

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar, hvaða kjörsvið skuli vera í hverjum skóla. Skal stefnt að því, að völ sé sem flestra kjörsviða á hverjum stað. Heimila má einstökum skólum að einbeita sér að tilteknum kjörsviðum.

Auk framangreindra kjörsviða koma m.. a. til greina **viðskiptakjörsvið, iðnaðar- og tæknikjörsvið, tónlistarkjörsvið** og **myndlistarkjörsvið.** Getur menntamálaráðuneytið heimilað skólastjórn að viðurkenna nám í sérskóla sem hluta af kjörsviðsnámi.

IV. **Valgreinar.**

Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nota sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í kjarna- og kjörsviðsgreinum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Skal með nægilegum fyrirvara kynna nemendum ár hvert, hvaða valgreina verði kostur næsta skólaár, og skulu þeir hafa tilkynnt val sitt innan þeirra tímamarka, er skólastjórn ákveður. Eigi er skylt að kenna grein, ef fjöldi þátttakenda í henni fer niður fyrir ákveðið lágmark, er menntamálaráðuneytið tiltekur. Skólastjórn getur ákveðið, að nám í sérskóla skuli viðurkennt sem valgrein.

11. gr.

Um val kjörsviðs og valgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, sem til slíks eru settir.

12. gr.

Um námsefni í einstökum greinum fer eftir námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn háskólaráðs. Deildarstjórar gera tillögur til skólastjóra um breytingar á námsskrá svo oft sem þurfa þykir.

13. gr.

Í kennslunni skal áherzla lögð á að vekja skilning nemenda á tilgangi námsins með því að gera þeim sem ljósast almennt eðli og markmið hverrar námsgreinar, tengsl hennar við önnur þekkingarsvið og hið sérstaka uppeldis- og menntunarhlutverk, sem henni er ætlað í námsskrá menntaskólanna.

14. gr.

Leitast skal við að kenna nemendum að afla sér þekkingar á eigin spýtur og leita fanga víðar en í fyrirskipuðum kennslubókum. Skal í þeim tilgangi kynna þeim handbækur og auðnotuð tímarit og bókfræðirit í hinum ýmsu lærdómsgreinum og þjálfa þá í notkun bókasafna og annarra heimildasafna. Einnig skulu nemendum, einkum er ofar dregur í skólanum, fengin sjálfstæð viðfangsefni við hæfi, er þeir vinni að undir handleiðslu kennara, í kennslustundum eða utan þeirra. Skal nemendum meðal annars kennt að vinna saman í stærri eða smærri hópum að úrlausn slíkra verkefna.

15. gr.

Kennslan skal í hvívetna miða að því að glæða sjálfstæða hugsun og andlegan heiðarleik nemenda. Skulu kennarar, eftir því sem hver námsgrein gefur tök á, veita nemendum tækifæri til að efla dómgreind sína og sanngirni með því að kynnast ólíkum kenningum og skoðunum, gagnrýna viðhorf og niðurstöður og fella rökstudda dóma. Skal jafnan að því stefnt, að nemendum skiljist af eigin raun, að markmið námsins er ekki fyrst og fremst að tileinka sér viðtekin þekkingaratriði eða sjónarmið, heldur að læra að umgangast staðreyndir og hugmyndir af heiðarleik, víðsýni og umburðarlyndi.

16. gr.

Kennarar skulu, hver í sinni kennslugrein, leitast við að glæða skilning nemenda á mikilvægi ljósrar framsetningar og vandaðs málfars. Til að venja nemendur á

að setja hugsanir sínar fram skýrt og skipulega í ræðu og riti skal, eftir því sem við á í hverri kennslugrein, gefa þeim tækifæri til að ræða námsefnið í kennslustundum og fjalla um það í ritgerðum.

17. gr.

Skólastjórn skal gæta þess, að námsþoli nemenda sé ekki ofboðið. Sérstök áherzla skal á það lögð, að vinnuálag sé sem jafnast og kennslu þannig hagað, að stilla megi kröfum um próflestur í hóf. Einnig skal þess gætt, að vinna nemenda skiptist á námsgreinar eftir sanngjörnum hlutföllum, og skal skólastjórn sjá svo um, að deildarstjórar hafi sem nánasta samvinnu sín á milli um þetta efni.

18. gr.

Til að efla tengsl skólanna við umheim sinn skal utan kennslustunda flytja erindi og með öðrum hætti kynna nemendum ýmis efni, þeim til fróðleiks og skemmtunar. Einnig skal nemendum gefinn kostur á því að heimsækja söfn og sýningar, opinberar stofnanir, fyrirtæki og vinnustaði með leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna.

IV. KAFLI

Um námsáfanga, próf og mat á námsárangri.

19. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í skemmri áfanga (annir) eftir því sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða námsársins.

20. gr.

Í lok hvers námsáfanga skal í hverri grein, þar sem ekki er um lokapróf að ræða, gefa **annareinkunn**, er sker úr um hæfni nemandans til að stunda nám í greininni á næsta áfanga. Einkunnin miðast við frammistöðu nemandans á áföngunum eða úrlausn hans á prófi í lok áfangans eða hvort tveggja þetta í tilteknu hlutfalli. Skal í upphafi skólaárs tilkynna nemendum, hvernig háttað verði einkunnagjöf í hverri grein.

21. gr.

Í lok 1.—3. námsárs skal í hverri grein gefa **aðaleinkunn**, sem er vegið meðaltal annareinkunna, og **fullnaðareinkunn**, sem er meðaltal aðaleinkunna, reiknað með einum aukastaf. Einkunnir á lokaprófum teljast aðaleinkunnir og reiknast með til fullnaðareinkunnar hvers árs á sama hátt og aðrar aðaleinkunnir. Aðaleinkunnir og fullnaðareinkunn skera úr um hæfni nemandans til að hefja nám á næsta námsári.

Ef sérstök einkunn er gefin fyrir verklegan þátt greinar, er eigi skylt að gefa annareinkunn, og er þá aðaleinkunn dómur um frammistöðu nemandans á námsárinu öllu.

22. gr.

Við einkunnagjöf skal notaður einkunnastigi frá 0 til 10 í heilum og hálfum bilum. Einkunnina 0 skal aðeins gefa fyrir svo afleita frammistöðu, að sýnilega sé um algjöra vanrækslu nemandans á greininni að ræða. Á sama hátt skal einkunnin 10 aðeins gefin fyrir afburða kunnáttu eða leikni í greininni, er beri vott um sjálfstætt framtak nemandans í náminu.

23. gr.

Rétt til að flytjast milli námsáfanga eða námsára án frekari skilyrða öðlast þeir nemendur, er hljóta eftirtaldar lágmarkseinkunnir (sbr. þó ákvæði 34. gr. um lágmarkseinkunnakröfur í kjarnagreinum):

Annareinkunn: 3.0.
Aðaleinkunn: 3.0.
Fullnaðareinkunn: 5.0.

24. gr.

Hljóti nemandi annareinkunn undir 3.0, á hann rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarkseinkunnakröfur með því að gangast undir próf í námsefni annarinnar í viðkomandi grein annaðhvort á síðari námsáfanga eða eftir að námsárinu lýkur (haustpróf). Sé um hið síðara að ræða, skal nemandinn hafa fullnægt öllum öðrum kröfum um flutning milli námsára. Einnig má í tilteknum greinum veita nemanda tækifæri til að fullnægja lágmarkskröfum með því að bæta sig svo í greininni, að meðaltal næstu annareinkunnar og hinnar fyrri nái lágmarki.

25. gr.

Nú hefur nemandi uppfyllt lágmarksskilyrði um fullnaðareinkunn, og á hann þá rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarksskilyrði um aðaleinkunn fyrir upphaf næsta námsárs með því að gangast undir próf í námsefni alls ársins í allt að 3 greinum, þar sem aðaleinkunn hans er undir lágmarki. Ef aðaleinkunn er undir lágmarki í fleiri en þremur greinum, svo og ef nemandinn hefur hlotið aðaleinkunnina 0 í einhverri grein, telst hann óhæfur til að hefja nám á næsta námsáfanga, án tillits til fullnaðareinkunnar hans (sbr. þó 27. gr. um afburðahæfileika).

26. gr.

Í skólum, þar sem námsárinu er ekki skipt í skemmri áfanga, skulu, auk annarra ákvæða þessa kafla, er við eiga, gilda þessi sérákvæði um próf, einkunnir og flutning milli námsára:

a. Sem næst miðjum vetri skal í hverri námsgrein gefa **miðsvetrareinkunn**, er gefi til kynna, hvar nemandinn er á vegi staddur í náminu. Miðsvetrareinkunn er ætluð nemandanum til ábendingar og aðvörunar og hefur því aðeins sjálfstætt gildi við ákvörðun aðaleinkunnar, að ekki sé í árslok prófað í því námsefni, sem lokið var kennslu í, þegar miðsvetrareinkunn var gefin.
b. Aðaleinkunn má byggja á frammistöðu nemandans á námsárinu eða á úrlausn hans á prófi í lok námsársins eða á hvoru tveggja. Heimilt er að gefa sérstaka einkunn fyrir frammistöðu á námsárinu („árseinkunn") og aðra fyrir úrlausn á prófi, og er þá aðaleinkunn meðaltal þessara einkunna.
c. Nemandi, sem hlotið hefur fullnaðareinkunn lægri en 5.0, en eigi lægri en 4.5, á rétt á að taka fyrir upphaf næsta skólaárs próf í námsefni alls ársins í þeim greinum, þar sem aðaleinkunn hans var undir 5.0, enda hafi hann ekki hlotið aðaleinkunn undir lágmarki (3.0) í fleiri en þremur greinum. Ef einkunnir nemandans að þeim prófum loknum fullnægja lágmarkskröfum um aðaleinkunn og fullnaðareinkunn, öðlast hann rétt til að hefja nám á næsta námsári. Leyfi af þessu tagi má aðeins veita einu sinni á ferli nemandans í skólanum.

27. gr.

Nú fullnægir nemandi ekki lágmarkskröfum um flutning milli námsáfanga eða námsára, en hefur hins vegar sýnt frábæra hæfileika á tilteknu námssviði. Má þá

leyfa honum að hefja nám á næsta námsáfanga eða námsári án sérstakra prófa, enda komi til meðmæli deildarstjóra á viðkomandi námssviði og samþykki skólastjórnar.

28. gr.

Þótt námsáfanga eða námsári ljúki með prófi í einni grein eða öllum greinum, getur skólastjórn flutt nemanda milli áfanga eða ára án prófa, ef hún telur sýnt með öðrum hætti að hann hafi nægan þroska og þekkingu til þess.

29. gr.

Próf í lok námsáfanga eru munnleg eða skrifleg eða hvort tveggja eftir ákvörðun skólastjórnar að fengnum tillögum deildarstjóra.

30. gr.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls. Skal það eftir þörfum vera yfirlitspróf. Einkunn á lokaprófi er lokaeinkunn nemandans í greininni (sbr. þó 26. gr., b-lið).

Á lokaprófi skal prófað skriflega í öllum greinum, þar sem því verður við komið, en auk þess skal heimilt að prófa á annan hátt (munnlega, verklega), eftir því sem þörf krefur í hverri grein. Í verklegri grein getur lokaeinkunn ákvarðazt af vinnu nemandans á kennslutímabilinu. Sé haldið verklegt lokapróf, skal ákveða fyrirfram hlut prófsins í lokaeinkunninni.

Skrifleg lokapróf skulu eftir föngum vera hin sömu í öllum menntaskólum (landspróf).

31. gr.

Heimilt er að halda lokapróf í hluta af grein, er kennslu í skýrt afmörkuðum þætti námsefnisins lýkur, og skal þá einkunn á því prófi reiknast sem hluti af lokaeinkunn í greininni. Hlutfallslegt gildi einkunnar á slíku hlutaprófi skal ákveðið fyrir fram og tilkynnt nemendum með sanngjörnum fyrirvara.

32. gr.

Á lokaprófi skal gefa tvær einkunnir í þessum greinum:

Í kjarna: íslenzku.

Á nýmálakjörsviði: ensku.

Á fornmálakjörsviði: latínu eða grísku.

Á eðlisfræðikjörsviði: stærðfræði og eðlisfræði.

Á náttúrufræðakjörsviði skal gefa sína einkunnina fyrir hvort, líffræði og jarðfræði—landafræði.

33. gr.

Nú lýkur kennslu í námsgrein með lokaprófi á 1.—3. námsári, og á þá nemandi, sem ekki nær lágmarkseinkunn, rétt á að endurtaka lokaprófið í samræmi við ákvæði 24.—25. greinar (eða 26. greinar, ef við á).

34. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur gengizt undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lákmarkskröfum um einkunnir:

Lokaeinkunn í hverri grein: 3.0

Meðaltal lokaeinkunna í kjarnagreinum: 5.0.

Meðaltal lokaeinkunna í kjörsviðsgreinum: 5.0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt einkunn hans á lokaprófi í tveimur kjarnagreinum sé undir ofangreindu lágmarki. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. náms-

ári, þótt einkunn hans á lokaprófi í kjarnagrein sé undir lágmarki, á meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemanda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

35. gr.

Nú hefur nemandi í lok 4. námsárs fullnægt skilyrðum um meðaleinkunnir til að ljúka stúdentsprófi samkvæmt 34. grein, en hlotið einkunn undir lágmarki á lokaprófi 4. árs í einni eða tveimur greinum umfram það, sem heimilað er í 34. grein. Skal hann þá eiga rétt á tækifæri til að ljúka stúdentsprófi með því að endurtaka síðar á námsárinu eða á næsta hausti lokapróf í þeim greinum, þar sem einkunn hans var undir lágmarki, að tveimur kjarnagreinum frátöldum. Ef einkunn á lokaprófi í fleiri en fjórum greinum er undir lágmarki, á nemandi ekki rétt á að endurtaka lokapróf.

36. gr.

Kennarar skólanna prófa hver í sinni grein.

Við próf í lok áfanga getur skólastjóri skipað prófdómara úr hópi kennara skólans.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er menntamálaráðuneytið skipar til allt að fjögurra ára í senn eftir tillögum skólastjóra, að fenginni umsögn háskólaráðs.

Við lokapróf dæma hlutaðeigandi kennari og prófdómandi um frammistöðu nemenda. Skrifleg prófverkefni skulu háð samþykki prófdómanda. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, fer yfir þær og dæmir, en afhendir þær síðan prófdómanda, sem leggur mat sitt á einkunnagjöfina. Ef ágreiningur verður um einkunn, hvort heldur er fyrir munnlega eða skriflega úrlausn, skal taka meðaltal einkunna kennara og prófdómanda. Lendi meðaltal á miðju bili einkunnastigans, skal valin sú einkunn, sem nær er tillögu prófdómandans.

Sé um landspróf að ræða, getur menntamálaráðuneytið falið sérstökum prófnefndum að semja verkefni og dæma úrlausnir frá öllum skólunum.

37. gr.

Nemendur, er lokið hafa stúdentsprófi, skulu fá skírteini, er sýni

1) skiptingu námsgreina þeirra í kjarnagreinar, kjörsviðsgreinar og valgreinar,
2) heildarfjölda vikustunda í hverri grein,
3) lokaeinkunn í hverri grein,
4) meðaltal einkunna í kjarnagreinum,
5) meðaltal einkunna í kjörsviðsgreinum.

Enn fremur skal á skírteininu gerð grein fyrir einkunnastiga og einkunnakröfum.

Nemendur, er hverfa úr skóla án þess að ljúka stúdentsprófi, eiga rétt á að fá vottorð, er sýni lengd skólagöngu, heildarfjölda vikustunda í hverri grein, aðaleinkunnir og fullnaðareinkunn í lok síðasta skólaárs, svo og síðustu annareinkunn í hverri grein, ef nemandi hættir námi áður en skólaári lýkur.

38. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

39. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemanda, sem lokið hefur stúdentsprófi, að endurtaka lokapróf í einstökum greinum í þeim tilgangi að bæta einkunn sína, enda sé um öflun tiltekinna réttinda að ræða og fullar líkur á tilætluðum árangri af endurtekt.

Einnig má heimila nemanda, sem lokið hefur stúdentsprófi á einhverju kjörsviði, að þreyta lokapróf í einstökum greinum annars kjörsviðs til þess að afla sér þeirra réttinda, er slík próf veita.

Skólinn gefur sérstök vottorð um slík viðbótarpróf, en stúdentsprófsskírteini nemandans stendur óhaggað.

40. gr.

Heimilt er að krefja alla þá, er stúdentsprófi ljúka, um prófgjald. Skólastjórn kveður á um upphæð prófgjalda sem og um það, hvernig fénu skuli varið í þágu nemenda.

41. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemanda að ljúka prófum 1.—3. námsárs utan skóla, enda fullnægi hann inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 8. gr.) og námskröfum allra bekkja neðan við þann, sem nemandinn óskar að taka próf upp úr.

Á sama hátt má heimila nemanda að ganga undir lokapróf 4. námsárs utan skóla, og skal hann þá eiga rétt á að ljúka þeim lokaprófum 1.—3. námsárs, sem hann kann að eiga ólokið, haustið áður.

42. gr.

Umsóknir um leyfi til að þreyta próf utan skóla skulu berast skólastjóra eigi síðar en hér segir:

Umsóknir um leyfi til að þreyta próf í lok námsáfanga: Mánuði áður en er próf er haldið.

Umsóknir um leyfi til að þreyta haustpróf: 15. júlí.

Umsóknir um leyfi til að þreyta lokapróf 4. námsárs næsta vor: 15. júlí.

Nemendur skólanna, sem rétt eiga á að þreyta sérstök próf (svo sem endurtektarpróf) til að uppfylla skilyrði um flutning milli námsáfanga eða námsára, skulu tilkynna skólastjóra þátttöku með þeim fyrirvara, sem skólastjórn ákveður.

43. gr.

Nú getur nemandi ekki þreytt almennt próf vegna veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólastjórn leyft honum að ljúka prófi á næsta námsáfanga eða í upphafi næsta námsárs.

44. gr.

Miða skal próf við námstilhögun og kröfur í hverri grein. Jafnframt skal leitast við að miða próf við það þekkingarstig, sem nemendum er hverju sinni ætlað að hafa náð, frekar en við tilteknar námsbækur eða lestrarefni.

45. gr.

Skriflegu lokaprófi skal ætla sérstakan prófdag, og skal þeim, er það þreyta, ekki skylt að þreyta önnur skrifleg próf þann dag. Skrifleg próf önnur en lokapróf skal heimilt að halda fleiri en eitt á dag.

46. gr.

Við skrifleg próf í lok námsáfanga skal ætla hverri grein 1—3 stundir. Í skóla, þar sem námsárinu er ekki skipt í skemmri áfanga, má þó ætla íslenzkri ritgerð og skriflegri stærðfræði allt að 4 stundum.

Við skrifleg lokapróf skal ætla hverri grein 2—4 stundir.

47. gr.

Við skrifleg próf annast skólarnir eftirlit. Við skrifleg lokapróf hafa prófdómendur rétt til eftirlits.

48. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, er skólastjórn leyfir. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf umfram það, sem heimilað er, hafa fyrirgert rétti til frekari þátttöku í prófum á viðkomandi námsáfanga eða námsári. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en skrifleg próf hefjast.

49. gr.

Verkefni á prófum og úrlausnir nemenda eru eign skólanna, og er skylt að geyma skriflegar úrlausnir eigi skemur en eitt ár. Nemandi á rétt á að sjá úrlausn sína og fá greinargerð fyrir einkunnagjöf. Skulu kennarar gera sér far um að sýna nemendum úrlausnir, þar sem því verður við komið.

50. gr.

Nemendur skulu eiga þess kost að ljúka fjögurra ára námi í menntaskóla með menntaskólaprófi í stað stúdentsprófs. Til menntaskólaprófs er ekki krafizt sérstaks kjörsviðs. Í þess stað skal nemandi velja sér námsefni á ýmsum kjörsviðum, eða hagnýtar valgreinar, sem standa kunna til boða í skólanum. Skal þetta námsefni nema a. m. k. sama einingafjölda og krafizt er á kjörsviði til stúdentsprófs.

Val greina á hverju námsári skal háð samþykki skólastjórnar.

Til að ljúka menntaskólaprófi skal nemandi

a) standast lokapróf í kjarnagreinum með sömu skilyrðum og sett eru um stúdentspróf;
b) standast lokapróf í öðru námsefni, er nemi a. m. k. sama einingafjölda og krafizt er í kjörsviðsgreinum og valgreinum samanlagt til stúdentsprófs, og fullnægja á þeim prófum sömu skilyrðum og sett eru um einkunn í hverri grein og meðaltal einkunna í kjörsviðsgreinum til stúdentsprófs.

Nemendur, er lokið hafa menntaskólaprófi, skulu fá skírteini, er veiti sams konar upplýsingar og skírteini um stúdentspróf.

Skólastjórn getur ákveðið, að nám í sérskóla skuli viðurkennt til menntaskólaprófs.

Ákvörðun um að ljúka menntaskólaprófi í stað stúdentsprófs skal tekin eigi síðar en einum mánuði eftir upphaf fjórða námsárs.

Menntaskólapróf veitir ekki rétt til inngöngu í Háskóla Íslands nema með leyfi háskólaráðs.

51. gr.

Leyfi til að ljúka stúdentsprófi eða menntaskólaprófi án setu í menntaskóla má veita þeim, er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja prófi frá menntaskóla. Af umsækjanda um slíkt leyfi skal þess krafizt,

1) að hann hafi náð 21 árs aldri,
2) að hann leggi fram, að höfðu samráði við skólastjórn, áætlun um dreifingu lokaprófa sinna, þannig að eigi líði meira en tvö ár milli fyrsta og síðasta áganga,
3) að hann fullnægi sömu skilyrðum um lágmarkseinkunnir og aðrir, er stúdentsprófi eða menntaskólaprófi ljúka.

Standist umsækjandi ekki lokapróf í fyrstu atrennu, skal honum heimilt að endurtaka það á síðara prófáfanga. Standist hann ekki lokapróf á síðasta prófáfanga,

skal honum heimilt að bæta einum prófáfanga við, enda sé ekki um fleiri en fjögur lokapróf að ræða, þar af tvö í kjarna.

Umsækjandi skal, ef svo ber undir, leggja fram skilríki um nám og próf á menntaskólastigi, og skal skólastjórn heimilt að láta slík próf koma í stað einstakra lokaprófa skólans eða hluta af þeim, enda sé, að dómi skólastjórnar, um að ræða jafngilt námsefni og sambærilegar prófkröfur. Þar sem um verkleg próf er að ræða, skal skólastjórn heimilt að láta starfsreynslu umsækjanda koma í þeirra stað.

Umsækjandi skal eiga aðgang að haustnámskeiðum skólanna til jafns við reglulega nemendur þeirra. Einnig skal honum heimilt, í samráði við skólastjórn og að fengnu leyfi hlutaðeigandi kennara, að sækja kennslustundir í einstökum námsgreinum, sér að kostnaðarlausu, þegar eftir að fallizt hefur verið á umsókn hans.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra, sem fjallað er um í þessari grein.

52. gr.

Ef nám í öðrum skóla eða starfsreynsla er látin koma í stað lokaprófa í menntaskóla, sbr. 10. gr. III. og IV. og 51. gr., er heimilt að gefa einkunnina staðizt í hlutaðeigandi greinum, og skulu þá meðaleinkunnir reiknaðar án tillits til þeirra greina.

V. KAFLI

Um starfslið skólanna.

53. gr.

Menntaskólar skulu vera svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem hefur tvær bekkjardeildir hið fæsta í 1. bekk og fullnægir öðrum skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið kann að setja, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor) skal ráðinn af menntamálaráðuneytinu til fimm ára í senn úr hópi fastra kennara á menntaskólastigi, og skal starfið áður hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu aðstoðarskólastjóra skal taka tillit til starfsreynslu umsækjenda auk annarra verðleika. Skólastjóri skal veita umsögn um umsækjendur.

Aðstoðarskólastjóri skal vera staðgengill skólastjóra og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans, skýrsluhald, gerð stundaskrár og próftöflu og framkvæmd prófa. Hann annast ásamt deildarstjórum kynningu kjörsviða og valfrjálsra greina meðal nemenda.

2. **Bókavörður** hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum. Hann annast skráningu bókasafnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup bóka til safnsins í samráði við skólastjóra og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem bezt hagnýtt sér bókasafn skólans.

Í skóla, þar sem starf bókavarðar er fullt starf, skal leita eftir manni með sérmenntun bókavarða til starfans.

3. **Deildarstjóra** skal ráða í bóklegum greinum, sem kenndar eru í kjarna og/eða kjörsviði, ef tímafjöldi nemur 40 stundum á viku hið minnsta. Fela má deildarstjórum umsjón með valgreinum, Heimilt er að hafa einn deildarstjóra yfir skyldum greinum. Við hvern menntaskóla skulu vera þrír deildarstjórar hið fæsta, og sé

þá einn í hverjum þessara greinaflokka: a) Íslenzku og félagsvísindum, b) náttúruvísindum og stærðfræði, c) erlendum málum.

Deildarstjóri skal ráðinn til 2 ára í senn úr hópi fastra kennara skólans, enda hafi viðkomandi kennt a. m. k. 2 ár fulla kennslu við menntaskóla eða sambærilega skóla. Frá því skilyrði getur yfirstjórn skólanna veitt undanþágu, ef ekki er völ á slíkum manni. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórastarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólastjóri ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í viðkomandi námsgrein (-greinum) og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í einstökum námsgreinum eða námsgreinaflokkum. Hann skýrir skólastjóra frá því í tæka tíð, ef hann telur æskilegt að gera breytingu á tækjabúnaði og húsnæði í deildinni og afla nýrra tækja eða bóka.

Deildarstjóri velur kennslubækur og ákveður yfirferð námsefnis í hverjum námsáfanga í samráði við aðra kennara í námsgreininni og sker úr, ef ágreiningur verður. Hann hefur eftirlit með prófgerð í sinni grein og samræmir einkunnagjöf. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluaðferðir við aðra deildarstjóra skólans og við deildarstjóra í sömu grein (greinum) við aðra menntaskóla. Deildarstjóri skal fylgjast með því, að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum. Deildarstjóri er skólastjóra til ráðuneytis um ráðningu kennara í viðkomandi grein (greinum).

Deildarstjóri skal í lok hvers kennsluárs, ásamt samkennurum sínum í deildinni, gera áætlun um starfsemi deildarinnar á næsta kennsluári. Skal hann leggja áætlun þessa fyrir skólastjóra og gera í samráði við hann nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kennarar í deildinni séu við henni búnir í tæka tíð, áður en skóli hefst, halda fund með kennurum og ganga úr skugga um, að viðbúnaður allur fyrir vetrarstarfið sé í góðu horfi. Deildarstjóri skal enn fremur halda fund með kennurum í námsgrein sinni, þegar þörf er á, og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti.

Deildarstjóri hefur fastan viðtalstíma a. m. k. eina stund á viku starfsmánuði skólans. Á sumrum skal hann svara fyrirspurnum nemenda um námstilhögun í námsgrein sinni.

Deildarstjórar gera tillögur til skólastjóra um breytingar á námsskrá, sbr. 12. gr.

4. **Námsráðunautur.** Við hvern menntaskóla skal starfa námsráðunautur, og er miðað við, að í 750 nemenda skóla sé um fullt starf að ræða. Tryggja skal, að smærri skólar eigi aðgang að sambærilegri þjónustu. Menntamálaráðuneytið ræður námsráðunaut til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum skólastjóra.

Námsráðunautur skal vera uppeldis- eða sálfræðingur, eða kennari, sem fyrir sérþekkingar og reynslu sakir telst hæfur til að takast slíkt starf á hendur.

Námsráðunautur liðsinnir nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál. Hann fer með hvert erindi, sem undir hann er borið, og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu í samtölum við nemendur, sem algert trúnaðarmál.

Hann er ráðunautur kennara um vandamál nemenda, og skulu kennarar leita til hans, ef nemanda sækist námið vonum seinna eða nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólastjóra hefur námsráðunautur samband við vandamenn nemenda, sem í örðugleikum eiga með nám og skólavist.

Hann er skólastjóra til ráðuneytis um þau efni er varða námsmat í skólanum og kannar og metur próf og einkunnagjöf með fræðilegum hætti. Þá er hann kennurum til ráðuneytis um gerð prófa.

Námsráðunautur á rétt til setu á fundum skólastjórnar, þegar fjallað er um

námserfiðleika eða agabrot einstakra nemenda, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Námsráðunautur skal vera til viðtals fyrir nemendur og kennara eftir samkomulagi við skólastjóra.

5. **Félagsráðunautur.** Skólastjóri ræður félagsráðunaut, einn eða fleiri, til eins árs í senn eða skemmri tíma, ef hentara þykir.

Hann skal vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og annast af skólans hálfu fyrirgreiðslu um framkvæmd þeirra. Hann aðstoðar nemendur við að skipuleggja félagsstarf sitt þannig, að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis, og skulu nemendur hafa samband við félagsráðunaut með nægum fyrirvara, er þeir óska afnota af húsakynnum skólans í þágu félagslífs.

Félagsráðunautur skipuleggur umsjón og eftirlit með samkomum nemenda ásamt forráðamönnum samkomunnar af þeirra hálfu, ef samkomurnar fara fram í húsakynnum skólans eða á hans vegum.

Hann skal eftir þörfum aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Þeir starfsmenn, sem taldir eru í lið A, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi** skal vera skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru í skrifstofu skólans, og annast þau eftir því sem við verður komið, en aðstoð skal honum fengin eftir þörfum, að mati skólastjóra og ráðuneytis.

2. **Gjaldkeri** ber ábyrgð á, að þær einar greiðslur séu inntar af hendi, sem fullnægjandi greiðsluheimild er fyrir. Hann skal sjá um, að bókhald skólans sé fært í samræmi við þær reglur, sem ríkisbókhald og menntamálaráðuneyti setja um það á hverjum tíma. Reikningar skólans, ásamt tilskildum fylgiskjölum, skulu fullgerðir svo fljótt eftir áramót sem unnt er og sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður** hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita og annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.

2. **Tækjavörður** skal aðstoða við verklega kennslu og hafa umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu í samráði við deildarstjóra. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

3. **Húsbóndi og húsfreyja.** Skólastjóri heimavistarmenntaskóla ræður húsbónda og húsfreyju, og skulu þau hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavist pilta og stúlkna.

Þau skulu sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem skólinn setur um heimilishætti, svo sem um næði, umgengni, lokunartíma og svefntíma.

Þau skulu eftir föngum vera nemendum til aðstoðar í þeim vandamálum, sem kunna að fylgja dvöl þeirra í heimavist.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru hér að framan í liðunum B og C.

54. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

55. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórna kennslu í hverri grein.

56. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans, eftir því sem skólastjóri ákveður í upphafi skólaárs.

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og nánar greinir í erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

57. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðuneytið telur þá greinargerð fullnægjandi, getur það veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Um framkvæmd orlofs fer að öðru leyti eftir reglum, er menntamálaráðuneytið setur. Skal þess jafnan gætt, að orlof trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

58. gr.

Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

59. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða annarra kennslugagna. Umsókn um slíkt orlof skal senda fyrir 31. janúar, og skal fylgja ýtarleg greinargerð um verkefnið og áætlun um vinnutilhögun. Leita skal umsagnar samstarfsnefndar menntaskólastigsins (sbr. 67. gr.), áður en ákvörðun er tekin varðandi veitingu orlofs í þessu skyni. Umsóknir skulu afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

60. gr.

Menntamálaráðuneytið setur föstum starfsmönnum skólanna erindisbréf.

VI. KAFLI
Um húsrými og tæki.

61. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 62. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda fer eftir ákvæðum sérstakrar reglugerðar, sem menntamálaráðuneytið setur.

62. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans eftir reglum, sem skólastjórn setur. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 61. gr.

Kennslustofur skólans skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Menntamálaráðuneytið semur skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI
Um stjórn skólanna.

63. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið.

Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar kosnir af nemendaráði, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Ef ágreiningur rís í skólastjórn, ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra. Haldin skal gerðabók skólastjórnar.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn getur falið skólastjóra að annast, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki, afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla.

64. gr.

Skólastjóri hefur sem oddviti skólastjórnar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum. Hann ber ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu á fjárhagslegri áætlanagerð í sambandi við rekstur skólans og byggingaframkvæmdir, framkvæmdir á lóð skólans, öflun nýrra tækja, bóka o. s. frv.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því, að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skóla sínum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara og námsráðunauts fylgjast sem bezt með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi þeirra hvers um sig, gáfur og skapferli. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemenda, ef forráðamenn óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um, að forráðamanni sé tilkynnt, ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

Kennsluskylda skólastjóra skal vera 6 kennslustundir á viku. Heimilt er þó menntamálaráðuneytinu að minnka kennsluskylduna, ef sérstaklega stendur á. Eftir 55 ára aldur er skólastjóra ekki skylt að kenna. Kennsla skólastjóra umfram skyldustundir er háð samþykki menntamálaráðuneytisins hvert ár.

65. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál, er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum, og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmats. Skal jafnan leitað álits kennarafundar, áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Á sama hátt getur kennarafundur átt frumkvæði að því, að mál komi til meðferðar skólastjórnar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs 2 fulltrúa úr hópi kennara í skólaráð.

Skólastjóri stýrir kennarafundum og boðar til þeirra samkvæmt ákvörðun skólastjórnar og endranær, er hann telur þess þörf. Skólastjóra er skylt að halda kennarafund, ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúi kennara í skólaráði.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausu, enda séu fundirnir boðaðir þeim í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólastjóri óskar þess, enda hafa þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til þess að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans, skólalæknir og félags- og námsráðunautar.

Haldin skal gerðabók (kennarafundarbók), þar sem skýrt er frá málum þeim, er koma til meðferðar kennarafundar.

Skólastjóri býr að jafnaði mál undir kennarafund. Þó getur hver kennari borið fram mál á fundinum. Skólastjóri sér um, að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði annað.

66. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs tvo fulltrúa í skólaráð, og hafa þeir þar sömu réttindi og aðrir skólaráðsfulltrúar. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðu-

neytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

67. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefnarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

68. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Um heilbrigðiseftirlit í skólunum, þ. á m. heimavistarmenntaskólum, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.

IX. KAFLI

Um skólatíma og leyfi o. fl.

69. gr.

Kennsla skal hefjast eigi síðar en 1. október, og skal prófum lokið eigi síðar en 17. júní. Um vinnuskyldu kennara utan kennslutíma á ári hverju fer eftir ákvæðum kjarasamninga (kjaradóms).

70. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

71. gr.

Hlé skal vera milli kennslustunda eftir nánari fyrirmælum skólastjórnar.

72. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum. Svo skal til haga, eftir því sem unnt er, að kennslu ljúki sem fyrst á laugardögum og undirbúningsvinna nemenda um helgar verði sem minnst.

X. KAFLI

Um reglu og aga.

73. gr.

Regla og agi skólanna skulu miða að því að friða um starf þeirra. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

74. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs eftir nánari ákvæðum skólastjórnar, enda gæti þeir reglu og góðrar umgengni.

75. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Skólastjórn hvers skóla setur nánari reglur um skólasókn. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

76. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegs eðlis. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi námsráðunautur fjallað um málið, sbr. 53. gr. A. 4. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólastjóri megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

77. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta fullum bótum.

78. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

79. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skóla gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur, og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

80. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn hvers skóla telur, að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur fyrir sinn skóla. Sama gildir, þegar talin er þörf nánari ákvæða en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum sérreglum, og skal það hafa samráð við samstarfsnefnd menntaskólastigsins um nauðsynlega samræmingu þeirra.

XI. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

81. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 26. gr. laga nr. 12/1970, um menntaskóla, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1970—71, eftir því sem við verður komið. Skal hún endurskoðuð sumarið 1971 og hin endurskoðaða gerð taka gildi frá upphafi skólaársins 1971—72. Þó skal þeim nemendum, er gengu inn í skólana haustið 1969 eða fyrr, heimilt að ljúka prófum samkvæmt ákvæðum eldri reglugerðar með þeim breytingum, sem ráðuneytið hefur heimilað einstökum skólum.

Að öðru leyti en segir í fyrri málslið þessarar greinar er úr gildi numin reglugerð nr. 175/1951, um menntaskóla, svo og reglugerð nr. 203/1964, um stúdentspróf utanskóla, og reglur um stúdentspróf í áföngum, sbr. bréf menntamálaráðuneytisins nr. 144 5. desember 1946.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fulltrúar nemenda í skólaráð samkvæmt 63 gr. skulu í fyrsta sinn kjörnir eftir þeim reglum, sem nú gilda um kjör trúnaðarmanna nemenda í hverjum skóla.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 13. 22. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. desember 1965 um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3.75% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 1000.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 14. 22. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 6 20. janúar 1964 og breyting á þeirri reglugerð nr. 117 2. maí 1969.

1. gr.

1. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:

Í stað orðanna í 8. gr.: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2.25% — tveimur og einum fjórða af hundraði — af fasteignamati húsanna“ komi: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 3½ — þremur og hálfum af hundraði — af fasteignamati húsanna.

Lágmarksgjald á íbúð verði kr. 500.00.“

2. gr.

2. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:
Af hverri tunnu síldar greiðast kr. 2.00. Greinin að öðru leyti óbreytt.

3. gr.

Í stað orðanna: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest" í upphafi 9. gr. reglugerðar nr. 6 20. janúar 1964 komi: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 25.00 fyrir hverja smálest."
Greinin að öðru leyti óbreytt.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. janúar 1971. Nr. 15.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Grindavíkurhreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.
Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.
Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 16. 22. janúar 1971.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Keflavíkur.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og til vatnssölu í kaupstaðnum og til hafnarinnar.

Óheimilt er skipum í Keflavíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Keflavík en úr æðum vatnsveitu Keflavíkur, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf. Hver, sem vill komast í samband við vatnsveitu Keflavíkur, skal senda vatnsveitustjóra skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg og annast allt viðhald þeirra á sinn kostnað.

3. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá götulögnum (stopphana) vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

4. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

Heimilt er starfsmönnum vatnsveitunnar að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitustjóra, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans til hreinsunar á vatnsgeymum og til viðgerða á þeim eða vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tök eru á.

7. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem virt eru til fasteignaskatta, og vatn er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til skal greiða vatnsskatt og tengigjald. Skatturinn og tengigjaldið skal lagt á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna.

8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um sem segir í 7. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 1.2% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00 af hverri íbúð. Tengigjald skal vera kr. 1000.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 500.00 fyrir hverja íbúð í húsi, sem eru fleiri en ein íbúð, og auk þess 1% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

Fasteignagjaldið greiðist um leið og leyfi er veitt til tengingar, en fasteignamatsgjaldið þegar húsið hefur verið metið.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákvarðar vatnsveitan skattinn.

Heimilt er að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, sem vatnsæðar liggja um.

9. gr.

Auk vatnsskatts skv. 8. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar svo og aðra sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

10. gr.

Aukavatnsskatt skv. 9. gr. skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 1.50 fyrir hvern teningsmetra.

11. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

12. gr.

Fyrir vatn til hafnarinnar greiðist 25% af söluverði þess vatns, sem höfnin afhendir.

13. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarstjórn ákveðið, fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka gjaldskrána um allt að 50%.

15. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast bæjarstjóri reikningshald og innheimtu skattsins.

Gjalddagi er 2. janúar ár hvert. Auka vatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á, með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari reiknast í heilum krónum.

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

18. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 1000.00 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 173 12. september 1945 um vatnsveitu í Keflavík og reglugerð nr. 207 31. des. 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 17. 22. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík nr. 206 31. desember 1958.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað, skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann

tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarins. Tengigjald þetta skal vera kr. 3000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1000.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 6000.00. Húseigandi getur eigi krafizt tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 1.2% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. janúar 1971. Nr. 18.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1971 er óheimilt að veiða meira en 25 þúsund lestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 1. september 1971 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða beitu. Leyfi þessi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Þó verða slík leyfi ekki veitt á tímabilinu 1. júlí til 15. ágúst 1971.

Á tímabilinu 1. marz til 30. apríl 1971 eru loðnuveiðar bannaðar austan 12°30′ vesturlengdar milli 64°30′ og 66°00′ norðurbreiddar.

Á tímabilinu 1. maí til 31. júlí 1971 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landsgrunnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 108 28. marz 1968.

1. gr.

33. gr. 2. málsgr. 8. töluliður orðist svo:

Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Þrír tilnefndir af Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði og þrír til vara. Tveir tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Seyðisfjarðar og tveir til vara. Sé fulltrúi ekki tilnefndur samkvæmt framansögðu, skal hann kosinn af bæjarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda eftir því sem við á.

Félögum skal veittur allt að mánaðarfrestur til tilnefningar.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1971.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 20. 27. janúar 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Póstmannasjóð.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár nr. 49/1923 um Póstmannasjóð og hljóðar þannig:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Póstmannasjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja póstmenn, sem hafa póststörf að aðalstarfi, að mati sjóðsstjórnar, til menntunar í starfi hérlendis eða erlendis, til ferðalaga í hvíldar og hressingarskyni, að verðlauna einstaka póstmenn, er sýnt hafa af sér dugnað, trúmennsku og samvizkusemi í starfi, enn fremur þá, er hafa unnið einhver þau störf, er gildi hafa fyrir póstmannastéttina, hagnýt eða fræðandi, svo og að styrkja fræðslufundi og námskeiðahald fyrir póstmenn, útgáfustarfsemi, orlofsheimili póstmanna og aðra menningarstarfsemi þeirra.

Þá er það hlutverk sjóðsins að styrkja með árlegum framlögum, sjóði, er kunna að vera stofnaðir til hagsbóta fyrir póstmenn, svo sem fasteignalánasjóð póstmanna, styrktarsjóð póstmanna, svo og póstminjasafn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

a) Andvirði seldra frímerkja af öllum íslenzkum póstávísunum, póstkröfuávísunum og símapóstávísunum, eftir 4 ára geymslutíma þeirra, svo og af öllum böggla-fylgibréfum, eftir 3 ára geymslutíma þeirra.
b) Vextir af innstæðum sjóðsins.
c) Gjöld póstmanna, sbr. 8. gr.
d) Gjafir og önnur framlög.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 4 000 000.00, og hann má ekki skerða. Helmingur af árlegum vöxtum höfuðstólsins skal leggjast við hann. Af höfuðstólnum skal aldrei vera minna en kr. 1 000 000.00 á bundnum bankareikningi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirmaður póstmála eða sá, sem hann tilnefnir í sinn stað, enda hafi viðkomandi póststörf að aðalstarfi, og tveir fulltrúar póstmanna, búsettir í Reykjavík eða grennd og skulu þessir tveir fulltrúar kosnir af aðilum Póstmannasjóðs til þriggja ára í senn, svo og tveir til vara.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir. Annar skal kosinn, svo og einn til vara. Hinn endurskoðandinn skal vera aðalendurskoðandi póstsins, eða sá er hann tilnefnir í sinn stað.

Kosningarétt hafa aðilar Póstmannasjóðs sbr. 8. gr.

Stjórn sjóðsins ræður tilhögun kosninga.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarákvörðun er eigi lögmæt, nema stjórnin sé fullskipuð.

Afl atkvæða ræður úrslitum.

Stjórn sjóðsins heldur fundi þegar að ástæða er til, og skal halda fundargerðarbók.

Stjórnin er skyldug að halda almennan fund sjóðsaðila, ef þriðjungur þeirra óskar þess.

Aðalstjórnarfundur skal haldinn í marz ár hvert.

Stjórnin er ólaunuð.

6. gr.

Stjórnin innheimtir tekjur sjóðsins, veitir styrki og innir af hendi framlög, semur árlega reikninga yfir tekjur sjóðsins og gjöld, og annast að öðru leyti um það, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

Reikningsárið er almanaksárið. Stjórnin skal leggja reikninga fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðendur verða að hafa lokið endurskoðun sinni fyrir 1. marz ár hvert. Skulu endurskoðendur senda stjórninni reikninga með áritun sinni og athugasemdum eigi síðar en innan viku frá þeim degi.

7. gr.

Styrki og framlög úr sjóðnum skal veita, þegar stjórnin telur henta, annað hvort samkvæmt umsóknum eða án þeirra.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skulu í þeim vera upplýsingar um, í hvaða skyni sótt er um styrk, svo og annað er máli skiptir að mati stjórnar.

8. gr.

Allir þeir, sem eru í fullu starfi hjá stofnun Pósts- og síma og hafa póststörf að aðalstarfi, minnst 60% að mati sjóðsstjórnar, og vilja njóta réttinda úr sjóðnum,

skulu greiða árlegt gjald til sjóðsins sem stjórnin ákveður hverju sinni. Gjalddagi er 1. október ár hvert.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu til einstaklings, að hann hafi verið póstmaður í 10 ár samtals. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessu ákvæði, sé um sérstakt nám að ræða að hennar mati. Umsækjandi skal þó í þessu tilviki að jafnaði ekki hafa lægri starfsaldur en 7 ár, hafa náð 25 ára aldri, vera skuldlaus við sjóðinn og jafnframt vera félagi í Póstmannafélagi Íslands. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum í undantekningartilvikum.

Sá, sem hefur fengið styrk úr sjóðnum, skal veita stjórninni stuttorða skýrslu um för sína og nám, fræðslufund, námskeiðahald o. s. frv., og skal skýrslu skilað innan þess tíma er stjórnin ákveður.

9. gr.

Framlag til Póstminjasafns skal nema 25% af nettótekjum sjóðsins, en það er sá hluti tekna sjóðsins, sem svarar til andvirðis seldra frímerkja af bögglafylgibréfum. Lækki þessi tekjustofn sjóðsins skal framlag til Póstminjasafnsins lækka að sama skapi.

Árlegt framlag til Fasteignalánasjóðs póstmanna skal vera allt að 50% af nettótekjum sjóðsins. Stjórnin ákveður að öðru leyti, hve miklu fé sjóðsins skuli verja árlega til styrkja og annarra framlaga.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun hans og skal hann ávaxtaður á eftirgreindan hátt:

a) Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
b) Í ríkisbönkum.
c) Í Fasteignalánasjóði póstmanna.
d) Með kaupum á fasteignum fyrir félagsstarfsemi póstmanna.
e) Í lánum til póstþjónustunnar.

11. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna, enda þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Stjórnin leggi breytingarnar fyrir fund aðila sjóðsins til endanlegrar samþykktar. Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Þegar staðfesting forseta Íslands er fengin fellur úr gildi Skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð nr. 49 29. maí 1923 og reglur um styrkveitingar úr Póstmannasjóði, frá 26. júní 1925.

Samgönguráðuneytið, 27. janúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 21. 1. febrúar 1971.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reykjavíkurhöfn.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk Reykjavíkurhafnar eru:

Norðan Seltjarnarness: Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° til skurðar við línu, sem dregin er úr ósum Korpúlfsstaðaár réttvísandi 307°. Undanskilin eru

svæði, sem ákvarðast af netalögnum Seltjarnarnesshrepps og eyja innan hafnarmarkanna, er ekki tilheyra lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Sunnan Seltjarnarness: Lína frá mörkum lögsagnarumdæmisins réttvísandi 210° að Lönguskerjum, þaðan lína réttvísandi 120°, 2600 m löng yfir Hólma, síðan inn Fossvog að mörkum lögsagnarumdæmisins.

Hafnarsvæðið skiptist að Seltjarnarnesi í Skerjafjörð og Kollafjörð.

Hafnarsvæði er teljast innri höfn í reglugerð þessari eru:

Skerjafjörður innan Hólmsins, gamla höfnin innan hafnargarða (innri höfnin), Sundahöfn austan Laugarnestanga og Eiðsvík.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn.

Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er borgarstjórn kýs, 3 úr hópi borgarfulltrúa og 2 utan borgarstjórnar.

Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi borgarfulltrúanna sér og fulltrúa utan borgarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og borgarráðs Reykjavíkur.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn.

Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga borgarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd borgarstjórnar.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Borgarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn, svo marga, sem þurfa þykir.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin.

Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966. Er hafnarstjórn heimilt að ákveða gjald, er innheimta má á staðnum fyrir hvers konar mengunarbrot.

9. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjavíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 400 brúttórúmlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip á innri höfninni án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til að láta flytja skipið, leggja því við legufæri eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

14. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnast kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

15. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

16. gr.

Í sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.

Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

17. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

19. gr.

Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

20. gr.

Ekki má kræklja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal sá, er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

25. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

26. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar á mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings.

27. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code flokkast í flokka 1, 2, 3, og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomít, hlaðnar patrónur, benzín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalcíumkarbit, ammonium nitrat, natriumklorat.

28. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 27. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagzt að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið unz nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Reykjavík.

29. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 27. gr. skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld í Reykjavík.

31. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún (samkvæmt mælibréfi) mest verður meðan skipið er í höfn.

1. Lestagjald.

32. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Skip telst við ákvörðun lestagjalda koma til hafnar, sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum eða tollgæzlunni í Reykjavík.

33. gr.

a. Skip, sem skráð eru í Reykjavík og minni eru en 100 brúttó rúmlestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 25.00 fyrir hverja brúttórúmlest.

b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða kr. 1.10 fyrir hverja brúttórúmlest.

Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða lestagjald þetta oftar en tvisvar sinnum í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

Skip, er eingöngu eru í strandsiglingum, greiða hálft lestagjald.

c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Bryggjugjald.

34. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhringi, kr. 0.50 af hverri rúmlest, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.

Skip, er um getur í 33. gr. staflið a., greiða ekki bryggjugjald. Önnur fiskiskip skráð í Reykjavík greiða hálft bryggjugjald.

Heimilt er að hækka bryggjugjald um 50% eftir 20 daga samfelldan legutíma skips.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. Fjörugjald.

35. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 1.00 af hverri brúttórúmlest skipsins en þó aldrei minna en kr. 100.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

4. Vatnsgjald.

36. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

5. Hafnsögugjald.

37. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmlestir, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, eru þau koma til hafnarinnar.

Herskip, varðskip og innlend skip, minni en 400 brúttórúmlestir, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

38. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til eða frá höfninni kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest allt upp að 10 000 rúmlestum og kr. 1.00 fyrir hverja rúmlest yfir 10 000.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a fyrir flutning milli hafnarsvæða, en ⅓ gjalds fyrir flutning innan sama hafnarsvæðis.
c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 37. gr. greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.
d. Innlend skip greiða aðeins fullt gjald samkvæmt a-lið í fyrsta skipti er þau koma til hafnar á ári hverju. Þau skulu greiða ½ gjald fyrir 2. til 12. viðkomu, en ¼ gjalds fyrir hverja komu þar fram yfir.

6. Vörugjald.

40. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Reykjavíkur, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald

43. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Reykjavík.
b. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru.
d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk fiskiskip til eigin afnota.
e. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskap-

arvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnar stjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugustan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld, ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða pökkunaraðferðir réttlæta slíkt.

45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 10.00.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

46. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.60 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, kalk, leir, salt, sement, vikur, olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

2. flokkur. Gjald kr. 3.90 fyrir hver 100 kg:
Áburður, alumínium, asfalt, karbit, fiskur, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, girðingavír, gólfdúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kítti, kjöt, kornvörur, leður, efni til málningar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járni eða alumínium, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler, (einfalt venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsolíur, strigi, tjara, tvistur, vír, óeinangraður úr stáli, kopar með alumínium, vírnet, þakplötur úr asbesti eða alumínium, járni eða kopar, nýir ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, olíur, essensar, kaffi, kalcium, lýsi, niðursuðuvörur, smjör, smjörlíkisolíur, sykur, te, ull.
Útfluttar sjávarútvegs,- landbúnaðar- og iðnaðarvörur.

3. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmídúkur, harðviður, hreinlætistæki, húsgagnaspónn, leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler (einangrunargler), lofttegundir á stálflöskum, sápur, þvottaefni, málning, smjörlíki, innfluttar unnar iðnaðarvörur, glervörur, gúmmívörur, leikföng, prjónavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur.
Allt ótalið annars staðar.

4. flokkur. Gjald kr. 31.00 fyrir hver 100 kg:
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælitæki, raf- og loftknúin verkfæri, sauma- og prjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvélar og þungavinnuvélar, eldspýtur, dúnn, fiður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, bátar, bifhjól, bifreiðar, hjólbarðar, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri.

5. flokkur. Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg:
Fegrunarmeðöl, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, myndavélar, sjónaukar, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
6. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver rúmmetri:
Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
Gjald kr. 10.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé, geitfé, loðdýr.
Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

47. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir notkun á dráttarbátum, hafnsögubátum, krönum og öðrum tækjum hafnarinnar, svo og fyrir móttöku skipa, skal greiða gjald er hafnarstjóri ákveður.

VIII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

50. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

51. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

52. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 47. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

53. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 48. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 49. gr., greiðir samningsaðili.

54. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldum tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

56. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið.

57. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

58. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

59. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrmanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv. 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

60. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

61. gr.

Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

62. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

63. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1971 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 233 29. desember 1961 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

27. janúar 1971. Nr. 22.

GJALDSKRÁ

yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því, sem umfram er samkvæmt ákvæðum í reglugerð, nr. 272 30. nóv. 1969, ríkissjóðsgjöld sem hér segir:

		0.375 l	0.75 l
A.	Áfengi:		
1.	Rauðvín, hvítvín, heit vín og vermouth		kr. 150.00
2.	Koníak, brandy, whisky, brennivín, vodka, gin, genefer, rom, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir	kr. 250.00	— 500.00

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

B. Reyktóbak:
Kr. 250.00 pr. dús., kg eða lbs.

C. Vindlingar:
Regular size kr. 400.00 pr. carton.
King size kr. 400.00 pr. carton.

D. Vindlar:
Smávindlar 40.00 kr. pr. 10 stk.
Meðalstærð 125.00 kr. pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir 175.00 kr. pr. 25 stk.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. marz 1971. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 309 30. nóv. 1969 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1971.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

Nr. 23. 9. febrúar 1971.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1971 á svæðum, sem takmarkast af línum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34′ N og 20°48′ V og þaðan í punkt 63°34′ N og 21°26′ V síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

1. 63°41′2 N 21°45′5 V
2. 63°41′2 N 22°21′0 V
3. 63°34′5 N 23°03′5 V

og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugunum 21°57′ V og 22°32′ V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan hugsast dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 24

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1970.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1970			kr. 10 264 373.42
2. Minningargjafir afhentar árið 1970	kr.	6 845.00	
3. Samúðarskeyti Landssímans	—	2 232 325.90	
			— 2 239 170.90
4. Greiddir vextir 1970			— 973 070.60
			Kr. 13 476 614.92

Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1970			kr. 482 000.00
2. Önnur útgjöld sjóðsins fskj. 1—17			— 80 308.00
3. Gjöf sjóðsins til áhaldakaupa Landspítalans			— 500 000.00
4. Eign sjóðsins 1. janúar 1970:			
a) Bankainnstæður	kr.	12 375 306.92	
b) Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	—	19 000.00	
c) Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	—	20 000.00	
			— 12 414 306.92
			Kr. 13 476 614.92

Steinunnar-arfur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970			kr. 64 470.05
Afgjöld eftir hálfa jörðina Haga 1969			— 500.00
Vextir í Söfnunarsjóði 1969	kr.	752.37	
Vextir í Landsbankanum	—	4 995.00	
			— 5 747.37
			Kr. 70 717.42

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:		
Hálf jörðin Hagi í Skorradal	kr. 1 050.00	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	— 8 172.02	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461	— 61 495.40	
		kr. 70 717.42
		Kr. 70 717.42

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 18 407.94
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1909	— 1 799.06
	Kr. 20 207.00

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr. 20 207.00
	Kr. 20 207.00

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans, Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 21 458.40
Vextir í Búnaðarbankanum	— 1 931.20
	Kr. 23 389.60

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 60749	kr. 23 389.60
	Kr. 23 389.60

Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 11 528.90
Vextir í Landsbankanum	— 1 037.50
	Kr. 12 566.40

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468	kr. 12 566.40
	Kr. 12 566.40

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 23 633.20
Vextir í Landsbankanum	— 2 127.00
	Kr. 25 760.20

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469	kr. 25 760.20
	Kr. 25 760.20

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 15 054.10
Vextir í Landsbankanum	— 1 354.90
	Kr. 16 409.00

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5462	kr. 16 409.00
	Kr. 16 409.00

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 50 947.50
Vextir í Landsbankanum	— 4 585.20
	Kr. 55 532.70

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5467	kr. 55 532.70
	Kr. 55 532.70

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 42 470.20
Vextir í Landsbankanum	— 3 822.30
	Kr. 46 292.50

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466	kr. 46 292.50
	Kr. 46 292.50

Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr.	237 057.10
Vextir í Landsbankanum	—	21 335.10
	Kr.	258 392.20

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5471	kr.	258 392.20
	Kr.	258 392.20

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr.	56 708.40
Vextir í Landsbankanum	—	5 103.70
	Kr.	61 812.10

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1971:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	kr.	61 812.10
	Kr.	61 812.10

Reykjavík, 7. janúar 1971.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi skjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. janúar 1971.

Sigríður Brynjólfsdóttir. *María Sigurðardóttir.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1971

AUGLÝSING
um laun stundakennara o. fl. skólaárið 1970/1971.

1. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum kjarasamnings milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og kjararáðs B.S.R.B. f. h. starfsmanna ríkisins fyrir tímabilið 1. júlí 1970 til 1. júlí 1972, hefur menntamálaráðuneytið í samráði við fjármálaráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

2. gr.

Til viðbótar stundakennaralaunum eins og þau voru haustið 1970, samkvæmt auglýsingu nr. 252/1968, um laun stundakennara, greiðist skólaárið 1970/1971 sem hér segir:

a) Fyrir tímabilið 1. september—31. desember 1970 ..... 10.67%
b) Fyrir tímabilið 1. janúar—31. ágúst 1971 ..... 16.00%

Hafi stundakennari þá menntun og starfsþjálfun, sem haft hefði í för með sér hækkun hjá föstum kennara viðkomandi skóla um þrjá eða fleiri launaflokka, kemur í stað ofangreindra viðbóta:

a) 15.33%.
b) 23.00%.

3. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

4. gr.

Orlofsfé er innifalið í greiðslum samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Frá 1. janúar 1971 greiðist öll kennsla, sem ekki er innt af hendi af föstum kennurum viðkomandi skóla, með stundakennarakaupi, sbr. b-lið 2. gr.

6. gr.

Kennari, settur eða skipaður í hluta af stöðu, sem kennir samkvæmt stundaskrá fleiri stundir en nemur kennsluskyldu sinni, þó ekki umfram kennsluskyldu fullrar stöðu á viðkomandi skólastigi, fær viðbótargreiðslur beint úr ríkissjóði. Viðbót þessi greiðist, eftir því sem við á, allt árið með föstum launum kennarans og reiknast mánaðarlega á eftirfarandi hátt

$$\frac{a \times b}{c \times d}$$

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

þar sem:

a = Fjöldi kennslustunda á mánuði umfram kennsluskyldu samkvæmt ráðningu og reglum um afslátt af kennsluskyldu.

b = Föst mánaðarlaun samkvæmt ráðningu.

c = Fjöldi skyldukennslustunda á mánuði miðað við ráðningu í fulla stöðu án afsláttar.

d = Ráðningarhlutfall kennara.

Um greiðslur fyrir áðurgreinda aukakennslu og aðra aukakennslu þessara kennara, þar með greiðslur í veikindaforföllum, fer að öðru leyti eftir reglum um greiðslur fyrir aukakennslu kennara í fullri stöðu.

Ákvæði þessarar greinar gilda frá 1. september 1970.

7. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur skulu hafa sama tímakaup og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við. Greiða skal fyrir hverja klukkustund prófdómarastarfs eins og fyrir eina kennslustund.

8. gr.

Auglýsing nr. 252/1968 um laun stundakennara er hér með úr gildi felld.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 26. 28. janúar 1971.

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað skóla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða rekstrarkostnað barna- og gagnfræðastigsskóla samkvæmt því, er segir í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Sveitarfélög sjá um útborgun slíks kostnaðar, annars en fastra launa skólastjóra, fastra launa kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar. Laun stjórnskipaðra prófdómenda greiðast beint úr ríkissjóði svo og þóknun til skólastjóra vegna tví- og þrísetningar. Einnig greiðast beint úr ríkissjóði laun námsstjóra og námseftirlitsmanna, er ráðuneytið ræður, setur, eða skipar, svo og laun ráðskvenna í heimavistum skyldunáms, enda séu ráðningarkjör þeirra samþykkt af ráðuneytinu.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu og annarra starfa, mánaðarlega eftir á, á starfstíma skóla eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Greiðslur fara fram með þeim hætti, að mánaðargreiðslur eru miðaðar við áætlun skólanefndar og skólastjóra fyrir viðkomandi skóla-

ár, samþykkta af sveitarstjórn og menntamálaráðuneyti. Mánaðargreiðslur breytast með breytingum á launum. Greiðslur sveitarfélaga umfram þá áætlun annars vegar og ofgreiðslur ríkissjóðs hins vegar skulu gerðar upp við áramót og að liðnu skólaári. Þegar fyrir liggja mánaðarleg uppgjör þessa kostnaðar í formi, er áður hefur verið samþykkt af ráðuneytinu, skal endurgreitt mánaðarlega á grundvelli þeirra.

Annan rekstrarkostnað skóla, sem ríkissjóður tekur þátt í skv. lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, endurgreiðir hann sveitarfélögum eftir á, að fengnum og endurskoðuðum reikningum eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

II. KAFLI
Um launakostnað.

3. gr.

Mánaðarleg endurgreiðsla launakostnaðar er vegna:

a) Kennslu fastra kennara umfram skyldukennslu, sé sú kennsla ekki greidd beint úr ríkissjóði.
b) Kennslu stundakennara.
c) Heimavinnu samkvæmt samningi fyrir leiðréttingu skriflegra verkefna, á meðan slíkir samningar eru í gildi.
d) Vörzlu í kaffihléum, sé hún greidd með samþykki ráðuneytisins.
e) Vörzlu í heimavist.
f) Álags á skyldukennslu utan takmarka dagvinnutíma.
g) Eyða í stundaskrá kennara.
h) Forfallakennslu.
i) Launagreiðslna til annarra en kennara fyrir skrifstofuaðstoð og kaffiumsjón, þar sem slíkrar umsjónar er talin þörf, að dómi ráðuneytisins. Skulu þær og launakostnaður vegna aðstoðar kennara við skólastjórn, skv. reglum, er ráðuneytið samþykkir, færðar til reiknaðra stunda miðað við stundakennslukaup í dagvinnu og starfsmánuði skóla.

   Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda samkvæmt þessum lið fari að jafnaði ekki fram úr 5% af hámarki reiknaðra stunda samkvæmt a, b, og c liðum 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.
j) Félagsstarfa í skólum á gagnfræðastigi. Til þessarar starfsemi má að jafnaði verja allt að 2% reiknaðra stunda samkvæmt b og c lið 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.
k) Verði vegna góðrar skipulagningar í kennslu og annarri starfsemi skóla, sem færð er til reiknaðra stunda, afgangur af hámarki reiknaðra stunda, samkvæmt a, b, og c lið 19. gr. laga nr. 49/1967, má með samþykki ráðuneytisins, eða þeirra fræðsluyfirvalda er umboð þess hafa, ráðstafa reiknuðum stundum allt að þessu hámarki til ýmiss konar námshjálpar, enda sé um skipulagða starfsemi að ræða, og gerð grein fyrir henni í áætlun samkvæmt 18. gr. laga nr. 49/1967.

4. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs á kennslulaunum og öðrum launum, sem færð eru til reiknaðra stunda, og ekki eru greidd beint úr ríkissjóði, er háð hámarksákvæðum 19. gr. laga nr. 49/1967. Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um hámark reiknaðra stunda til samræmis. Til reiknaðra stunda teljast:

Kenndar stundir, sbr. 5. gr.
Sjúkrakennsla þ.m.t. talkennsla.
Eyður í stundaskrám kennara.

Umsjón í heimavistum.
Aðstoð við skólastjórn.
Félagsstörf í gagnfræðastigsskólum, sbr. 3. gr.
Stundafjöldi, sem varið er til starfa í þágu skóla samkvæmt k-lið 3. gr.
Kostnaður, sem færður er til reiknaðra stunda samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags (sveitarfélaga) vegna stjórnar fræðslumála í viðkomandi fræðsluhéraði.
Kostnaður, er stafar af sérstökum heimildum, er ráðuneytið veitir. Slíkar heimildir skulu ætíð veittar skriflega.

5. gr.

Hámark kenndra stunda, sem ríkissjóður endurgreiðir á viku á hverja fullskipaða bekkjardeild í barna- og gagnfræðastigsskólum, er sem hér segir:

	45 mín. kennslust.	40 mín. kennslust.
7 ára		20
8 —		22
9 —		26
10 —		31
11 —		33
12 —		37
13 —	35	39
14 —	37	41
15 —	37	41
16 —	37	41

Til viðbótar þessum stundafjölda kemur sá stundafjöldi, sem varið er til sundnáms, svo og stundafjöldi vegna matreiðslukennslu á gagnfræðastigi.

Sé stundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir 9 mánaða barna- og gagnfræðastigsskóla segir til um, vegna styttra skólaárs, eða vixlkennslu bekkja, hækkar endurgreiddur stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu. Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptri, fullskipaðri bekkjardeild séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en 12 nemendur í sérkennslutíma í einstökum bekkjardeildum. Til skiptigreina teljast í þessu sambandi m. a. handavinna, matreiðsla, sund og leikfimi.

Í sérskólum fyrir börn, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, endurgreiðir ríkissjóður allt að 30 kenndar stundir á kennsluviku á hverja 12 nemendur. Sé um heimavistarskóla að ræða fyrir slíka nemendur, er auk þess heimilt að verja allt að tveimur stundum á nemanda á viku til námshjálpar í þessum skólum.

III. KAFLI

Um fjarlægðarkostnað.

6. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku ríkissjóðs í aksturskostnaði sveitarfélaga vegna skólasóknar skyldunámsnemenda og í öðrum tilkostnaði, er komið getur í stað aksturskostnaðar.

a) Þeir nemendur einir koma til greina, er lengri skólaleið eiga en 1500 metra. Skólaleið er eðlileg, greiðfær gönguleið frá heimili nemanda að skóla.

b) Þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði er að hámarki miðuð við 60 km akursleið nemanda á dag. Akursleið nemanda er sú leið, sem farin er með bifreið þeirri, er nemandi notar í skipulögðum skólaakstri. Miðað skal við, að aksturstími hvers nemanda sé ekki lengri en 90 mín. hvern skóladag að jafnaði, miðað við venjulegar akstursaðstæður.

c) Þar sem hægt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreiðir þannig að daglegur biðtími nemenda sé ekki lengri en 90 mín. hvern skóladag að jafnaði, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi helming kostnaðar þess. Þurfi slíkt sveitarfélag að dómi ráðuneytisins að skipuleggja sérstakan akstur vegna sumra nemenda, endurgreiðir ríkissjóður einnig helming þess kostnaðar.

d) Sé ekki hægt að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreiðir, en skólasókn nemenda háð akstri hvern skóladag, eða einhverjum þeirra valkosta, sem taldir eru í e. 2 til e. 6, úrskurðar ráðuneytið, óski sveitarfélög þess, ákveðið ríkisframlag á nemanda hvern. Þetta ríkisframlag er margfeldi af skóladögum nemanda, skólaleið hans allt að 30 km og allt að 8 króna grunnupphæð miðað við verðlag á sérleyfisakstri í október 1970. Þessi grunnupphæð breytist hlutfallslega með breytingum á sérleyfistöxtum póst- og símamálastjórnar. Stefnt skal að því, að aksturskostnaður eða annar kostnaður, er í hans stað getur komið, sbr. lið e, 2 til e, 6, hér á eftir, sé að fullu endurgreiddur úr ríkissjóði, sparist við það heimavist við sameiginlegan skóla tveggja eða fleiri sveitarfélaga, enda sé að dómi ráðuneytisins nýtt sú skipan mála, er leysir fjarlægðarmál nemenda á sem hagstæðastan hátt.

e) Náist samkomulag um framlag ríkissjóðs samkvæmt reglum d liðar, er skólanefnd — í umboði sveitarstjórna — heimilt að ráðstafa framlaginu til:

1. Kostnaðar vegna skólaaksturs innan skólahverfis.
2. Kostnaðar við að koma nemanda í vist í nágrenni skólans.
3. Kostnaðar við að koma nemanda í vist til skólagöngu utan skólahverfis.
4. Kostnaðar við að koma nemanda að heimavistarskóla utan skólahverfis.
5. Kostnaðar við að aka nemanda að skóla utan skólahverfis.
6. Greiðslu til foreldra til þess að aka nemendum að skóla eða að akursleið skólabifreiðar.

Skólanefndum — í umboði sveitarstjórna — er heimilt að bjóða foreldrum nemenda, sem langa eða erfiða skólaleið eiga, einn þeirra kosta, er taldir eru að framan undir 2—6, en hafa ekki skyldu til þess að skipuleggja akstur hans vegna, verði sá kostnaður hærri en kostnaður vegna einhvers valkostar 2—6 hér að framan, enda sé að dómi ráðuneytisins tryggt, að nemandi fái jafngóða kennslu og ef skipulagður hefði verið skólaakstur hans vegna. Þar sem svo stendur á að vista verður nemendur sveitarfélags til skólagöngu vegna þess að ekki getur verið um akstur að ræða, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi nauðsynlegan kostnað þess, allt að hámarki fjarlægðarkostnaðar samkvæmt d-lið.

f) Óski sveitarfélag — eða sveitarfélög —, er hafa skipulagðan akstur að skóla, ekki að fá fast ríkisframlag samkvæmt d-lið, endurgreiðir ríkissjóður 85% af aksturskostnaði miðað við góða skipulagningu, samþykkta af ráðuneytinu og opinbert útboð á akstri. Til viðmiðunar um hvaða tilboðum beri að taka, lætur ráðuneytið sveitarfélögum í té leiðbeinandi tillögur um aksturstaxta á ekinn kílómetra fyrir mismunandi bifreiðagerðir.

g) Sé heimavist við skóla, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi 85% af kostnaði þess vegna aksturs nemenda að heimili þeirra um helgar. Eigi nemendur, einn

eða fleiri, langa og erfiða heimleið, og eigi þeir að mæta í skóla eftir helgi, skal skólanefnd — í umboði sveitarfélaga — heimilt að bjóða aðstandendum umsjón með nemendum yfir helgina, ella sjái aðstandendur sjálfir um flutning nemendanna.

IV. KAFLI
Um annan rekstrarkostnað.

7. gr.

Annan endurkræfan rekstrarkostnað skóla endurgreiðir ríkissjóður samkvæmt lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, að fengnum og úrskurðuðum reikningum skólanna. Menntamálaráðuneytið lætur gera eyðublöð undir uppgjör þessi og sendir sveitarfélögum.

8. gr.

Viðhaldskostnað skólahúsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar svo og húsaleigu endurgreiðir ríkissjóður að hálfu í skólum án heimavistar.

Í skólum með heimavist (heimavistarskólum), sem byggðir eru samkvæmt eldri ákvæðum um stofnkostnað, endurgreiðir ríkissjóður kostnað þennan að þrem fjórðu hlutum. Í skólum, sem byggðir eru samkvæmt normi reglugerðar nr. 159/1969, sbr. lög nr. 49/1967, skal kostnaði þessum skipt í sama hlutfalli og eignarhlutdeild er ákveðin í samningi aðila um byggingu skólanna.

Við þá skóla, þar sem heimavist er ekki starfandi, en að dómi ráðuneytisins er nauðsyn að hafa gæzlu með nemendum í biðtíma, greiðir ríkissjóður samþykktan gæzlukostnað.

9. gr.

Laun aðstoðarstúlkna í heimavistum við skyldunámsskóla endurgreiðir ríkissjóður með öðrum kostnaði, að fengnum og úrskurðuðum reikningum. Á sama hátt greiðir ríkissjóður launakostnað vegna matseldar við skóla, þar sem, að dómi ráðuneytis, verður að hafa matseld fyrir nemendur, þótt eigi sé þar heimavist.

10. gr.

Í skólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, endurgreiðir ríkissjóður auk hlutdeildar sinnar í viðhaldskostnaði húss, tækja og húsaleigu, flutningskostnaði og heilbrigðisþjónustu, helming fæðiskostnaðar nemanda, sé starfrækt heimavist eða mötuneyti við skólann.

Einnig endurgreiðir hann sveitarfélagi helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu. Þjónusta skal við það miðuð, að ein starfsstúlka komi á hverja 12 nemendur. Sé um fleiri nemendur að ræða, eykst þjónusta hlutfallslega.

Laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna greiðast eftir sömu reglum og gilda um heimavist skyldunámsskóla. Fyrir vörzlustörf kennara í heimavistum þessara skóla endurgreiðir ríkissjóður samkvæmt samningum um vörzlu í heimavistum annarra skyldunámsskóla. Gæzlustörf endurgreiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum að fengnum og endurskoðuðum reikningum skólanna og skal miðað við 14. launaflokk.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd í öllum barna- og gagnfræðastigsskólum, er falla undir skólakostnaðarlögin, að hálfu á móti sveitarfélögum. Heilbrigðisþjónusta, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd sú, sem hér er um að ræða, er:

Lýsisgjöf í skólum, ljósaböð, heyrnar- og sjónmælingar og sjúkraleikfimi samkvæmt ákvörðun skólalæknis.

Störf skólalækna samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins við stéttarfélag lækna.

Önnur heilbrigðisþjónusta og heilsuvernd samkvæmt reglugerð nr. 214/1958, sbr. lög nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, enda sé gerð grein fyrir þeirri þjónustu og kostnaði hennar vegna í áætlun um rekstrarkostnað skóla eða fræðsluhéraðs, og sá kostnaður samþykktur af sveitarstjórn (um) og ráðuneyti.

Tanneftirlit og tannviðgerðir skyldunámsnemenda teljast til heilbrigðisþjónustu, sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti sveitarfélögum, þó ekki umfram það, að framlag ríkissjóðs sé kr. 500.00 á ári á hvern nemanda í skyldunámi, sem kost á á tannviðgerðum á vegum skólans og notfærir sér það. Grunnupphæð á nemanda er miðuð við verðlag á tannviðgerðum í október 1970, og breytist með taxtabreytingum á einföldum tannviðgerðum eða vísitölu fyrir eftirlit og viðgerðir, ef réttari þykir.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd reglugerðar þessarar og skulu því sendir reikningar skólanna svo og áætlanir um rekstrarkostnaðinn, sbr. 18. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, er reglugerð þessi tekur til, en falið geta þau fræðsluráði (skólanefnd), skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu, en val hans er þó ætíð háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Reikningar skóla skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga.. Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, skulu oddvitar viðkomandi sveitarfélaga endurskoða og staðfesta reikningana. Þar sem fræðsluskrifstofur eru starfandi samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga, fara þær með stjórn fræðslumála og fjármál eftir því sem nánar er ákveðið í samningi aðila.

13. gr.

Víkja má frá hámarksákvæðum um reiknaðar stundir, er ríkissjóður greiðir fyrir skóla eða skólahverfi, sé ekki innan þeirra hægt að ná tilskilinni kennslu fyrir það skólastig, nauðsynlegri eða umsaminni umsjón í heimavist eða umsjón vegna félagsstarfsemi nemenda á gagnfræðastigi. Slík frávik, þar sem hámarksákvæði eiga ekki við, skulu úrskurðuð til eins árs í senn, eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Skylt er sveitarfélögum að sjá til þess, að umsóknir um slík frávik berist svo tímanlega, að úrskurður geti legið fyrir mánuði áður en kennsla hefst í byrjun skólaárs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 3 23. febrúar 1971 um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda ákveður ráðuneytið, að innheimta megi á fyrstu 6 mánuðum ársins 1971 allt að 60% af opinberum gjöldum ársins 1970 sem fyrirframgreiðslu á slíkum gjöldum, sem álögð verða 1971.

Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 28. 12. febrúar 1971.

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávitastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávitastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag frá og með 1. janúar 1971 verið ákveðinn sem hér segir:

Fávitahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 650.00
Barnaheimili Templara, fávitahæli, Skálatúni	— 550.00
Vistheimilið Sólheimar, fávitahæli, Hverakoti, Árnessýslu	— 510.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávitahæli, Mosfellshr.	— 550.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngási, Reykjavík, og dagvistardeildir fávita	— 390.00
Vistheimilið Sólborg, Akureyri	— 550.00

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1971

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159 frá 20. september 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, sem koma í stað samninga, sem féllu úr gildi 31. desember 1970, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962:

1. Tímabil það, er sáttasemjari ríkisins hefur kjaradeiluna til meðferðar, framlengist til 8. marz 1971.
2. Hafi samningar ekki tekizt fyrir 9. marz 1971, tekur Kjaradómur kjaradeiluna til meðferðar, og skal hann hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir 1. apríl 1971.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 292, 30. des. 1970.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1971.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Stjórnartíðindi B 5, nr. 29. Útgáfudagur 1. marz 1971.

B 10

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1971

Nr. 30. 74 29. janúar 1971.

SAMÞYKKTIR

fyrir Alþýðubankann h.f.

I. KAFLI
HEITI FÉLAGSINS, HEIMILISFANG OG HLUTVERK

1. gr.

Félagið heitir Alþýðubankinn h.f., og er það nefnt Alþýðubankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu, samkvæmt heimild í lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum hinn 12. nóvember 1970 samþykkt eignayfirfærsluna.

2. gr.

Heimili Alþýðubankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar getur stjórn félagsins, er nefnist bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn umboðsskrifstofur og útibú.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að efla menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og treysta atvinnuöryggi launafólks á Íslandi.

II. KAFLI
UM HLUTAFÉ ALÞÝÐUBANKANS

4. gr.

Hlutafé Alþýðubankans er kr. 40 000 000.00. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 34. grein. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns í samræmi við hlutafjáreign sína og eru þá aukningarhlutabréfin boðin öðrum hluthöfum til kaups innan ákveðinna tímamarka, og að þeim frágengnum, aðilum, sem ekki eru hluthafar, en geta verið það — allt samkvæmt nánari fyrirmælum félagsstjórnar, en þó má aldrei ráðstafa aukningarhlutabréfum á þann veg, að í bág fari við ákvæði 5. greinar, að verkalýðsfélög innan ASÍ skuli alltaf eiga a. m. k. 60% alls hlutafjársins

Innborgað hlutafé er kr. 10 060 000.00 (sú fjárhæð, sem greidd er á stofnfundi).

Hlutaféð er allt jafn rétthátt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1 000.00, kr. 5 000.00 og kr. 10 000.00, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu, samanber 2. gr. laga um Alþýðubankann h.f. nr. 71/1970.

Hlutafjársöfnun hefur farið fram með þeim hætti, að Alþýðusamband Íslands hefur átt þess kost að skrifa sig fyrir kr. 4 000 000.00 og hvert verkalýðsfélag innan ASÍ hefur átt þess kost að skrifa sig fyrir þeirri hlutafjárhæð, sem svarar til eins þúsund króna hlutabréfs fyrir hvern virkan meðlim verkalýðsfélagsins. Hvert verkalýðsfélag má láta frá sér til einstakra félagsmanna sinna stofnhlutafé með þeim takmörkunum, að verkalýðsfélögin eigi sjálf aldrei minna en 60% allra útgefinna hlutabréfa. Stjórn hlutafélagsins ber að sjá um, að þetta hlutfall raskist ekki og þarf leyfi hennar til að afhenda stofnhlutabréf og til framsals á hverju hlutabréfi. Alþýðusamband Íslands, verkalýðsfélög innan þess, einstakir félagsmenn þeirra og ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu hafa lagt fram sem hlutafé kr. 40 000 000.00 — fjörutíu milljónir króna.

Ógreitt hlutafé er kræft, þegar hluthafafundur ákveður. Ef aðili, sem skráð hefur sig fyrir hlutafé í Alþýðubankanum, greiðir ekki hlutaféð samkvæmt tímaákvörðun hluthafafundar, missir hann þann rétt sem hlutafjáráskriftin veitti honum.

Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi.

Réttur til arðs fellur niður, ef hans er ekki vitjað innan 3 ára frá gjalddaga og rennur hann þá í varasjóð bankans.

Hlutabréf skulu númeruð í framhaldandi töluröð.

6. gr.

Halda skal skrá um hlutabréf og skal þar greina:

1) útgáfudag hlutabréfs,
2) nafnverð þess og númer,
3) ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti,
4) til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari aðilaskipti.

7. gr.

Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það bankaráði og tilgreina söluverð og skilmála og væntanlegan kaupanda, ef því er að skipta. Félagið á forkaupsrétt að fölu hlutabréfi, að því marki, sem lög heimila, eða 10%. Að hlutafélaginu sjálfu frágengnu má selja föl hlutabréf með samþykki félagsstjórnar og eftirfarandi skilyrðum: Verkalýðsfélögin eiga forkaupsrétt að fölum hlutabréfum að réttri tiltölu við hlutafjáreign, ef slíkri skiptingu verður við komið, en ella ræður félagsstjórn hvaða verkalýðsfélagi er selt. Að verkalýðsfélögunum frágengnum á Alþýðusamband Íslands forkaupsrétt að fölum hlutabréfum. Ef ASÍ vill ekki kaupa, má bjóða föl hlutabréf meðlimum verkalýðsfélaganna til kaups í þeirri röð, að fyrst skal hluthafi bjóða þau innan síns verkalýðsfélags og síðan innan annarra verkalýðsfélaga. Ef enginn framangreindra aðila vill neyta forkaupsréttar síns, má bjóða föl hlutabréf öðrum hluthöfum og að þeim frágengnum öðrum aðilum, sem geta verið hluthafar.

Þegar stjórn félagsins samþykkir framsal á hlutabréfi samkvæmt þessari grein, skal hún gæta þess, að ákvæði 5. greinar um eignarhlutfall verkalýðsfélaganna af heildarhlutafénu raskist ekki.

8. gr.

Eigandaskipti að hlutabréfum taka eigi gildi gagnvart félaginu, fyrr en bankaráðið hefur staðfest aðilaskiptin með áritun sinni á hlutabréfið.

Nú verða eigandaskipti að hlutabréfi fyrir lögerfð og nægir þá að tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið í hluthafaskrá.

Veðsetning hlutabréfa er óheimil.

9. gr.

Alþýðubankinn má eigi veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, er eigandi hefur fengið ógildingardóm yfir hinu glataða skjali.

Nú skemmist hlutabréf, stofn eða arðmiði, en orkar þó ekki tvímælis um tölu þess eða efni. Getur bankaráðið þá gefið út til aðila á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldir bankans umfram nafnverð hlutabréfa sinna. Þessi ákvæði verður ekki breytt né fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI
UM STARFSEMI ALÞÝÐUBANKANS

12. gr.

Bankinn rekur hvers konar bankastarfsemi, svo sem:

1) Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning.
2) Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3) Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4) Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5) Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6) Að geyma verðmæta muni gegn endurgjaldi.

13. gr.

Alþýðubankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

IV. KAFLI
STJÓRN ALÞÝÐUBANKANS

14. gr.

Með stjórn Alþýðubankans fara:

a) Hluthafafundir.
b) Bankaráð.
c) Bankastjóri (bankastjórar).

A. Hluthafafundir.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Alþýðubankans samkvæmt fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaðinu með 4 vikna fyrirvara hið skemmsta, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboð með viku fyrirvara hið skemmsta í útvarpi og dagblöðum og sé þar greint hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundar, og skal afhending fara fram þrjá síðustu daga fyrir fundardag svo og á fundardegi eftir nánari ákvörðun bankaráðs.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs og skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda fer þá um fundarboðun eins og segir í næsta málslið á undan. Bankaráð boðar til fundar og undirbýr þá ásamt bankastjóra.

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundar, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem þar getur, svo og breytingartillögur við þau.

Nú óska hluthafar, að tiltekin tillaga sé tekin til meðferðar á hluthafafundi og er þá skylt að gera það, ef tilmælin koma frá hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra, sem fara með eigi minna hlutafé en nemur 1 000 000.00 króna, enda beri tilmælin bankaráði viku fyrir fundinn hið skemmsta. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því sem föng eru á.

18. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1) Skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans fyrir síðastliðið starfsár.
2) Endurskoðaða reikninga bankans fyrir síðasliðið reikningsár.
3) Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.
4) Kosningu bankaráðs, sbr. 23. gr.
5) Kosningu endurskoðenda, sbr. 31. gr.
6) Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
7) Ákvörðun um greiðslu arðs, sbr. 33. gr.

19. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, sem fundarhald varðar.

Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

20. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum 1 000.00 krónum í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir bankann, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 31. gr. 2. mgr. a-f stafliða hlutafélagslaganna nr. 77/1921.

21. gr.

Stofnfundur gengur frá reglugerð, sem viðskiptaráðuneytið staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans. Breytingar á reglugerðinni má ekki gera, nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

22. gr.

Hver hluthafi sem hyggst neyta atkvæðaréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða innan frests, sem tilgreindur er í fundarboði og á þeim stað, sem þar er tiltekinn og gera grein fyrir atkvæðarétti sínum. Á aðgöngumiða skal greinda hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum hluthöfum umboð til að sækja fund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Heimildir til að sækja hluthafafund fyrir hönd einhvers hluthafa, ber að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vijtað.

B. Bankaráðið.

23. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert úr sínum hópi bundinni kosningu 5 menn í bankaráð og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík og svo nálægt Reykjavík að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðs, hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana né vera starfsmenn þeirra.

24. gr.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kveður bankaráð til fuda og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum.

Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meirihluti bankaráðs eða bankastjóri telja þess þörf.

Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru því aðeins lögmætir, að mættir séu 5 bankaráðsmenn á fundi, aðalmenn og/eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Bankaráðið setur sér að öðru leyti fundarsköp.

25. gr.

Bankaráðið hefur æðstu forstöðu Alþýðubankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum.

Því ber þess vegna:

1) Að ráða bankastjóra, ákveða honum laun og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
2) Að koma fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnvöldum og þriðja manni.
3) Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ásamt bankastjóra að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans að svo miklu leyti, sem slíkt er ekki lögbundið eða ákveðið af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, er bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
4) Að ákveða með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú og umboðsskrifstofur, hve útibúi og umboðsskrifstofu skuli fengið mikið fé til umráða, og ráða forstjóra útibúa og umboðsskrifstofa, ákveða ráningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.

5) Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki störf sín sómasamlega.
6) Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og setja þeim starfsreglur, svo og veita þeim lausn frá störfum og ákveða tryggingu þá, er gjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7) Að ákveða tölu starfsmanna bankans og setja reglur um laun þeirra.
8) Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9) Að taka ákvarðanir um eftirgjöf skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunautanna, að fengnum tillögum bankastjóra.
10) Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það, hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjóra með undirskrift sinni, svo og að ákveða hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11) Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem hluthafafundir eða bankastjóri skjóta til bankaráðsins.

26. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum.

27. gr.

Allt það, sem bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Alþýðubankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. Bankastjóri (Bankastjórar).

28. gr.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn bankans, í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráði samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjóri má ekki hafa á hendi annað embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis.

Hann má ekki vera skuldskeyttur Alþýðubankanum né útibúum hans eða umboðsskrifstofum, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður.

Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri en einn bankastjóri skuli vera við bankann, og tiltekur bankaráðið þá verkaskiptingu milli þeirra.

29. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Alþýðubankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu í þágu bankans.

V. KAFLI
REIKNINGSSKIL, ENDURSKOÐUN, SKIPTING TEKJUAFGANGS OG VARASJÓÐUR

30. gr.

Reikningsár bankans er almanksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarmánaðarlok en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja sex mánuði.

31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs tvo endurskoðendur, til eins árs í senn, að viðhafðri bundinni kosningu. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu bankans að öðru leyti. Má jafnt kjósa þá úr hópi hluthafa sem utan hans. Þá tilnefnir viðskiptaráðuneytið einn endurskoðanda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum. Fyrir marzmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund skal bankastjóri hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja frammi hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

32. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum.

Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráð ákveða hvað lagt skuli til hliðar á afskriftarreikningi vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 18. gr. 2. tl.

33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstursreikningi skal varið sem hér segir:

1) Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2) Þriðjungur tekjuafgangs skal ávallt leggjast í varasjóð.
3) Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum, sem hér segir: Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.
4) Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

VI. KAFLI
UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

34. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅔ atkvæða og sé breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða hið minnsta. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hlut-

hafar, en lagabreytingin er samþykkt með ⅔ atkvæða hið minnsta, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri fundi. Séu á þeim fundi ⅔ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VII. KAFLI
UM FÉLAGSSLIT

35. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögu þar að lútandi sem lagabreytingar. Fundur sá, sem samþykkir á löglegan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. 39. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög.

Framanrituð samþykkt, sem gerð var fyrir Alþýðubankann h.f. á stofnfundi bankans 12. desember 1970 staðfestist hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

29. janúar 1971. Nr. 31.

REGLUGERÐ

fyrir Alþýðubankann h.f.

I. KAFLI
STOFNUN BANKANS OG SKIPULAG

1. gr.

Alþýðubankinn hf. er stofnaður fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu samkvæmt heimild í lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann hf. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og kemur í hvívetna í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins samþykkt eignayfirfærsluna á fundi sínum hinn 12. nóvember 1970. Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans ákveðið 40 milljónir króna.

2. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað 5 aðalmönnum og 5 varamönnum. Bankaráð ræður bankastjóra einn eða fleiri.

II. KAFLI
STÖRF BANKANS

3. gr.

Alþýðubankinn hf. hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. grein laga nr. 11 frá 29. marz 1961. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðs-

kjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, banka-vaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

A. Um ávöxtun fjár.

4. gr.

Alþýðubankinn tekur fé til ávöxtunar sem hér segir:

a) í innlánsbók,
b) í ávísanareikning,
c) í hlaupareikning,
d) gegn viðtökuskírteini.

5. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal semja um það við bankastjóra hans. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni.

6. gr.

Viðskiptamaður fær lausakvittun fyrir innborgun á hlaupareikning tvíritaða, ef óskað er.

7. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði skrifa út tékkávísun á bankann á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Gerð eyðublaða ákveður bankaráð, að fengnum tillögum bankastjóra. Tékkinn skal undirritaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókurista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísa á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsuð ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem á féð nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans.

Viðskiptamenn geta fengið fé, er þeir eiga á hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegum fyrirmælum, eða eftir símskeyti, enda sé þá undirskrift rétts hlutaðeiganda undir símskeytið staðfest á venjulegan hátt, eða á annan hátt þannig frágengið, að útborgunin sé hættulaus fyrir bankann.

8. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé, en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við bankastjóra.

9. gr.

Í tékkávísun, sem gefin er út á innstæðu í hlaupareikningi, verður fjárhæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísanafjárhæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú fjárhæð, sem með bókstöfum er skráð.

10. gr.

Bankastjóri ákveður, hvort taka skuli við ákveðnu fé í hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við. Sé um miklar fjárhæðir eða annars óvenjulega ráðstöfun að ræða, skal slíkt borið undir bankaráð til samþykkis eða synjunar.

11. gr.

Innborganir og útborganir af ávísana- og hlaupareikningu skulu færðar þannig, að bankinn geti látið reikningseiganda í té afrit af reikningi hans eins oft og bankastjóri telur fært.

12. gr.

Bankinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst kr. 10.00 í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum fjárhæðum til ávöxtunar, ef bankastjórinn telur það óhagkvæmt fyrir bankann.

13. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst kr. 10.00, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi, eftir að féð var lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum krónum.

Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn minnst einu sinni á ári. Af fjárhæðum, er nema 10 000.00 kr. og þar yfir, er bankinn eigi skyldur til að greiða vexti, þegar fjárhæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

14. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar bankastjóri telur það fært. Heimta má, að fjárhæðum frá 10 000.00 til 30 000.00 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og fjárhæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur til að borga meira en 50 000,00 kr. á hverjum mánuði úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Þeim, sem í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir kostnaðarverð fyrir. Bankastjóri ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrirfram, eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr bankanum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera.

Heimilt er að starfrækja sérstaka deild við bankann, þar sem taka má við innlögum og ávísa á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiptabókina og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Bankinn greiðir út fé af ávísanareikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á sérstök eyðublöð bankans og útgefin af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð til þess. Sá sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild frá eiganda henar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabók hljóðar um, eða eitthvað af því. Um falsaðar ávísanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 7. greinar.

Vexti skal færa í viðskiptabækur, þegar þær í fyrsta skipti eftir að vextir hafa verið lagðir við höfuðstól, eru sýndar í bankanum.

Bankastjóri löggildir viðskiptabækurnar, eða þeir starfsmenn bankans, sem bankaráð gefur umboð til þess.

16. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til bankastjóra eða fulltrúa hans, er annist um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 19. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 11 frá 29. marz 1961.

Kostnaðinn greiðir eigandinn.

17. gr.

Bankastjóra er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal annað hvort rita uppsögnina í innlánsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í Lögbirtingablaðinu, og að minnsta kosti í tveimur öðrum blöðum.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því fé, sem sagt er upp.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn sé tekur út í nitján og hálft ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er birt skal með þriggja mánaða fyrirvara á þann hátt sem segir í 17. gr., skorað á eiganda að vitja fjárins. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild en féð ásamt vöxtum rennur til bankans.

19. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annarra í bankanum nema skylt sé að lögum.

20. gr.

Sé bók útskrifuð, fær viðskiptamaður aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

B. Um útlán.

21. gr.

Útlánastarfsemi Alþýðubankans h.f. og öðrum störfum hans skal haga svo, sem bezt samrýmist því hlutverki hans að efla menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og treysta atvinnuöryggi launafólks á Íslandi.

22. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja víxla, tékka, ávísanir og verðbréf.

23. gr.

Bankinn veitir auk þess, sem um ræðir í 22. gr., lán í því formi og gegn þeim tryggingum, er nú skal greina:

a) reikningslán og útlán úr hlaupareikningi
b) sjálfskuldarábyrgðarlán
c) lán gegn fasteignaveði
d) lán gegn handveði
e) lán gegn ábyrgð ríkis, sýslu-, eða sveitarfélaga.

24. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánssamningur og undirritaður af bankastjóra og lántaka. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur á skuld og innstæðu. Reikningslán skal að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggar, ef sérstök ástæða þykir til.

Veð fyrir lánum eða önnur trygging skal vera fulltryggilegt og lánið veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, eða afborgun af láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Um innborganir og útborganir gilda sömu reglur og um hlaupareikninga.

Útlán úr hlaupareikningum skulu að jafnaði veitt til skamms tíma í senn og tryggð með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveðum, sem fulltryggt getur talizt.

25. gr.

Bankinn veitir lán gegn sjálfskuldarábyrgð, sem bankastjóri álítur fullnægjandi. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð veitast eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Heimilt er bankastjóra að framlengja slík lán, ef það er áhættulaust fyrir bankann. Samanlagður lánstími má þó að jafnaði eigi vera lengri en 10 ár.

26. gr.

Lán gegn fasteignaveði má bankinn veita gegn sérhverjum veðrétti í fasteign, ef bankastjórinn telur fullnægjandi tryggingu fyrir láninu.

Ef líkur eru til, að verðbreyting hafi orðið á fasteign, eða verðmæti fasteignar er torkannað, má láta sérstakt mat fara fram.

Skal það framkvæmt annað hvort af dómkvöddum mönnum, eða mönnum, sem bankastjóri tilnefnir sjálfur. Að öðru leyti skal lánbeiðandi útvega sérhver þau skilríki, sem bankastjóri krefst og málið varða.

Lán gegn fasteignaveði skulu að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en 15 ára.

27. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi, veltryggðum verðbréfum og öðrum þeim munum, sem bankastjóri telur gilda og sér bankanum fært að geyma.

Enn fremur má veita lán gegn tryggingu í vátryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent eða framselt.

28. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu-, eða sveitarfélaga, og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði og gögn eru fyrir hendi:

a) leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda til lántökunnar
b) fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánsbeiðninni
c) vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir aðilar
d) endurrit úr fundarbók lánbeiðanda, er sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé endurrit staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi
e) ábyrgðaryfirlýsing hreppsnefndar, sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

29. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa né selja nema í umboði annarra.

C. Ábyrgðir.

30. gr.

Bankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

D. Innheimtur.

31. gr.

Bankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda kröfuhafa.

Hann annast að öðru leyti hvers konar bankastörf.

III. KAFLI
REIKNINGUR OG ENDURSKOÐUN

32. gr.

Ársreikningi bankans, sem miðast við almanaksárið, skal lokið fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Reikningsyfirlit skal birt í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði. Reikningurinn skal vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

33. gr.

Aðalfundur í hlutafélaginu kýs með hlutfallskosningu tvo bókhaldsfróða endurskoðendur til eins árs í senn, en viðskiptaráðherra tilnefnir hinn þriðja, einnig til eins árs í senn, að loknum aðalfundi. Skulu þeir rannsaka reikninga bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans, og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankastjóra og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

34. gr.

Endurskoðendur skulu minnsta kosti ársfjórðungslega fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem fé hafa undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlum.

Enn fremur skal sams konar rannsókn fara fram á útibúum bankans og umboðsskrifstofum, fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

35. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggt sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

36. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda bankans, og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði.

37. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi bankans. Rétt er, að bankaráð setji endurskoðendum erindisbréf.

IV. KAFLI
STJÓRN BANKANS

38. gr.

Stjórn bankans annast bankaráð og bankastjóri, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f. og reglugerð þessari og hluthafafundir ráða til lykta málefnum félagsins eftir því, sem segir í samþykktum þess.

Alþýðubankinn á stjórnarfarslega undir viðskiptaráðuneytið.

39. gr.

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði. Aukafund skal halda, þegar formaður eða meirihluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 5 bankaráðsmenn, aðalmenn eða varamenn þeirra, að sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það, sem gerist á fundum bankaráðsins, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Bankastjóra er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðsins og taka þátt í umræðum nema rætt sé um mál, er snerta hann sjálfan persónulega.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verðbréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans, en hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt honum.

40. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Alþýðubankans h.f., nema þar, sem öðruvísi er ákveðið í lögum, reglugerð eða samþykktum.

Því ber þess vegna:

a) Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, og að úrskurða um öll mál, er bankann varða, heyri þau ekki undir úrskurð aðalfundar.
b) Að hafa umsjón og eftirlit með eigum bankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum sé vel við haldið og vel sé farið með alla innanstokksmuni og vélar og eignir bankans yfirleitt.
c) Að ákveða verkaskiptingu milli bankastjóra bankans, ef því er að skipta, og setja þeim erindisbréf.
d) Að ráða stjórnendur útibúa bankans og umboðsskrifstofa og veita þeim lausn, að fengnum tillögum bankastjóra.
e) Að ráða aðalbókara og gjaldkera bankans og veita þeim lausn, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalgjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
f) Að ákveða tölu starfsmanna bankans og setja reglur um laun þeirra.
g) Að ákveða með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú og umboðsskrifstofur.

h) Að ákveða ásamt bankastjóra forvexti, innlánsvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, sem bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
i) Að taka ákvörðun um eftirgjöf á skuldum, ef slíkt reynist óhjákvæmilegt.
j) Að setja reglur að fengnum tillögum bankastjóra um, hverjir starfsmenn bankans skulu ásamt honum geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum.
k) Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru lögð til hluthafafundar eða bankastjóra og þeim málum, sem hluthafafundir eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

41. gr.

Bankastjóri Alþýðubankans h.f. hefur með höndum hina daglegu stjórn málefna bankans. Hann ræður starfsmenn bankans aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hann segir þeim fyrir hverjum um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla og störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

42. gr.

Bankastjóri ráðstafar fé bankans í samræmi við fyrirmæli bankaráðs og stendur fyrir rekstri hans, annast vörzlu á eignum bankans og sér um bókfærslu hans og reikningshald. Honum ber að sjá um að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerð og samþykktum bankans.

43. gr.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans né segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

44. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð bankastjóra til slíkra undirskrifta.

Aðalgjaldkeri ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störfin, ef eigi er séð fyrir því, að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum hans.

45. gr.

Ekki má bankastjóri Alþýðubankans h.f. hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

46. gr.

Starfsmenn mega ekki án leyfis bankastjóra taka sér annað launað starf eða reka atvinnu.

47. gr.

Ekki má bankastjóri vera skuldskeyttur bankanum, hvorki skuldunautur né ábyrgðarmaður annarra.

48. gr.
Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

49. gr.
Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

50. gr.
Bankaráðsmenn, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

51. gr.
Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

52. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f. og stofnfundur í bankanum hefur hinn 12. desember 1970 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Alþýðubankann h.f.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

10. febrúar 1971. Nr. 32.

REGLUR

um málflytjendastörf manna í opinberu starfi.

Samkvæmt fyrirmælum 23. greinar laga nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur, og að fengnum tillögum félags hæstaréttar- og héraðsdómslögmanna eru hér með settar eftirfarandi reglur.

1. gr.
Lögfræðingum, sem starfa við embætti dómara, lögreglustjóra, tollstjóra, ríkisskattstjóra, saksóknara ríkisins, eða í stjórnarráði, er óheimilt að stunda málflytjendastarf meðan þeir gegna slíkum störfum. Þetta á þó ekki við um málflytjendur, sem gegna fyrrnefndum störfum um afmarkaðan stuttan tíma eða eru falin dómarastörf í einstöku máli.

Ákveða má að eins og að ofan greinir skuli fara um málflytjendur, sem gegna öðrum störfum, en að ofan greinir í þjónustu ríkisins, í þjónustu sveitarfélaga eða í þjónustu ríkisbanka.

Ákvörðun um þetta skal þó eigi gerð fyrr en fengin hefur verið umsögn eða tilmæli hlutaðeigandi stofnana og skal gæta samræmis milli hliðstæðra starfa og stofnana.

Endurprentað blað.

Sömu reglur og greinir í 1. málsgr. þessarar greinar skulu gilda, eftir því, sem við á, um aðra starfsmenn en lögfræðinga, er starfa í þjónustu embætta, sem þar eru talin, að því er varðar heimild til að stunda málflytjendastarf samkvæmt 19. gr. laga nr. 61 1942 um málflytjendur.

2. gr.

Ekki skal ákvörðun um að telja almenn málflytjendastörf ósamrýmanleg opinberu starfi samkvæmt 1. gr. vera því til hindrunar, að lögfræðingar er starfa við þær stofnanir, sem þar eru taldar, annist málflutningsstörf fyrir stofnunina sjálfa.

3. gr.

Þeim lögfræðingum, sem gegna störfum, sem talin eru í 1. mgr. 1. gr. hér að framan, og jafnframt hafa opna sérstaka auglýsta málflutningsskrifstofu, skal eigi heimilt að stunda málflutningsstörf lengur en til 1. janúar 1972, enda gegni þeir þá enn umræddu opinberu starfi. Þeim öðrum, sem gegna slíkum störfum og hafa leyfi til málflutnings, skal eigi heimilt að stunda málflutningsstörf jafnhliða slíkum störfum lengur en til 1. júlí 1971. Frestir þeir, sem veittir eru samkvæmt þessari málsgrein ná þó ekki til starfsmanna dómstóla að því er varðar málflutning við eigið embætti, sem er óheimill með öllu.

Þegar ákveðið verður samkvæmt 2. málsgr. 1. gr. að eigi skuli heimilt að stunda málflutningsstörf jafnhliða störfum, sem þar eru talin, skal setja þeim, sem slík ákvörðun nær til, frest til að láta af málflutningsstörfum í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar.

Þeim, sem hér eftir taka við störfum, sem talin eru í 1. málsgr. 1. gr. hér að framan eða störfum, sem ákvörðun hefur verið tekin um að skuli hlíta sömu reglum, samkvæmt 2. málsgr. 1. gr., skal eigi heimilt að stunda málflutningsstörf eftir að þeir hafa tekið við umræddum störfum.

Lögfræðingar, sem fengið hafa eða fá hér eftir leyfi til málflutnings, samkvæmt lögum nr. 61 1942, en gegna eða taka við opinberu starfi, sem samkvæmt reglum þessum mezt ósamrýmanlegt málflytjendastarfi, skulu afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, meðan svo er ástatt.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft þeim, sem samkvæmt 1. gr. er óheimilt að stunda málflutningsstörf, að taka að sér málflytjendastörf í ákveðnu máli, ef sérstök ástæða þykir til og samþykki yfirmanns hlutaðeigandi stofnunar liggur fyrir hverju sinni.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um lögmannsréttindi samkvæmt þessum reglum.

Þetta er hér með öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið, til leiðbeiningar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	5
2.	7
3.	14
4.	14
5.	21
6.	34
7.	49
8.	70
9.	95
10.	113

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi „2400 krónur“ í stað „1700 krónur“.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 7 (2. áhættuflokkur).

Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 70 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 70 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 1050.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 95.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 113.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri kr. 113.00. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 11.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:
Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 280
— rafstöðvar	— 140
— súgþurrkunartækis	— 140
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 140
— bifhjóls	— 460
— reiðhjóls með hjálparvél	— 460

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1971, og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 34. 15. febrúar 1971.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Öxuls, en það nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 27, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Öxuls, sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu, ef fyrir hendi eru.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ.e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Öxull viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 27, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, sbr. 6. gr., 3. mgr., og 10. gr. laganna, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. febrúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

17. febrúar 1971. Nr. 35.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 20. marz 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað 1. málsliðs 2. málsgreinar niðurlagsákvæðis reglugerðarinnar komi svo hljóðandi ákvæði: „Fiskmati ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum I. II. og III. kafla reglugerðarinnar, þegar sérstaklega stendur á og gera þarf stórfelldar framkvæmdir til að fullnægja ákvæðum kaflanna. Undanþágur skulu ávallt tímabundnar."

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

22. febrúar 1971. Nr. 36.

REGLUR

um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

1. gr.

Lögreglustjórar (bæjarfógetar og sýslumenn) greiða prófnefndarmönnum í löggiltum iðngreinum í umdæmi sínu þóknun fyrir störf þeirra. Skal formaður viðkomandi prófnefndar framvísa reikningi, árituðum af öllum prófnefndarmönnum, ásamt frumriti prófbókar. Á reikningi skal koma greinilega fram: Fjöldi próftaka, stundafjöldi, sem reiknaður er, og tímakaup það, sem prófnefndarmenn reikna sér í prófinu, sbr. 4. gr.

2. gr.

Þóknun prófnefnda skal fara eftir fjölda próftaka hverju sinni og reiknast stundafjöldi eftir töflu þeirri, sem hér fer á eftir, miðað við fjölda próftaka í hverju prófi um sig. Sveinspróf skulu aðeins fara fram tvisvar á ári, vor og haust, og skal telja saman alla próftaka í hvoru prófi um sig, enda telst hvort þeirra eitt próf, þó próftakar séu margir og prófið fari fram á fleiri en einum stað.

Fjöldi próftaka:	Reiknaðar stundir:
1	20
2	30
3	45
4	60
5	75
6	80
7	85
8	90
9	95
10	100
11	110
12	120
13	130
14	140
15	150
16	160
17	170
18	180
19	190
20	200
21	205
22	210
23	215
24	220
25	225
26	230
27	235
28	240
29	245
30	250

Fyrir hvern próftaka umfram 30 skal reikna 5 stundir.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður tímakaup prófnefndarmanna, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Þóknun prófnenda miðast við, að prófnefndarmenn undirbúi og dæmi sveinspróf en hafi eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað, ef þörf gerist, sbr. 31. gr. reglugerðar um iðnfræðslu.

Í þeim tilvikum, að ekki sé um sérstakan eftirlitsmann að ræða til yfirsetu á prófstað, skulu prófnefndarmenn skiptast á um að fylgjast með framkvæmd prófsins.

4. gr.

Við skiptingu þóknunar milli prófnefndarmanna skal fylgja eftirfarandi reglu: Þóknun prófnefndar skal deilt í 4 hluta og fær hver prófnefndarmaður einn hlut. Fjórða hlutnum skal skipt þannig, að formaður prófnefndar fær ½ hlutinn, en hvor hinna prófnefndarmannanna ¼ úr hlut.

5. gr.

Annan kostnað við sveinspróf en þóknun prófnefndar greiðir meistari próftaka, sbr. 31. og 47. gr. reglugerðar um iðnfræðslu.

6. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lögreglustjórum (bæjarfógetum og sýslumönnum) útlagðan kostnað vegna prófnefnda, og skal iðnfræðsluráð í umboði ráðuneytisins úrskurða réttmæti reikninga, áður en endurgreiðsla fer fram.

7. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar nr. 143/1967, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 160/1967, um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

23. febrúar 1971. Nr. 37.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 106 25. apríl 1969 um viðvörunarmerki almannavarna.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

a) Merki um áríðandi tilkynningu í útvarpi: Langt hljóð með tveim stuttum á eftir a. m. k. þrítekið.
b) Merki um yfirvofandi hættu: Stutt hljóð í sífellu í minnst 1 mín.
c) Merki um að hætta sé liðin hjá: Langt hljóð, einstakt, í minnst ½ mín.

Langt hljóð standi í 6.5 sek. og stutt hljóð í 1.5 sek., nema annað sé tiltekið. Bil milli hljóða í merki sé 2 sek. og milli merkjanna sjálfra minnst 6.5 sek.

Þegar gefin eru hljóðmerki um áríðandi tilkynningu eða yfirvofandi hættu er öll óþarfa notkun síma bönnuð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 94 29. desember 1962 um almannavarnir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

2. marz 1971. Nr. 38.

REGLUGERÐ

um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings.

1. gr.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun grásleppuhrogna til útflutnings skal vera í samræmi við ákvæði III og IV kafla í „Reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.“, útg. 20. marz 1970.

2. gr.

Séu notuð rotvarnarnefni til blöndunar við söltun hrognanna, er notkun þeirra háð samþykki gerladeildar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

3. gr.

Hrognin skal aðeins salta í nýjar, hreinar og þéttar trétunnur eða tunnur úr öðru efni, er kynni að verða æskilegt og viðurkennt.

Eftir söltun skal geyma hrognin á köldum stað (+ 2°—÷ 4° C), en þau mega ekki frjósa.

4. gr.

Hrognatunnur skulu a. m. k. merktar eftirtöldum merkjum: Merki framleiðanda, útflytjanda og Produce of Iceland.

5. gr.

Útflytjendur skulu tilkynna til Fiskmats ríkisins útflutning á hrognum með hæfilegum fyrirvara, sem er að dómi Fiskmats ríkisins nægur til þess að framkvæma gæðamat á hrognum til útflutnings.

Jafnframt ber þá útflytjendum að tilkynna um nettóvigt hrognanna samkvæmt sölusamningi.

6. gr.

Fiskmat ríkisins gefur fiskmatsmönnum skriflegar leiðbeiningar og fyrirmæli um framkvæmd gæðamatsins. Komi fram skemmdir við gæðamat hrognanna ber að stöðva útflutning á þeim þar til nánari rannsókn hefur farið fram, en þá skal viðkomandi yfirfiskmatsmaður taka eða láta taka sýni af þeim hrognum og senda gerladeild Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til rannsóknar.

7. gr.

Við gæðamat á hrognum til útflutnings skulu fiskmatsmenn láta opna hverja tunnu á þann hátt, að þeir geti fullvissað sig um, að hrognin séu óskemmd vara t. d. ekki vottur af súr, þránun eða öðrum skemmdum og litur sé eðlilegur.

Þá ber einnig að prófa vigt.

8. gr.

Eiga má tollafgreiða til útflutnings grásleppuhrogn nema útflytjandi leggi fram gæðavottorð frá Fiskmati ríkisins.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, sem renna í ríkissjóð. Um mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði 1. gr. skulu þó ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1972.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 30—38. Útgáfudagur 15. marz 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1971

26. febrúar 1971. 97 Nr. 39.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara Páfaríkis.

Ákveðið hefur verið, að borgarar Páfaríkis, sem ferðast til Íslands, og eru handhafar vegabréfa, sem gefin eru út af Páfaríkinu, skuli undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar nr. 148 3. september 1965 um eftirlit með útlendingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

26. febrúar 1971. Nr. 40.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana fyrir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna.

Ákveðið hefur verið, að starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinar, er ferðast til Íslands og eru handhafar ferðabréfa (laissez-passer) Sameinuðu þjóðanna, skuli undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í ferðabréf sín, þegar þeir eru á ferðalögum í þágu framangreindra stofnana, enda framvísi þeir jafnframt ferðabréfi, yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá, um það, að þeir séu að reka erindi Sameinuðu þjóðanna eða viðkomandi stofnunar.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar nr. 148 3. september 1965 um eftirlit með útlendingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

B 13

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafíu Jóhannsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. febrúar 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafíu Jóhannsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, í samræmi við síðustu munnlegar óskir Ólafíu Jóhannsdóttur til vina hennar, að stuðla að því, að reist verði díakonissustofnun á Íslandi. Með díakonissustofnun á Íslandi er átt við sams konar stofnanir og þær, sem vinna að hinni kirkjulegu þjónustu (diakonia) kvenna almennt í evangelisk-lútherskum kirkjum, og díakonissa er kona, sem hlotið hefur menntun og vígslu til að leysa þess konar þjónustu af hendi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er tíu þúsund krónur og má ekki skerða þann höfuðstól. Enn fremur skulu við höfuðstólinn leggjast gjafir, sem gefnar eru með þeim skilyrðum, að þeim skuli til þess varið, og gildir um þær hið sama ákvæði og um hinn upphaflega höfuðstól. Skal höfuðstóllinn ávaxtaður í ríkistryggðum bönkum eða sparisjóðum, eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Vextir af peningum og arður af eignum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstól hans þangað til hann er orðinn kr. 75 000.00. Frá þeim degi má ráðstafa vöxtum hans og öðrum almennum tekjum samkvæmt skipulagsskrá þessari. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn við höfuðstól, sbr. 3. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki úr sjóðnum til hverra þeirra aðgerða, er miða að undirbúningi díakonissustofnunar á Íslandi, svo sem að styrkja til náms þær stúlkur, sem gerast vilja díakonissur eða starfa sem díakonissur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þrem mönnum tilnefndum til fimm ára í senn. Tilnefnir landlæknir einn, biskupinn yfir Íslandi einn og stjórn kristilegs félags hjúkrunarkvenna einn.

6. gr.

Endurskoða skal reikninga sjóðsins árlega af löggiltum endurskoðanda. Kristilegt félag hjúkrunarkvenna skal varðveita bækur sjóðsins.

Sjóður þessi er stofnaður af Ólafíu Jónsdóttur, hjúkrunarkonu. Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Akureyrar.

1. gr.

Heilsuverndarstöðin er staðsett á Akureyri og starfssvæði hennar er Akureyrarbær. Starfssvæðið má stækka, ef um það semst milli stjórnar stöðvarinnar og sveitarfélaga utan Akureyrar.

Heilsuverndarstöðin má veita þjónustu öðrum en þeim, sem búsettir eru á starfssvæði stöðvarinnar, og fer um þá þjónustu samkvæmt reglum, sem stjórn stöðvarinnar setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Akureyrar er fyrst um sinn heilsuvernd í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd. (Eftirlit með barnshafandi konum).
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit. (Heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Berklavarnir.
5. Kynsjúkdómavarnir.
6. Almennar sjúkdómavarnir.

Enn fremur bæjarhjúkrun og heilsuvernd í öðrum greinum, sem upp eru taldar í 2. gr. laga um heilsuvernd nr. 44 1955.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Akureyrar skipa þrír menn. Ráðherra skipar einn mann, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Bæjarstjórn Akureyrar skipar einn mann og Sjúkrasamlag Akureyrar skipar einn mann.

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði Bæjarstjórnar Akureyrar. Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar skipuleggur alla starfsemi stöðvarinnar og ákveður um framkvæmdir og störf samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar.

Stjórnin ræður starfslið að stöðinni eftir því, sem þörf krefur og má ráða hjúkrunarkonu eða ljósmóður að stöðinni til þess að sjá um daglegan rekstur undir umsjón lækna stöðvarinnar og stjórnar hennar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa sérstakan fjárhag og reikningshald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44 1955.

Verði starfssvæði Heilsuverndarstöðvarinnar stækkað, fer um þátttöku sveitarstjórn (sveitarsjóða) og sjúkrasamlaga, sem aðild fá að Heilsuverndarstöðinni, í reksturskostnaði hennar eftir samningum við sveitarstjórnir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 44, 1955 um heilsuvernd, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu að undanteknum byggingum á bújörðum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 44. 5. marz 1971.

AUGLÝSING

um breyting á byggingasamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, sbr. auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum nr. 158 29. september 1967.

1. gr.

Grein 1. 2. 1. orðist svo:

„Bygginganefnd skipa 5 menn kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum, og 5 varamenn þeirra.

Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar eða einhver í hans umboði. Byggingafulltrúi, slökkviliðsstjóri og bæjarverkfræðingur eiga sæti á fundum bygginganefndar og hafa þeir tillögurétt, svo og aðrir sérfræðingar, sem sveitarstjórn ákveður."

Framangreind samþykktarbreyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um skipulag í Skeiðahreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Skeiðahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. marz 1971. Nr. 46.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 214 25. október 1966 um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

3. gr. 2. b. reglugerðarinnar breytist þannig að í stað orðanna: „Til 31. desember 1968", komi orðin: „Til 31. desember 1972".

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þórður Ásgeirsson.

18. marz 1971. Nr. 47.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd.

1. gr.

Þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sem hér segir:

A. Fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 1.10
6.0— 6.99 —	— 1.35
7.0— 7.99 —	— 1.45
8.0— 8.99 —	— 1.65
9.0— 9.99 —	— 1.85
10.0—10.99 —	— 2 00
11.0—11.99 —	— 2.15

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 1.60
6.0— 6.99 —	— 1.90
7.0— 7.99 —	— 2.10
8.0— 8.99 —	— 2.35
9.0— 9.99 —	— 2.65
10.0—10.99 —	— 2.85
11.0—11.99 —	— 3.10

2. gr.

Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið, skv. 1. gr., fyrir 30 000 km akstur á einu ári, skal endurgreiða 15% af kílómetragjaldi, sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km, en 25% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Endurgreiðsla þessi kemur til frádráttar ársfjórðungsgjaldi, er akstur hefur náð 30 000 km.

3. gr.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar, varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 74/1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, sbr. einnig reglugerð nr. 94/1970, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

4. gr.

Gjaldskrá þessi kemur til framkvæmda við uppgjör þungaskatts fyrir þær bifreiðar, sem hún tekur til, við álestur ökumæla í lok fyrsta ársfjórðungs 1971, að því er varðar akstur eftir síðasta álestur mælis, fram að álestri í lok fyrsta ársfjórðungs 1971.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt vegalögum nr. 23 30. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. desember 1970, um breytingu á vegalögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Gjaldskrá um þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, nr. 100 11. júní 1970, er úr gildi felld, frá og með 1. janúar 1971 að telja.

Samgönguráðuneytið, 18. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim nr. 289 22. desember 1970.

1. gr.

Eftirfarandi setning í 14. gr. b-lið falli burt:
Efni notuð í rannsóknarskyni skal auðkenna með rauðum merkimiða.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja. Heimili þess og varnarþing er í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hvorri jörð Múlakoti 1 og Múlakoti 2 og Skógrækt ríkisins í Múlakoti 1 í Fljótshlíðarhreppi.

Félagsskylda er samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiðast fyrir hvert býli á félagssvæðinu, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

5. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarnefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

6. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert. Boða skal til hans með 6 daga fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef ⅔ félagsmanna mæta.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn.

8. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðanda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og les ritari fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og vatnslögn í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Halligrímur Dalberg.

Nr. 50. 24. marz 1971.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að bæirnir Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er nú tilheyra Undirfellssókn, falli undir Þingeyrarsókn í Húnavatnsprófastsdæmi.

Eftir ósk meirihluta safnaðarfunda í báðum hlutaðeigandi sóknum og ályktun héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 3. desember s. l., og með skírskotun til 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, leyfi til þess, að eftirtaldir 5 bæir, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er hingað til hafa tilheyrt Undirfellssókn í Húnavatnsprófastsdæmi, tilheyri framvegis Þingeyrarsókn í sama prófastsdæmi.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins.

Sjávarmegin ráða mörkum tvær eftirfarandi línur úr landi að skurðarmörkum þeirra:

Lína úr Markarkletti við Hraunsnes í Gróttuvita og lína úr Balaklöpp til skurðar við áðurnefnda línu 5000 m frá meðalstórstraumsfjöruborði á Hraunsnesi.

Hafnargarðar skipta höfninni í Hafnarfirði í ytri og innri höfn, en í Straumsvík eru mörkin milli ytri og innri hafnar lína, sem hugsast dregin frá yzta enda norður brúnar hafnarbakkans, í sömu stefnu og hafnarbakkinn, þvert yfir hafnarmynnið, í fjöruborð vesturstrandar Straumsvíkur.

Hafnarsvæði telst vera, auk hinnar löggiltu hafnar, öll strandlengja lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar og allt landsvæði við Hafnarfjörð, sjávarmegin við eftirfarandi mörk: Herjólfsgata, Vesturgata, Fjarðargata, Strandgata, Fornubúðir, Óseyrarbraut og Hvaleyrarbraut.

Í innri höfninni í Straumsvík telst til hafnarsvæðisins, fjaran á vesturströndinni og að auki allt landsvæði frá miðjum botni Straumsvíkur og Reykjanesbraut á austurströndinni, sjávarmegin við lóð ÍSAL.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með hafnarmannvirkjum og hafnarsvæðinu öllu.

Hafnarstjórn er auk bæjarstjóra skipuð fjórum mönnum, sem bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu í einu lagi.

Tveir þeirra manna, er bæjarstjórn kýs, mega vera utan bæjarstjórnarinnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fer kjör hennar fram á sama tíma og nefnda bæjarstjórnar.

Á fundum hafnarstjórnar mætir hafnarstjóri og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt. Hafnarstjórn kýs sér einnig ritara úr sínum hópi.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hún sér um, að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landsvæði hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á hafnarsvæðinu, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landsvæði við innri hafnirnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum á innri höfninni eða á landsvæði hafnarinnar.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, grút, olíusora eða annað, sem mengun veldur.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966.

9. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki smíða ný skip, né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar eða Straumsvíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst 3. klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ½ sjómílu út fyrir yztu mörk hafnarinnar (Valhúsabauju), ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við landfestar eða við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því út fyrir yztu mörk hafnarinnar, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í innri höfn án leiðsögumanns, skulu binda landfestar, þar sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip í innri höfn án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til að láta flytja skipið, leggja því við legufæri, eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

14. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips í innri höfn, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

15. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið innan hæfilegs tíma. Ef ástæða þykir til, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

16. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlaus í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

Skal hann sjá um, að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

17. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

19. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkj-

um. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

20. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal sá, er séð hefur um lestun eða losun láta strax ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

25. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo og að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjórn heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og flutningapramma.

26. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en á 14 daga fresti farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Hafnarfirði, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings.

27. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfn, fyrr en hafnarstjóri hefur veitt leyfi til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code, flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geómít, hlaðnar patrónur, benzín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalcíumkarbit, ammoníum nítrat, natriumklorat.

28. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 27. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagzt að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið unz nauðsynlegar varúðaráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum reglugerðar um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjörð.

29. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 27. gr. skulu á daginn hafa rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

31. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún (samkv. mælibréfi) mest verður meðan skipið er í höfn. Erlend skip samkv. „International Gross Tonnage" mælingu.

1. Lestagjald.

32. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Skip telst við ákvörðun lestagjalds koma til hafnar sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum eða tollgæzlunni.

33. gr.

a) Fiskiskip, sem leggja upp afla til vinnslu í Hafnarfirði og minni eru en 100 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 25.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem ekki greiða bryggjugjald.

b) Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, íslenzk vitaskip, skip sem hafa skírteini, sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c) þessarar greinar, skulu greiða kr. 1.10 fyrir hverja brúttórúmlest. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða lestagjald þetta oftar en tvisvar sinnum í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálft lestagjald.

c) Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Bryggjugjald.

34. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, kr. 0.50 af hverri rúmlest, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.

Skip er um getur í 33. gr. staflið a), greiða ekki bryggjugjald. Önnur fiskiskip skráð í Hafnarfirði greiða hálft bryggjugjald.

Heimilt er að hækka bryggjugjald um 50% eftir 20 daga samfelldan legutíma skips.

Herskip og varðskip, íslenzk vitaskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. Fjörugjald.

35. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 2.00 af hverri brúttórúmlest skipsins, en þó aldrei minna en kr. 150.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtugjaldi þessu fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

4. Vatnsgjald.

36. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

5. Hafnsögugjald.

37. gr.

Öll skip, sem eru 30 brúttórúmlestir eða stærri, skulu hvort sem þau nota hafnsögumenn eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, sem þau koma til hafnarinnar.

Herskip, varðskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

38. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni eða er skylt að nota hafnsögumann samkv. 13. gr., þó það hafi fengið undanþágu til þess að koma og fara til hafnar án hafnsögumanns, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt gjald fyrir leiðsögu skipa um innri höfnina og milli innri hafna í Hafnarfirði og Straumsvík.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar að bólvirki eða lægi, kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest.

Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald og enn fremur fyrir leiðsögn milli innri hafna í Hafnarfirði og Straumsvík.

b) Fyrir leiðsögn um innri höfn skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a).

c) Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 37. gr., greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

6. Vörugjald.

40. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Hafnarfjarðar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald.

43. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi.

a) Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Hafnarfirði.

b) Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.

c) Umbúðir, sem endursendar eru.

d) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem flutt er úr landi í íslenzk fiskiskip til eigin afnota.

e) Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast.

Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundum, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem ber hæst vörugjald.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða pökkunaraðferðir réttlæta slíkt.

45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 10.00.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

46. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.60 fyrir hver 100 kg.
   a) Kol, koks, salt, ís, sement, brotajárn, vikur, alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, áburður, kornvörur alls konar og hey. Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín, losað og lestað milli skipa í ytri höfninni.
   b) Gjald kr. 3.40 hver 100 kg.
   Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín, landað eða lestað í skip á innri höfninni.

2. flokkur. Gjald kr. 3.90 fyrir hver 100 kg.
   Alumíníum, asfalt, carbid, fiskur, fiskbein, fiskimjöl, garnir, girðingavír, gólfdúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kítti, kjöt, kornvörur, leður, efni til málningar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járni eða alumíníum, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler (einfalt venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsolíur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumíníum, vírnet, þakplötur úr asbesti, alumíníum, járni eða kopar, nýir ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, olíur, essensar, kaffi, kalcíum, lýsi, niðursuðuvörur, smjör, smjörlíkisolíur, sykur, te, ull.
   Útfluttar sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarvörur.

3. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg.
   Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmídúkar, harðviður, hreinlætistæki, húsgagnaspónn, leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler (einangrunargler), lofttegundir á stálflöskum, sápur, þvottaefni, málning, smjörlíki, innfluttar unnar iðnaðarvörur,

glervörur, gúmmívörur, leikföng, prjónavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, tilbúin hús og húshlutar.
Allt ótalið annars staðar.

4. flokkur. Gjald kr. 31.00 fyrir hver 100 kg.
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælitæki, raf-og loftknúin verkfæri, sauma- og prjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvéla og þungavinnuvéla, eldspýtur, dúnn, fiður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, bátar, bifhjól, bifreiðar, hjólbarðar, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri.

5. flokkur. Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg.
Fegrunarmeðul, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, myndavélar, sjónaukar, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.

6. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver rúmmetri.
Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvern grip.
Hestar, nautgripir, svín.
Gjald kr. 10.00 fyrir hvern grip.
Sauðfé, geitfé, loðdýr.
Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki.
Tómar tunnur.

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

47. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir notkun á hafnsögubátum hafnarinnar, krönum og öðrum tækjum hennar svo og fyrir móttöku skipa, bindingu og losun, og aðra útselda vinnu, símaafnot og rafmagn skal greiða gjald er hafnarstjóri ákveður.

VIII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

50. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

51. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd. Tafir og tjón sem af þessu hlýzt eru einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri

getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

52. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 47. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóri og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt á vörum, til tryggingar gjaldinu, unz gjaldið er greitt. Skemmdir á varningi eða annað tjón, sem af því hlýzt að haldsréttarákvæði þessu sé beitt er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda vörugjaldsins.

53. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 48. gr. greiðir leigutaki, svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veitta þjónustu, samkv. 49. gr., greiðir aðnjótandi.

54. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu skulu renna í hafnarsjóð.

55. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

IX. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

56. gr.

Meðfram og útfrá strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórninni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarstjórnin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð samgönguráðuneytisins.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því að leyfið var veitt, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

57. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

58. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo víðtæka dagvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarstjórn telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af hafnarstjórninni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarstjórnar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarstjórn svipt hann starfinu og heimilað nýjan umsjónarmann.

59. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarstjórnar, er hún setur á hverjum tíma og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt, sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga á hafnarsvæðinu.

61. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

62. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

63. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

64. gr.

Ekki má vera á fiskveiðum á ytri höfninni, ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskveiðar, nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

65. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

66. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar, eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

67. gr.

Á innri höfn má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

68. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarstjórn ákveður.

69. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar.

70. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 2 3. janúar 1966, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 26. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Norður- og austurtakmörk hafnarinnar er bein lína til austurs frá Stakk út í beina línu til norðurs frá Ytri-Skoru, miðað við réttar áttir.

Tvær vörður skulu settar á hvorn þessara staða, og sýni þær takmörk hafnarinnar.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með hafnamál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjórn hefur með höndum, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, er fer með hafnamál, og fyrir hönd ríkissjóðs, framkvæmd hafnamála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og annast fjárhald og reikningsskil.

3. gr.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra þeim, sem fer með hafnamál.

Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum, undir umsjón hafnarstjórnar. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt.

Hafnarstjóri ræður fasta starfsmenn í samráði við hafnarstjórn svo marga sem þurfa þykir.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landsvæði hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á hafnarsvæðinu, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin ábættu og ábyrgð.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

7. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, grút, olíusora eða annað, sem mengun veldur.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

9. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til hafnarinnar og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Vatnsnesi. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það, án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

10. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

11. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta flytja skipið, leggja því við legufæri utan innri hafnar, eða taka það á land, og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

12. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

13. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, sem nær liggja.

14. gr.

Í hverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.

Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

15. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

16. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

17. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju og hafnarbakka og

skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

18. gr.

Ekki má kræk ja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

19. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

20. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar gerðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

21. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

22. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal sá, er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

23. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en á 14 daga fresti farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er í Keflavík eða Njarðvík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

VI. KAFLI
Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings.

24. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5.

Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomít, hlaðnar patrónur, benzín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalciumkarbít, ammonium nitrat, natriumklorat.

25. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 24. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagzt að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið unz nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Keflavík og í Njarðvíkurhreppi.

26. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

27. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 24. gr. skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI
Um hafnargjöld í Keflavík—Njarðvík.

28. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún (samkv. mælibréfi) mest verður meðan skipið er í höfn.

1. Lestagjald.

29. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Skip telst við ákvörðun lestagjalds koma til hafnar sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum eða tollgæzlunni í Keflavík.

30. gr.

a. Öll skip, sem til hafnarinnar koma greiða lestagjald kr. 1.10 fyrir hverja brúttórúmlest.

Innlend fiskiskip og innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins skulu þó eigi greiða lestagjald oftar en einu sinni í mánuði.

b. Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, greiða ekki lestagjald.

c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipinu, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Bryggjugjald.

31. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins.

Gjaldið skal vera kr. 0.50 af rúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 40.00 um sólarhringinn.

Innlend fiskiskip, sem stærri eru en 100 brúttórúmlestir greiði kr. 80.00 um sólarhringinn. Séu þau hins vegar stærri en 200 brúttórúmlestir skulu þau greiða kr. 120.00 fyrir hvern sólarhring. Innlend fiskiskip, sem stærri eru en 300 brúttórúmlestir og greiða hafnsögugjald, skulu greiða bryggjugjald sem önnur skip.

Fiskiskip undir 30 brúttórúmlestum kr. 20.00 fyrir hvern skólarhring, en önnur fiskiskip undir 100 rúmlestum greiði lágmarksgjald skv. 2. málsgr. þessarar greinar.

Herskip og varðskip, íslenzk vitaskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. Fjörugjald.

32. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða taka skip í slipp til aðgerðar, skal greiða kr. 2.00 af hverri brúttórúmlest skipsins.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir höfnina hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

4. Vatnsgjald.

33. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða gjald, sem hafnarstjórn ákveður.

5. Hafnsögugjald.

34. gr.

Herskip, varðskip og innlend skip minni en 100 brúttórúmlestir eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

35. gr.

Sérstakt gjald skal greitt fyrir leiðsögu skipa milli Keflavíkurhafnar og Njarðvíkurhafnar.

36. gr.

Hafnsögugjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest.
Fyrir leiðsögu frá höfninni greiðist sama gjald.

b. Fyrir leiðsögn milli hafna skv. 35. gr. greiðist hálft gjald.

6. Vörugjald.

37. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

38. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

39. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald.

40. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar og fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk fiskiskip til eigin nota.

Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

41. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem ber hæst vörugjald.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld, ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða pökkunaraðferðir réttlæta slíkt.

42. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10.00 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

43. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.60 fyrir hvert 100 kg:
Kol, koks, kalk, leir, salt, sement, vikur, olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

2. flokkur. Gjald kr. 3.90 fyrir hver 100 kg:
Áburður, alumínium, asfalt, carbít, fiskur, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, girðingavír, gólfdúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kítti, kjöt, kornvörur, leður, efni til málningar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járni eða alumínium, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler (einfalt venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsolíur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumínium, vírnet, þakplötur úr asbesti, alumínium, járni eða kopar, nýir ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, olíur, essensar, kaffi, kalcíum, lýsi, niðursuðuvörur, smjör, smjörlíkisolíur, sykur, te, ull.
Útfluttar sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarvörur.

3. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmídúkur, harðviður, hreinlætistæki, húsgagnaspónn, leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvalagna, vatnslagna og raflagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler, (einangrunargler), lofttegundir á stálflöskum, sápur, þvottaefni, málning, smjörlíki, innfluttar unnar iðnaðarvörur, glervörur, gúmmívörur, leikföng, prjónavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur.
Allt ótalið annars staðar.

4. flokkur. Gjald kr. 31.00 fyrir hver 100 kg:
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælitæki, raf- og loftknúin verkfæri, sauma- og prjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvéla og þungavinnuvéla, eldspýtur, dúnn, fiður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, bátar, bifhjól, bifreiðar, hjólbarðar, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri.

5. flokkur. Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg:
Fegrunarmeðul, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, klukkur, úr, útvarpstæki, sjónvarpstæki, myndavélar, sjónaukar, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.

6. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver rúmmetri:
Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
Gjald kr. 10.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé, geitfé, loðdýr.
Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.

8. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:
Allur afli lagður á land.
Af afla, sem fer beint til mjölvinnslu frá skipshlið greiðist hálft gjald.

7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

44. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

45. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

46. gr.

Fyrir notkun á dráttarbátum, hafnsögubátum, krönum og öðrum tækjum hafnarinnar, svo og fyrir mótttöku skipa, skal greiða gjald sem hafnarstjóri ákveður.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

47. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

48. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

49. gr.

Vörugjald greiðir mótttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

50. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar samkv. 45. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 46. gr., greiðir samningsaðili.

51. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

53. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

Dráttarbátar hafnarinnar eru á sama hátt í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið.

54. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

55. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

56. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

57. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim um aðstoð og afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

59. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvík, nr. 25 14. febrúar 1963, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 26. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 53. 26. marz 1971.

REGLUGERÐ

um innflutning, framræktun og verzlun með sáðvörur.

1. gr.

Jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal annast eftirlit með innflutningi, framræktun og verzlun með sáðvörur.

2. gr.

Jarðræktardeild skal safna upplýsingum um tegundir, afbrigði og stofna þeirra nytjaplantna, sem reyndar hafa verið í tilraunum hér á landi.

3. gr.

Á vegum jarðræktardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal árlega birta skrá yfir þær nytjajurtir, tegundir, afbrigði og stofna, sem mælt er með, að notaðir séu til ræktunar í landinu.

4. gr.

Jarðræktardeild skal semja reglur og leiðbeiningar um innflutning, meðferð og merkingu á fræi, sem boðið er til sölu.

5. gr.

Gera skal áætlun um árlega þörf fyrir sáðvöru og koma innflutningsáætlun á framfæri við viðkomandi verzlunaraðila.

6. gr.

Stuðla skal að útvegun og söfnun innlends og erlends fræs, og annast samninga um framræktun þess, bæði erlendis og innanlands.

7. gr.

Innfluttu fræi skal fylgja hæfnisskírteini samkvæmt alþjóðareglum O.E.C.D., eða öðrum alþjóðareglum um frækaup, sem Ísland kann að gerast aðili að. Jarðræktardeild getur veitt undanþágu frá þessari skyldu.

8. gr.

Jarðræktardeild skal annast eftirlit með fræi, sem ætlað er til sölu eða ræktunar hér á landi. Trúnaðarmenn jarðræktardeildar taka sýnishorn af fræinu, og skal spírunarhæfni og aðrir eiginleikar þess kannaðir. Til hliðsjónar skal hafa alþjóðareglur um fræeftirlit.

9. gr.

Stöðva skal innflutning á fræi, sé talið, að af því stafi sýkingarhætta eða sé um fræ illgresis og eiturplantna að ræða. Skal það gert í samráði við tollgæzlu og heilbrigðisyfirvöld.

10. gr.

Að lokinni rannsókn samkvæmt 8. gr. gefur jarðræktardeild út vottorð um gæði, (eiginleika, söluhæfni), sáðvörunnar. Skylt er að láta eintak af vottorði þessu fylgja hverri sáðvörusendingu (hverjum poka).

11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal greiða gjald, er nemur tveimur hundraðshlutum af kaupverði vörunnar.

Gjald þetta greiðist Rannsóknastofnun landbúnaðarins gegn afhendingu vottorðs samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Innflytjendur fræs, framleiðendur innlends fræs og seljendur þess fræs, sem hefur verið framræktað erlendis, skulu, eftir að uppskeru er lokið að haustinu, tilkynna jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins magn væntanlegs fræinnflutnings eða magn fræframleiðslu sinnar, sundurgreint eftir tegundum og stofnum. Skal það gert í síðasta lagi fyrir 1. desember hvers framleiðsluárs.

13. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til innflutnings og verzlunar með blómafræ og matjurtafræ.

Með auglýsingu má fella innflutning þessara frætegunda undir ákvæði reglugerðarinnar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, lögum nr. 17/1927 og lögum nr. 24 1. febrúar 1936 til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

26. marz 1971. Nr. 54.

AUGLÝSING

um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Samkvæmt heimild í c. og d. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur Fastanefnd

fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak á ákveðnu tímabili. Efni ályktunar þessarar er birt í 3.—6. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Með orðinu „samningur" í auglýsingu þessari er átt við alþjóðasamning um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

Með orðinu „samningsríki" er átt við þau ríki, sem aðilar eru að samningnum.

Með orðinu „fastanefnd" er átt við Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi, sem starfar samkvæmt samningnum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. marz 1971 til 28. febrúar 1972 er bönnuð síldveiði í Norðursjó og Skagerak í maímánuði og frá 20. ágúst til 30. september að báðum dögum meðtöldum.

4. gr.

Nú tilkynna hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis fastanefndinni fyrir 1. júlí 1970, að til þess að komast hjá sérstökum erfiðleikum skuli undanþegnar ákvæðum þessum allt að 1000 smálestir síldar til manneldis eða beitu, og

a) ná þá undanþáguákvæðin til þess magns, sem samningsríkið hefur tiltekið að því er varðar þegna þess.
b) Hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis skulu tilkynna nefndinni fyrir 1. apríl hvers árs um ráðstafanir þær, sem þau hafa gert eða hyggjast gera til að undanþágan, sem gerð er samkvæmt þessari grein, verði ekki misnotuð.
c) Nefndin skal tilkynna öllum samningsríkjum hverja þá undanþágu, sem samningsríkin kunna að gera.

5. gr.

Í ályktun þessari merkja orðin Norðursjór og Skagerak öll hafsvæði, sem samningurinn tekur til og afmarkast að norðan af 62° norðurbreiddar, að vestan af 4° vesturlengdar þar sem hún sker 62° norðurbreiddar og að strönd Skotlands og í Ermarsundi 1° vesturlengdar og að austan af línu, sem dregin er frá Skagen að Pater Noster vita.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að ofan má síld vera 10% af þunga þess afla, sem landað er hverju sinni.

7. gr.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, en samningur þessi hefur öðlazt gildi, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um gíróþjónustu pósts og síma.

1. gr.

Póstþjónustan tekur á móti innborgunum á gíróreikninga, annast yfirfærslur á upphæðum frá einum gíróreikningi til annars og sér um útborganir af gíróreikningum.

2. gr.

Gíróreikning geta opnað einstaklingar, stjórnvöld, fyrirtæki, félagasamtök o. fl. Gíróreikningarnir eru færðir á póstgíróstofunni í Reykjavík.

Upphæð sú, sem má standa inni á gíróreikningi er ekki takmörkuð, en vaxtagreiðsla af innstæðu er háð ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Reikningshafi getur hvenær sem er sagt upp gíróreikningi sínum.

Póstgíróstofan getur lokað reikningi ef um misnotkun er að ræða, eða ef nauðsyn krefur af öðrum ástæðum.

3. gr.

Póstgíróstofan sendir að jafnaði reikningsyfirlit til reikningshafa jafnóðum og færslur eiga sér stað á reikningi hans.

4. gr.

Reikningshafi og aðrir, sem hafa umboð til þess að gefa út færslu- og útborgunarseðla (gíróseðla) á viðkomandi reikning, verða að láta póstgíróstofunni í té sýnishorn af undirskrift sinni á sérstöku umsóknareyðublaði.

Hver sá, sem hefur rétt til slíkrar útgáfu samkvæmt umsóknareyðublaði getur ráðstafað upphæðum á reikningnum.

Ef umráðaréttur yfir reikningi breytist, ber reikningshafa að tilkynna póstgíróstofunni það skriflega þegar í stað.

5. gr.

Leggja má inn á reikning á eftirfarandi hátt:

a. Með innborgunarseðlum (gíróseðlum), sem stílaðir eru á reikninginn.
b. Með póstávísunum og útborgunarseðlum (gíróseðlum) á reikningshafa, sem hann sendir til innfærslu beint til póstgíróstofunnar.
c. Með færslu upphæðar frá öðrum reikningi samkvæmt færsluseðli (gíróseðli).
d. Reikningshafi getur sent innborgunarseðil beint til póstgíróstofunnar til færslu á eigin reikning, enda fylgi ávísun (strikuð), er hljóði á sömu upphæð.

Reikningshafi getur ekki fyrirfram útilokað upphæðir frá að vera færðar á reikning sinn og ekki heldur neitað upphæðum, sem þegar er búið að færa á hann.

Sendandi innborgunarseðils (gíróseðils) getur afturkallað hann, meðan upphæðin hefur ekki verið færð til tekna á reikning viðtakanda.

6. gr.

Reikningshafi getur ráðstafað innstæðu á reikningi sínum með því að nota færsluseðil eða útborgunarseðil (gíróseðil).

Útborgun af gíróreikningi fer fram með útborgunarseðli (gíróseðli). Póst- og símamálastjórnin ákveður hámarksupphæð útborgunarseðla og eru þeir óframseljanlegir.

Reikningshafi getur afturkallað útborgunarseðil meðan upphæðin hefur ekki verið færð til gjalda á reikningi hans.

7. gr.

Yfirfærsla á upphæð frá einum gíróreikningi til annars (færsla) fer fram með færsluseðli (gíróseðli), sem má hljóða á ótakmarkaða upphæð.

Færsluseðlar (gíróseðlar) eru eingöngu teknir til meðferðar á póstgíróstofunni, sem færir upphæðina frá reikningi sendanda til reiknings viðtakanda, svo fljótt sem því verður við komið eftir móttöku færsluseðlanna.

Reikningshafi getur afturkallað færsluseðil (gíróseðil) meðan færsla hefur ekki farið fram.

8. gr.

Í gíróþjónustunni má aðeins nota þau eyðublöð, sem póst- og símamálastjórnin gefur út vegna hennar og eyðublöð, sem hún hefur samþykkt.

Eyðublöð verður að fylla út með bleki, ritvél eða prenti, eins og texti þeirra segir til um.

Póstgíróstofan lætur útbúa sérstakt umslag (gíróumslag), sem reikningshafar geta notað, er þeir senda færsluseðla, útborgunarseðla o. þ. h. til póstgíróstofunnar.

9. gr.

Í gíróþjónustunni gilda þau burðargjöld og hliðstæð gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá hverju sinni.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin tekur ábyrgð á upphæðum, sem greiddar eru inn með innborgunarseðlum og ábyrgist, að á póstgíróstofunni sé farið með færslu og útborgunarseðla samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um ábyrgð póstþjónustunnar, sbr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940 og 80. gr. reglugerðar um notkun pósts, nr. 170/1963.

Póst- og símamálastjórnin tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast kann af missendingum eða seinkun greiðsluskjala.

11. gr.

Reikningshafa er óheimilt að láta reikningsnúmer sitt af hendi, nema samþykki póstgíróstofunnar komi til. Ekki er heldur heimilt að veðsetja innstæðu á gíróreikningi.

12. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari reglur um gíróþjónustuna.

13. gr.

Póst- og símamálastjórnin skal gefa bönkum og sparisjóðum kost á samstarfi um gíróþjónustu samkvæmt sérstökum samstarfssamningi, enda brjóti ákvæði hans ekki í bága við póstlög eða reglugerðir.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt póstlögum nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. marz 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Akraneshöfn, nr. 24 4. febrúar 1963.

1. gr.

41. gr. orðist þannig:

a. Skip, sem heima eiga á Akranesi og minni eru en 20 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmlestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.

b. Flóabáturinn Reykjavík—Akranes skal greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 140.00 af hverri brúttórúmlest.

c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip þau, sem um getur í staflið d. þessarar greinar, skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja brúttórúmlest. Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftar en einu sinni í mánuði en strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálft gjald.

d. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjalddagi lestagjalds skv. a. og b. lið þessarar greinar skal vera 1. marz ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu, eða lagzt að bryggju.

2. gr.

42. gr. fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

3. gr.

42. gr. orðist þannig:

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 0.55 af hverri rúmlest þó aldrei minna en kr. 55.00 fyrir hvern sólarhring. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík—Akranes eru undanþegin gjaldi þessu.

4. gr.

43. gr. orðist þannig:

Bátar minni en 10 rúmlestir brúttó skulu greiða bryggjugjald, kr. 200.00 fyrir hvern mánuð.

5. gr.

44. gr. orðist þannig:

Fyrir að leggja skipi í fjöru í eigu hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 1.20 af hverri brúttórúmlest skipsins, þó aldrei minna en kr. 120.00 (Fjörugjald).

6. gr.

48. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá.

a. Fyrir leiðsögu til eða frá höfninni kr. 600.00 fyrir hvert skip auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest.

b. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni greiðist hálft gjald skv. lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 46. gr. greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

7. gr.

54. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 100.00 fyrir hvert tonn:
Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, (loðna þó aðeins kr. 6.00), mjólk.
2. flokkur. Gjald kr. 36.00 fyrir hvern rúmmetra:
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn, kork, vikurplötur, tómir ísfiskskassar.
3. flokkur. Gjald kr. 2.00 hvert stykki og kr. 27.00 hvert tonn:
Síldar- og gotutunnur og aðrar líkar, tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar, kornvörur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey, beita, laus vikur, gips, salt, kol.
4. flokkur. Gjald kr. 36.00 fyrir hvert tonn:
Saltfiskur óverkaður, laus og pakkaður, ísfiskur, freðsíld og frosinn fiskur, laus og í kössum, nýr fluttur úr landi.
5. flokkur. Gjald kr. 40.00 fyrir hvert tonn:
Blý, eldfastur leir, járnrör, smíðajárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingajárn, fiskilínur, kaðall, hessían, mótorar, vélahlutir, fiski- og síldarmjöl, sement og pappírspokar.
6. flokkur. Gjald kr. 48.00 fyrir hvert tonn:
Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur, verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskflök ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
7. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hvert stykki:
Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smurolíuföt, gotutunnur og síldartunnur, fullar- öl- og gosdrykkjakassar, fullir.
8. flokkur. Gjald kr. 65.00 fyrir hvert tonn:
Brennsluolíur og benzín (laus í geymi).
9. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki.
Lýsisföt, smurnings- og steinolíuföt, full.
10. flokkur. Gjald kr. 48.00 fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
11. flokkur. Gjald kr. 120.00 fyrir hvert tonn:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd og ekki heyra undir aðra flokka.
12. flokkur. Gjald kr. 100.00 fyrir hver 100 kg:
Tóbaksvörur, vín og vínandi.
13. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvert stykki:
Mótorhjól, hross, nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og heyvinnuvélar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. apríl 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, nr. 12 25. janúar 1965.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í reglum þessum miðast afköst kælikerfa í hitaeiningum við kilogrammkaloríur á klukkustund (kcal/h) og kæling fari fram við +15°/+30°/+25° C.

2. gr.

1. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frystiþjöppur með meiri en 20.000 kcal/h afköst skulu hafa öryggisloka, sem opni milli sog- og þrýstihliðar þjöppunnar eða opni frá þrýstihlið beint undir bert loft, þannig að þrýstingurinn í kerfinu geti ekki farið fram úr eimþrýstingi við +40° C.

3. gr.

2. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sérhverjum geymi eða hylki, sem er í kælikerfi og hægt er að loka frá kerfinu, skal vera öryggistæki, sem tryggi það, að þrýstingurinn geti aldrei farið fram úr 85% af eimþrýstingi við +40° C. Ef rúmtak hylkis er meira en 200 lítrar, skulu öryggistæki vera tvö hvort öðru óháð, og skulu þau vera öryggisloki og sprengiplata eða tvöfaldur öryggisloki. Hvort öryggistæki um sig skal geta haldið þrýstingnum innan hinna ákveðnu takmarka.

4. gr.

3. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ljósop öryggistækis skal ákveðast samkvæmt líkingunni $a = F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$

fyrir alla kælimiðla, sem taldir eru í 2. grein, nema kolsýru, en þá skal hún vera

$a = 2F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$

Þar sem

a = ljósopið í cm^2.

F = yfirborðsflatarmál í m^2 þeirra hluta kerfisins, sem öryggistækið verndar.

M = sameindaþungi kælimiðilsins.

P_1 = raunþrýstingur + 1.

Ljósopið skal þó aldrei vera minna en 0.2 cm^2.

5. gr.

7. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þvermál útblásturspípunnar í mm skal reiknað út samkvæmt eftirfarandi líkingu: $d = 9{,}1 \sqrt[5]{L \cdot F^2 \frac{M}{(0{,}6 \cdot P_1)^{2-1}}}$

Þar sem

d = þvermál útblásturspípunnar í mm.

L = lengd pípunnar í m.

F = yfirborðsflatarmál í m^2 þess hluta kælikerfis, sem verndað er af viðkomandi öryggistæki.

M = sameindaþungi kælimiðils.

P_1 = raunþrýstingur + 1.

Til þess að auðvelda lausn þessarar líkingar fylgir eftirfarandi tafla með gildum á

$$\frac{M}{(0{,}6 \cdot P_1)^{2}-1}$$

Kælimiðill	Efnafræðiheiti	M / $(0{,}6 \cdot P_1)^{2}-1$	Raunþrýstingur í kg/cm²
Ammoniak	NH_3	0.0494	30
F12	CCl_2F_2	1.038	18
Carrene nr. 1	CH_2Cl_2	15.4	3.5
F11	CCl_3F	21.8	3.5
F113	$C_2Cl_3F_3$	29.8	3.5
F21	$CHCl_2F$	12.86	4
F22	$CHClF_2$	0.268	30
Methylklorid	CH_2Cl	0.525	15.5
Brennisteinssýrling	SO_2	1.245	11
Dikloretylen	$C_2H_2Cl_2$	15.4	3.5
Etylklorid	C_2H_5Cl	10.24	3.5
Metylformit	$HSOOH_3$	9.6	3.5
Kolsýra	CO_2	0.0121	100

Þvermál skal þó aldrei vera minna en 10 mm.

6. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhvert kælikerfi með meira en 5000 kcal/h afköstum skal hafa einn eða fleiri þrýstimæla með greinilegu merki við 85% af eimþrýstingi við + 40° C.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. marz 1971.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 13. júní 1971.

Samkvæmt heimild í 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 13. júní næstkomandi, verði lagðar fram.

Samkvæmt 1. málsgr. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrár fram eigi síðar en 13. apríl næstkomandi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

3. febrúar 1971. Nr. 59.

AUGLÝSING

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1963, um bæjanöfn, gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1970:

Borgarfjarðarsýsla:

Melgerði á nýbýli í landi Hóls, Lundarreykjadalshreppi.

Mýrasýsla:

Laufskálar II á garðyrkjubýli í landi Laufskála, Stafholtstungnahreppi.

Strandasýsla:

Framnes á nýbýli í landi Kaldrananess, Kaldrananeshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Móberg nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg I í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.

Skriðuland nýtt nafn á eignarhlutanum Móberg II í jörðinni Móberg, Engihlíðarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Áshóll I á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Áshóll II á eignarhluta í jörðinni Áshóll, Grýtubakkahreppi.

Rauðaskriða II á eignarhluta í landi Rauðuskriðu, Aðaldælahreppi.

Rimar á nýbýli í Jarlsstaðalandi, Grýtubakkahreppi.

Árnessýsla:

Birkiflöt á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Ósabakki III á nýbýli í landi Ósabakka, Skeiðahreppi.
Syðri-Reykir III á garðyrkjubýli í landi Syðri-Reykja I, Biskupstungnahreppi.
Straumur á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.
Varmagerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Vorsabær II á nýbýli í landi jarðanna Vorsabæjar og Efrivalla, Gaulverjabæjarhreppi.
Ösp á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 3. febrúar 1971.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Nr. 60. 9. febrúar 1971.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstri um Vallarstræti og Thorvaldssensstræti verður snúið við, þannig að ekið verður frá Pósthússtræti í Vallarstræti og Thorvaldssensstræti, en innakstur frá Kirkjustræti í Thorvaldssensstræti verður bannaður.
2. Einstefnuakstur verður á Skálholtsstíg til vesturs frá Laufásvegi að Fríkirkjuvegi.
3. Vinstri beygja verður bönnuð af Laugavegi til norðurs í Nóatún, en bann þetta gildir þó ekki fyrir strætisvagna Reykjavíkur.
4. Vinstri beygjur verða bannaðar af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut.
5. Lónsbraut verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Rofabæ og Bæjarháls.
6. Stöðumælar verða settir upp á Rauðarárstíg við Búnaðarbankann, Austurbæjarútibú og við miðeyju Snorrabrautar á milli Grettisgötu og Hverfisgötu. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. febrúar 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Vallarstræti. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

23. marz 1971. Nr. 62.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að Túngata frá Norðfjörðsgötu að Vesturgötu verði framvegis tvístefnuakstursgata.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 23. marz 1971.

22. marz 1971. Nr. 63.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Gjald fyrir afnot stöðumælareita á Skúlagötu við Skúlatún verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. marz 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 199 1. sept. 1970.

1. gr.

Með hliðsjón af breyttri niðurröðun starfa í launaflokka, orðist 1. mgr. 6. gr. þannig:

Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist með dagpeningum, og er um 3 flokka að ræða, sbr. 10. gr. II. Dagpeninga I skal greiða eftirfarandi ríkisstarfsmönnum: Ráðuneytisstjórum, ambassadorum og forstjórum ríkisstofnana eða fyrirtækja, sem taka laun skv. launflokki B I eða hærri. Dagpeninga II skal greiða öðrum starfsmönnum, sem taka laun skv. 24. launaflokki eða hærri. Dagpeninga III skal greiða öðrum starfsmönnum.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi frá 1. apríl 1971.

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1971.

Magnús Jónsson

Gísli Blöndal.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 39—64. — Útgáfudagur 4. maí 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1971

30. apríl 1971. 141 Nr. 65.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. janúar.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:
Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. janúar til 31. desember, og greiðist iðgjaldið fyrirfram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 31. desember næstan á eftir, þannig að tryggingartímabil allra ökutækja miðist við almanaksárið. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. maí 1971.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 48 23. febrúar 1944 og nr. 63 3. maí 1947.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

6. apríl 1971. Nr. 66.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1971—1972.

1. Við ákvörðun um stundaskrá skyldunámsins skólaárið 1971—1972 skal miða við eftirfarandi ramma, er tilgreinir þann **meðalfjölda** kennslustunda, sem hver **nemandi** skal fá á viku hverri.

B 19

Endurprentað blað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. Stundaskráin miðast við, að lengd hverrar kennslustundar verði að meðaltali 40 mínútur í barnaskóla, þ. e. 1.—6. bekk, og 45 mínútur í unglingaskóla, þ. e. 7.—8. bekk.

3. Neðangreindur stundaskrárrammi kemur í stað stundataflna á bls. 82—83 í Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útgefinni af menntamálaráðuneytinu 1960.

4. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði Námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8. bekkur
Íslenzka (þ. á m. lestur)	10	10	11	7	7	7	5	5
Skrift				3	2	2	1	
Reikningur/stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5
Átthagafræði	3	5	3					
Kristin fræði				2	2	2	2	
Saga- og félagsfræði				2	2	1½	2	2
Landafræði				2	2	1½	2	2
Líffræði/náttúrufræði				2(3)[1]	1½	1½	2	2
Eðlis- og efnafræði					1½	1½	2	2
Danska					(2)[1]	3	4	4
Enska								5
Tónmennt (þ. á m. söngur)			1	1	1	1	1	1
Handavinna			2	2	2	3	2–4	2–4
Teiknun				2	2	2	2	2
Heimilisfræði (þ. á m. matreiðsla)							0–4	0–4
Íþróttir[2]	2	2	2	3	3	3	3	3
Til ráðstöfunar	1	1	1	1	1	1	1	1
Vikulegar kennslustundir alls á hvern nemanda	20	22	24	31 (31)[1]	32 (33)[1]	35	34	36

Skýringar: 1) Svigar ( ) merkja val skóla og eiga við nýtt námsefni í hlutaðeigandi greinum.
2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

Menntamálaráðuneytið, 6. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1971

19. febrúar 1971. 143 Nr. 67.

REGLUGERÐ

um dýragarða og sýningar á dýrum.

1. gr.

Hver sá aðili, sem hefur í hyggju að setja á stofn dýragarð eða efna til sýningar á dýrum, hverrar tegundar sem er, skal sækja skriflega um heimild til slíkrar starfsemi til lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða að hefja dýrasýningar, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Skylt er lögreglustjóra að leita umsagnar menntamálaráðuneytisins, áður en slíkt leyfi er veitt.

2. gr.

Umsókn um heimild til dýrasýninga eða stofnun dýragarða skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um, hvar sýningu verður valinn staður, hvernig byggingar séu úr garði gerðar, sem og búr, réttir, girðingar, gryfjur o. s. frv.

Þá skal fylgja umsókninni afstöðu- og yfirlitsteikning, sem sýni fyrirhuguð mannvirki, og nánari lýsing á tilhögun þeirra. Enn fremur skal fylgja greinargerð um, hvaða dýr sé fyrirhugað að sýna, í hve langan tíma o. s. frv.

3. gr.

Byggingar, girðingar, búr o. s. frv. skulu þannig gerð, að vel fari árið um kring um þau dýr, sem þar er ætlað rúm. Þess skal gætt, að dýrin séu sem frjálsust og geti borið sig um óþvinguð.

Nú telur lögreglustjóri að fengnu mati dýraverndarnefndar, að byggingar og búnaður allur verði þannig, að vel fari um sýningardýr og að unnt sé að veita þeim viðhlítandi umönnun og er þá heimilt að veita umsækjanda leyfi til að reka dýragarð eða halda sýningu á dýrum.

Leyfi til reksturs dýragarðs skal veita til ákveðins tíma og eigi lengur en til 3 ára í senn, og skal að þeim tíma liðnum senda nýja umsókn til lögreglustjóra.

4. gr.

Þeir sem heimild fá til að starfrækja dýragarð, skulu hafa í þjónustu sinni starfsmenn, sem hafa reynslu og þekkingu á fóðrun, gæzlu og umönnun villtra dýra.

Skulu þeir hafa unnið við slík störf í hálft ár að minnsta kosti og skal viðkomandi leggja fram skilríki því til staðfestingar.

5. gr.

Öllum dýrum skal sýnd fyllsta nærgætni. Þeim skal ávallt séð fyrir nægu fóðri við þeirra hæfi og vatni að vild.

Þess skal gætt, að húsum, búrum, gryfjum og gerðum sé ávallt vel við haldið og dvalarstaðir dýranna að staðaldri vel þrifnir, svo að þar safnist aldrei fyrir saur,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

þvag, gamalt fóður, moð o. s. frv. Þess skal gætt, að hræfuglar og meindýr komist ekki í byggingar, þar sem sýningardýr eru geymd eða í fóður, sem þeim er ætlað, og að flækingsdýr komist ekki í snertingu við sýningardýr. Umhverfis dýragarð og sýningarsvæði skal vera traust, fjárheld girðing, og vörzlumenn skulu að staðaldri gæta dýranna.

6. gr.

Þeir sem sjá um rekstur dýragarða eða efna til sýninga á dýrum, skulu ráða dýralækni til þess að hafa eftirlit með heilbrigði sýningardýra. Vitja skal dýralæknis strax og dýr veikjast eða lemstrast. Aðstaða skal vera til aðgerða og umönnunar á sjúkum dýrum og sérstakar stíur eða afdrep, þar sem hægt er að geyma nýkomin og sjúk dýr, án þess að þau verði fyrir ónæði af öðrum dýrum eða almenningi. Einu sinni í mánuði að minnsta kosti skal dýralæknir fylgjast með heilbrigði dýranna og sjá um, að varnaraðgerðir gegn sjúkdómum, t. d,. bólusetning, lækning af iðraormum o. s. frv., fari fram eins og við á.

Forráðamenn skulu að staðaldri færa dagbók um öll sýningardýr og skulu eftirlitsmenn lögreglustjóra fylgjast með að hún sé rétt færð.

Útbúnaður skal vera til þess að hneppa dýr í fjötra, ef aðgerða er þörf eða ef flytja þarf þau til innan sýningarsvæðis. Sjúk eða lemstruð dýr skal eigi hafa til sýnis.

Sleppi dýr úr vörzlu úr dýragarði, skal það tilkynnt lögreglustjóra án tafar, og allt gert til þess að handsama dýrið á ný en aflífa að öðrum kosti. Gegningamenn skulu jafnan hafa tiltæk skotvopn, sem grípa má til án tafar, ef nauðsyn krefur.

Óheimilt er að selja dýr til lífs innanlands, ef þau hafa dvalið í dýragarði.

Saur og þvag skal fjarlægja á þann veg, að eigi stafi af smithættа eða óþrifnaður.

7. gr.

Lögreglustjóri skal hlutast til um, að eftirlit fari fram reglulega með dýragörðum og dýrasýningum. Eftirlit þetta skal framkvæma að óvörum og til fulltingis og fylgdar skal kveðja embættisdýralækni. Afhenda skal lögreglustjóra skýrslu um slíkar eftirlitsferðir.

8. gr.

Þegar dýragarði er valinn staður, skal þess gætt, að auðvelt sé að koma við fullkomnu frárennsli og skolplögn og að sjó eða vatnslögnum sé hagað á þann veg, að auðvelt sé að koma við nægum þrifnaði og hreinlæti. Þess skal gætt við staðarval dýragarða, að dýrin verði ekki fyrir óþarfa hávaða eða annarri truflun og íbúar í nágrenni dýragarða verði ekki fyrir óþef eða öðrum óþægindum.

9. gr.

Hús og skemmur, þar sem dýr eru geymd, skulu vera björt og loftgóð, þar skal vera góð raflýsing og aðstaða til upphitunar, þar sem hennar er þörf.

Svo skal um búa, að rottur, mýs eða önnur meindýr komist ekki inn í húsin. Gólf og veggir skulu gerð úr efni, sem auðvelt er að þrífa. Þar sem nauðsyn krefur, skal vera niðurfall, eitt eða fleiri í gólfi og rennandi vatn nærtækt. Þess skal gætt að hafa þaklag gólfs sem líkast kjörlendi viðkomandi dýrs.

10. gr.

Búr og girðingar skulu vera traustar og rúmgóðar og við hæfi þeirra dýra, sem þar á að geyma. Þau skulu þannig gerð, að dýrin geti ekki sloppið út, og svo skal til haga, að dýrin séu varin gegn vindi og regni. Þegar um stór, villt dýr eða hættuleg dýr er að ræða, skal vera hægt að þrífa vistarverur þeirra og færa þau til án áhættu fyrir gegningamenn.

Hentug tæki skulu vera tiltæk til þess að flytja dýr í, ef þörf krefur.

11. gr.

Réttir og stíur skulu vera rúmgóðar miðað við dýrategund eða fjölda dýra, sem þar á að geyma að mati dýraverndarnefndar.

Niðurföll skulu vera í stíum og réttum, svo að þar safnist aldrei fyrir pollar og auðvelt sé að þrífa þær. Þar sem nauðsyn krefur, skulu gólf steypt eða malbikuð að hluta eða öllu leyti. Þau dýr, sem ekki geta verið undir berum himni að nóttunni eða vetrinum, skulu hafa greiðan aðgang að hlýjum, þrifalegum húsum, lausum við dragsúg, þar sem þau geta leitað afdreps. Svo skal til haga við útbúnað aðseturs og vistarvera dýranna, að þau séu sem frjálsust og þau geti hagað sér sem mest í samræmi við það, sem vani þeirra er í fullu frjálsræði.

12. gr.

Þar sem hættuleg dýr eru sýnd, skal svo um búið, að áhorfendur geti með engu móti farið sér að voða við dýrin. Athygli áhorfenda skal með áberandi merkjum beint að hættum, sem af dýrunum kunna að stafa.

Ávallt skal sjá um, að tiltæk séu viðeigandi hjúkrunargögn fyrir starfsfólk og gesti.

13. gr.

Komi upp smitsjúkdómur í dýragarði, sem ætla má að valdið geti búsifjum í búfé, skal þegar gera ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, þ. á m. lóga hinum sjúku dýrum, ef nauðsynlegt er talið að dómi yfirdýralæknis.

14. gr.

Þeir sem stjórna daglegum rekstri dýrasýninga eða dýragarða, skulu vera ábyrgir fyrir, að eigi sé brotið gegn reglum þeim, sem hér eru settar, eða reglum um dýravernd. Ef um endurtekið brot er að ræða, varðar það missi réttar til að reka dýragarð, nema þyngri viðurlög liggi við.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um dýravernd nr. 21/1957 og öðlast þegar gildi, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Um brot á reglum þeim, sem hér eru settar, skal farið eftir ákvæðum 17. gr. ofangreindra laga.

Þeir aðilar, sem þegar reka dýragarð eða stofnað hafa til dýrasýninga, skulu sækja um leyfi til slíks reksturs í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, vilji þeir halda slíkum rekstri áfram.

Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir í kaupstaðnum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál, og reglugerðar þessarar, og hafa eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

2. gr.

Brunamálanefnd fer með brunamálefni bæjarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri skal sitja fundi brunamálanefndar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti.

Brunamálanefnd skal skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn. Brunamálanefnd kýs sér formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Brunamálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og aðra starfsmenn slökkviliðsins, að fengnum tillögum brunamálanefndar, er leitar umsagnar slökkviliðsstjóra um ráðningu slökkviliðsmanna. Hún setur þeim erindisbréf, og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði.

4. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum, og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

II. Slökkvilið og slökkvitæki.

5. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

Kynna skal almenningi á staðnum á hagkvæman hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu af staðnum, nema settur sé varamaður í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

Bæjarstjórn ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli bera, þegar það er að starfi sínu.

6. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, lækni, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

Skulu þeir vera skyldir að mæta við æfingar allt að 4 sinnum á ári og auk þess tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er brunamálanefnd að und-

anþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn aðra en þá, sem taldir eru í 1. málsgr., er hafa sérstökum störfum að gegna.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem þannig taka þátt í slökkvistarfi eða æfingum, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði, sem slökkviliðsmenn.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, að liðsmenn slökkviliðsins fái greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir eru sérstaklega til þess kvaddir að vinna í þjónustu þess við æfingar, eða við að slökkva eld.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að slökkviliðið skuli skipað fastráðnum liðsmönnum og ákveða tölu þeirra og þóknun fyrir starfið. Má þá jafnframt takmarka þegnskyldu til þjónustu í slökkviliði eða fella hana niður.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra. Það er skylda hvers eins, er verður var við að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt eða á annan hátt.

7. gr.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að æfingar séu haldnar eigi færri en fjórar á ári.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri í samráði við brunamálanefnd hefur fyrir fram ákveðið til þess.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en bæjarstjórn ræður síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefur verið úr liðinu. Þeir, sem þannig er vikið frá störfum, hafa rétt til að leggja mál sín fyrir brunamálanefnd til úrskurðar. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gengt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

8. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem hann er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða, áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu, áður en henni er lokið.

9. gr.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjóra halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum. Brunamálanefnd kveður til aðstoðar lögregluliðinu hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu.

10. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkvæmt ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Hafnarfjarðarbær skal jafnan kappkosta að eiga þau slökkviáhöld og tæki til öryggis eða björgunar úr eldi, er Brunamálastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að hann eigi í þessu skyni.

Settir skulu upp hæfilega margir brunahanar í bænum, og skal tryggja sem bezt, að jafnan sé nægilegt vatn til að slökkva eld.

Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu standi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Enginn má taka vatn úr brunahönum, né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Slökkviáhöld skal geyma í slökkvistöð í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

13. gr.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefur, til að flytja í vatn og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefur umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefur verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

III. Reykháfar og eldfæri.

14. gr.

Reykháfar í húsum skulu steyptir úr sterkri steinsteypu eða gerðir úr öðru jafneldtraustu efni, standa á fastri undirstöðu og hvíla aldrei á timburgólfi. Reyk-

háfur má ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út fyrir stiga, nema með leyfi byggingarnefndar.

Reykháfar skulu að jafnaði vera ferstrendir, veggþykkt þeirra eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvern veg. Þeir skulu ná minnst 65 cm upp fyrir húsmæni eða gerðir þannig, að lárétt fjarlægð frá reykháfsopi til þakflatar sé minnst 3 m. Innanfletir reykháfa skulu vera sléttir, og holrúm þeirra má ekki skerða með leiðslum eða öðru, nema að fengnu leyfi slökkviliðsstjóra.

Óheimilt er að hækka reykháf með pípum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vídd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, ber að fara eftir fyrirmælum í byggingarsamþykkt.

15. gr.

Þar sem reykháfur liggur í gegnum timburgólf, þak eða timburvegg, skal fjarlægð vera minnst 23 cm frá innri brún reykháfs að máttarviðum.

Gólf-, loft- og veggklæðningar, svo sem gólfdúkur, veggfóður eða því um líkt, mega ganga að reykháf, en ekki vera festar við hann. Yfir samskeyti má leggja lista, er festur sé við reykháfinn með múrnöglum.

Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður. Úthliðar hans skulu ætíð vera sýnilegar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Ekki má reykháfur liggja að fataskáp. Utan um hverja pípu frá eldstæði, skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pípan né hringurinn geti ýtzt inn fyrir innri brún reykháfsins.

16. gr.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg, en þó aldrei færri en tvö 23×23 cm sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa hann og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem ákveður fjölda sótopa eftir stærð húsa.

Reykháf má ekki taka í notkun, fyrr en hann er fullgerður og allt mótatimbur fjarlægt.

Reyk frá eldstæðum, sem kynnt eru kolum eða öðru föstu eða fljótandi eldsneyti, skal leiða í reykháfa um hlaðna eða steypta reykganga eða minnst 10 cm víðar járnpípur.

Fjarlægð frá innri brún reykleiðslna að timbri eða viðarlíki, skal ávallt vera minnst 23 cm. Reykpípur úr járni mega ekki vera lengri en 3 m, nema með leyfi byggingarnefndar. Þær skulu leiddar stytztu leið í reykháf á sömu hæð og eldstæðið.

17. gr.

Fjarlægð eldstæðis frá timbri eða viðarlíki, skal vera minnst 23 cm. Gólf undir eldstæðum skal lagt málmplötum eða öðrum eldtraustum efnum, er nái minnst 30 cm fram fyrir þau og 23 cm til annarra hliða. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málmi, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

18. gr.

Opin eldstæði (kamínur), má því aðeins hafa í timburhúsum eða steinhúsum með timburgólfi, að slökkviliðsstjóri hafi samþykkt umbúnað þeirra. Skal hvert slíkt eldstæði ávallt vera í beinu sambandi við reykháf, sem flytur ekki reyk frá öðrum eldstæðum.

19. gr.

Slökkviliðsstjóri skal, í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, samþykkja gerð og allan frágang lofthitunarofna.

Miðstöðvarkötlum, sem hafa stærri hitaflöt en 2.0 m², skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, múruðum eða sementshúðuðum í hólf og gólf. Eldnæma hluti má ekki geyma nær miðstöðvarkötlum eða reykleiðslum frá þeim, en í 50 cm fjarlægð.

Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skulu ætíð vera minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

IV. Olíukynditæki til upphitunar húsa.

A. Almenn ákvæði.

20. gr.

Sérhver húseigandi, sem kemur fyrir olíukynditækjum í húsi sínu í sambandi við reykháf, hvort heldur um er að ræða nýja kyndistöð, eða eldri kyndistöð, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal tilkynna kyndibúnað þennan til slökkviliðsstjóra, sem síðan lætur framkvæma skoðun og gefur út vottorð um ástand kyndibúnaðarins. Óheimilt er að taka kynditækin í notkun, fyrr en vottorð liggur fyrir um, að fulltrúi Brunamálastofnunar ríkisins hafi samþykkt búnað allan og leyft, að þau verði tekin í notkun.

Þau tæki, sem hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi öðlast gildi, skulu tafarlaust tilkynnt, svo þau hljóti viðurkenningu á sama hátt og ný tæki.

Óheimilt er að gera breytingar á kynditækjum, er sett hafa verið upp, nema með leyfi skoðunarmanns.

21. gr.

Áður en olíukynditækjum er komið fyrir í eldstæði, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal framkvæma gagngerða sóthreinsun á eldstæðinu og öllum reykgöngum.

22. gr.

Einungis þau olíukynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af Brunamálastofnun ríkisins. Öllum kynditækjum skal fylgja leiðarvísir um uppsetningu og notkun.

Rafbúnaður allur skal fullnægja kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

23. gr.

Sá einn má annast uppsetningu olíukynditækja, sem til þess hefur hlotið viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins, og ber hann ábyrgð á, að búnaður allur sé samkvæmt reglugerð þessari.

B. Hitun með eldsneytisolíu, sem hefur blossamark hærra en 60° C.

24. gr.

Staðsetning og stærð olíugeyma.

1. Olíugeymir utanhúss skal í kaupstaðnum grafinn í jörð, nema þar sem slökkviliðsstjóri heimilar að hafa hann ofanjarðar. Grafa skal fyrir undirstöðu geymis svo djúpt og búa vel um, að frost eða grunnvatn raski ekki legu hans, og skal fylla þétt að með sandi eða möl. Fylling ofan á geymi skal vera minnst 60 cm. Geyminn skal ryðverja að utan með tjöru, biki eða öðru slíku efni.

Þar sem heimilt er að hafa geymi ofanjarðar, má hann ekki vera nær timburvegg en 5.0 metra. Skal búa um geyminn á traustri undirstöðu, svo hann raskist ekki.

2. Olíugeymi má hafa innanhúss, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

Olíugeymum, er rúma samtals yfir 3000 lítra, skal koma fyrir í sérstökum geymsluklefa í kjallara hússins, nema slökkviliðsstjóri heimili annan stað. Til þess að geyma slíkan olíuforða innanhúss, þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis. Gólf, veggir og loft klefa skal vera fullkomlega þétt og úr eldtraustu efni. Veggir úr járnbentri steypu skulu vera minnst 10 cm þykkir, en 20 cm, ef steypa er ójárnbent. Ljósaumbúnaður skal vera fullkomlega eldtryggur. Dyr á geymsluklefa mega ekki vera neðar en svo, að fyrir neðan þröskuld rúmist allur sá olíuforði, sem mest er ætlazt til, að hægt sé að geyma innan klefans. Hurðir skulu opnast út, vera eldtraustar og sjálflokandi. Sérstök loftrás með öryggisneti skal vera frá geymsluklefa undir bert loft.

Enginn innanhússgeymir má rúma meira en 10000 lítra og í geymsluklefa mega ekki vera fleiri en 3 slíkir geymar. Samanlagður olíuforði innanhúss má aldrei vera meiri en 30000 lítrar.

3. Olíugeymum, er rúma samtals allt að 3000 lítra, má koma fyrir í sérstöku kjallaraherbergi, sem ekki er notað til annarra þarfa, og eldstæði er ekki í.

Til þess að geyma slíkan olíuforða innanhúss þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis.

4. Olíugeymi eða dagneyzluhykli, er rúmar allt að 200 lítra, í íbúðar- eða verzlunarhúsi, en 1500 lítra í verksmiðjuhúsi, má koma fyrir í kyndistöð hússins, ef fullnægt er eftirfarandi kröfum:

Gólf skal vera úr eldtraustu efni, hurð, veggir og loft, sem ekki eru úr eldtraustu efni, skulu klædd eldtraustu efni til logavarnar. Hurð skal opnast út.

Geymum skal þannig fyrir komið, að hvorki þeir eða pípan frá þeim geti hitnað frá eldstæðinu eða að leki frá þeim geti runnið til eldstæðisins eða í reykgöng eða reykpípur. Skal á fulltryggan hátt séð fyrir leka frá geymum annað hvort á þann hátt, að hafa þá í steinsteyptri þró, sem rúmi allt innihald þeirra, eða að runnið geti frá þeim beint í skolplögn, t. d. gólfrist í kyndistöðinni.

25. gr.

Olíugeymar og olíupípur.

Geymar fyrir eldsneytisolíu skulu vera úr stálplötum, rafsoðnar eða hnoðaðar, og efnisþykkt þeirra hið minnsta, sem hér segir:

Geymar fyrir allt að 150 l plötuþykkt 1.5 mm.
Geymar fyrir 150 til 500 l plötuþykkt 2.0 mm.
Geymar fyrir 500 til 1500 l plötuþykkt 2.5 mm.
Geymar fyrir meira en 1500 l plötuþykkt 3.0 mm.

Ekki má nota glerpípur til þess að sýna olíuhæð í geymi. Olíuhæðarvísum skal þannig fyrir komið, að ekki geti lekið út með þeim.

Olíupípur allar skulu vel festar og þannig fyrir komið, að þær verði ekki fyrir höggum eða annarri áreynslu utan frá. Efni þeirra skal vera járn eða annar nægilega traustur málmur. Pípuskeyti öll skulu vera á sýnilegum, aðgengilegum stöðum. Slöngur eða hreyfanlegar pípur má ekki nota.

Geymsluhykli skulu vera með læstum áfyllingarstút. Sé geymir innanhúss, skal áfyllingarstúturinn ná út úr útvegg eða vera rétt fyrir innan læst op í útvegg.

Á hverjum geymi skal vera loftpípa, sem endi undir beru lofti. Skal pípuendinn beygður niður, svo ekki geti rignt eða fennt inn í pípuna. Fyrir pípuopinu skal vera net úr málmþræði (476 möskvar á ferþumlung).

Neðarlega á geymi mega ekki vera önnur göt eða stútar, en þau sem ætluð eru fyrir píputengingar til brennara eða dagneyzluhylkis eða annarra geymsluhylkja.

Þó má botnlás vera á geyminum, en hann skal jafnan vera lokaður með blindkraga.

Allir aðrir stútar skulu vera á efsta hluta geymisins. Ef geymir er stærri en svo, að hann rúmi 1000 lítra, skal mannsmuga vera á honum.

Á olíupípunni frá geyminum til brennarans skal vera lás eða loka, það langt frá eldstæðinu, að hættulaust verði komizt að honum, þó loganum slái til baka fram úr eldstæðinu.

Ef dagneyzluhylki stendur hærra en eldstæðið eða ef dagneyzluhylki er ekki notað og olían er tekin beint frá aðalgeymi til brennarans, og geymirinn stendur hærra en eldstæðið, skal pípubrotsloki vera á pípunni fast við hylkið eða geyminn.

Við litla geyma er þó leyfilegt að hafa ekki pípubrotsloka, en þannig skal gengið frá við geyminn, að þó pípan bresti, geti aldrei runnið meira frá honum en svarar til mestu notkunar við brennsluna.

Til þess að hindra að óhreinindi og vatn, sem kunna að vera í olíunni, komizt til brennarans, skal síu og gruggglasi vörðu með vírneti komið fyrir á olíupípunni. Skal þetta vera sem næst geymi eða dagneyzluhylki.

Ef notuð er olíutunna sem dagneyzluhylki, skal höfð sama tunnan, en ekki skipt um, er tunnan tæmist.

Olíu má aldrei geyma í tunnum í kyndistöð.

26. gr.
Brennarar og öryggistæki.

Brennarar og öryggistæki skulu vera af gerð, sem hlotið hefur viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins. Brennarar skulu vera sjálfvirkir.

Ef kyndingin er ekki undir stöðugu eftirliti, skal litið til hennar öðru hvoru og olíukynditæki skulu búin fullkomlega öruggum útbúnaði, sem sjálfkrafa lokar fyrir olíuaðstreymið, ef eldurinn slokknar eða ef loftstraumurinn til brennarans stöðvast.

Sé hitastillingu þannig fyrir komið, að sjálfvirkur búnaður slökkvi og kveiki logann á ný, skal þannig frá gengið, að tveir eða fleiri kveikineistar komi hver á fætur öðrum, þegar brennsla á að byrja. Hins vegar skal svo langur tími líða milli olíuinnspýtingar, ef ekki kviknar, að fulltryggt sé, að allt gas eða eimur frá fyrri innspýtingu sé rokið út, þegar næsta innspýting kemur.

Vinni brennari með dragsúg og það kaldur, að ekki sé hætta á, að olían eimist af snertingu við hann, skal þannig gengið frá, að ef slokknar á brennaranum, renni olían í skál eða bolla, sem með þyngd sinni hefur áhrif á lokunarútbúnað, sem lokar fyrir olíuaðstreymið, enda séu slík eldhol ekki innmúruð eða í þeim hlutir, sem geta glóðhitnað.

Þannig skal frá eldstæði gengið, að það sé ávallt opið út í reykháf. Ef þannig er gengið frá reykspjaldi, að hægt sé að loka því að fullu, skal hæfilega stórt gat sett á spjaldið. Sé vélsúgur notaður, skal loftsnældan annað hvort vera ástengd við hreyfil þann, sem knýr hana, eða knúin með fleygreimum, og skulu þá reimarnar vera að minnsta kosti tvær.

Aðalrofi fyrir rafstraum til olíukynditækja, skal vera utan við eða rétt innan við dyrnar í kyndistöðina.

27. gr.
Hitun eldsneytisolíu.

Olíu, sem hefur blossamark fyrir ofan 60° C, má hita áður en hún fer til brennarans.

Til hitunar á olíunni má einungis nota heitt vatn eða mettaðan eim, sem hefur ekki meira en 3 kg/cm^2 yfirþrýsting, eða rafmagn.

Við rafmagnshitun skulu hitararnir vera fastir, fullkomlega lokaðir, og með sjálfvirkum hitastilli (termostat). Sé slíkum hitara komið fyrir í geymi eða dagneyzluhylki, skal hitastilli þannig stillt, að hiti olíunnar við hitarann geti aldrei farið fram úr 55°C. Rafbúnaður allur við hitara og önnur tæki í sambandi við olíukynditækin skal vera samkvæmt kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

Afrás frá geymi skal ávallt vera fyrir ofan efsta hluta hitastillisins.

Sé gegnstreymishitari notaður, skal svo frá gengið með hitastilli, að hiti olíunnar geti aldrei farið fram úr hitastigi, sem er 10° fyrir neðan blossamark hennar.

C. Sérstök ákvæði fyrir olíukynditæki, sem nota olíu með blossamarki undir 60° C.

28. gr.

Leyfilegt er að nota til hitunar húsa og annarrar hitunar eldsneytisolíu, sem hefur blossamark neðan við 60° C, þó ekki neðan við 35° C. Þar sem slíkt eldsneyti er notað, gilda sérákvæði 29.—31. gr.

29. gr.

Utanhúss má einungis geyma olíu í geymum, sem grafnir eru í jörð og má geymirinn mest rúma 1500 lítra. Verksmiðjur og stærri fyrirtæki geta þó fengið að hafa stærri olíuforða að fengnu sérstöku leyfi brunamálanefndar.

Innanhúss skal hafa geyma í lokuðum kjallaraherbergjum, sem ekki eru notuð til annars, sbr. 24. gr. Mesti forði, sem þannig er geymdur, má vera 500 l.

30. gr.

Þó olíukyndingartæki hafi sjálfvirkan lokunarútbúnað á olíuaðstreymi, sbr. 26. gr., skal svo frá gengið, að olía, sem kann að renna niður, nái aldrei til eldstæðis, en safnist fyrir í þar til gerðan geymi, eða renni beint að gólfrist í lokræsi.

Ef blöndunarbrennari er notaður, sem að nokkru eða öllu leyti eimar eldsneytið og blandar því við loftið, má ekki vera steinn eða múr í eldstæðinu. Slíkt efni getur valdið sprengingu vegna glóðhitunar.

31. gr.

Olíu, sem hefur blossamark fyrir neðan 60°C, má ekki hita á neinn hátt, áður en hún fer til brennarans.

D. Gæzla og eftirlit.

32. gr.

Þegar kveikt er á olíubrennara, hvort heldur er eftir stutta eða langa stöðvun brennslunnar, skal þess vandlega gætt, að sterkur loftstraumur hafi leikið um eldholið stundarkorn, áður en kveikt er. Reykspjöld og loftop neðan og framan á eldstæðinu, skulu vera opin.

Sé brennari þannig gerður, að hita þurfi hann, áður en kveikt er, skal geyma vökva þann eða efni það, sem notað er við hitunina í tilluktu íláti á góðum stað, hæfilega langt frá eldstæðinu.

33. gr.

Í geymsluklefa eða kyndistöð má ekki geyma nein eldfim efni, svo sem tréull, tréspæni, pappír eða þess háttar. Ekki má heldur geyma þar sprengifim efni eða efni, sem sjálfveikja getur stafað af.

34. gr.

Við dyr hverrar kyndistöðvar skal vera ílát, sem rúmar að minnsta kosti 25 l af þurrum sandi, ásamt hæfilega stórri reku. Skal nota sand þennan til þess að slökkva með eld, sem kynni að kvikna utan eldstæðisins.

35. gr.

Í hverri kyndistöð skal uppsetningarmaður olíukynditækis festa upp spjald, sem Brunamálastofnun ríkisins leggur til, með áprentuðum greinilegum leiðarvísi um gæzlu og hirðingu kynditækjanna.

36. gr.

Brunamálanefnd skal skipa eftirlitsmann með olíukynditækjum. Eftirlitsmaðurinn skal hafa viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins, er heimili honum að annast uppsetningu slíkra tækja, sbr. 23. gr.

37. gr.

Eftirlit með olíukynditækjum skal fara fram tvisvar á ári.

Eftirlitsmaður skal færa í sérstaka bók, er brunavarnaeftirlit ríkisins leggur til, stutta skýrslu um ástand tækja og annað, sem máli skiptir. Ef sami maður annast almennt eftirlit eldfæra, skal hann færa skýrslu sína í eftirlitsbók eldfæra. Í eftirlitsbók skal rita athugasemdir um skoðunina og gera grein fyrir því, sem talið er þurfa viðgerða við eða umbóta. Eftirlitsmaður skal setja hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er. Sé viðgerðin ekki framkvæmd innan tiltekins tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra húseiganda til sekta.

Ef eftirlitsmaður telur hættulegt að nota olíukynditæki vegna ólags eða bilunar, er honum heimilt að taka það tafarlaust úr notkun og fyrirbyggja notkun þess með innsigli, þar til viðgerð hefur farið fram. Brunamálastofnun ríkisins er heimilt að setja nánari reglur um olíukynditæki.

V. Hreinsun reykháfa og eldfæraeftirlit.

38. gr.

Bæjarstjórn skal skipa sótara og eftirlitsmann með eldfærum, þar með talin olíukynditæki (sbr. IV. kafla) eftir tillögum brunamálanefndar og setja þeim erindisbréf.

Bæjarstjórn skal setja samþykkt um framkvæmd starfsins og ákveða gjald fyrir það, er húseigendur greiði. Slík samþykkt öðlast gildi, er ráðuneytið hefur staðfest hana. Gjöldin má taka lögtaki.

39. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á því, að reykháfum í húsum þeirra sé vel við haldið og að sótarar hafi frjálsan og óhindraðan aðgang að sótopum reykháfa.

40. gr.

Sótarar skulu hreinsa reykháfa undir stjórn slökkviliðsstjóra og eru ábyrgir í starfi sínu gagnvart honum. Þeir skulu hreinsa reykháfana vel og koma sótinu fyrir á öruggum stað utanhúss. Verði sótarar varir vanrækslu í meðferð sótopa eða reykháfa, svo sem ef þeim er ekki haldið nægilega við, gerðir ónothæfir eða hættulegir, skulu þeir aðvara húseiganda, sem ber skylda til að bæta tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Vanrækslu skal slökkviliðsstjóri kæra til sekta.

Sóturum ber að ganga eins hreinlega um húsin og auðið er og kappkosta að valda íbúum húsanna sem minnstum óþægindum. Umkvartanir á hendur sóturum skulu sendar slökkviliðsstjóra skriflega.

41. gr.

Reykháfa skal hreinsa svo oft, sem þörf gerist, og eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri, nema slökkviliðsstjóri mæli öðruvísi fyrir. Bæjarstjórnin getur sett sérstök ákvæði um hreinsun reykháfa í húsum, þar sem

heitt vatn er notað til hitunar og gas eða rafmagn til eldunar, en þvottapottar kyntir með kolum eða öðru eldsneyti.

Daginn áður en sóthreinsun fer fram, skal sótari tilkynna húseiganda og afhenda honum eyðublað, er húseigandi eða annar í hans stað undirritar að henni lokinni. Á þriggja mánaða fresti skal sótari afhenda slökkviliðsstjóra eyðublöðin, sem skilríki fyrir því, að hreinsunin hafi farið fram.

42. gr.

Eftirlit með eldfærum, reykpípum og reykháfum, skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári hverju í öllum húsum í kaupstaðnum.

43. gr.

Eftirlitsmönnum eldfæra ber sérstaklega að athuga:

Að frágangur eldfæra og reykháfa sé samkvæmt gildandi reglum og að þeim sé vel við haldið.

Að umgengni öll í miðstöðvarherbergjum og geymsla á eldsneyti sé eins og vera ber.

Að eldfim efni eða sprengiefni séu ekki geymd í húsum umfram það, sem leyfilegt er, og að tryggilega sé frá þeim gengið.

Að handslökkvitæki hússins séu í lagi.

44. gr.

Eftirlitsmenn skulu færa bækur um störf sín, þar sem tilgreint er, hvaða dag skoðun hefur farið fram í hverju húsi. Inn í bækurnar rita þeir athugasemdir sínar um skoðunina og gera grein fyrir því, sem þeir telja þurfa viðgerðar við og leggja fyrir, að það sé lagfært þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af, en ella setja þeir frest til að framkvæma viðgerðina. Sé viðgerðin ekki framkvæmd á tilteknum tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra húseiganda til sekta, samkv. 29. gr. laga um brunavarnir og brunamál.

Eftirlitsbækur eldfæra skulu viðurkennast af Brunamálastofnun ríkisins og skulu geymdar þar, sem Brunamálastofnun ríkisins hefur greiðan aðgang að þeim.

Ef Brunamálastofnun ríkisins þykir eitthvað ábótavant um framkvæmd eftirlitsins, er henni heimilt að láta fara fram sérstakt eftirlit á kostnað bæjarsjóðs.

45. gr.

Heimilt er vátryggingarfélögum að láta fara fram athugun á eldfærum og reykháfum á sinn kostnað.

VI. Um öryggistæki í húsum.

46. gr.

Í samkomuhúsum, veitingahúsum, gistihúsum, skólum, sjúkrahúsum, íþróttahúsum, barna- og elliheimilum og öðrum slíkum stöðum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, svo og í verksmiðjum, vinnustofum, vörugeymslum, benzínafgreiðslum og öðrum þeim stöðum, sem Brunamálastofnun ríkisins eða slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt, skulu vera nothæf handslökkvitæki.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, látið setja brunaslöngur í samband við vatnsveitu húsanna á kostnað húseiganda, og er hann skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau og má ekki nota þau til neins annars en slökkviráðstafana.

47. gr.

Á þriðju hæð timburhúsa og ofar (kjallari, sem að hálfu leyti er grafinn í jörð eða meir, telst ekki hæð), ber að hafa björgunarkaðla, eða önnur jafngild björgunartæki, að minnsta kosti við einn glugga í hverri íbúð. Sama gildir um steinhús, sem að verulegu eða öllu leyti eru þiljuð með timbri. Í húsum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, sbr. 46. gr., ákveður brunamálanefnd í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, hvar skuli hafa slík björgunartæki. Enn fremur hefur brunamálanefnd og Brunamálastofnun ríkisins heimild til að fyrirskipa aðrar varúðarráðstafanir, er talið er þurfa, t. d. sérstakar viðvörunarbjöllur í sambandi við raflagnir hússins.

48. gr.

Slökkviliðsstjóri, í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, ákveður hverju sinni, hve mörg framangreind tæki skulu vera og hvar og hvernig þeim skuli fyrir komið, og segir fyrir um viðhald þeirra og endurnýjun.

Húseigendum er skylt að afla sér tækjanna á sinn kostnað og kosta uppsetningu þeirra og viðhald.

Handslökkvitæki eða björgunarkaðla má ekki selja almenningi hér, nema þau hafi verið viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins. Allir, er selja slík tæki, skulu leita viðurkenningar Brunamálastofnunar ríkisins fyrir þeim.

VII. Varúðarráðstafanir í samkomuhúsum o. fl.

49. gr.

Starfsemi á þeim stöðum, er um ræðir í 46. gr., eða aðra slíka má ekki reka, nema brunamálanefnd hafi samþykkt húsnæði það, sem notað er, og að kröfum þess um öryggi gegn eldsvoða sé fylgt í öllum greinum.

Framangreinda starfsemi skal ekki leyfa í nýjum húsum, nema þar sem burðarveggir, gólf og stigar eru úr eldtraustu efni og innveggir að minnsta kosti úr lítt eldnæmu efni. Í húsum, sem notuð eru til slíkrar starfsemi, er reglugerð þessi öðlast gildi, getur brunamálanefnd veitt undanþágu frá þessum kröfum, enda sé það skylt að fylgja sérstökum fyrirmælum Brunamálastofnunar ríkisins og brunamálanefndar um öryggi gegn eldsvoða.

50. gr.

Í þeim húsum, sem um ræðir í 46. gr., skal eingöngu nota rafmagnsljós, þar sem þess er kostur, og sé umbúnaður rafmagnslagna, ljósa og tækja samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins. Húseiganda ber að sjá um, að öllum þessum umbúnaði sé vel við haldið og hann fullnægi ávallt framangreindum reglum. Skal hann nægilega oft láta sannprófa, að svo sé, og senda slökkviliðsstjóra skýrslur eftirlitsmanns um slíka athugun.

51. gr.

Í samkomuhúsum, sem stöðugt eru notuð til kvikmynda- og leiksýninga, skulu stólar og bekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum, er eigi taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægðin milli stólaraða, mælt frá sætisbaki að sætisbaki, skal vera minnst 80 cm, séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1 m, sé setan föst. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 50 cm.

Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið.

Breidd ganga milli sætaraða eða til hliðar, svo og breidd annarra ganga, stiga og dyra, sem nota þarf til útgöngu, skal ákveða þannig: Minnsta breidd þeirra sé 1.2 m fyrir fyrstu 150 áhorfendur og síðan 33 cm í viðbót fyrir hverja 50 áhorfendur, sem nota þurfa gangana, stigana eða dyrnar, og hlutfallslega fyrir annan

fjölda. Þessa breidd ganga, stiga og dyra má hvergi skerða, svo sem með fatageymslu, borðum, stólum eða lausamunum. Áhorfendur mega ekki standa á þessum stöðum, meðan sýningar fara fram.

52. gr.

Allar dyr á samkomusölum og göngum frá þeim skulu opnast út, og hurðir falla þannig að vegg, að þær skerði ekki útgönguleiðina. Skal ávallt vera hægt að opna þær fyrirvaralaust af hverjum sem er, og skulu þær greinilega auðkenndar með rauðum ljósum, og getur brunamálanefnd lagt fyrir, að ljós þessi séu frá sérstökum rafgeymum.

Í samkomusölum, þar sem 50 manns eða fleiri hafa sæti, skal ávallt hafa minnst tvær útgöngudyr, aðaldyr salarins og varadyr, skal þeim þannig fyrir komið, að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgangarnir mega ekki liggja á sömu hlið hússins, heldur að tveimur götum eða hæfilega stórum húsagarði og götu, nema með leyfi brunamálanefndar.

Stigar mega aldrei liggja beint að útgöngudyrum. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera a. m. k. 120 cm langur pallur. Frá áhorfendasvölum skulu vera minnst tveir stigar, lýstir utan frá um glugga á vegg eða þaki. Stigarnir mega ekki liggja niður í áhorfendasalinn og fólksstraumnum frá þeim skal beint þannig, að hann rekist ekki á eða mæti fólki á leið að öðrum útgöngum.

Gluggatjöld, veggtjöld og dyratjöld úr eldnæmu efni eða efni, sem myndar mikinn reyk við bruna, má ekki nota í samkomusölum.

53. gr.

Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum, nema með leyfi brunamálanefndar enda samþykki hún allan umbúnað leiksviðsins.

Á leiksviðum skulu vera vatnsleiðslur með að minnsta kosti tveimur áföstum 1"—1½" víðum og minnst 5 m löngum slöngum með stútum. Slöngunum skal þannig komið fyrir beggja vegna með hliðum leiksviðsins, að auðvelt sé að komast að þeim og nota þær. Á hverju leiksviði skulu enn fremur vera að minnsta kosti tvö 9 lítra viðurkennd handslökkvitæki. Fyrir leiksviðinu skulu vera óeldfim tjöld, sem brunamálanefnd samþykkir.

Búningsherbergi leikenda, leiktjalda- og búningsgeymslur og útbúnaður þeirra allur skal vera háður samþykki brunamálanefndar.

54. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, m. a. um útbúnað dyra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu. Ber sérstaklega að gæta ítrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

55. gr.

Reykingar eru bannaðar á áhorfendasvæðum leikhúsa og kvikmyndahúsa.

56. gr.

Öryggisútbúnaður í sýningarklefum kvikmyndahúsa skal vera samkvæmt reglugerð um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar, nr. 49 12. marz 1947.

57. gr.

Brunavörður skal ávallt vera til eftirlits í samkomuhúsum við leiksýningar, fjölleikasýningar og jólatrésskemmtanir. Brunamálanefnd getur enn fremur ákveðið, að brunavörður skuli vera í sýningarskálum, markaðsskálum, hlutaveltum og öðrum

opinberum stöðum, þar sem miklu er fyrir komið af eldnæmum efnum. Brunamálanefnd setur nánari reglur um framangreinda brunavörzlu, og ákveður gjald fyrir hana, er greiðist af eigendum samkomuhúsanna.

VIII. Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði.

58. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði í kaupstaðnum skulu gerð úr steinsteypu eða öðru jafneldtryggu efni, nema þar sem brunamálanefnd heimilar aðra gerð.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði mega því aðeins vera í íbúðarhúsum, eða sambyggð þeim, að engar dyr eða önnur op séu á milli þeirra og húsanna.

Séu bifreiðaskýli, sem byggð eru í sambandi við íbúðarhús, stærri en fyrir tvær bifreiðar, skulu þau hólfuð sundur með eldtraustum veggjum, svo að aldrei standi saman fleiri en tvær bifreiðar í hverju hólfi.

59. gr.

Heimilt er brunamálanefnd að setja sérstök fyrirmæli um fyrirkomulag, stærð og notkun bifreiðaskýla og bifreiðaverkstæða, sem rúma fleiri en 6 bifreiðar.

60. gr.

Benzín má ekki vera í geymum bifreiða, sem sýndar eru í verzlunum eða geymdar um lengri tíma á stöðum, er fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til bifreiðaskýla almennt. Benzín má hvorki taka af né láta á geyma bifreiða á framangreindum stöðum. Rafgeymir bifreiðar skal tekinn úr sambandi meðan bifreiðin er geymd þannig.

61. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má hvorki nota til geymslu á eldfimum efnum né til vörugeymslu almennt, nema því aðeins, að þiljað sé milli með eldtraustum vegg.

62. gr.

Bifreiðaskýli skulu vera loftræst með tveimur opum niður við gólf, sínu á hvorum vegg, þar sem því verður við komið, annars á tveim stöðum á framhlið.

63. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má ekki hita upp með kolaofnum, gasofnum, olíuofnum, rafmagns-glóðarofnum né opnum eldstæðum.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði skal lýsa upp með rafljósum, þar sem þess er kostur, og skulu leiðslur og annar ljósaútbúnaður vera samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins. Þar sem ekki er kostur rafmagns, má einungis nota vel byrgð ljósker.

Feitimengaðan tvist og tuskur má ekki geyma í bifreiðaskýlum eða bifreiðaverkstæðum, nema í eldtraustum loftþéttum ílátum.

Í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum er bannað að reykja.

IX. Verksmiðjur, vinnustofur og vörugeymsluhús.

64. gr.

Verksmiðjur, vinnustofur og önnur atvinnufyrirtæki, sem eldhætta stafar af, má ekki setja á stofn í kaupstaðnum, breyta né reka, nema fullnægt verði kröfum brunamálanefndar um öryggisráðstafanir.

65. gr.

Nú sækir slíkt atvinnufyrirtæki um leyfi til rekstrar og leitar þá bæjarstjórn tillagna brunamálanefndar, áður en leyfið er veitt. Brunamálanefnd setur hverju sinni þær reglur, er henni þykir þurfa, um stofnun og rekstur fyrirtækjanna, umfram þær almennu reglur, sem settar eru með þessari reglugerð. Sama gildir um þau fyrirtæki, sem þegar eru starfandi, en hafa ekki fengið leyfi brunamálanefndar til rekstrarins, eða fullnægja ekki settum skilyrðum fyrir slíkum rekstri.

66. gr.

Engin meiri háttar slík atvinnufyrirtæki má reka í húsum, sem jafnframt eru notuð til íbúðar. Minni háttar rekstur, sem telja má hættulítinn fyrir íbúa hússins, má hafa í íbúðarhúsi, að fengnu leyfi brunamálanefndar, enda sé þá fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem brunamálanefnd kann að setja um reksturinn í slíkum húsum. Skal þess sérstaklega gætt, að húsnæði það, sem notað er til rekstrarins, sé nægjanlega einangrað frá híbýlum manna, með múrveggjum eða múrhúðun á veggjum og loftum. Atvinnurekstur, sem notar eldfim efni, sem sprengingarhætta stafar af, má aldrei fara fram í húsum, sem notuð eru til íbúðar.

67. gr.

Eldfim efni eða lausa hluti, svo sem eldsneyti, timbur, viðarlíki, hefilspæni, sag, bólstur, hálm, fatnað eða þess háttar, má ekki hafa nær gufukötlum, miðstöðvarkötlum, kolaofnum, límofnum eða öðrum eldstæðum og reykleiðslum en í 50 cm fjarlægð, né láta þau liggja að rafmagnshreyflum.

68. gr.

Leiðslur fyrir ókælda gufu skulu vera tryggilega einangraðar eða a. m. k. 5 cm frá viðum og öðrum eldnæmum hlutum.

69. gr.

Glæður, gjall og annan úrgang úr eldstæðum skal láta í fullkomlega eldtraust ílát úr málmi eða steini utanhúss.

70. gr.

Í verksmiðjum og vinnustofum, þar sem eldfim efni eru höfð um hönd, skal nota rafljós til lýsingar. Sé ekki hægt að koma því við eða ef bilun verður á rafmagnstækjum, rafmagnslögnum eða raforkugjafa, má einungis nota lokuð ljósker. Ljósaperur mega aldrei liggja að viðum eða viðarlíki. Í ofangreindum verksmiðjum og vinnustofum er bannað að reykja og nota óbyrgð ljós.

71. gr.

Rafmagnstaugar má ekki stytta með hnútum eða vefja þeim um króka, nagla eða aðra hluti, er leitt geta rafstraum. Þess skal og gætt, að einangrun rafmagnstauga skemmist ekki af núningi eða öðrum orsökum. Rafmagnslagnir má hvorki nota til að hengja á þær hluti né tengja við þær snúrur eða víra. Atvinnufyrirtækjum ber að sjá um, að allur rafmagnsbúnaður sé samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins, og að honum sé vel haldið við. Athugun á rafmagnsbúnaðinum skal að jafnaði fara fram einu sinni á ári eða eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

72. gr.

Fægigögn, svo sem tvist, tuskur, hamp o. þ. h., sem notuð hafa verið til að þurrka eða fægja vélahluta, skal brenna á hverju kvöldi eða geyma á óhultum stað í eldtraustum, loftþéttum ílátum.

Annan eldnæman úrgang skal daglega, eftir vinnutíma, hreinsa burt af vinnustöðvum og flytja á öruggan stað, þar sem óviðkomandi menn eiga ekki aðgang að.

73. gr.

Eldnæma hluti, sem hafðir eru til umbúða, eða notaðir til iðnaðar, svo sem tréspæni, hálm, hey, hamp, tvist, tréull o. þ. h., skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af slíkum efnum á vinnustöðvum, en notað er hvern dag.

74. gr.

Í timbursmiðjum, húsgagnavinnustofum og öðrum verkstæðum, sem svipuð eldhætta stafar af, skal enn fremur gætt þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæði eða ofni. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokuð ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefur verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi bæjarráðs komi til. Ekki má geyma meira eldfimt smíðaefni í smíðahúsinu en þarf til þess að vinna verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva af þeirri gerð, er Brunamálastofnun ríkisins tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

75. gr.

Í verksmiðjuhúsum, vinnustöðvum og öðrum húsum, sem notuð eru til atvinnurekstrar, má ekki geyma neitt í anddyrum, göngum eða stigum, sem hindrað getur eðlilegan umgang um húsin.

76. gr.

Um útbúnað og rekstur acetylengasgerðar setur Brunamálastofnun ríkisins reglur, þegar þurfa þykir.

Birgðir af gas- og súrhylkjum skal geyma í eldtraustum húsum, sem eru ekki sambyggð öðrum húsum. Engin önnur eldfim efni má hafa þar um hönd.

Á vinnustöðvum skal eigi hafa fleiri gas- eða súrhylki en til daglegra nota, og skal þeim komið fyrir á sérstökum vögnum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað. Þar skulu festar upp áskoranir á áberandi stöðum um, að menn komi hylkjunum strax á öruggan stað, ef eldsvoða ber að höndum.

Þar sem gas- eða súrhylki eru geymd, skal vera góð loftræsting og þess ávallt gætt, að auðvelt sé að komast að þeim og að þau geti ekki oltið um koll.

Ávallt skal fara varlega með gas- og súrhylki. Þau mega ekki verða fyrir höggum og ekki vera notuð sem viðnám eða undirstaða við flutning hluta.

Hylkin má ekki setja nálægt hitaleiðslum, við opinn eld, nálægt eldfimum efnum eða geyma þau í sólarhita.

Hönum hylkjanna skal ávallt loka vandlega, eftir að þau hafa verið notuð.

Við notkun súrhylkja skal þess vandlega gætt, að feiti komist ekki að opum þeirra, krönum eða slöngum. Þau mega ekki standa þar, sem hætt er við, að feiti geti sletzt á þau, og varast skal að snerta þau með feitugum höndum.

77. gr.

Brunamálanefnd lætur prenta og festa upp á vinnustöðvum, þar sem henni þurfa þykir, þær varúðarreglur, er hún telur nauðsynlegar.

78. gr.

Bygging og fyrirkomulag vörugeymsluhúsa í kaupstaðnum skal vera háð samþykki brunamálanefndar.

Í vörugeymsluhúsum skal ekki vera yfir 20 m milli eldtraustra veggja, nema samþykki brunamálanefndar komi til. Á slíka veggi má gera op, enda séu fyrir þeim eldtraustar hurðir. Hurðirnar skulu ávallt vera lokaðar, þegar ekki er verið að vinna í húsunum.

Í vörugeymsluhúsum má ekki reykja né nota óbyrgð ljós. Skal tilkynna það með greinilegum auglýsingum á áberandi stöðum.

X. Um geymslu á timbri o. fl.

79. gr.

Eigi má geyma timbur, kol, mó, hey, sag, hefilspæni eða önnur álíka eldfim efni, nema þar sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir, enda sé fylgt fyrirmælum hans um geymsluna.

Innanhúss má geyma smáskammta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er íkveikjuhætta.

Viðarstakkar skulu ekki vera stærri en 60 m², og ekki hærri en 5 m. Minnsta fjarlægð milli stakka skal vera 2 metrar og frá húsum 6.3 metrar, nema leyfi slökkviliðsstjóra komi til.

80. gr.

Gerð og fyrirkomulag húsa, sem ætluð eru til geymslu eða sölu á timbri, skal háð fyrirmælum brunamálanefndar.

Við þurrkun á timbri innanhúss skal fyrirkomulag þurrkklefanna og stöflun timbursins í þeim háð fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Í timburgeymsluhúsum og heyhlöðum má ekki reykja né nota óbyrgt ljós.

XI. Um geymslu og meðferð eldfimra vökva.

81. gr.

Skip, sem flytja birgðir af benzíni, steinolíu og öðrum álíka eldfimum vökvum og leggjast að bryggju, skulu fá leyfi hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra til fermingar eða affermingar. Skal hvort tveggja fara fram samkvæmt fyrirmælum þeirra.

Skipin skulu hafa uppi rauðan fána að degi til, en rautt ljós í myrkri. Skip, sem flytur olíu í geymum, má ekki sigla inn fyrir hafnargarða eða leggjast að bryggju eða byrja losun, nema það sé gasþétt. Sé benzín eða annar ámóta eldfimur vökvi í skipinu, skal skipstjóri, áður en losun hefst, gefa slökkviliðsstjóra eða fulltrúa hans skriflegt vottorð um, að gasmælir skipsins sýni skipið gasfrítt.

Enginn úr landi má fara um borð í skipið, nema með leyfi varðmanna í hvert sinn.

Skip með vél í gangi, eld í eldavél eða eld undir kötlum, má ekki liggja utan á slíku olíuflutningaskipi, meðan ferming eða afferming fer fram. Ákveður slökkviliðsstjóri fjarlægð slíkra skipa eftir vindstöðu.

Engin vinna má fara fram á bryggju, sem slíkt olíuflutningaskip liggur við, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Bifreiðar með vélar í gangi mega ekki vera á varðsvæðinu.

82. gr.

Skylt er slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd að skipa varðmann til þess að sjá um, að allrar varúðar sé gætt við fermingu eða affermingu skips. Eigandi farms greiðir kostnað af slíkri gæzlu.

Meðan slík vinna fer fram við skip, má ekki reykja né hafa um hönd óbyrgð ljós eða eld um borð í skipinu eða á varðsvæðinu. Getur slökkviliðsstjóri krafizt, að sama gildi um skip, sem liggja fast að olíuflutningaskipi.

83. gr.

Birgðir af benzíni, steinolíu eða öðrum eldfimum vökvum, má hvergi geyma í kaupstaðnum, nema á þeim stöðum, sem brunamálanefnd hefur samþykkt.

Til heimilisnotkunar er heimilt að geyma innanhúss í vel þéttum umbúðum allt að 1 lítra af benzíni og 200 lítrum af steinolíu.

Tilkynna skal slökkviliðsstjóra, ef einhver hefur í geymslu meira magn, og skal hlíta ákvörðun hans um öryggi og um synjun heimildar til geymslu.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um, að umbúnaður og umgengni á geymslustöðum sé samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

84. gr.

Sölu eldfimra vökva má ekki reka, nema með leyfi brunamálanefndar. Fyrirkomulagi á sölustað skal hagað eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Sala á benzíni í kaupstaðnum skal einungis leyfð frá eldtraustum neðanjarðargeymum með viðurkenndum dæluútbúnaði. Lyfjabúðum skal þó heimilt að selja allt að 250 g í senn af hreinsuðu benzíni.

Í verzlunum, þar sem steinolía er seld, getur brunamálanefnd krafizt, að hún skuli afgreidd frá neðanjarðargeymum utanhúss með leiðslu að dælu á sölustað. Málmskál skal höfð undir þeim ílátum, sem olían er afgreidd í, til að taka móti olíu, er kann að renna utan hjá ílátunum. Varkárni og hreinlætis skal gætt í allri umgengni.

Í verzlunum, þar sem terpentína, tjara, smurningsolía og aðrir álíka eldnæmir vökvar eru seldir, má eigi geyma meira en eina tunnu af hverri tegund innanhúss.

Aðrar birgðir af þessum vökvum skulu geymdar utan afgreiðslustaðar, á þeim stöðum, sem slökkviliðsstjóri hefur samþykkt.

85. gr.

Tunnur, sem benzín er flutt í, skulu málaðar á botnum með rauðum lit.

Enginn sölumaður má afgreiða eldfiman vökva á tunnur, nema tunnan sé greinilega merkt innihaldi.

Tómar benzín- eða olíutunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannafæri.

86. gr.

Bifreiðar til flutnings á benzíni í stálgeymum, skulu búnar stopphana á benzínpípu til aflvélarinnar, sem auðvelt er að komast að úr sæti bifreiðarstjóra. Í byrgi bifreiðarstjóra skulu vera ekki færri en 2 handslökkvitæki af viðurkenndri gerð. Bannað er að reykja í bifreiðinni. Bannað er bifreiðarstjóra að flytja farþega.

Benzíngeymar skulu vera úr minnst 5 mm þykkum stálplötum með soðnum samskeytum. Geymar mega ekki vera stærri en svo, að þeir rúmi mest 5000 lítra, nema að fengnu leyfi Brunamálastofnunar ríkisins. Ekki má fylla geyma meir en svo, að 1% sé ætlað fyrir hitaþenslu. Slanga til áfyllingar og tæmingar skal svo gerð, að hún leiði ekki rafmagn. Áyllingarpípan skal ná nær því í botn á geymi. Loftlokar skulu vera af öruggri gerð og búnir smáriðnu öryggisneti úr bronsi.

Beggja megin á geyma skal mála greinilega „Benzín — Eldfimt".

Bifreiðarstjórar skulu gæta varúðar um að skilja ekki eftir bifreið sína á almannafæri, hvorki með hlassi eða með tóman geymi.

Sömu varúðar skulu bifreiðarstjórar gæta, ef flytja á áfylltar eða tómar benzíntunnur. Óheimilt er að ferma eða afferma slíkt hlass við eða á almannafæri, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri ákveður, hvar geyma megi næturlangt bifreið, er flytur benzín.

Bifreiðarstjóri skal sýna fullkomna varfærni meðan hann losar benzín í sölugeymi, og má ekki víkja frá bifreiðinni, fyrr en gengið er frá fylliopi geymis. Hann skal sérstaklega gæta þess, að benzín skvettist ekki niður.

Engin bifreið má koma að sölugeymi, meðan losun fer fram.

Slökkviliðsstjóri getur sett sérstakar reglur til frekara öryggis, um losun benzíns af bifreið á sölugeymi.

87. gr.

Birgðir olíufélaga eða útsölumanna þeirra, hvort heldur í tunnum eða stálgeymum, má aðeins geyma þar sem bæjarstjórn leyfir, að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins. Skylt er að hafa þær varúðarráðstafanir, sem settar verða.

88. gr.

Enginn sölumaður eldfimra vökva eða olíufélaga má afgreiða til annarra staða benzín, steinolíu eða aðra álíka eldfima vökva, nema tryggt sé, að viðurkenndur geymslustaður sé fyrir hendi hjá móttakanda.

Skipaafgreiðsla má ekki taka á móti tómum né fullum benzíntunnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

89. gr.

Sölugeyma fyrir benzín má hvergi setja upp við götu eða opin svæði í kaupstaðnum, nema þar sem brunamálanefnd samþykkir, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af.

Tóbaksreykingar skulu bannaðar í nánd við sölugeymi. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu. Bannað er að selja tóbak og eldspýtur, þar sem afgreiðsla benzíns fer fram.

XII. Um sprengiefni.

90. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra, og er skylt að skýra frá efnasamsetningi þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

91. gr.

Fyllstu varúðar skal gætt við geymslu, meðferð og flutning sprengiefna. Þeirsem vinna við það, mega ekki reykja né hafa í vörzlum sínum neins konar eldfæri eða nota óbyrgð ljós.

92. gr.

Birgðageymslur sprengiefna skulu eingöngu vera utan kaupstaðarins og í hæfilegri fjarlægð frá húsum og vörubirgðum. Umbúnaður þeirra er háður samþykki brunamálanefndar.

93. gr.

Dynamit og önnur sprengiefni, sem notuð eru daglega, skulu eingöngu vera í vörzlu verkstjóra, sem ber persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð. Mest magn slíkra sprengiefna innanbæjar má vera allt að 5 kg auk nauðsynlegra hvellhettna. Skal slökkviliðsstjóra tilkynnt, hvar það er geymt og á hvern hátt.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. fl.

94. gr.

Sprengiefni má ekki selja nema með samþykki brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður, hve miklar birgðir mega vera fyrir hendi á sölustað á hverjum tíma, og hvernig geymslu á þeim skuli komið fyrir.

95. gr.

Skotelda (flugelda) má eingöngu framleiða í steinhúsum, sem ekki eru notuð til íbúðar. Húsnæði það, sem notað er til framleiðslunnar, skal vera samþykkt af brunamálanefnd og setur það nánari ákvæði um nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Sala skotelda er bundin leyfi brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður hve miklar birgðir megi vera á hverjum stað, og hvernig þeim skuli komið fyrir. Óheimilt er að selja öðrum efni til skoteldagerðar en þeim, sem hafa leyfi brunamálanefndar til að framleiða skotelda.

Í skoteldum, púðri og öðrum sprengiefnum má ekki kveikja á almannafæri, nema með leyfi lögreglustjóra.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 55 22. maí 1969 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, staðfest af félagsmálaráðuneytinu 3. október 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 25. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

FYRIRMÆLI
um sakaskrá ríkisins og sakavottorð.

1. gr.

Saksóknari ríkisins heldur sakaskrá fyrir land allt og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Sakaskrá ríkisins skal haldin í spjaldskrárformi í stafrófsröð og í hana færð þau atriði, sem talin verða í 3.—6. gr.

3. gr.

Héraðsdómarar, þar með taldir sérdómstólar, skulu, svo sem verið hefur, tilkynna sakaskránni, hver úr sínu lögsagnarumdæmi, niðurstöður allra dóma og dómsátta — svo og áminningar — í opinberum málum þ. á m. lögræðissviptingarmálum og málum til brottnáms lögræðissviptingar og skulu tilkynningar sendar án óþarfs dráttar.

Dómar Hæstaréttar í opinberum málum skulu tilkynntir sakaskránni.

Einnig skal tilkynna sakaskránni lögregluáminningar samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

4. gr.

Ákærufrestun samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, skal færa í sakaskrá.

5. gr.

Niðurstöður erlendra dómstóla í refsimálum íslenzkra ríkisborgara og erlendra manna, búsettra hér á landi skal færa í sakaskrá eftir því sem slíkar dómstólaúrlausnir berast sakaskránni.

6. gr.

Tilkynna skal sakaskránni uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum og enn fremur uppreist æru og endurveitingu réttinda, sem sakborningar hafa verið sviptir með dómi.

7. gr.

Auk þess sem saksóknari ríkisins gefur út, sér til afnota, vottorð úr sakaskrá ríkisins, skulu sakavottorð látin þessum í té, að beiðni þeirra:

a. Aðila sjálfum.
b. Hæstarétti.
c. Dómsmálaráðuneyti.
d. Héraðsdómara og málflytjendum í opinberu máli.
e. Héraðsdómara í einkamáli.
f. Lögreglustjórum vegna veitingar atvinnuréttinda, vegna eftirlits með útlendingum og í sambandi við almenna löggæzlu.
g. Erlendum dómstólum og löggæzluyfirvöldum, eftir mati saksóknara.

8. gr.

Upplýsingar, án skriflegs vottorðs, getur saksóknari veitt um sakferli, þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna starfsráðninga, stöðuveitinga og sifjamálefna.

9. gr.

Vottorð samkvæmt sakaskrá má láta í té, þess efnis að aðili njóti allra borgarlegra réttinda.

10. gr.

Í sakavottorði skal eigi greina, nema hið gagnstæða teljist af sérstökum ástæðum nauðsynlegt, að mati saksóknara:

a. Áminningar.
b. Ákærufrestanir og skilorðsdóma, þar sem skilorð hafa verið haldin.
c. Sýknudóma (endanlega sýknudóma).
d. Refsiniðurfallsdóma og aðra dóma í opinberum málum þar sem eigi er gerð refsing.
e. Dóma, sem sætt hafa uppgjöf sakar.
f. Fésektir innan við kr. 10 000.00, þegar 3 ár eru liðin frá ákvörðun þeirra með dómi eða dómsátt.
g. Fésektir frá kr. 10 000.00 til kr. 30 000.00, þegar 10 ár eru liðin frá ákvörðun þeirra með dómi eða dómsátt.
h. Dóma um refsivist innan við 6 mánuði, þegar 10 ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins.
i. Lögræðissviptingu eða brottnám lögræðissviptingar.
j. Ákvæða dóma í opinberum málum um önnur viðurlög við brotum en refsingar, skal því aðeins getið í sakavottorði, þegar 3 ár eru liðin frá dómsuppkvaðningu og þau þá eru úr gildi fallin, að rétt þyki og nauðsynlegt að mati saksóknara. Sama máli gegnir, séu slík viðurlög ákvörðuð með dómsátt. Telst þá 3ja ára tímabilið frá gerð dómsáttar.

11. gr.

Þegar beiðst er sakavottorðs um sakferli á vissu sviði, svo sem á sviði umferðarmála eða áfengismála, má takmarka vottorðið við það svið, en þess skal þá getið í vottorðinu, að svo sé.

12. gr.

Þeir opinberir aðiljar, sem annast gerð dómsmálaskýrslna og yfirlitsskýrslna um sakfræðileg efni (kriminalstatistik), skulu hafa aðgang að sakaskrá ríkisins í starfi sínu, enda fari það eigi í bág við eðlilega starfrækslu skrárinnar.

Fyrirmæli þessi eru gefin samkvæmt 18. gr. 4. mgr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, og taka gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. marz 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

Nr. 70. 5. apríl 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 28 18. apríl 1958, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

Fyrri mgr. 24. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagi afnotagjalds fyrir hljóðvarp er 1. apríl. Heimilt er þó að innheimta hljóðvarpsgjald í tvennu lagi á gjalddögum sjónvarps.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands.

I. Rannsóknastofnun í bókmenntafræði.

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í bókmenntafræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) Stofnunin annast grundvallarrannsóknir í íslenzkri og almennri bókmenntafræði: bókmenntasögu, bókmenntalegri fagurfræði og bókmenntagagnrýni.
b) Stofnunin annast þjóðfélagslegar rannsóknir á íslenzkum og almennum bókmenntum.
c) Stofnunin annast rannsóknir á íslenzkum og almennum leikhúsbókmenntum í tengslum við íslenzka leiklistar- og leikhússögu, unz sérstakri stofnun yrði komið á fót í þeirri grein.
d) Stofnunin annast rannsóknir í íslenzkri og almennri samanburðarbókmenntafræði, svo og á sambandi bókmennta við aðrar listgreinar, til að mynda myndlist og tónlist.
e) Stofnunin annast útgáfu bókmenntatexta og fræðirita um íslenzkar og almennar bókmenntir.
f) Stofnunin gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum til kynningar á fræðilegum nýjungum, rannsóknaæfingum og fyrirlestrum og fæst við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknastarfsemi stofnunarinnar, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
g) Stofnunin annast alla kennslu í íslenzkum og almennum bókmenntum og bókmenntafræði við heimspekideild, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.
h) Stofnunin gengst fyrir námskeiðum, æfingum og fyrirlestrum fyrir starfandi skólakennara í þeim greinum, er undir stofnunina falla, og fæst við hvað annað, er gildi getur haft fyrir bókmenntakennslu í skólum landsins.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í bókmenntafræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenzkum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kýs sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heimspekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skipar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Ágreiningi skal skotið til háskólaráðs.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

5. gr.

Stofnunin er til húsa í Árangarði, unz annað yrði ákveðið, og hefur þar til umráða a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

6. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969, um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

7. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Fastir kennarar í íslenzkri og almennri bókmenntafræði við heimspekideild Háskóla Íslands.
b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknum eða kennslu.
c) Stúdentar, er stunda nám við stofnunina, en stjórnin kveður nánar á um stöðu þeirra.
d) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

II. Rannsóknastofnun í sagnfræði.

8. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í sagnfræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

9. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) Að annast grundvallarrannsóknir í sagnfræði og öðrum þeim greinum henni skyldum, sem aðrar stofnanir sinna ekki, eða þá í samvinnu við þær.
b) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.
c) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknaæfingum, fyrirlestrum og hvers konar annarri starfsemi, er verða megi til gagns fyrir almenning og kennslu í sagnfræði í skólum landsins, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
d) Að annast útgáfustarfsemi.
e) Að annast alla kennslu í sagnfræði við heimspekideild, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara, er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í sagnfræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenzkum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kýs sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heimspekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skipar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Ágreiningi skal skotið til háskólaráðs.

11. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

12. gr.

Unz öðruvísi yrði ákveðið, hefur stofnunin til umráða húsnæði í Árnagarði, a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

13. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

14. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Sagnfræðikennarar í fullu starfi við heimspekideild Háskóla Íslands.
b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknum eða kennslu.
c) Stjórn stofnunarinnar kveður nánar á um stöðu stúdenta í tölu starfsliðs.
d) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

III. Rannsóknastofnun í norrænum málvísindum.

15. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í norrænum málvísindum skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

16. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) Stofnunin skal annast grundvallarrannsóknir í málvísindum, einkum málfræði norrænna mála, sögu þeirra og forsögu. Í tengslum við rannsóknastörfin hefur stofnunin á hendi útgáfu fræðirita, gengst fyrir fræðafundum og ráðstefnum, námskeiðum til kynningar á fræðilegum nýjungum, rannsóknaæfingum og fyrirlestrum, og fæst við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geti að því að efla rannsóknastarfsemi hennar, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
b) Unz komið verður á fót rannsóknarstofnun í hljóðfræði, skal stofnunin safna gögnum (segulbandsupptökum o. fl.) um íslenzkt nútímatalmál og varðveita þau. Skal í stofnuninni vera aðstaða til að vinna úr þessum gögnum.
c) Stofnunin skal sinna verkefnum í hagnýtum málvísindum, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til, svo sem að annast rannsóknir á verkefnum, er varða móðurmálskennslu í skólum, að gangast fyrir námskeiðum, æfingum eða fyrirlestrum fyrir starfandi skólakennara í þeim greinum, er undir stofnunina falla, og að fást við hvað annað, er hagnýtt gildi getur haft í tungumálakennslu.
d) Á vegum stofnunarinnar skal fara fram öll sú kennsla við heimspekideild, sem starfsmenn stofnunarinnar hafa með höndum, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara, er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í íslenzkri málfræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenzkum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kýs

sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heimspekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skiptar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Ágreiningi skal skotið til háskólaráðs.

18. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

19. gr.

Unz öðruvísi verður ákveðið, hefur stofnunin til umráða húsnæði í Árnagarði, a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

20. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

21. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Kennarar í fullu starfi við heimspekideild í þeim greinum, sem undir stofnunina falla, þó ekki erlendir sendikennarar.
b) Fastur kennari í almennum málvísindum, þar til komið yrði á fót stofnun í þeirri grein.
c) Erlendur sérfræðingur, er boðið er til starfs við stofnunina, að jafnaði til hálfs eða eins misseris í senn, eftir því sem fé er veitt til. Fela má honum, skv. tillögu stjórnarinnar, takmarkaða, kennsluskyldu að fengnu samþykki deildarinnar.

d) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknum eða kennslu.
e) Stjórn stofnunarinnar kveður nánar á um stöðu stúdenta í tölu starfsliðs.
f) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87 gr., og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 72. 16. apríl 1971.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Þeir einir hafa rétt til að gera uppdrætti, skv. 8. og 10. gr., er hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar.

Byggingarnefnd veitir slíka löggildingu eftirtöldum aðilum: Arkitektum og byggingarverkfræðingum, hvorum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefndin úr. Heimilt er nefndinni að ákveða í löggildingu hverju sinni, hve víðtækt verksvið aðila megi vera. Til löggildingar þarf a. m. k. eins árs starfsreynslu, er byggingarnefnd telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Þá veitir byggingarnefnd eftirtöldum aðilum löggildingu: Byggingartæknifræðingum, byggingarfræðingum og mönnum, er hafa svipaða menntun að dómi byggingarnefndar, hverjum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefndin úr. Til löggildingar samkvæmt þessari málsgrein þarf 2½—5 ára starfsreynslu, sem nefndin telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Byggingarnefnd getur áskilið, áður en hún veitir löggildingu, skv. þessari grein, að umsækjandi hafi sótt námsskeið um íslenzka byggingarlöggjöf og annað, sem hún telur, að skipti sérstöku máli við mannvirkjagerð á Íslandi.

Þeir, sem rétt hafa til að gera uppdrætti, er samþykkt þessi öðlast gildi, skulu halda rétti sínum. Sama rétt skulu þeir og fá, sem rétt hafa til að kalla sig byggingarfræðinga, skv. lögum nr. 78/1968, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að uppdráttur sé réttur og gerður samkvæmt gildandi lögum og reglum og brjóti ekki í bág við rétt annarra.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1971.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Neskaupstað.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri höfn og innri höfn.

a. Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseyri að Vindheimi.
b. Innri höfnin er allt hafnarsvæðið og viðlegupláss innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs undir yfirumsjón bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu þannig: 3 aðalfulltrúar og 3 varafulltrúar úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 aðalfulltrúar og 2 varafulltrúar utan bæjarstjórnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og annarra fastanefnda bæjarstjórnar.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Bæjarstjóri hefur rétt til fundarsetu í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Skal hann sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er hafnarstjórn að kjósa hafnarstjóra formann hafnarstjórnar.

Undir stjórn hafnarstjórnar annast hafnarstjóri allar daglegar framkvæmdir og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum þar að lútandi.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ráða svo marga fasta starfsmenn, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum hafnarstjórnar, sem setur þeim, svo og hafnarstjóra, erindisbréf.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra, sem hann eða hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert löglegt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

Stranglega er bannað að leggja hluti til geymslu á bryggjum eða hafnaruppfyllingum, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu og fara eftir reglugerð um brunamál, XII. kafla, 88. gr., sem gefin er út skv. lögum nr. 37. 1. apríl 1948.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnaryfirvalda. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Notkun skotvopna er bönnuð, án leyfis, á höfninni og sérstaklega skal gæta þess, að fugladráp á höfninni eigi sér ekki stað.

Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferð gefi tilefni til eða af öðrum nauðsynlegum ástæðum.

8. gr.

Öllum skipum, farartækjum, svo og verksmiðjum eða öðrum, er stranglega bannað að dæla, kasta eða láta renna í höfnina olíur, lýsi eða annað slíkt, er valdið getur mengun sjávar, og ber að hlíta í öllu reglum um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 8 20. janúar 1971.

Í höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, köðlum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar.

9. gr.

Geymsla á tómum benzíntunnum eða ílátum undan eldfimum efnum, svo og öðru, sem sprengju- eða eldhætta getur stafað, af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

10. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir eða neitt það, sem getur valdið óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjórnar komi til hverju sinni.

11. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, þétta eldri skip eða framkvæma viðgerðir á þeim á annan hátt, nema leyfi hafnarstjórnar komi til. Einnig þarf leyfi hafnarstjórnar eða hafnarstjóra til þess að leggja skipum í fjörur hafnarinnar. Báta, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum, þar sem þeir eru, að dómi hafnarstjórnar eða lögreglustjóra, til óþrifnaðar eða óþæginda.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA OG UMFERÐ ÞEIRRA Á HÖFNINNI.

12. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

13. gr.

Þegar skip leitar hafnar skal skipstjóri eða umboðsmaður þess tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

14. gr.

Skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði og banni hafnarstjórnar eða starfsmönnum hennar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarstjórnar, nægilegt og gott pláss fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má setja net eða dufl svo nærri bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

15. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

16. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarstjórnar til að liggja mannlaus við festar á höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og séð um, að þær verði framkvæmdar, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

17. gr.

Skipum, sem heima eiga í Neskaupstað, eða gerð eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarstjórn getur ákveðið hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má flytja legugögn skips sína, nema með leyfi hafnarstjórnar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis hafnarstjórnar.

18. gr.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarstjórnar eða umsjónarmanna hennar, um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni, getur hafnarstjórn látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

19. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr því sé bætt tafarlaust.

Skipum er skylt að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða uppfyllingar.

20. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjórnar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarstjórn látið færa skipið burt á kostnað eiganda og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar, viðtengdar skrúfum, ganga með svo miklu afli að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi af því hætta.

V. KAFLI
NOTKUN Á HAFNARBRYGGJUM OG MANNVIRKJUM

22. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja á meðan hin eru afgreidd. Ekkert skip getur þó krafizt þess, að komast fyrirvaralaust að bryggju, þegar það kemur á höfnina, nema hafnarstjóra hafi verið tilkynntur komutími þess með nægilegum fyrirvara, ef rýma þarf viðlegupláss. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjórnar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjórn vísað skipum frá bryggjum, álíti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggjum.

23. gr.

Ef skipstjóri óskar eftir starfsmanni hafnarinnar um borð í skip sitt til að leiðbeina sér við að leggjast að bryggju, eða annarrar fyrirgreiðslu, skal skipið greiða þá þjónustu eftir reikningi hafnarstjórnar. Hafnarstjóri getur krafizt þess, hvenær sem er, ef hann telur nauðsyn á, að hann eða aðrir, sem hann tilnefnir, verði á skipsfjöl til leiðbeiningar við að leggja skipi að bryggju, eða sigla skipi inn í innri höfnina.

24. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða uppfyllingar, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm.

Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

25. gr.

Ekki mega skip hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

26. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarstjórn láta gera það á þeirra kostnað.

27. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða uppfyllingum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjórnar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess.

Hafnarstjórn getur heimtað gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarinnar.

28. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki nægilega gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið unz umbætur hafa farið fram.

VI. KAFLI
HAFNARMANNVIRKI EINSTAKRA MANNA OG FÉLAGA INNAN HAFNARINNAR.

29. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað. Að öðru leyti gilda reglur samkv. IV. kafla hafnalaga nr. 48/1967, 17. gr.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

Lestargjöld.

30. gr.

Öll skip, 12 rúmlestir brúttó og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld er þau koma á Neskaupstaðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

31. gr.

A. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið, eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald (lestargj.) einu sinni á ári, sem hér segir: Vélbátar frá 5—30 rúmlestir brúttó greiði kr. 40.00 af hverri brúttórúmlest, vélbátar 30—70 rúmlestir brúttó greiði kr. 10 000.00 árlegt gjald, vélbátar 70—100 rúmlestir brúttó greiði kr. 15 000.00 árlegt gjald, og stærri skip

greiði árlegt gjald kr. 25 000.00. Vélbátar undir 5 rúmlestir brúttó greiði árlegt gjald kr. 200.00.

Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.

B. Innlend fiskiskip greiði kr. 2.00 af hverri brúttórúmlest.

C. Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði kr. 1.20 af hverri brúttórúmlest.

D. Öll önnur skip, er til hafnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 2.40 af hverri brúttórúmlest, eins og hún mælist mest, í hvert sinn er þau koma á höfnina.

Bryggjugjöld.

32. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skulu greiða bryggjugjöld af brúttóstærð skipsins, eins og hún mælist mest, sem hér segir:

A. Af öllum aðkomuskipum greiðast kr. 1.40 fyrir hverja brúttórúmlest hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

B. Skip heimilisföst í Neskaupstað, eða eign búsettra manna í Neskaupstað, skulu greiða kr. 16.00 af hverri brúttórúmlest einu sinni á ári. Gjalddagi er 1. júlí.

33. gr.

Herskip, skemmtiferðaskip og íslenk vitaskip og varðskip, skip sem leita hafnar vegna illviðris eða sjóskaða og þau, sem eingöngu leita hafnar til að leggja á land sjúka menn og látna, eru undanþegin gjöldum samkvæmt 31. gr. og 32. gr. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálft lestargjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju.

Vörugjöld.

34. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað skip, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

35. gr.

Ef vörur, sem skv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Neskaupstaðar og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi, og þær vörur, sem settar eru á land úr skipi og fara um borð í sama skip aftur, enda sé það tekið fram á farmskrá skipsins til hvaða hafna þær eiga að fara.

36. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin nota.

b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

37. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minna broti en hálfri gjaldeiningu sleppt.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða

affermt. Þyki hafnarskrifstofunni ástæða til getur hún hvenær sem er ákveðið vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

38. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og greiða gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

39. gr.

A. BROTTFLUTTAR OG AÐFLUTTAR SJÁVARAFURÐIR

1. flokkur: **Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg.**
Ísaður fiskur, saltfiskur, fiskimjöl, síldar- og loðnumjöl, lýsi, söltuð síld, söltuð hrogn.

2. flokkur: **Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg.**
Hraðfrystar sjávarafurðir ótalið annars staðar, verkaður saltfiskur, söltuð fiskflök, ný fiskflök, söltuð og súrsuð síldarflök og sjávarafurðir ótalið annars staðar.

3. flokkur: **Gjald kr. 9.00 fyrir hver 100 kg.**
Niðursuðuvörur alls konar, humar, rækja, frystur skelfiskur, skreið og harðfiskur.

4. flokkur: **Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.**
Loðna, kolmunni, spærlingur og gulllax, sem landað er til bræðslu.

5. flokkur: **Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg.**
Síld, sem landað er til bræðslu.

6. flokkur: **Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg.**
Síld, loðna og bolfiskur, sem landað er til söltunar, frystingar, niðurlagningar eða niðursuðu og hvers konar annarrar vinnslu.

B. BROTTFLUTTAR OG AÐFLUTTAR VÖRUR.

7. flokkur: **Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg.**
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, garðávextir, steypustyrktarjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.

8. flokkur: **Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg.**
Olíur alls konar og benzín.

9. flokkur: **Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg.**
Smávélar, bifreiðar, alls konar varahlutir, rafmagnsvörur, fiskumbúðir, alls konar byggingarvörur ótaldar annars staðar, málning og málningarefni og allar vörur ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

10. flokkur: **Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg.**
Vefnaðarvara, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnavörur til iðnaðar.

C. VÖRUR SEM REIKNAST EFTIR RÚMMÁLI OG STYKKJATÖLU.

11. flokkur: **Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet.**
Trjáviður.

12. flokkur: **Gjald kr. 2.00 fyrir hvert tengingsfet.**
Húsgögn, hljóðfæri og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

13. flokkur: **Gjald fyrir hvert stykki:**
Stórgripir kr. 30.00, sauðfé og loðdýr kr. 10.00, tómar tunnur og kassar kr. 4.00.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

40. gr.

Vatnsgjald, vigtargjald, leiga á áhöldum hafnarinnar og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá eða ákvörðun, sem hafnarstjórn setur hverju sinni, nema samningar komi til.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús, dráttarbraut og aðrar fasteignir hafnarsjóðs, sem leigt er einstaklingum og félögum, um lengri eða skemmri tíma, svo og aðstöðu, sem veitt er á bryggjum eða hafnarmannvirkjum, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi við hafnarstjórn.

VIII. KAFLI
INNHEIMTA OG GREIÐSLA HAFNARGJALDA

41. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

42. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra eða hafnarskrifstofunni þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, unz gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar. Sama gildir um skip, sem um getur í 31. gr. A lið og í 32. gr. B lið, hafi gjöldin eigi verið greidd í árslok það ár, sem þau féllu í gjalddaga.

Aðila, sem kaupir fisk af fiskiskipi, ber að halda eftir af aflaverðmætinu nægilegri upphæð til að greiða hafnarsjóði öll gjöld, sem skipinu ber að greiða honum.

43. gr.

Vörugjald greiðir mótttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

44. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og önnur opinber gjöld, skv. IV. kafla hafnalaga 12. gr. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem hafnargjald, bryggjugjald og önnur sú aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

45. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningi verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveim óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð lauk.

Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

46. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni, eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjórnar.

47. gr.

Hafnarstjóra skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

48. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

49. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjórnar eða hafnarstjóra með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjórn að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

50. gr.

Hafnarstjórn getur hvenær sem er, með boði til ákveðinna skipa eða með auglýsingum um almenna reglu, takmarkað siglingahraða skipa á höfninni.

51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða reglum, sem hafnarstjórn kann að setja, samkvæmt heimild í þessari reglugerð og auglýsir, varðar sektum allt að kr. 100 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Neskaupstaðar.

52. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 190 5. nóvember 1963 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 26. apríl 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 74. 27. apríl 1971.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Vestur-Landeyjahrepps í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Vestur-Landeyjahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, en nefndin getur kosið eða ráðið einn eða fleiri menn til að annast rekstur veitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um allar Vestur-Landeyjar, þannig að hver vatnsnotandi hafi greiðan aðgang að tengja við veituna í mest 5 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi eða öðru húsi þess í stað. Frá þeirri tengingu skal hver vatnsnotandi leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Skylt er húseiganda eða landeiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

5. gr.

Hreppsnefnd getur látið loka fyrir vatnið vegna viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að

slík lokun fari fram. Heimilt er og að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

6. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa umferð á landi sínu vegna vatnsveitunnar, bæði vegna lagningar og viðhalds. Hver sá, er veldur spjöllum á vatnsveitunni, er skyldur að greiða fullar bætur.

7. gr.

Hreppsnefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar eru staðsettar, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti áfátt, skal húeigandi tafarlaust bæta úr því. Ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera við það á hans kostnað.

8. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, sem leiða kann af rekstrurstruflunum, takmörkunum á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

9. gr.

Hver bóndi, íbúðareigandi eða annar sjálfstæður vatnsnotandi, skal greiða stofngjald kr. 75 000.00 — sjötíu og fimm þúsund krónur —, og skal greiða gjaldið að hálfu við byrjun framkvæmdar og seinni helminginn um leið og tenging við aðalæð fer fram. Þeir, sem síðar kunna að gerast aðilar að vatnsveitunni, greiði auk stofnkostnaðs allan kostnað við heimtaug sína úr aðalæð.

10. gr.

Vatnsskatt ber að greiða til vatnsveitu Vestur-Landeyjahrepps af öllum fasteignum í Vestur-Landeyjahreppi, af fasteignamatsverði lands 1% og af fasteignamatsverði húsa ½%. Eigandi hverrar eignar ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti þessum nemur. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka vatnsskatt fyrir eitt ár í senn, þó aldrei meira en 50%.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts skal vera 1. júlí, og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Stofngjald og vatnsskatt má taka lögtaki, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða sektum allt að kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 52 12. marz 1965 um breyting á reglum nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

1. gr.

5. málsgrein (5. fl.) í 128.1 gr. orðist þannig:
Skip sem eru 20 brl. og stærri og heyra ekki undir neinn ofangreindra flokka.

2. gr.

Á eftir 5. málsgrein í 128.1 gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:
6. fl.: Þilfarsskip minni en 20 brl.

3. gr.

128.9 gr. orðist þannig:
5. flokkur.

1. Skip í þessum flokki, 20 brl. og allt að 500 brl. skulu búin talstöð með að minnsta kosti 10 watta orku í loftnet, ómótuð burðarbylgja. Talstöðvarnar skulu vera krystalstýrðar og vera búnar tíðninni 2182 kr/s ásamt minnst 8 tíðnum öðrum, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni, vera reknar frá tvöföldu setti rafgeyma með góðum hleðslubúnaði, fjórföldum hníf, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu, með rofa til að rjúfa hleðslustrauminn.

   Einnig er heimilt að reka stöðina frá einföldu setti rafgeyma, enda sé þá notaður sjálfvirkur hleðslubúnaður, sem jafnframt einangrar rafgeyma frá ljósneti skipsins.

   Aldrei er heimilt að tengja ljósnet skipsins beint við talstöðina. Ef um einfalt sett rafgeyma er að ræða, skal það hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í 6 klst. samfleytt, en séu settin tvö skal hvort um sig hafa nægilega rýmd til 5 klst.

   Töluliðir 2—5 að báðum meðtöldum haldast óbreyttir.
6. Öll skip í þessum flokki skulu búin neyðartalstöð skv. gr. 128.10.4. og auk aðalviðtækis einu viðtæki faststilltu á 2182 kr/s og skal það viðtæki gert fyrir þá tíðni eina.
7. Gerð skyldu-radíótækja, svo og gerð loftneta, jarðsambanda, hleðslubúnaðar og raflagna að slíkum tækjum, er háð samþykki og eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar.

4. gr.

Á eftir 128.9 gr. komi ný grein svo hljóðandi:
6. flokkur.

1. Skip í þessum flokki skulu búin talstöð með að minnsta kosti 10 watta orku í loftnet, ómótuð burðarbylgja.

   Talstöðvarnar skulu vera krystalstýrðar og búnar tíðninni 2182 kr/s og minnst 3 tíðnum öðrum, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni.

   Skulu þær jafnan reknar frá einu setti rafgeyma, sem hafa nægilega rýmd til að reka stöðina ásamt viðtæki í 5 klst. að minnsta kosti.
2. Rafgeymar skulu ávallt vera vel hlaðnir og ekki má nota þá til annarra hluta. Talstöðvarvörður skal sjá svo um að bæta á þá eimuðu vatni eftir þörfum og fylgjast reglulega með sýruþunga með sýrumæli.

Æskilegt er að hleðslubúnaður sé sjálfvirkur, sem skammtar hæfilegan hleðslustraum fyrir geymana og skal hann þá jafnframt einangra þá frá ljósneti skipsins.

En sé um handstýrðan hleðslubúnað að ræða, skal vera sérstakur rofi við talstöðina, sem gerir mögulegt að rjúfa hleðslustrauminn, og einangra rafgeymana frá ljósneti skipsins jafnframt því, að þeir eru tengdir við radíótækin.

Þar sem því verður við komið, skulu rafgeymarnir vera staðsettir ofanþilja, ella skal þannig frá þeim gengið, að ekki stafi af þeim hætta.

3. Skipið skal búið einu viðtæki að minnsta kosti. Heimilt er að það sé krystalstýrt eingöngu á jafnmörgum tíðnum og talstöðin, eftir reglum póst- og símamálastjórnarinnar, þannig að viðtökutíðnir samsvari senditíðnum.
4. Flytjist skip milli landshluta getur orðið nauðsynlegt að skipta um sendi og viðtökutíðnir þeirra, svo möguleg verði viðskipti við þá strandstöð, sem bezt hentar hverju sinni. Annast radíóverkstæði Landssímans eða menn í umboði þess, slíkar breytingar.
5. Skip í þessum flokki, sem eru 15 brl. og stærri, skulu að auki búin neyðartalstöð samkv. gr. 128.10.4. og einu viðtæki faststilltu á 2182 kr/s og skal það viðtæki gert fyrir þá tíðni eina.
6. Gerð skyldu-radíótækja, svo og gerð loftneta, jarðsambanda, hleðslubúnaðar og raflagna að slíkum tækjum, er háð samþykki og eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar.

5. gr.

Í 1., 2., 3. og 4. flokki bætist ný grein við samhljóða 7. gr. í 5. flokki og 6. gr. í 6. flokki.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 77. 6. maí 1971.

AUGLÝSING

um heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Að gefnu tilefni tilkynnist, með vísun til heimildar í 253. gr. Heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík, að sérstakt leyfi heilbrigðismálaráðs þarf til sölu á eftirtöldum vörum í nýlenduvöruverzlunum í Reykjavík:

Nýjum, frystum, söltuðum eða reyktum fiski, kjöti og kjötvörum, sem ekki eru niðursoðnar, mjólk, rjóma, skyri, salötum og öðrum neyzluvörum, sem viðkvæmar eru að dómi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1971.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Sveinn Jónsson.

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingar samkvæmt lögum nr. 5/1968.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, segir svo:

„1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda þegar menntamálaráðherra ákveður".

Með skírskotun til framanritaðs hefur ráðuneytið ákveðið, að framangreindar skipulagsbreytingar aðrar en þær, sem greinir í 3. tölulið, skuli nú koma til framkvæmda. Ráðuneytið hefur þegar tekið við verkefnum fjármálaeftirlits skóla og fræðslumálaskrifstofan verður nú ein af deildum ráðuneytisins (fræðslumáladeild). Íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verða starfsmenn í ráðuneytinu.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

7. maí 1971. Nr. 79.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Ákvæði þau, sem menntamálaráðuneytið starfar eftir, eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969. Lögin og reglugerðin tóku gildi 1. janúar 1970.

Samkvæmt reglugerðinni fer menntamálaráðuneytið með málefni, er varða:

1. Kennslu og skóla, þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla og barnaskóla. Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, matsveina- og veitingaþjónaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verzlunarskóla, tónlistarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleys-

ingjaskóla, blindraskóla, svo og aðra skóla og námsstofnanir, sem ekki eru sérstaklega falin öðru ráðuneyti. Almenna fræðslustarfsemi, þ. á m. námsflokka og bréfaskóla. Lánasjóð íslenzkra námsmanna og námsstyrki, þ. á m. styrki til erlendra námsmanna. Ríkisútgáfu námsbóka. Fræðslumyndasafn ríkisins.

2. Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, sem ekki ber undir önnur ráðuneyti, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóð.
3. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.
4. Listir. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun. Menntamálaráð Íslands. Rithöfundasjóð Íslands, stuðning við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir.
5. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp).
6. Höfundarétt.
7. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni, íslenzka málnefnd.
8. Félagsheimili og félagsheimilasjóð.
9. Æskulýðsstarfsemi, Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, íþróttir, Íþróttasamband Íslands, Íþróttasjóð. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á m. Kvenfélagasamband Íslands.
10. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir.
11. Náttúruvernd, minjar og þjóðgarða, aðra en Þingvelli.
12. Fuglafriðun og fuglaveiðar. Dýravernd. Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
13. Skemmtanaskatt, annað en innheimtu.

Í sambandi við setningu reglugerðarinnar um Stjórnarráð Íslands var ákveðið, að engin breyting yrði á samstarfi einstakra ráðuneyta við þær erlendar stofnanir, sem þau hafa haft bein samskipti við. Í þessu felst, að því er menntamálaráðuneytið varðar, að það fer með málefni, sem varða norræna og alþjóðlega samvinnu á sviði menningarmála, þ. á m. Menningarsjóð Norðurlanda (Nordisk kulturfond), Norrænu menningarmálanefndina (Nordisk kulturkommission), Norræna húsið í Reykjavík og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóðafræðslumálaskrifstofuna (International Bureau of Education) í Genf, Bernarsambandið, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) o. fl., svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, segir svo m. a.:

Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.

Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.

Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög nr. 49/1956 til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.

1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

Samkvæmt ákvæðum í framangreindum lögum nr. 5/1968 var fjármálaeftirlit skóla sameinað menntamálaráðuneytinu frá 1. ágúst 1970 og stofnunin lögð niður.

Með auglýsingu ráðuneytisins, dags. í dag, er ákveðið, að skipulagsbreytingar samkvæmt lögum nr. 5/1968 skuli nú koma til framkvæmda, að því er tekur til laga um fræðslumálastjórn nr. 35/1930, íþróttalaga nr. 49/1956 og laga um almenningsbókasöfn nr. 22/1963. Sameinast fræðslumálaskrifstofan ráðuneytinu, og verður núverandi fræðslumálastjóri deildarstjóri fræðsluáladeildar. Íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verða starfsmenn í ráðuneytinu.

Í 23. gr. laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, segir að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins taki við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins. Í byggingadeild ráðuneytisins verður framvegis arkitekt og verkfræðingur, en byggingaeftirlit flytzt í hina nýju stofnun.

Ráðuneytið hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það heyra, og eignum á vegum þeirra stofnana.

Hver deild hefur samstarf við aðrar deildir ráðuneytisins eftir því sem verkefni gefa tilefni til, en við öll störf í ráðuneytinu ber að hafa ríkt í huga, að ráðuneytið er ein heild og deildaskipting þess einungis vinnutilhögun, en ekki um að ræða sjálfstæðar einingar.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra, en starfsdeild stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Deilda- og verkaskipting innan menntamálaráðuneytisins er í höfuðatriðum eins og segir hér á eftir:

Menntamálaráðherra: Dr. Gylfi Þ. Gíslason.

Ráðuneytisstjóri: Birgir Thorlacius.

Deildir:

A-deild.

(Safna-, lista- og æskulýðsmáladeild).

Deildarstjóri:

Knútur Hallsson, sem jafnframt er skrifstofustjóri í ráðuneytinu.

Aðrir starfsmenn:

Runólfur Þórarinsson, fulltrúi, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, Jónína Elíasdóttir, bókari. Æskulýðsfulltrúi.

Verkefni:

Höfundaréttur, Bernarsambandið. Lögfræðilegar álitsgerðir. Barnaverndarmál, þ. á m. Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir. Skemmtanaskattur (annað en innheimta). Íþróttamál, þ. á m. Íþróttakennaraskóli Íslands, Íþróttasjóður, Íþróttasamband Íslands. Æskulýðs- og tómstundastarfsemi, þ. á m. Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og önnur félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á m. Kvenfélagasamband Íslands. Launa-, kjara- og réttindamál. Þjóðleikhús, leikfélög og önnur leiklistarstarfsemi, Listsýningar og önnur listkynning, innan lands og utan. Menntamálaráð Íslands og menningarsjóður. Leiklistar-, sönglistar- og listdansskólar. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónlistarskólar og önnur tónlistarstarfsemi. Rithöfundasjóður Íslands. Stuðningur við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Listamannalaun. Náttúruverndarmál, mengunarmál sem undir ráðuneytið falla, minjar og þjóðgarðar (aðrir en Þingvellir), þ. á m. Geysissvæðið í Haukadal og Skaftafell

í Öræfum. Fuglafriðun og fuglaveiðar, dýravernd, friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, skólabókasöfn, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.

B-deild.
(Háskóla- og alþjóðadeild).

Deildarstjóri:

Árni Gunnarsson.

Aðrir starfsmenn:

Þórður Einarsson, fulltrúi.

Verkefni:

Málefni Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands svo og allra skóla á menntaskólastigi. Tækniskóli Íslands. Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóður. Námsstyrkir, innlendir og erlendir, Lánasjóður ísl. námsmanna og námskynning. Norrænt og alþjóðlegt menningarsamstarf, þ. á m. Menningarsjóður Norðurlanda (Nordisk kulturfond), Norræna menningarmálanefndin (Nordisk kulturkommission), Norræna húsið í Reykjavík og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóðafræðslumálaskrifstofan (International Bureau of Education) í Genf, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki. Félagsheimili og félagsheimilasjóður. Íslenzk málnefnd.

C-deild.
(Skólarannsóknadeild).

Deildarstjóri:

Andri Ísaksson.

Aðrir starfsmenn:

Hörður Lárusson, fulltrúi, Málfríður Björnsdóttir, bókari.

Verkefni:

Rannsóknir á námi og kennslu. Tilraunastarfsemi í kennslumálum. Námsskrárgerð og endurskoðun námsefnis. Ríkisútgáfa námsbóka. Gerð menntunaráætlunar. Rannsókn og stöðlun prófa. Námseftirlit og námsmat. Sérkennsla, sálfræðiþjónusta. Sérfræðilegar ráðleggingar og leiðbeiningar í skólastarfi, m. a. um gerð stundaskráa, skipun í bekkjardeildir, lengd námsstunda, fjölda nemenda í bekkjardeildum. Við undirbúning skólahúsnæðis skal haft samráð við skólarannsóknadeild, svo sem um gerð kennslustofa, kennsluáhöld, skólabókasöfn og hvað eina er lýtur að hinu innra starfi skólanna.

D-deild.
(Byggingadeild).

Deildarstjóri:

Guðmundur Þór Pálsson.

Aðrir starfsmenn:

Sigurbjörn Guðmundsson, verkfræðingur, Elísabet Waage, bókari.

Verkefni:

Deildin skal fylgjast með nýjungum heima og erlendis í gerð skólahúsa og búnaði þeirra og stuðla að þróun skólabyggingamála á þann hátt að til heilla horfi um bætta náms- og kennsluaðstöðu og nýting fjármuna, sem til skólamannvirkja og búnaðar þeirra er varið. Deildin semur reglur (norm) um stærð skólamannvirkja, kennslustofa og annars skólarýmis og segir fyrir um gerð bygginga og efnisval og athugar og endurskoðar teikningar skólamannvirkja áður en ráðuneytið staðfestir þær. Hún skal vera með í ráðum um gerð samninga um bygging skólamannvirkja og um staðarval fyrir þau, bæði með tilliti til nemendaáætlunar, samgangna og annars þess, sem eðlilegt er að taka tillit til. Deildin starfar með fjármála- og áætlanadeild að gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar og langtímaáætlunar um skólamannvirki.

E-deild.
(Fræðslumáladeild).

Deildarstjóri:

Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri.

Aðrir starfsmenn:

Ólafur Haukur Árnason, fulltrúi, Sigurður Helgason, fulltrúi, Stefán Ól. Jónsson, fulltrúi, Guðrún Jónsdóttir, bókari, Lára I. Lárusdóttir, bókari, Guðrún Guðnadóttir, ritari.

Verkefni:

Málefni, er varða skyldunámsskóla og forskóla, sem eigi hafa sérstaklega verið falin öðrum deildum. Skólastjóra- og kennararáðningar fyrir skyldunámsskóla og framhaldsdeildir. Prófverkefni, prófdómarar. Kennaranámskeið, orlof kennara og framhaldsnám. Heilsuvernd í skólum. Hjúkrunarskóli Íslands, Iðnfræðsla, iðnskólar. Hótel- og veitingaskóli Íslands. Stýrimannaskólar, vélskólar. Húsmæðrakennaraskóli Íslands, húsmæðraskólar. Verzlunarskólar. Myndlista- og handíðaskóli og aðrir myndlistarskólar. Heyrnleysingjaskóli, blindrakennsla, kennsla afbrigðilegra nemenda. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval.

F-deild.
(Fjármála- og áætlanadeild).

Deildarstjóri:

Torfi Ásgeirsson.

Aðrir starfsmenn:

Indriði H. Þorláksson, fulltrúi, Sigurður Þorkelsson, fulltrúi, Örlygur Geirsson, fulltrúi, Þórdís Kristjánsdóttir, bókari, Guðrún Guðmundsdóttir, ritari.

Verkefni:

Áætlanagerð um rekstrar- og stofnkostnað skóla og annarra stofnana, sem undir ráðuneytið heyra, til notkunar við gerð fjárlagatillagna ráðuneytisins, og einnig gerð langtímaáætlunar um þörf fyrir skólamannvirki. Gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar strax að samþykktum fjárlögum hverju sinni, innan ramma fjárveitinga í fjárlögum og/eða annarra lögheimilaðra fjárframlaga og framlaga mótaðila. Hagræn menntaáætlunargerð. Nemendafjöldaáætlun. Endurskoðun og úrskurðun skólakostnaðarreikninga, bæði að því er varðar rekstrar- og stofnkostnað. Undirbúningur að samningagerð um stofnkostnaðarframkvæmdir.

G-deild.
(Greiðslu- og bókhaldsdeild).

Deildarstjóri:

Sigurður J. Briem.

Aðrir starfsmenn:

Knútur Þorsteinsson, fulltrúi, Dagbjört Aðalsteinsdóttir, bókari.

Verkefni:

Frá þessari deild fari allar greiðslur og greiðslufyrirmæli ráðuneytisins í hvaða formi sem er. Deildin annast bókhald og reikningsskil ráðuneytisins, sér um að ekki sé farið umfram fjárlagaheimildir í greiðslum, nema annarra fullgildra heimilda sé þá aflað, sér um að fullgildar heimildir séu fyrir hverri greiðslu og að þær séu í samræmi við lög, samninga, reikninga og áritanir þeirra, sem til þess hafa umboð að ákveða greiðslur. Deildin annast bókhald ráðuneytisins í því formi, að jafnan séu tiltækar upplýsingar um hvað hafi verið greitt til hvers eins og hvað sé ógreitt af heimiluðu fé. Bókhald og fylgiskjöl skulu vera í því formi og í þeirri röð og reglu, að dagleg endurskoðun ríkisendurskoðunar sé auðveld og skal endurskoðun fara fram jafnóðum. Deildin gerir yfirlitsskýrslur um framkvæmd samkvæmt fjárlagaliðum ráðuneytisins og sér um að undirbúa svör við athugasemdum, sem fram kunna að koma frá Ríkisendurskoðun eða yfirskoðunarmönnum Alþingis. Deildin gerir greiðsluáætlun ráðuneytisins fyrir hvert ár þegar að samþykktum fjárlögum og sér um að fylgt sé samþykktum greiðsluáætlunum annarra deilda ráðuneytisins. Deildin skal annast reikningshald og reikningsskil sjóða, sem ráðuneytið hefur í sinni umsjá eða sjá um að reikningar séu samdir, endurskoðaðir og birtir, ef bankastofnun hefur verið falið reikningshald.

Almenn skrifstofa.

Skjalavarzla:

Valgerður Vilhjálmsdóttir, skjalavörður, Alice Boucher, bókari.

Verkefni:

Að halda bréfum, símskeytum og öðrum skjalagögnum, sem ráðuneytinu berast eða samritum af skjölum, sem það sendir, í röð og reglu og skrá þau samkvæmt skráningarkerfi ráðuneytisins, sbr. bókina „Skjalasafn menntamálaráðuneytisins", annast að bréfa- og símskeytasamrit ráðuneytisins séu bundin inn árlega, annast eyðublaða- og sérprentanasafn, sjá um póstsendingar og gera skilagrein um burðargjöld.

Vélritun:

Kristín Hallgrímsdóttir, bókari, Björg Jónsdóttir, bókari.

Verkefni:

Að annast vélritun á íslenzku og erlendum málum eftir handriti eða hermi (diktafóni), semja og vélrita bréf um ýmis efni, annast ljósritun, sjá um útvegun bréfsefna og eyðublaða o. fl.

Símavarzla:

Sóley Brynjólfsdóttir, varðstjóri, Guðrún Erlendsdóttir, símastúlka, Jóhanna Jóhannesdóttir, símastúlka.

Verkefni:

Símavarzla og upplýsingaþjónusta.

Sendisveinar:

Steinar Friðgeirsson, Jóhann Guðmundsson.

Starfslið ráðuneytisins vinnur að verkefnum allra hinna ýmsu deilda eftir þörfum, auk þeirra sérverkefna, sem hverri deild eru ætluð, eftir því sem hentar heildarstarfinu og ráðuneytisstjóri ákveður. Hann getur fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annazt að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni, sem hann ákveður.

Ráðuneytisstjóri heldur svo oft sem hann telur þurfa fundi með deildarstjórum og/eða öðrum starfsmönnum um störf deilda og málefni, sem varða fleiri en eina deild eða eru stefnumótandi og kunna að skapa fordæmi.

Afgreiðslur, sem ráðherra undirritar, undirritar ráðuneytisstjóri með honum, en aðrar afgreiðslur skulu undirritaðar af ráðuneytisstjóra og meðundirritaðar af hlutaðeigandi deildarstjóra eða þeim starfsmanni öðrum, er afgreiðslu málsins hefur annazt. Öll bréf skulu merkt upphafsstöfum þeirra, sem hafa samið þau og vélritað, svo og tilvísun í skjalasafn ráðuneytisins.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

10. maí 1971. Nr. 80.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5 8. janúar 1970 um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt reglugerðinni, þ. e. lestagjöld skv. VII. kafla, bryggjugjöld skv. VIII. kafla og vörugjöld skv. IX. kafla (vörugjaldskrá) hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 46 19. febrúar 1970.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt VI. kafla reglugerðarinnar hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 82. 10. maí 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129 26. apríl 1966 um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn, nr. 4 3. janúar 1945, sbr. reglugerð nr. 119 30. júlí 1957.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt fyrstnefndri reglugerð, nr. 129 26. apríl 1966, hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 303 21. nóvember 1969.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt VII. kafla reglugerðarinnar hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um útgáfu 5000 króna seðils, samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um gjaldmiðil Íslands.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 um Seðlabanka Íslands og í lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn hinn 30. apríl n. k. gefa út 5000 króna seðil með svofelldri gerð:

Stærð seðilsins er 160×70 mm og er aðallitur hans brúnn.

Efst á framhlið seðilsins fyrir miðju er prentað: „Seðlabanki Íslands", en þar fyrir neðan er prentað í tveim línum „Fimm þúsund krónur" og þar undir í einni línu „Samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961". Fyrir neðan koma undirskriftir tveggja af þrem bankastjórum Seðlabankans. Talan 5000 er prentuð í bæði efri horn seðilsins og í neðra hægra horn hans. Númer hvers seðils er skráð vinstra megin ofan til og hægra megin neðan til, en fyrir framan hvort númer er skráð G. Til vinstri á framhlið er brjóstmynd af Einari Benediktssyni, skáldi, og er nafn hans prentað smáu letri hægra megin við hana. Fyrir miðju er mynd af rafstöðinni við Írafoss, en á hægri hlið seðilsins er vatnsmerki með mynd Sveins Björnssonar, forseta.

Málmþráður gengur lóðréttur í gegnum seðilinn til vinstri við miðju framhliðar hans.

Á bakhlið seðilsins er mynd af Dettifossi, auk þess sem talan 5000 er skráð í efra vinstra horn og neðra hægra horn hans.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 19. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Sauðárkrókskaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi yfirstjórn og rekstur hitaveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar.

Skrifstofa bæjarins sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil veitunnar.

Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

Bæjarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum í júní ár hvert þrjá menn í hitaveitunefnd og þrjá til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Hitaveitunefnd hefur á hendi eftirlit með rekstri og framkvæmdum veitunnar.

Hitaveitunefnd semur áætlun um tekjur og gjöld hennar og gerir áætlun um framkvæmdir og viðhald og leggur fyrir bæjarstjórn til fullnaðar afgreiðslu.

Bæjarstjórn skipar hitaveitustjóra og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hitaveitunefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið. Hitaveitustjóri sér um daglegan rekstur og framkvæmdir veitunnar í samræmi við samþykktir hitaveitunefndar og bæjarstjórnar.

Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróks.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Bæjarstjórn (hitaveitunefnd) lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitunefnd þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum og heimæðum svo og rennslishemli inn að stofnhana húsveitunnar.

Afnot hitaorku.

7. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitunefndar.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð hitaveitu.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldslaust.

Umsóknir.

11. gr.

Áður en hafizt er handa um lagningu nýrra kerfa (húsveitna), er um getur í 1. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast.

Hitaveitunni ber þó ekki skylda til þess að leggja heimtaugar meðan frost er í jörð eða á tímabilinu frá 1. okt. til 1. júní.

Umsókn á að fylgja **uppdráttur af lögninni í þríriti.**

Uppdrættir.

12. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða pípulagningarmeistara, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu bæjarstjórnar og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

13. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera DIN A2 (42.0 × 59.4 cm) eða stærri samkv. þeim stöðlum.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningum með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100 en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 20. gr.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, opnum og loftristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafizt þess, að útreikningar verði lagðir fram.

14. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Samþykkt uppdrátta.

15. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt að húsveitu, skal hann árita 3 eintök hans, tvö eintök skal varðveita í skjalasafni Sauðárkrókskaupstaðar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasafninu.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

16. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks löggildir menn, er hún telur hæfa til þess að annast pípulagningavinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur. Mega engir aðrir en þeir, sem hafa fengið slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða og samþykkta uppdrætti. Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu í pípum skv. reglugerð þessari, er staðizt hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu.

Eftirlit.

17. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir (húsveitur) séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Þrýstiprófa skal hitalagnir með vatni og 6 kg cm^2 þrýstingi. Álíti eftirlitsmaður hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

18. gr.


Hitaveitustjóri og eftirlitsmaður hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

19. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Tákn.
20. gr.


K
Ketill
Forhitari
Baðvatnsgeymir
Hitageymir
Öryggisloki með lóði
Þrívega hreyfilloki
Öryggisloki með fjöður
Flotloki
Einstreymisloki
Stilliloki
Hemill
Þrýstiminnkari
Ofnloki
Loftskrúfa
Miðstöðvarofn
Dæla
Framrennslispípa
Bakrennslispípa
Loki
Hreyfilloki
Þrívegaloki
Gólflistaofn
Geislahitunarflötur
Geislahitunarflötur
Lofthitari
Hitamælir
Þrýstimælir
Sáld
Þensluker, opið
Þensluker, lokað
Vatnsmælir

Viðurlög við brotum.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 86. 5. maí 1971.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. líter. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. líter.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald er kr. 200.00 á mánuði fyrir hvern mínútultr. í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanm.)		Heimæðagjald:			
400— 2.000 m³	=	10.000.00 kr.	f.	400 m³	8.00 kr./m³ þar yfir
2.000— 6.000 m³	=	22.800.00 kr.	f.	2.000 m³	6.80 kr./m³ þar yfir
6.000—10.000 m³	=	50.000.00 kr.	f.	6.000 m³	6.00 kr./m³ þar yfir
Meira en 10.000 m³	=	74.000.00 kr.	f.	10.000 m³	5.20 kr./m³ þar yfir

7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. febr. 1971. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks með fenemali.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps skal heimilt að nota fenemal (phenemalum) til eyðingar svartbaki í varplöndum á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí árið 1971.

2. gr.

Fenemal skal látið í egg um gat, sem gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta einn skammt af efninu, og skal því hrært saman við innihald eggsins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta efnið koma við sig, en fari svo, skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að setja fenemal í annað en egg.

3. gr.

Egg, sem fenemal hefur verið sett í, skulu lögð í varplönd, þar sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla (hrafn, kjóa), sem kunna að drepast af áti slíkra eggja, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast ber að snerta þá berum höndum.

Stranglega er bannað að leggja egg, sem fenemal hefur verið sett í, utan varplanda, t. d. í fjörur eða kringum fiskvinnslustöðvar, sorphauga og sláturhús.

4. gr.

Staðir þeir, þar sem eggjum, sem fenemal hefur verið sett í, er komið fyrir, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að, eiga leið, verði augljóst, að þar er von slíkra eggja, svo og fugla, sem drepizt hafa af áti þeirra. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvarp, sé kunnugt, hvar slíkum eggjum hefur verið komið fyrir.

5. gr.

Útlát fenemals til eyðingar svartbaki (sbr. 1. gr.) annast Lyfjaverzlun ríkisins gegn skriflegri beiðni umráðamanns æðarvarps, og skal beiðninni fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að leyfisbeiðandi sé eigandi eða umráðamaður friðlýsts æðarvarps.

Mönnum ber að gæta sérstakrar varúðar um meðferð fenemalsins, því að það er hættulegt mönnum og dýrum.

Fenemal skal afgreitt í skömmtum, 2 g í hverjum skammti. Hver eigandi eða umráðamaður æðarvarps skal eiga þess kost að fá allt að 100 skammta af femali á ári hverju.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—25 000.00 krónum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 33/1966. Öðlast hún þegar gildi og gildir til 1. júlí 1972 og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 11. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Björgunar- og sjúkrasjóð Breiðafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunar- og sjúkrasjóð Breiðafjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þorbirni Jónssyni og eiginkonu hans, Svanhildi Jóhannsdóttur, Mímisvegi 2, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00, sem fyrrnefnd hjón gáfu 24. apríl 1954, auk gjafa og framlaga frá ýmsum aðilum, þannig að sjóðurinn nemur ásamt vöxtum pr. 31. desember 1970 kr. 2 622 347.51. Er gjöf hjónanna innt af hendi í þeirri von, að Breiðfirðingar finni nauðsyn þess, að slíkur sjóður sé til, og reyni að efla hann á allan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Breiðfirðingar eigi jafnan aðgang að hinum fullkomnustu björgunartækjum, sem kostur er á, á hverjum tíma og örugga aðstöðu til hjálpar og hjúkrunar sjúkum og öldruðum við Breiðafjörð.

4. gr.

Stjórninni er heimilt að verja fé sjóðsins á hvern þann hátt, er hún telur bezt henta til að ná framangreindum tilgangi, m. a. skal heimilt að kaupa björgunartæki, eitt eða fleiri, í samvinnu við aðra, svo sem Slysavarnafélag Íslands og landhelgisgæzlu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé sýslumaður Snæfellsnessýslu formaður stjórnarinnar. Hinir 4 stjórnendur skulu vera sýslunefndarmenn eftirtalinna sveitarfélaga, einn frá hverjum stað: a) Ólafsvík, b) Hellissandi, c) Grundarfirði, d) Stykkishólmi. Að auki er Guðlaugur Þorláksson, skrifstofustjóri, Víðimel 27, Reykjavík, sjálfkjörinn í stjórnina, eða annar maður, er skrifstofa hans velur.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna á hvern þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast, en andvirði hans má verja skv. ákvæðum 4. gr. Þó skal aldrei skerða höfuðstól meira en svo, að hann nemi fullum 2 milljónum króna.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans færðir í gerðabók og endurskoðaðir af kjörnum sýsluendurskoðendum Snæfellinga árlega. Jafnframt skal sjóðsstjórnin gera sýslunefnd grein fyrir störfum sínum og ákvörðunum á aðalfundi sýslunefndar ár hvert.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar frá 23. júní 1954.

Reykjavík, 4. maí 1971.

Þorbjörn Jónsson

Nr. 89. 25. maí 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 27 28. marz 1962 og reglugerð nr. 110 1. júlí 1963, um breytingar á fyrstnefndri reglugerð.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, Reykjavík, þannig, að ein bifreið komi á hverja 170 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. málsgrein telst Reykjavík, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 170 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert þeirra atvinnuleyfa sem losna.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 170 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi, sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 27 28. marz 1962.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti af Hveragerði í Árnessýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 18. maí 1971 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Hveragerði í Árnessýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hveragerðishrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. maí 1971. Nr. 91.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Borgarness.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Borgarneshrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Borgarneshrepps. Hreppsnefndin skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Vatnsveitan hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar um hreppinn.

5. gr.

Hver sá, sem húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, sem vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og tæki þau, er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota, skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurð vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotum utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur verið tekið til skipulags og byggingar, getur vatns-

veitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum. Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta af stofnkostnaði við lögnina. Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju leyti eða öllu leyti þann kostnað er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá er óskar að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægjanlegum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem vatnsveitan lætur í té og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur að vatnslögninni í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tækniþekkingu á sviði vatnslagna og sem til þess hefur hlotið löggildingu vatnsveitunnar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Borgarnesi.

7. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0 × 59.4 cm eða 49.4 × 84.0 cm.

Standi sérstaklega á, getur vatnsveitan leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, og ef sýna þarf smáatriði 1:10 og 1:20. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utanhúss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistöð við vatnsveituæð. Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsleiðslna, loka og krana, svo og annarra þeirra atriða, sem málið snerta. Nota skal tákn þau, sem algeng eru í vatnslögnum. Vatnsveitan getur krafizt útreikninga á vatnslögninni, ef ástæða þykir til. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar vatnsveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal á hann færð áritun um það og annað eintak hans skal síðan geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af vatnsveitunni, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykkta þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið annast, staðfestir áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum. Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki

stendur, ber að tilkynna það vatnsveitunni. Skal pípulagningarmeistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda áfram verkinu fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið ábyrgð á verkinu.

10. gr.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

11. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar vatnspípur má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

12. gr.

Allar leiðslur frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi, nema vatnsveitan ákveði annað. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar.

Af jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama vatnslagnakerfi við tvær heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús, séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu ætíð sjá um tengingu heimæða við vatnsveituæð, en eigandi heimæðarinnar skal greiða sérstakt gjald áður, stofngjald, sem hreppurinn ákveður. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð, eða á fullnægjandi hátt fyrirbyggt, að ekki frjósi í vatnspípunum. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Vatnsveitan getur, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda, að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

13. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að vatnsæðar séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga.

14. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og skal húseigendum skylt að gefa upplýsingar m. a. um vatnsnotkun og fl. þ. h., eftir því sem óskað er. Starfsmönnum vatnsveitunnar ber að sýna fyllstu kurteisi við störf sín.

15. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar úr notkun innan skamms tíma. Kostnað er af þessu leiðir greiðir eigandi.

16. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

17. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af húseignum, sem um ræðir í 2. málsgrein og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni. Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði og vatn er lagt í.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern (rúmmetra) m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun. Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs, þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Stofngjald fyrir tengingu heimæðar, sbr. 12. gr., ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

18. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

19. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Vatnslögn innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

20. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu á vatnsæðum, hefur vatnsveitan rétt til að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun. Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið.

21. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða einkalögn.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 þúsund nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

23. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

24. gr.

Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps nr. 85 14. júní 1942 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. maí 1971. Nr. 92.

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Borgarness.

1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 4½% af fasteignamati þeirra, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 1000.00 af hverri íbúð.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.00 til 4.00 fyrir hvern m^3 vatns.

3. gr.

Vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern m^3 vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

5. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1500.00 og leiga kr. 1000.00 fyrir hvern mæli.

6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 93. 12. maí 1971.

REGLUGERÐ

um hrossaræktarbú að Hólum í Hjaltadal.

1. gr.

Á Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal skal starfrækja, á kostnað ríkissjóðs, kynbótabú fyrir reiðhross, samkv. 48. gr. laga nr. 21/1965 um búfjárrækt.

2. gr.

Skólastjóri Bændaskólans á Hólum hefur yfirumsjón með rekstri kynbótabúsins að öðru en því, sem sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

3. gr.

Hrossakynbótabúinu stjórnar 3ja manna nefnd, þannig skipuð:

1. Skólastjóri Bændaskólans á Hólum, og er hann formaður og fjárhaldsmaður.
2. Hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.
3. Aðili skipaður af landbúnaðarráðherra.

Tveir varamenn skulu tilnefndir af ráðherra. Heimilt skal varamönnum að sitja nefndarfundi.

4. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir á Hólum minnst 3 sinnum á ári. Fyrsti fundur skal haldinn fyrir febrúarlok. Þar skal gera grein fyrir starfsemi búsins á s. l. ári, taka ákvarðanir um tamningar og til hvaða hesta hryssur skuli leiddar, leigu stóðhesta og önnur mál, sem varða vorstarfsemi búsins.

Annar fundur skal haldinn snemma vors. Þá skal framkvæma nákvæma athugun á kynbótahrossunum, taka lokaákvarðanir um sýningar og framhald á tamningu.

Þriðji fundur skal haldinn fyrir októberlok. Þá skal taka lokaávörðun um ásetning og sölu hrossa.

Heimilt er nefndarmanni að boða til fleiri funda, ef þörf krefur.

5. gr.

Formaður boðar til funda með bréfi eða símskeyti, þannig að fundarboð sé komið fram minnst 10 dögum fyrir fundardag.

Kynbótabúið sér nefndarmönnum fyrir fæði og húsnæði meðan á fundum stendur, þeim að kostnaðarlausu.

6. gr.

Allar ákvarðanir nefndarinnar skulu færðar í gjörðabók. Fundargerðir skulu undirritaðar af öllum nefndarmönnum.

7. gr.

Nefndarfundur er því aðeins lögmætur og ákvörðunarbær, að þrír nefndarmenn sitji fund þar af tveir aðalmenn.

8. gr.

Grunnstofn kynbótabúsins skal vera:

1. Hryssur, sem eftir eru af þeim 20 hryssum, sem upprunalega voru keyptar til búsins frá Vatnsleysu, Kolkuósi, Svaðastöðum og Kýrholti, á árunum 1964—65.
2. Stóðhestar skulu vera af sama stofni og hryssurnar.
3. Afkvæmi ofantalinna hrossa.

Á búinu fer fram stofnræktun reiðhesta af ofangreindum stofni án blöndunar af öðrum óskyldum stofnum.

Ekki skal ræktaður neinn sérstakur hrossalitur. Stefnt skal að því, að fullvaxnar hryssur séu 138 cm bandmál og stóðhestar eigi minni en 140 cm bm.

Nefndin skal gera eða láta gera nákvæma lýsingu á hrossi sem vera skal **fyrirmyndar hestur**, sem að er stefnt í ræktun búsins. Skrásetja skal þessa lýsingu í fundarbók stjórnarinnar.

Skrásetja skal í stofnbók nákvæma lýsingu á hryssum og stóðhestum, sem mynda kynbótabúið. Lýsingu á kynbótahrossum skal fylgja glögg ljósmynd, tryggilega fest í bókina.

Halda skal sérstaka skrá yfir öll þau hross, sem seld eru frá búinu og geta kaupenda.

Halda skal sérstaka **úrvalsættbók** yfir úrvalshross búsins. Ákveður nefndin sérstaklega hvaða hross skulu færð í þessa bók og getur um leið kosta þeirra. Allar gerðabækur og ættbækur skulu geymdar **í eldtraustum skáp** á Hólum.

9. gr.

Nefndin skal ráða vel hæfan tamningamann fyrir búið og ákveða laun hans og kjör fyrir það starf. Heimilt er nefndinni í samráði við skólastjóra að ráða starfsmenn búsins til þessa starfs.

10. gr.

Afkvæmi undan hryssum, sem fengið hafa með öðrum hestum en nefndin ákveður hverju sinni, skulu útilokuð frá kynbótastarfsemi búsins, nema með samhljóða samþykki allrar nefndarinnar.

Hrossaræktarráðunautur gerir árlega tillögur til nefndarinnar um þau folöld, sem sett skulu á og alin til fullorðins aldurs og tamningar. Um slíkar og aðrar tillögur ráðunautar eða annarra nefndarmeðlima ræður meirihluti atkvæða nefndarmanna.

11. gr.

Óheimilt er að selja hross frá kynbótabúinu, nema heimild nefndarinnar komi til.

Nefndin ákveður sölutíma og söluskilmála söluhrossa, en samstarf skal hafa við skólastjóra um öll atriði, er varða slíka sölu.

Hrossum, sem seld eru frá búinu, skal ávallt fylgja staðfest ættbókarskírteini.

12. gr.

Óheimilt er að kaupa kynbótahross til búsins, nema af þeim stofni, sem frumræktaður er á búinu, og getið er um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Nefndinni er heimilt að leigja stóðhesta frá búinu. Nefndin ákveður leiguskilmála, s. s. folatoll, leigutíma, tölu á hryssum og val á hryssum, sem leiða má til hests. Aðeins má hafa stóðhesta í lögmætum girðingum, þar sem er nægilegt skjól eða skýli og góðir hagar. Hryssur sem leiða á til hests tiltekið tímabil skulu að jafnaði vera komnar í hestagirðinguna áður en stóðhestinum er sleppt þar.

14. gr.

Öll hross, sem til lífs eru valin á kynbótabúinu skal fulltemja, nema nefndin telji hentara að selja einstaka kynbótagripi fyrr en tamningaraldri er náð.

15. gr.

Sýna skal vel tamin kynbótahross, stóðhesta og hryssur, sem eru í eign búsins, á héraðssýningum og landssýningum fyrir reiðhross.

Nefndin ákveður hvaða hross skulu sýnd hverju sinni.

16. gr.

Stjórnarnefnd kynbótabúsins tekur allar ákvarðanir um tryggingar á stóðhestum og kynbótahryssum.

17. gr.

Sérstakt reikningshald skal halda fyrir kynbótabúið og skal uppgjör ársreikninga sent samtímis reikningum skólabúsins til landbúnaðarráðuneytisins og til ríkisendurskoðunarinnar.

Halli á rekstri kynbótabúsins greiðist úr ríkissjóði, en nefndin skal leitast við, að tekjur af hrossaræktarbúinu standi undir rekstri þess.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 21/1965, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 218 24. sept. 1970, um notkun heimildar í 17. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970, um lækkun gjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Til viðbótar þeim hráefnum og hjálparefnum, sem talin eru upp í 1. gr. fyrrgreindrar auglýsingar komi eftirtalin efni:

Heiti:	Tollskrárnúmer:
AROCLOR 1248	38.19.19
AROCLOR 5460	38.19.19
ASTRAGAL — PAN	34.02.09
AVOLAN AV	34.02.09
AVOLAN AV HOCHKONZ	34.02.09
AVOLAN IL	38.19.19
AVOLAN IW	34.02.09
AVOLAN SC	34.02.09
AVOLAN — SCN 150	34.02.09
BEN — A — GEL	38.19.19
BENTONE WS	38.19.19
BEROL 777	34.02.09
COBALT 254	38.19.19
COBALT OCTOATE 6% og 12%	38.19.19
EMPICOL — LX	34.02.09
EMPICOL — LXV	34.02.09
EMPICOL — LZ	34.02.09
EMPICOL — LZV	34.02.09
EMULGATOR DF 16	34.02.09
EMULGATOR U — 5	34.02.09
EMULGATOR U — 7	34.02.09
EMULGATOR U — 9	34.02.09
EMULGATOR U — 12	34.02.09
EMULGATOR U — 18	34.02.09
LEVEGAL PT	34.02.09
MESITOL — NBS	38.19.19
NONYLPHENOL — 10 — ETHOXYLATE	34.02.09
NONYLPHENOL — 14 — ETHOXYLATE	34.02.09
OCTYLPHENOL — 10 — ETHOXYLATE	34.02.09
OCTYLPHENOL — 14 — ETHOXYLATE	34.02.09
PALATINECHTSALZ — 0	34.02.09
SEBOSAN SWR	34.02.09
SOROMIN HS	34 02.09
STEINAPOL — SB — D0	34.02.09
UFANON KDS	34.02.09
UNGEROL — CG — 27	34.02.09
UNIPEROL — W	34.02.09
UNIPEROL — AC	34.02.09
UNIPEROL — 0	34.02.09

2. gr.

Efnið NANSA SSA, tollskrárnúmer 34.02.09 falli niður úr 1. gr. auglýsingarinnar frá 24. sept. 1970.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1971.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Nr. 95. 25. maí 1971.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Hamrahlíð verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Kringlumýrarbraut og Eskitorg.
2. Einstefnuakstur verður á húsagötu Bústaðavegar frá austri til vesturs.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 96. 16. apríl 1971.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Grindavíkurkauptúni.

Akstur að hafnarvog verði aðeins úr **Hafnargötu**, en akstur frá voginni verði aðeins í **Ránargötu.**

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 16. apríl, 1971.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu:

1. Um **Nesveg** er einstefnuakstur til austurs frá Barðaströnd að Skólabraut.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á **Nesvegi** gegnt verzl. Vegamótum.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á **A-götu** milli Skólabrautar og Melabrautar.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. júní 1971.

Einar Ingimundarson.

7. júní 1971. Nr. 98.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1971.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Þó segir í 1. gr. laga nr. 50 16. apríl 1971, að sé leyfi veitt til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skuli leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði áðurgreindra laga, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóvember eða skemmri tíma. Þá segir enn fremur í 1. gr. laga nr. 50/1971, að bönnuð sé öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa frá punkti 6 sjómílur í vestur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

I. Milli línu réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar í Seyðisfirði og Loðmundarfirði innan línu úr Álftavíkurtanga í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Þá eru dragnótaveiðar óheimilar á Sandvík og á Vaðlavík innan línu frá Barðsneshorni í Gerpi og þaðan í Krossanestanga. Einnig eru dragnótaveiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarnestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvita að sunnan.

II. Frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi að línu réttvísandi norður úr Hornbjargi.

Á Vestfjörðum er dragnótaveiði óheimil innfjarða innan lína, sem hér segir:

1. Úr Ólafsvita um Tálkna, þvert fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.
2. Milli Svarthamra að sunnan og Tjaldaness að norðan í Arnarfirði.
3. Milli Svalvogarvita að sunnan og Fjallskagavita að norðan í Dýrafirði.
4. Milli Mosdals að sunnan og Arnarness að norðan í Önundarfirði.
5. Milli Keravíkur að sunnan og Galtarbæjar að norðan í Súgandafirði.
6. Milli Galtarvita að sunnan og Rits að norðan.

Bátum innan lögmætra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á framangreindum svæðum, verður veitt leyfi til að veiða hvar sem er á svæðunum.

III. Enn fremur hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að bátum innan lögmætra stærðartakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi, verði veitt leyfi til dragnótaveiða frá 15. júlí til 30. nóvember n. k. á svæði frá línu, réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi.

Þó skulu veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Innan línu, utan Ingólfsfjarðar og Ófeigsfjarðar, frá Veturmýrarnesi í Selsker og þaðan í Drangatanga.
2. Innanverðum Hrútafirði innan línu frá Prestbakkaey, þvert yfir fjörðinn að Mýrarnesi.
3. Innanverðum Miðfirði innan línu úr Stapa utan Hvammstanga í vestur þvert yfir fjörðinn.
4. Í Skagafirði innan línu úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.
5. Í Skagafirði innan línu frá Hellnanesi á Þórðarhöfða í Kringlu í Málmey og úr norðurenda Málmeyjar í Stapa á Hrolllaugshöfða.
6. Í Haganesvík innan línu úr Músarnesi vestan Haganesvíkur fyrir víkina í Olnboga austan Haganesvíkur.
7. Í Siglufirði innan línu frá Landsenda vestan Siglufjarðar fyrir fjörðinn í Siglunesvita.
8. Í Eyjafirði innan línu frá nyrzta odda Hálshöfða, vestan fjarðarins, þvert yfir um syðsta odda Hríseyjar beina stefnu yfir í Svínárnes.
9. Í Eyjafirði innan línu 1 sjómílu réttvísandi austur úr Fossdalsvita í línu 1 sjómílu réttvísandi austur úr Múlatöng.
10. Á 3ja mílna belti kringum Grímsey miðað við strandlengju eyjarinnar.
11. Á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst innan línu úr Bríkurskeri við vestanverðan Skjálfandaflóa um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.

    Á tímabilinu 16. ágúst til 30. nóvember n. k. eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfandaflóa innan línu úr innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.
12. Á tímabilinu 15. júlí til 31. ágúst n. k. á innanverðum Axarfirði innan línu úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
13. Á tímabilinu 1. september til 30. nóvember n. k. á innanverðum Axarfirði innan línu úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
14. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótnes að norðan.
15. Á svæði innan línu frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakkanes.
16. Í Þistilfirði á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst innan línu úr Grenjanesi í Rauðanestá og á tímabilinu 16. ágúst til 30. nóvember innan línu úr Hleinartanga í Laxártanga vestan fjarðarins.

Bátum, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á hinum leyfðu veiðisvæðum fyrir Norðurlandi, verður einum veitt leyfi til að veiða á þeim svæðum,

en hins vegar verða þeim ekki leyfðar dragnótaveiðar annars staðar innan fiskveiðilandhelginnar:

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, taka heimildir þær, sem veittar eru í þeim lögum til veiða með botnvörpu og flotvörpu, og til dragnótaveiða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 99.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Gerðu Claessens fyrir árið 1970.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

Vextir	kr.	12 027.50
	Kr.	12 027.50

Gjöld:

Þóknun sjóðsstjórnar	kr.	613.50
Kostnaður	—	1 800.00
Greitt skv. erfðaskrá	—	7 691.00
Lagt við höfuðstól	—	1 923.00
	Kr.	12 027.50

Efnahagsreikningur.

Eignir:

Skuldabréf B.S.S.R.	kr.	40 000.00
— sama v/ág.	—	8 000.00
— Bsvf. prentara	—	40 000.00
— Bsvf. Rv.	—	30 000.00
Spariskírteini ríkissjóðs	—	44 000.00
Í spar. nr. 24342	—	18 114.10
	Kr.	180 114.10

Skuldir:

Skuldlaus eign	kr.	180 114.10
	Kr.	180 114.10

Reykjavík, 10. janúar 1971.

Jón Sigurðsson, gjaldkeri.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1970.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1970.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	14 842.06
	Kr.	14 842.06

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	14 842.06
	Kr.	14 842.06

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	171 135.66
	Kr.	171 135.66

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1970	kr.	156 293.60	
Hreinar tekjur árið 1970	—	14 842.06	
			kr. 171 135.66
			Kr. 171 135.66

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1971.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 101

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur, árið 1970.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1970.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	7 927.30
	Kr.	7 927.30

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	7 927.30
	Kr.	7 927.30

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 94 007.73
		Kr. 94 007.73

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1970	kr. 86 080.43	
Hreinar tekjur árið 1970	— 7 927.30	
		kr. 94 007.73
		kr. 94 007.73

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1971.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 102.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1970.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins 1. janúar 1970		kr. 144 122.07
2.	Minningargjafir afhentar 1970		— 200.00
3.	Gjöf Önnu Gísladóttur matreiðslukennara	kr. 500.00	
	Gjöf Guðrúnar Markúsdóttur	— 1 000.00	
			— 1 500.00
4.	Vextir í Landsbankanum	kr. 12 578.50	
	Vextir í Útvegsbankanum	— 18.00	
			— 12 596.50
			kr. 158 418.57

Gjöld:

1.	Námsstyrkur veittur þremur nemendum í Húsmæðrakennaraskóla Íslands		kr. 6 000.00
2.	Eign sjóðsins 1. janúar 1971:		
	Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470	kr. 152 127.20	
	Í Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081	— 291.37	
			— 152 418.57
			kr. 158 418.57

Reykjavík, 14. janúar 1971.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 3. febrúar 1971.

Anna Gísladóttir. *Guðrún Markúsdóttir.*

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Teitsdóttur frá 1. jan. 1970 til 31. des. 1970.

Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1970			kr. 87 186.90
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	735.00	
b. Af sparisjóðsbók	—	5 588.50	
			— 6 323.50
			kr. 93 510.40

Gjöld:

1. Innheimtulaun			kr. 228.00
2. Eignir pr. 31. des. 1970:			
a. Verðbréf	kr.	6 000.00	
b. Sparisjóðsbók	—	87 282.40	
			— 93 282.40
			kr. 93 510.40

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sigurður Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1971

9. júní 1971. 221 Nr. 104.

AUGLÝSING
um staðfestingu á deiliskipulagi af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 8. júní 1971 staðfest deiliskipulag af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1971.
F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. júní 1971. Nr. 105.

GJALDSKRÁ
fyrir Reykjavíkurflugvöll.

1. gr.
Lendingargjöld.

Lendingargjöld skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

A. Innanlandsflug:
Fyrir lendingar á flugvellinum skal greiða kr. 22.00 fyrir hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 11.00 fyrir hvert tonn umfram 20. Minnsta gjald er kr. 36.00.

B. Millilandaflug:
Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald sem hér segir:
kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
— 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
— 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
— 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.
Flugskýlisleigur.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 130.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 18.00 á fermetra á mánuði, en kr. 180.00 á fermetra á ári, ef leigt

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

er til eins árs í senn eða lengur. Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins, reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
undir 12 m	kr. 36.00	kr. 360.00
12—15 —	— 90.00	— 720.00
15—18 —	— 144.00	— 1 080.00
18—21 —	— 198.00	— 1 440.00
21—24 —	— 252.00	— 1 800.00
24—27 —	— 288.00	— 2 160.00
27—30 —	— 324.00	— 2 520.00
yfir 30 —	— 360.00	— 3 600.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Flugskýlisleiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 119.00
12—15 —	— 297.00
15—18 —	— 476.00
18—21 —	— 654.00
21—24 —	— 833.00
24—27 —	— 952.00
27—30 —	— 1 071.00
yfir 30 —	— 1 190.00

3. gr.

Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 36.00
12—18 —	— 72.00
18—24 —	— 108.00
24—30 —	— 144.00
yfir 30 —	— 162.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 94.50
12—18 —	— 190.00
18—24 —	— 284.00
24—30 —	— 377.50
yfir 30 —	— 425.50

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er.

4. gr.

Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 6.30 fyrir fermetra af gólffleti eða sem hér segir:

Stór vöruskemma 300 m²	kr. 1 800.00	á mánuði
Stórir braggar 110 m²	— 684.00	á mánuði
Venjulegir braggar 55 m²	— 342.00	á mánuði

5. gr.

Lóðaleigur.

Ársleiga kr. 7.00—25.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

6. gr.

Þjónustu- og aðstoðargjald.

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands hf. Miðast gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélanna og er kr. 350.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 350.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvellinum gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.324
Á hvert U. S. Gallon	— 1 224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélar er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélar á flugvellinum.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og Flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967 og með síðari breytingum, sbr. auglýsingar nr. 1 4. janúar 1968, nr. 332 31. desember 1968 og nr. 40 28. febrúar 1969.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

21. júní 1971. Nr. 106.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Krákár. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðir, Skútustaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá í S.-Þing. frá neðri merkjum Presthvamms þvert yfir ána að Mývatnsósastíflum ásamt Arnarvatnsá, Arnarvatni. Helluvaðsá, Gautlandalæk og Kráká, en þær eru:

Presthvammur, Kasthvammur, Árhvammur, Hólar, Árhólar, Hamar, Hofsstaðir, Nónbjarg, Geirastaðir, Haganes, Arnarvatn, II., III., IV., Litlaströnd, Baldursheimur I. og II., Þórólfshvoll, Heiði, Bjarnastaðir, Gautlönd I. og II., Helluvað I. og II., Laxárbakki, Brettingsstaðir, Ljótsstaðir, Auðnir, Þverá, Halldórsstaðir I., II., III.,

IV., Birningsstaðir, Brúar, Hvoll, Staðarhóll, Grenjaðarstaður, Búvellir, Aðalból, Álftagerði I., II., III., IV., Skútustaðir I., II., III. og Grænavatn I., II., III. og IV.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, 2 meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz eða aprílmánuði ár hvert.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og minningarsjóð kvenna", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 23. júní 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningar- og minningarsjóður kvenna.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf frú Bríetar, að upphæð kr. 2000.00, sem afhent var af börnum hennar á 85 ára afmæli hennar 27. sept. 1941, og telst sá dagur stofndagur sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að menningarmálum kvenna:

a. með því að styðja konur til framhaldsmenntunar við æðri menntastofnanir, hérlendar og erlendar, með náms- og ferðastyrkjum.
   Ef ástæður þykja til, svo sem sérstakir hæfileikar og efnaskortur, má einnig styðja stúlkur til byrjunarnáms, t. d. í menntaskóla;
b. með því að styðja konur til framhaldsrannsókna, að loknu námi, og til náms og ferðalaga til undirbúnings þjóðfélagslegum störfum, svo og til sérnáms í ýmsum greinum og annarra æðri mennta;
c. með því að veita konum styrk til ritstarfa eða verðlauna ritgerðir, einkum um þjóðfélagsmál, er varða áhugamál kvenna. Þó skulu námsstyrkir sitja í fyrirrúmi meðan sjóðurinn er að vaxa.
   Komi þeir tímar, að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu og sömu aðstæður til menntunar, efnalega, lagalega og samkvæmt almenningsáliti, þá skulu bæði kynin hafa jafnan rétt til styrkveitinga úr þessum sjóði.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Dánar- og minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, tekur af ýmissi starfsemi í þágu sjóðsins, vextir.

6. gr.

Einn fjórða hluta árlegra vaxta höfuðstóls skal leggja við höfuðstólinn, en öðrum árlegum tekjum sjóðsins skal heimilt að verja til styrkveitinga.

7. gr.

Sjóðnum skal fylgja sérstök bók og skal, ef óskað er, geyma í henni nöfn, myndir og helztu æviatriði þeirra, sem minnzt er með minningar- og dánargjöfum. Æviminningar þeirra og handrit, bréf eða ritverk, sem eftir þær (eða þá) liggja, lætur sjóðstjórnin geyma, ef óskað er, á tryggum stað, t. d. í handritasafni Landsbókasafnsins. Minningabókin skal geymd á sama stað.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægir fyrirmælum laga um örugga varðveizlu og ávöxtum opinberra sjóða.

9. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í nóvembermánuði og skulu umsóknir komnar fyrir 15. nóvember í hendur sjóðstjórnar. Heimilt er þó sjóðstjórn að veita styrk úr sjóðnum á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 konum, sem kosnar eru á Landsfundi kvenna, fyrir það tímabil, sem líður á milli landsfunda. Í fyrsta sinn skal stjórnin þó kosin á fulltrúaráðsfundi Kvenréttindafélags Íslands, í júní 1945 (og skal hún starfa til næsta landsfundar). Stjórnarkonur skulu vera félagar í K. R. F. Í. í Reykjavík og stjórnin öll sé búsett þar. Í fyrsta sinn, sem kosið er á landsfundi, skal draga úr tvær konur, síðan verða kosnar á víxl tvær og þrjár konur í einu. Kjósa skal jafnmargar konur til vara á sama hátt.

Ef K. R. F. Í leggst niður, án þess að annar félagsskapur komi í þess stað, er sjóðurinn sé falinn, er þess óskað að stjórn sjóðsins sé kosin af sameinuðu Alþingi. Stjórnin skal þó ávallt vera skipuð konum.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar Kvenréttindafélags Íslands.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Menningar- og minningarsjóð kvenna nr. 147 frá 27. ágúst 1945.

GJALDSKRÁ
um póstburðargjöld.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.
Bréf.	20	7	7	10
Hámarksstærð:	100	14	14	24
Lengd + breidd	250	21	21	55
+ þykkt 900 mm.	500	30	30	100
Mesta lengd 600 mm.	1000	120	120	170
Í ströngum:	2000	270	270	270
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90×140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		5	5	6
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	5	5	5
(Prentkort sama stærð	100	8	8	9
og póstkort).	250	12	12	14
Hámarksþyngd 2 kg.	500	20	20	24
Bækur þó 5 kg.	1000	35	35	40
Burðargjald fyrir prent	2000	55	67	67
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	85	101	101
er sama og fyrir	4000	115	135	135
„Önnur lönd"	5000	150	169	169
Smápakkar (aðeins til	100		10	10
útlanda)	250		20	20
Stærð sama og bréfa	500		34	34
Hámarksþyngd 1 kg.	1000		60	60
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargjald 400 kr.				
Ársgjald 100 kr.				
Stærð sama og bréfa	hver			
a) Til umboðsm.	500	5		
(minnst 50 eintök til hvers í einu).				
Hámarksþ. 20 kg.			Sérstakar reglur gilda um afslátt af burðargjaldi léttra blaða.	
b) Til áskrifenda.				
Hámarksþyngd 500	hver			
g hvert eintak.	100	2		

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands:	
Kr. 100 000.00 (Símapóstávísanir kr. 50 000.00).	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 200 kr.	10
— — yfir 200 kr. — — 1000 —	15
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir.	5
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	23
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Burðargjald eins og fyrir póstávísun.	
Póstkröfugjald	5
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	35
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	7
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: 1 kg 3 kg 5 kg 7 kg 10 kg 15 kg 20 kg 30 kr 50 kr 70 kr 90 kr 120 kr 170 kr 220 kr	
Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald.	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	16
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	16

Loftbréf: Söluverð kr. 12. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 16
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 16
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 25
Móttökukvittun	kr. 16

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 20 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 18
Skiptiverð í frímerkjum kr. 10

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 12

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 10

Tollmeðferð böggla: kr. 20

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 14

Geymslugjald böggla: 9 kr. á dag.
Hámarksgjald kr. 270

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 8

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 1 200 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 4 200 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. júlí 1971. Samtímis fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um póstburðargjöld frá 30. október 1970.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 104—108. Útgáfudagur 30. júní 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1971

REGLUGERÐ
fyrir Vatnsveitu Bessastaðahrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir innan marka Bessastaðahrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði hreppsins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt.

3. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sem er eign Bessastaðahrepps.

Hreppsnefndin sér um fjárreiður hennar og bókhald.

4. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum í Bessastaðahreppi, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, í samráði við hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar.

Að tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum störfum, er honum kunna að verða falin.

5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um hreppinn svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á eigin kostnað.

Allar vatnsæðar frá aðalæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur þó ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

6. gr.

Hver sá, sem tengja vill hús við vatnsveitu Bessastaðahrepps skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um, og skal hún undirrituð af húseiganda eða umboðsmanni hans og pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, ásamt uppdrætti af vatnslögninni í tvíriti og mælikvarða, sem er ekki minni en 1:100.

B 30

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Uppdrátturinn skal gerður af manni, sem hæfur er til þess að mati vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á eða tengja við aðalæð, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna lagna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, sem áritað hafa uppdrátt, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglur settar samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitunefnd veitt honum áminningu. Enn fremur getur hún lagt bann við því, að viðkomandi pípulagningameistari vinni verkið, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

8. gr.

Vatnsveitunefnd skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitunefnd hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti vatnsveitunefnd, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Skylt er þeim, sem nota vatn úr vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðsmanna veitunnar um efni, lögn og viðhald vatnsæða sinna, og annað það sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmönnum veitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til þess að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem þeir telja nauðsynlegar, þó skal haft samráð við húseigendur. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun og viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

10. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum að undangenginni aðvörun hjá þeim, sem vanrækja að tilkynna bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Þá er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

11. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætta á, að vatn í æðunum óhreinkist, og skal innrennslisloki vera á kerfinu.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Vélar eða önnur tæki, sem nota vatn, önnur en venjulegar heimilisvélar, má ekki tengja við vatnsveituna nema að fengnu sérstöku leyfi.

12. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

13. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

14. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða vatnsveitunnar.

15. gr.

Af öllum húseignum á veitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í, skal greiða vatnsskatt, er nemi 2‰ — tveir af þúsundi — af núgildandi fasteignamatsverði árlega. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 1000.00 af hverri íbúð.

Nú er hús, sem vatni er veitt í ekki metið fasteignamati og ákveður hreppsnefnd þá vatnsskatt.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til veitingareksturs, þvottastöðva, bifreiða, skipa, iðnaðarfyrirtækja, fiskvinnslustöðva, gripahúsa eða hvers annars, sem ekki er sérstaklega til tekið í reglugerðinni, skal greiða samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar og skal þá miða gjald við áætlaða eða mælda notkun í m^3.

17. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

18. gr.

Heimilt er að krefja hvern aðila, sem fær tengda heimæð frá aðalæð um allt að kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — í stofngjald, sem greiðist, þegar tenging er framkvæmd.

19. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald svo og vatnsskattinn sjálfan, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda komi til staðfesting ráðherra.

20. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrirfram fyrir eitt ár í senn á skrifstofu oddvita. Vatn, sem selt er eftir rúmtaki mælds vatns, skal greiða eftir á fyrir hverja 4 mánuði, með gjalddögum 15. janúar, 15. maí og 15. september. Greiðist vatnsskatturinn ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega og fylgja hreppsreikningunum.

22. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT
fyrir Veiðifélag Önundarfjarðar.

1. gr.
Félagið heitir Veiðifélag Önundarfjarðar.

2. gr.
Félagið nær til allra jarða í innanverðum Önundarfirði milli Selaból s og Holts, að báðum meðtöldum, en þær eru: Selakirkjuból 1, Selakirkjuból 2—4, Neðri Breiðadalur 1, Neðri-Breiðadalur 2, Neðri-Breiðadalur 3, Neðri-Breiðadalur 4, Fremri-Breiðadalur, Ytri-Veðrará, Innri Veðrará, Tannanes, Kirkjuból í Korpudal, Kroppstaðir, Efstaból, Hestur, Ármúli, Neðri-Hesthús, Efri-Hesthús, Tunga, Hóll, Grund, Vífilsmýrar 1, Vífilsmýrar 2, Betanía, Mosvellir 1 og 2, Kirkjuból í Bjarnardal, Tröð, Vaðlar og Holt.

3. gr.
Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði þar. Félagið tekur til allrar veiði vatnafiska á félagssvæðinu.

4. gr.
Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, í fyrstu eftir hlutkesti en síðan í þeirri röð, sem þeir voru kosnir og helzt svo sama röð áfram. Stjórnin kýs sér formann. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið en hinir hitt árið.

5. gr.
Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.
Aðalfund skal halda fyrir 16. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta starfsári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.
Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.
Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 111. 18. júní 1971.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Saurbæjarhrepps.

Veiðijarðir	Einingar
Litla-Holt og Stóra-Holt	55
Neðri-Brunná	28
Efri-Brunná	4
Máskelda	31
Hvoll	52
Neðri-Brekka	13
Fremri-Brekka	22
Bersatunga	27
Hvítidalur	125
Litli-Múli	6
Stóri-Múli	39
Þurranes	23
Lambanes	47
Staðarhóll	107
Mikligarður	17
Þverfell	54
Kjarlaksvellir	28
Þverdalur	24
Bjarnastaðir	14
Kverngrjót	54
Saurhóll	92
Tjaldanes	78
Belgsdalur	38
Ós	22
Einingar 1000	

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.

Býli	% af arði
Grenjaðarstaður	0 360
Aðalból	0 360
Búvellir	0 360
Hvoll	0 200
Staðarhóll	0 360
Brúar	0 360
Presthvammur	3 400
Birningsstaðir	5 000
Kasthvammur	3 700
Árhvammur	3 700
Halldórsstaðir I	1 100
Halldórsstaðir II	0 550
Halldórsstaðir III	0 825
Halldórsstaðir IV	0 825
Þverá	2 800
Auðnir	4 300
Hólar	4 732
Árhólar	2 368
Hamar	5 900
Ljótsstaðir	4 300
Brettingsstaðir	5 100
Helluvað I	4 000
Helluvað II	2 000
Laxárbakki	2 000
Hofsstaðir	15 400
Arnarvatn I	2 700
Arnarvatn II	2 700
Arnarvatn III	2 700
Arnarvatn IV	2 700
Geirastaðir	3 332
Nónbjarg	1 668
Haganes	2 570
Álftagerði I	0 085
Álftagerði II	0 085
Álftagerði III	0 085
Álftagerði IV	0 085
Skútustaðir I	0 830
Skútustaðir II	0 415
Skútustaðir III	0 415
Grænavatn I	0 695
Grænavatn II	0 695
Grænavatn III	0 695
Grænavatn IV	0 695
Gautlönd I	0 600
Gautlönd II	0 300
Litlaströnd	0 380

Býli	% af arði
Baldursheimur I	0 487
Baldursheimur II	0 163
Þórólfshvoll	0 650
Heiði	0 135
Bjarnastaðir	0 135

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 113. 21. júní 1971.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár. Heimili þess og varnarþing er á Skógarströnd.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Stóru-Langadalsá og Setbergsá, en þær eru Narfeyri, Ytri-Leiti, Stóri-Langidalur, Klettakot, Haukabrekka, Klungurbrekka, Litli-Langidalur, Setberg og Ós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

28. júní 1971. Nr. 114.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Aðstoð sú, sem öldruðu fólki er veitt í heimahúsum á vegum sveitarfélaga samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum (l. nr. 10/1952 sbr. l. nr. 58/1963) nefnist heimilisþjónusta og konur þær, sem aðstoðina annast, nefnast þjónustur.

2. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að koma á fót og starfrækja heimilisþjónustu hver í sínu sveitarfélagi. Einnig er sveitarfélögum heimilt að sameinast um slíka starfsemi.

Fela má framkvæmd heimilisþjónustunnar félagi eða stofnun undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

3. gr.

Hlutverk heimilisþjónustu er að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum.

Hversu lengi aðstoðin er veitt fer eftir aðstæðum í hverju tilfelli samkvæmt mati stjórnanda heimilisþjónustunnar.

4. gr.

Umsókn um heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda.

5. gr.

Hafa skal samráð við vandamenn hins aldraða um heimilisþjónustuna, ef kostur er, ella skal hafa samráð við heimilislækni hans einkum með tilliti til öryggis hins aldraða. Nánari reglur um þetta atriði má setja í reglum, sem settar eru samkvæmt 8. gr.

6. gr.

Stjórnandi heimilisþjónustunnar skal ganga úr skugga um, að þjónusturnar séu hæfar til starfsins og skulu þær að öðru jöfnu ganga fyrir, sem lokið hafa tilskildu námskeiði.

7. gr.

Þjónustur skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá hlutaðeigandi héraðslækni eða trúnaðarlækni sveitarfélags. Einnig er þeim skylt, að undirgangast læknisskoðun og bólusetningar, ef nauðsyn krefur að dómi stjórnanda heimilisþjónustunnar eða héraðslæknis.

8. gr.

Stjórnendur heimilisþjónustu á hverjum stað setja reglur um það, hvaða störfum þjónustur skulu gegna á heimilum aldraðra, og skal bæði þjónustunum og þiggjendum aðstoðar þeirra skylt að fara eftir þeim reglum. Þiggjendum heimilisþjónustu skulu látnar nefndar reglur í té.

9. gr.

Þjónustur skulu gæta þagmælsku um það, sem þær komast að í starfi sínu.

10. gr.

Þjónustur taka laun sín hjá sveitarsjóði og er þeim óheimilt að taka við neins konar greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þær veita aðstoð.

11. gr.

Sá, sem nýtur heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða fyrir hana eftir reglum, sem sveitarstjórn setur. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu þó undanþegnir greiðsluskyldu.

12. gr.

Tryggingaráð getur að beiðni sveitarfélaga ákveðið, að útgjöld vegna heimilisþjónustu, sem veitt er ellilífeyrisþegum, skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt 19. grein almannatryggingalaga, enda séu reglur samkvæmt 11. grein þessarar reglugerðar samþykktar af tryggingaráði.

Uppbætur þessar greiðast að $^3/_5$ hlutum af Tryggingastofnuninni en að $^2/_5$ af hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ríkissjóður endurgreiðir síðan sveitarfélaginu $^1/_3$ þess kostnaðar, er kemur í þess hlut.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 58 22. apríl 1963 um breyting á þeim lögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1971.

Emil Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ
um flutning líka.

1. gr.

Enginn má taka lík til flutnings inn í landið eða úr landi nema það sé í loft- og lagarheldri málmkistu, en þar utan yfir sé traust trékista, og svo um búið, að málmkistan haggist ekki innan í trékistunni. Líkinu skal fylgja vottorð um umbúnað þess og vottorð læknis þar sem tekið er fram, hvort um næman sjúkdóm sé að ræða, er sótthætta geti stafað af.

2. gr.

Sé um lík að ræða, er gæti borið með sér smit einhverrar þeirrar sóttar, er sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnarlögum ber ávallt að beita gegn (bólusótt, kólera, svarti dauði), fer um flutning þess og vörzlu í samræmi við ákvæði sóttvarnarreglugerðar. Beita má og sömu ákvæðum þótt um aðra sótt sé að ræða, þegar landlæknir telur sérstaka ástæðu til og ráðherra úrskurðar að svo skuli gert.

3. gr.

Um lík, sem flutt er milli prestakalla hér á landi, skal svo búið (sbr. 4. gr.) að það sé í loft- og lagarheldri kistu úr málmi, eða öðru jafngildu efni, og sé hún skorðuð svo ekki haggist innan í trékistu. Líkinu skal fylgja vottorð um umbúnað þess.

4. gr.

Héraðslæknir (borgarlæknir) má veita undanþágu frá ákvæðum 3. gr., þegar um stuttar ferðir er að ræða, lík aðeins fárra daga gamalt og sótthætta kemur ekki til greina.

5. gr.

Nú óskar maður að grafa upp lík til að flytja það í burtu, og skal þá leita heimildar ráðherra. Ef ráðherra heimilar uppgröftinn, segir hann nánar fyrir hverjar varúðarráðstafanir skuli viðhafðar.

6. gr.

Reglur þessar hagga í engu ákvæðum sóttvarnarlaga og sóttvarnarreglugerðar um frekari öryggisráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sótta.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

8. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 34 12. apríl 1954 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 23 7. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs og um gildistöku laga nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Framangreind lög skyldu taka gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats. Nú hefur nýtt fasteignamat verið staðfest til að taka gildi 1. ágúst 1971 og öðlast þá framangreind lög gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 117. 5. júlí 1971.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 99 12. desember 1970, og innheimta frá og með 1. ágúst 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt. Með auglýsingu þessari er úr gildi numin auglýsing frá 24. des. 1970, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 118. 6. júlí 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 165 20. maí 1968 um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð þremur mönnum. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarmenn,

en Samábyrgðin hinn þriðja. Á sama hátt skal velja þrjá stjórnarmenn til vara. Val stjórnarmanna skal fara fram á aðalfundi félagsins og gildir til tveggja ára í senn.

4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf, eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Stjórnin er ályktunarfær, ef tveir stjórnarmenn sækja fund.

Orðin „kr. 20 000.00“ í 7. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar verði: kr. 50 000.00.

2. gr.

Orðið „júnímánaðar“ í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar verði: októbermánaðar.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Þegar greiddar eru tjónabætur, aðrar en bætur fyrir alskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 390.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi lægri tölu en 20 rúmlestir og eigi hærri tölu en 80 rúmlestir. Grunntalan 390 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á vátryggingarverði nýrra skipa.

4. gr.

16. gr. reglugerðarinnar falli niður, en í stað hennar komi ný grein, er hljóði svo:

I. Félagið bætir tjón á vélum skips, einnig á ásum og öðrum útbúnaði vélarinnar, ef tjónsorsakir eru þessar:
   1. Eldur eða sprenging, sem ekki stafa frá vélinni sjálfri.
   2. Skipið sekkur, því hvolfir, það strandar eða kennir grunns.
   3. Skipið rekst á fastan eða fljótandi hlut, þar með talinn ís.

   Bætur fyrir slík tjón skulu háðar sérstakri sjálfsábyrgð, er nemi að hundraðshluta þeirri fyrningu, sem vélin ásamt ásum og öðrum útbúnaði var fyrnd um við síðustu vátryggingarmatsgjörð skipsins. Þessi sérstaka sjálfsábyrgð skal þó aldrei vera lægri en almenna sjálfsábyrgðin, sbr. 1. mgr. 14. gr.

II. Ef aðalvél skips hefur ekki náð 12 ára aldri, miðað við smíðaár hennar, þá bætir félagið tjón á eftirtöldum aðalhlutum vélarinnar, enda verði að endurnýja þá:
   1. Vélarblokk, ásamt stimplum, slífum og strokkloki, og telst þá hver sjálfstæður strokkur vera vélarblokk.
   2. Sveifarás, ásamt legum.
   3. Sveifarhús, og telst þá hvert sjálfstætt strokkhús vera sveifarhús.
   4. Kambás, ásamt legum.
   5. Botnskál.

   Engar bætur koma fyrir stimpla, slífar, legur eða strokklok, nema þegar þessir hlutir eyðileggjast um leið og nefndir aðalhlutar vélarinnar

   Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en hvorki við vinnu, slippkostnað né annan kostnað í sambandi við tjónið. Bæturnar eru háðar sérstakri sjálfsábyrgð, sem hér segir:

Aldur vélarhluta	Sjálfsábyrgð
0— 3 ár	Engin
3— 5 —	25%
5— 7 —	35%
7— 9 —	45%
9—12 —	60%

Það skilyrði er fyrir bótaskyldu, að vélar séu vatnskældar (ekki sjókældar), og að í skipinu sé viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna, þegar eldur er laus í vélarrúmi eða sjór streymir inn í það.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 41 28. apríl 1967 og tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 119. 6. júlí 1971.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarráð getur þó leyft blindu fólki að hafa leiðsöguhund svo og hjálparsveitum að hafa leitarhunda, ef heilbrigðisnefnd samþykkir.

3. gr.

Enn fremur skal bæjarráði heimilt að veita undanþágu þeim einstaklingum, sem búsettir voru í kaupstaðnum 1. janúar 1971 og áttu þá hund, að hafa hundinn svo lengi, sem honum endist aldur til, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Tilkynna skal hundinn og merkja fyrir 1. sept. n. k. á kostnað eiganda og á þann hátt, sem heilbrigðisfulltrúi ákveður.
b. Hundurinn skal hafður í stöðugri vörzlu.
c. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti þeim lögum og reglum er hundahald varða og fyrirmælum, er heilbrigðisfulltrúi setur.

Aldrei skal veita leyfi fyrir grimma hunda eða varhugaverða á annan hátt.

Heimilt skal hvenær sem er að afturkalla slíkar undanþágur, hvort heldur er um að ræða einstakar undanþágur, eða allar í heild.

4. gr.

Óheimilt er að hafa hunda með sér í matvörubúðir eða aðra slíka staði, þar sem matvara er höfð um hönd.

Engum, hvorki íbúum bæjarins, né öðrum, er heimilt að láta hunda ganga lausa í bænum og skal lögreglan og heilbrigðisfulltrúi sjá um, að slíkum hundum sé lógað.

5. gr.

Af hverjum hundi greiðist 300.00 kr. skattur árlega.

6. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld 134. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 127 frá 27. október 1955.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um eftirlaun samkvæmt II. kafla laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda.

1. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Þeir, sem verið hafa bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
b. hafi náð 70 ára aldri og látið af búskap;
c. hafi verið bændur á lögbýlum í árslok 1967 og átt þar lögheimili;
d. hafi áunnið sér réttindatíma samkvæmt 3. gr.

Nú fellur bóndi, sem uppfyllt hefur skilyrði 2. málsgr., frá eftir 31. desember 1969, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt á makalífeyri samkvæmt 4. gr., enda hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi samkvæmt 3. gr., hinn eftirlifandi maki sé eigi yngri en 35 ára við fráfall bóndans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Því aðeins skal tekið tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, að skrifleg tilkynning hafi borizt frá hlutaðeigandi bónda fyrir lok júnímánaðar 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu.

2. gr.

Við ákvörðun um, hvort umsækjandi um ellilífeyri eða sá, sem umsókn um makabætur er tengd við, telst bóndi á lögbýli eða hafa látið af búskap, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir umsækjandi rök að því, að ekki hafi verið um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um lífeyrisréttindi með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla, að skráning hafi verið ófullnægjandi eða röng.

3. gr.

Til réttindatíma skal reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili eftir 55 ára aldur.

Réttindatími reiknast í mánuðum frá 1. janúar 1955 eða 1. næsta mánaðar eftir, að 55 ára aldri er náð, eftir því, sem við á, til loka þess mánaðar, er látið er af búskap. Ef ekki er ljóst, á hvaða tíma árs bóndi hefur látið af búskap, skal miðað við 31. maí. Búskapartími eftir 70 ára aldur reiknast með réttindatíma, en þó getur samanlagður réttindatími aldrei orðið lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrði 1. málsgr. um lögheimili, sbr. síðustu málsgr. 1. gr.

Nú heldur kona áfram búskap að bónda sínum látnum og tekur ekki makalífeyri, og er þá heimilt að reikna henni réttindi fyrir tíma, er maður hennar var skráður fyrir búinu, enda hafi hún sjálf verið bóndi a. m. k. 5 ár eftir fráfall hans. Þó skal sá tími, er hún hefur sjálf verið bóndi eftir 70 ára aldur, reiknast tvöfalt í þessu sambandi. Að öðru leyti miðast lífeyrisréttur við það, að konan uppfylli skilyrði 1. gr.

4. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 1. gr., miðast við réttindatíma og meðaltal grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst.

Árin 1966—1971 skulu grundvallarlaun reiknast sem hér segir:

Árið	1966	kr. 168 098.00
—	1967	— 191 236.00
—	1968	— 191 236.00
—	1969	— 209 046.00
—	1970	— 240 167.00
—	1971	— 318 731.00

Frá og með árinu 1972 skulu grundvallarlaun reiknuð í samræmi við upplýsingar verðlagsnefndar landbúnaðarvara (sexmannanefndar).

Lífeyrir skal vera eftirfarandi hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna, sbr. 1. og 2. málsgr. Ef um er að ræða ellilífeyri og skilyrðum 3. málsgr. 1. gr. um hjúskap eða sambúð er ekki fullnægt, skal þó lækka meðaltekjurnar um 20%, áður en lífeyrir er reiknaður.

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt 4. gr. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. laganna, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt 4. gr. að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 4. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar. Til frádráttar koma enn fremur lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, nema um sé að ræða viðbótargreiðslu samkvæmt 3. málsgr. 12. gr. þeirra laga. Þá koma eftirlaunagreiðslur samkvæmt fjárlögum og til frádráttar.

Lífeyrir samkvæmt 4. gr. skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema ½₂ grundvallarlauna eða meira á almanaksári, og skal skerða lífeyrinn um

1/12 fyrir hvern 1/12 hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4, skal hann felldur niður með öllu. Telji sjóðstjórn tekjulið vera að nokkru leyti vinnutekjur, en að nokkru leyti eignatekjur, skal hún áætla skiptingu hans í þessa tvo hluta. Atvinnuleysisbætur og slysadagpeningar teljast til vinnutekna í þessu sambandi.

6. gr.

Greiðslur eftirlauna eiga sér stað frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá uppfylltu skilyrði fyrir eftirlaunarétti. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til eftirlauna, greiðast þau frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðlast þann rétt. Aldrei skal úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er stjórn sjóðsins ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn annist greiðslu lífeyris fyrir sjóðinn samkvæmt reglugerð þessari. Skal þá bankinn gera ársfjórðungslega kröfu á hendur ríkissjóði, sem greiðir 62.5% útgjalda, og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem greiðir 37.5% útgjalda. Skal miðað við, að þessir aðilar geri skil á áætluðum útgjöldum hvers ársfjórðungs ásamt endanlegu uppgjöri fyrir næsta ársfjórðung á undan eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok ársfjórðungsins.

7. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn sjóðsins lætur gera.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji stjórn sjóðsins upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta úrskurði, unz úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

Stjórnir búnaðarfélaga skulu láta stjórn sjóðsins í té skrár um þá, sem þær telja, að rétt eigi til eftirlauna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

7. júlí 1971. Nr. 121.

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Áfengisvarnarnefnd fer með:

1. Starf til eflingar bindindisstarfsemi í Reykjavík.
2. Almennt fræðslu- og upplýsingastarf um bindindis- og áfengismál.
3. Eftirlit með lögboðinni bindindisfræðslu í skólum.

4. Aðstoð við yfirvöld til að halda hlýðni við áfengislög og jafnframt reyna að vinna gegn ólöglegri framleiðslu og meðferð áfengis.
5. Ráðgjöf um bindindis- og áfengismál. Í því sambandi skal áfengisvarnarnefnd vera umsagnaraðili um umsóknir um vínveitingaleyfi og umsóknir um endurveitingu ökuleyfa.

3. gr.

Félagsmálaráð fer með:

1. Aðstoð til handa drykkjusjúkum mönnum og þeim öðrum, sem misnota áfengi. Aðstoð skal jöfnum höndum fólgin í ráðleggingum og aðstoð í persónulegum og félagslegum vandamálum, sem og fyrirgreiðslu um meðferð og læknishjálp, jafnt á sjúkrahúsum og hælum sem utan stofnana.
2. Aðstoð og ráðleggingar til fjölskyldna og aðstandenda drykkjusjúkra einstaklinga.
3. Uppbyggingu og rekstur þeirra vistheimila og vinnuhæla fyrir drykkjusjúklinga, sem Reykjavíkurborg kann að reka.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um skýringar á reglugerð þessari, sker heilbrigðisráðuneyti úr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt áfengislögum nr. 82/1969 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 122. 7. júlí 1971.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Hvítárvatns.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hvítárvatns. Heimili þess og varnarþing er Biskupstungnahreppur.
2. Félagið nær til allra jarða, sem upprekstur eiga á Biskupstungnaafrétt, en þær eru: Bræðratunga I, Bræðratunga II, Hvítárbakki, Lambhúskot, Ásakot I, Ásakot II, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir I, Drumboddsstaðir II, Einholt, Kjarnholt I, Kjarnholt II, Gígjarhóll I, Gígjarhóll II, Gígjarhólskot I, Gígjarhólskot II, Brattholt, Kjóastaðir, Hólar, Brú, Brúarhvammur, Haukadalur og Bryggja, Haukadalur II, Haukadalur III, Laug, Helludalur I, Helludalur II, Múli, Austurhlíð, Hlíðartún, Stekkholt, Dalsmynni, Hrauntún, Úthlíð I, Úthlíð II, Miðhús, Brekka, Efri-Reykir, Syðri-Reykir I, Syðri-Reykir II, Brún, Árbakki, Miklaholt, Klyf, Spóastaðir I, Spóastaðir II, Skálholt I, Skálholt II, Laugarás, Hveratún, Laugargerði, Lyngás, Ekra, Sólveigarstaðir, Teigur, Ásholt, Ljósaland, Heiðmörk, Iða I og II, Helgastaðir II og III, Eiríksbakki, Auðsholt I, Auðsholt II, Auðsholt IV, Auðsholt V, Höfði, Hrosshagi, Reykjavellir, Torfastaðir, Vegatunga, Litla-Fljót, Brautarhóll, Norðurbrún, Víðigerði, Gufuhlíð, Espiflöt, Birkilundur, Friðheimar, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I, Vatnsleysa II, Vatnsleysa III, Heiði, Holtakot, Hjarðarland, Arnarholt, Kjaranstaðir, Ból, Tjörn, Asparlundur, Múli II.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem félagsfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur sínar um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af veiðisvæðinu skal, að frádregnum kostnaði varið til uppgræðslu og gróðurverndar á afrétti Biskupstungna.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

8. júlí 1971. Nr. 123.

REGLUGERÐ

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

1. gr.

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Lögheimili Verðjöfnunarsjóðs og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verðjöfnunarsjóður skiptist eftir tegundum afurða í eftirgreindar deildir, er hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn á þann hátt, sem hér segir:

Fimm stjórnarmenn sitja í stjórn allra deilda Verðjöfnunarsjóðs, þar af skulu þrír stjórnarmanna skipaðir án tilnefningar, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands og einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hverrar deildar eftir tilnefningu hagsmunasamtaka í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar, svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir:
   Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga.
2. Í deild fyrir saltfiskafurðir:
   Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda.
3. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja:
   Tveir eftir tilnefningu Félags íslenzkra fiskmjölsframleiðenda.

Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

4. gr.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs undir eftirliti sjóðsstjórnar, þ. á m. innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna. Endurskoðendur reikninga Seðlabankans hafa á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

Hver deild Verðjöfnunarsjóðs skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Formaður boðar fundi með hæfilegum fyrirvara. Hann stýrir atkvæðagreiðslum, sér um færslu gjörðabókar og annast fundarstjórn að öðru leyti.

Í gjörðabók skal færa ákvarðanir stjórnar og skýrslu um annað það, sem gerist á fundi.

Fundur stjórnar er ályktunarfær, ef helmingur stjórnarmanna er á fundi, enda sé til hans boðað með lögmætum hætti og minnst öðrum fulltrúa hvors hagsmunaaðila (þ. e. veiða og vinnslu), sé fært að mæta.

6. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ráða sér ritara, sem skal annast ritun fundargerða og önnur verkefni, er stjórnin felur honum.

Heimilt er sjóðsstjórninni að kveðja aðra menn en stjórnarmenn á fund, stjórninni til ráðuneytis um einstök málefni, svo og að ráða sérfræðinga til starfa að tilteknum viðfangsefnum, eftir því, sem þurfa þykir.

7. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 9. og 10. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem reglugerð þessi nær til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Við upphaf framleiðslutímabils, sem sjóðsstjórnin ákveður, er henni heimilt að ákveða þann hluta áætlaðrar verðhækkunar, sem innheimta skal jafnóðum af útflutningsandvirðinu. Breyta má þessari ákvörðun á framleiðslutímabilinu. Skulu greiðslur þessar innheimtar við gjaldeyrisskil til banka eða hjá sölusamtökum fiskiðnaðarins á gjalddögum, sem sjóðsstjórnin ákveður.

Þegar sölu á afurðum framleiðslutímabilsins er lokið, skal endanlegt uppgjör fara fram á greiðslum til sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem reglugerð þessi nær til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 9.—11. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

Greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði samkvæmt 1. mgr. er gjaldkræf, þegar endanlegt uppgjör á sölu afurða framleiðslutímabilsins liggur fyrir. Þó er sjóðsstjórninni að fengnu samþykki ráðherra heimilt að inna fyrr af hendi greiðslur upp í væntanlegar verðbætur samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður viðmiðunarverð og gerir tillögu til ráðherra um verðbil og hlutföll þau, er greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar.

Að fenginni samþykkt sjóðsstjórnar, tekur ráðherra afstöðu til þeirra atriða, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 72/1969.

10. gr.

Við ákvörðun viðmiðunarverðs skal sjóðsstjórnin einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Sjóðsstjórnin ákveður myndun sérreikninga fyrir einstakar framleiðslutegundir innan deilda.

Ákveða má, að hlutföll greiðslna í eða úr sjóðnum sbr. 7. og 8. gr. séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns. Enn fremur má ákveða, að verðbreytingar að vissu marki frá viðmiðunarverði, þ. e. verðbil, hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu í eða úr sjóðnum.

11. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

12. gr.

Ákvarðanir samkvæmt 9.—11. gr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði. Ákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 124. 9. júlí 1971.

REGLUGERÐ
um Fiskræktarsjóð.

1. gr.

Fiskræktarsjóður er stofnaður samkvæmt XIV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styðja fiskrækt og fiskeldi í landinu.

3. gr.

Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri, en ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum eru háð samþykki landbúnaðarráðherra.

4. gr.

Lán og styrki skal veita til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

5. gr.

Styrk, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði, njóta:

a. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er miða að því að auka fiskför um vatn.
b. Klakhús og eldisstöðvar.

Styrkveitingar skulu miðast við varanleg mannvirki.

6. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði skal senda stjórn sjóðsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Greiðslur úr sjóðnum fara fram í maímánuði og desembermánuði eftir því, sem fé verður fyrir hendi.

7. gr.

Styrkir skulu greiddir út á mannvirki, þegar þau hafa verið tekin út. Þó skal heimilt að greiða allt að helming af áætluðum styrk út á mannvirki í byggingu, þegar sérstaklega stendur á, enda sé þá lokið minnst ⅔ af verkinu, hvað kostnað snertir.

8. gr.

Ekkert lán má vera hærra en, sem nemur einum fimmta hluta þess fjár, sem sjóðurinn getur haft til umráða á árinu, og eigi má lána meira til eins verks en, sem nemur helmingi af áætluðu kostnaðarverði.

Rekstrarlán er óheimilt að veita úr Fiskræktarsjóði.

9. gr.

Lán til fasteigna skulu vera til allt að 15 ára með sömu ársvöxtum og Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar til útihúsa í sveitum.

Lán skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin og greiðast svo með jöfnum afborgunum á 13 árum. Lán til fasteigna skulu tryggð með veði í fasteign þannig, að lánið, auk áhvílandi lána, nemi eigi meiru en þrem fjórðu hlutum matsverðs veðsins.

Heimilt er að hefja útborgun á láni, áður en framkvæmd er lokið, enda sé þá lokið helmingi verksins, hvað áætlaðan kostnað snertir.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við lánveitingar og vörzlu Fiskræktarsjóðs, skal taka 1% þóknun af hverju láni við veitingu þess og auk þess ½% á ári.

11. gr.

Lán eru ekki framseljanleg, nema leyfi stjórnar Fiskræktarsjóðs komi til.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskræktarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Fiskræktarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að veðið er ekki lengur tryggt að dómi sjóðsstjórnarinnar.
4. Ef lögð er niður sú starfsemi, sem lánið var veitt til.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. júlí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

1. júlí 1971. Nr. 125.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Holtavegur verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Suðurlandsbraut, Langholtsveg og Elliðavog.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. júlí 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Vegamótastíg til norðurs frá Skólavörðustíg að Grettisgötu.
2. Einstefnuakstur verður á Otrateig í suðurátt frá Laugarnesvegi að Sundlaugavegi.
3. Gjald verður tekið fyrir bifreiðastöður á bifreiðastæði að Austurstræti 1, fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. júní 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 127. 25. maí 1971.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Vatnsstíg, Frakkastíg, Vitastíg, Barónsstíg, Ránargötu, Bárugötu og á 5 reitum á bifreiðastæði við Garðastræti, verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 109—127. Útgáfudagur 30. júlí 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1971

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um minningarsjóð Jónatans J. Líndals á Holtastöðum, A.-Hún., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóð Jónatans J. Líndals á Holtastöðum, A.-Hún.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður 26. júní 1969 af Engihlíðarhreppi í tilefni af 90 ára afmæli hreppstjóra, Jónatans Jósafatssonar Líndals bónda á Holtastöðum, og er kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund — frá hreppnum og þess utan leggur Jónatan J. Líndal sjóðnum til kr. 10 000.00 — tíu þúsund — svo að hann verður alls kr. 30 000.00.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi, eða annarri jafntryggri lánastofnun.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms efnilega unglinga í Engihlíðarhreppi (eins og hreppurinn er nú). Má verja ¾ af árlegum vöxtum sjóðsins til námsstyrktar einum efnilegum unglingi í hreppnum á aldrinum 13—18 ára, skal styrkur venjulega veittur sama unglingi 3 ár samfleytt. Að öðru jöfnu skal sá sitja fyrir er hefur hæsta prófseinkunn. Sæki enginn um styrkinn eitthvert ár leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Vaxi sjóðurinn svo að úthlutunarnefnd telji ástæðu til má skipta styrknum milli tveggja unglinga.

Styrknum skal úthlutað í júnímánuði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast 3ja manna nefnd. Hreppstjóri Engihlíðarhrepps, hreppsnefndaroddviti sama hrepps og sóknarprestur Holtastaðakirkju. Sé sami maðurinn hreppstjóri og oddviti tekur varaoddviti sæti í nefndinni. Nefndin skiptir sjálf verkum með sér. Stjórn sjóðsins færir gjörðarbók um styrksúthlutun og fundi. Í þá bók skal einnig færa reikninga sjóðsins. Af vöxtum sjóðsins skal stjórnin fá greiddan útlagðan kostnað, en fær að öðru leyti ekki þóknun fyrir störf sín.

Reikningur sjóðsins skal jafnan fylgja reikningi Engihlíðarhrepps til endurskoðunar.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

B 34

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Dráp loðdýra og skordýra.

1. gr.

Loðdýr má eigi deyða með **cýansamböndum** (blásýru og söltum hennar) eða með **strykníni.**

Skordýr má því aðeins veiða og deyða með cýankalíum, að efnið sé steypt í gifslag í glasi. Í hverju glasi mega í mesta lagi vera 50 g af gifssteypunni.

Böðun sauðfjár.

2. gr.

Heimilt er að selja á frjálsum markaði **hexicið (lindan),** sem sérstaklega er ætlað til þess að eyða óþrifum í sauðfé við böðun, enda þótt styrkleiki efnisins sé meiri en 2% (w/w eða Ww/v), sbr. lista II og III við lög um eiturefni og hættuleg efni. Á ílátum skulu vera notkunarreglur á íslenzku, varnaðarorð og fyrirmæli um þvott og hreinsun íveruklæða þeirra, er baða, svo og leiðbeiningar um förgun ílátanna.

Málning og litir.

3. gr.

Arsenmagn í lit til notkunar í málningu, sem seld er á frjálsum markaði, má ekki vera meira en 1 mg í hverju g af litnum þurrum eða meira en 1 mg í 1.5 g af litnum fullbúnum til notkunar. Arsenmagn má þó vera meira í lit, sem notaður er við listmálun eða í málningu á skip neðan sjávarborðs.

Antímon-, arsen-, blý- og **kvikasilfurssambönd** má því einungis nota til litunar eða málningar leikfanga, að eigi sé meira magn en 0.4 mg af arseni eða kvikasilfri eða 5 mg af antímoni eða blýi í því magni litar eða málningar, er áborin hylur 100 cm^2 flöt. Ákvæði þessi taka þó eigi til kvikasilfurssúlfíðs (zinnóber) og antímonsúlfíðs.

Heimilt er að nota **baríummetabórat** í málningu, sem seld er á frjálsum markaði.

Varnir gegn fúa í vefnaði og trjávöru.

4. gr.

Arsen- og kvikasilfurssambönd má einungis nota til þess að varna fúa í vefnaði svo sem segldúk, ábreiðum og tjöldum, og í trjávöru, svo sem borðum, bitum, fjölum og listum, sem ætluð eru til að nota **utanhúss.** Á ílátum um arsen- og kvikasilfurssambönd, sem notuð eru til þess að varna fúa og seld eru á frjálsum markaði, skulu vera leiðbeiningar um notkun, svo og áminning til seljanda um að benda kaupanda á, hverjum takmörkunum notkun efnanna er háð.

Tetraetýlblý í benzíni.

5. gr.

Tetraetýlblý má blanda í benzín, sem selt er á frjálsum markaði, ef það er litað sérstaklega og öðru vísi en benzín eða annað eldsneyti, er ekki inniheldur tetraetýlblý. Benzíngeyma, tunnur og brúsa, sem hafa að geyma benzín, er inniheldur tetraetýlblý, skal merkja þannig: „Blý-benzín: Má einungis nota á benzínhreyfla til eldsneytis.“

Fegrunar- og snyrtiefni.

6. gr.

Fegrunar- og snyrtiefni eru hrein efni, efnablöndur eða aðrar efnasamsetningar, sem borin eru á, núið er á, dyft (púðrað), úðað eða á annan hátt er dreift á líkama manna eða líkamshluta í þeim tilgangi að verja, hreinsa eða fegra og gera meir aðlaðandi en ella eða til þess að breyta útliti líkamans eða líkamshluta í öðrum tilgangi.

Fegrunar- og snyrtiefni mega **hvorki** innihalda **antímon-, arsen-, blý- eða kvikasilfurssambönd, né þau leysiefni í flokki hættulegra efna, sem talin eru á lista IV A** (sjá þó 4. málsgr.). Enn fremur mega **parafenýlendíamín, paratólúýlendíamín, tetraklóretan** og **tetraklórmetan ekki** vera í fegrunar- og snyrtiefnum.

Eigi má nota til hárþvotta þau **leysiefni í flokki hættulegra efna**, sem talin eru á lista IV A. Sama gildir um **tetraklóretan** og **tetraklórmetan.** Á ílátum um **dibrómetan, diklóretan** (1,2-diklóretan), **tetraklóretýlen** og **tríklóretýlen** skal þess enn fremur sérstaklega getið, að efnin megi ekki nota til hárþvotta.

Fegrunar- og snyrtiefni, sem notuð eru til þess að lakka neglur eða fjarlægja lakk af nöglum mega innihalda þau leysiefni, sem greinir á lista IV A, enda skal eigi láta efnin (vökvar) úti í meira magni en nemur 50 ml.

Klóróform í tannkremi og sælgæti.

7. gr.

Í tannkremi má vera allt að 4% (w/w) af klóróformi og í sælgæti má vera allt að 2% (w/w) af efninu. Skylda má framleiðendur til þess að láta getið á umbúðum, hve mikið klóróform er í nefndum varningi.

Úðunarílát („spray-brúsar").

8. gr.

Úðunarílát mega ekki innihalda þau **leysiefni, sem greind eru á lista IV A.**

Hegning og viðurlög.

9. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni.

Eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar hafa eftirfarandi undanþágur verið heimilaðar frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. heimild í 21. gr. laganna:

1. Undanþegin ákvæðum 5. gr. laganna (varðandi kaup og sölu) eru: **hexicið** (**lindan**) til þess að eyða óþrifum í sauðfé, málning, litir eða fúavarnarefni, er innihalda **arsen- og kvikasilfurssambönd** eða **bariummetabórat** og **tetraetýlblý** í benzíni til nota á benzínhreyfla til eldsneytis, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laganna.
2. Undanþegin ákvæðum 1. málsgreinar 15. gr. laganna (íblöndun eiturefna og hættulegra efna í matvæli eða fóðurvörur) er **íblöndun nítríta** (kalíumnítrít, natríumnítrít) í síld, loðnu og annan bræðslufisk til þess að varna rotnun, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð, sem sett er samkvæmt heimild í öðrum lögum (sbr. reglugerð nr. 161/1966 um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 131. 9. júlí 1971.

REGLUGERÐ

um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum samkvæmt beiðni þeirra og gilda til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Gildistími eiturbeiðna er lengst 1 ár frá útgáfudegi og gegn sömu eiturbeiðni má eigi láta úti oftar en í mesta lagi þrisvar sinnum. Þegar að neðan er rætt um eiturbeiðnir, er átt við eiturbeiðnir, er lögreglustjóri hefur gefið út og eru enn í gildi.

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði.

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1—5 tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrirmæla um notkun. Slíkar undanþágur frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til kaupa á eiturefnum, sem sérstaklega eru ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

3. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar.

4. gr.

Eiturbeiðandi skal á eyðublaði greina nákvæmlega, hve mikið magn (g, ml, kg, l) eiturefnis eða varnings hann hyggst nota og til hvers. Skal hann með undirskrift sinni staðfesta, að hann heiti að fara með fyllstu gát með umrætt eiturefni og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum og muni ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

5. gr.

Eiturbeiðnir skal gefa út í þríriti á sérstök eyðublöð (sbr. viðauka I). Skal lögreglustjóri varðveita annað afrit, en eiturbeiðandi hitt. Eiturbeiðandi skal framvísa seljanda frumriti.

Seljandi skal halda eftir frumriti eiturbeiðnar, ef hún hljóðar á sterkt eiturefni (sbr. lista I við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem slík efni hefur að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, enda má einungis afgreiða einu sinni gegn slíkri eiturbeiðni. Hljóði eiturbeiðni á eiturefni (sbr. lista II við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem hefur slík efni að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, skal seljandi árita eiturbeiðni í 2 fyrstu skipti, þegar henni er framvísað, svo að skýrt sé, að afgreiðsla hafi farið fram, en haldi henni eftir í þriðja sinn, enda skal ekki afgreiða oftar en þrisvar sinnum gegn slíkri eiturbeiðni.

Seljandi skal í lok hvers árs senda eiturefnanefnd öll frumrit eiturbeiðna, er afgreiddar hafa verið og haldið eftir samkvæmt framanskráðum fyrirmælum.

6. gr.

Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri og sanni með persónuskilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er lögreglustjóra svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. Skal seljandi krefja eiturbeiðanda skilríkja á sama hátt og lögreglustjóri. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má gefa út eiturbeiðnir né afhenda gegn þeim eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að hlutaðeigendur kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

7. gr.

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni til notkunar í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 9. gr.).

Hvorki mega eiturbeiðnir hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

8. gr.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín, og má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað skírteini (sjá viðauka 2), er veitir leyfi til slíkra kaupa. Skal hlutaðeigandi ávallt bera skírteinið á sér við störf sín. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýzt af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskírteinum þau eiturefni (sbr. I. málsgr. 3. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits um umsækjendur hjá formanni hlutaðeigandi iðnaðarmannafélags á hverjum stað eða hjá öðrum dóm-

bærum mönnum eftir því, sem við á hverju sinni. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta geti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds til ráðherra.

Seljandi má eigi afhenda eiturefni gegn leyfum þessum öðrum en þeim, er þau skal nota. Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir hönd notanda, enda hafi notandi með símtali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá, er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal þá með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Um útgáfu leyfa og afhendingu eiturefna gegn þeim gilda enn fremur ákvæði 1. og 3. málsgr. 6. gr. svo og ákvæði 7. gr.

9. gr.

Þeir einir mega kaupa og nota eiturefni í hættuflokkum X og A, er brýna þörf hafa fyrir slík efni við störf sín og til þess hafa fengið sérstök leyfi (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Leyfishafar skulu ávallt bera á sér við störf sín númeruð leyfisskírteini (sbr. viðauka 3), er lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanefndar.

10. gr.

Ef sérstaklega stendur á, er lögreglustjóra heimilt, enda þótt umsagnar eiturefnanefndar hafi ekki verið leitað, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. málsgr. 3. gr.).

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest eftirtaldar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem staðfest var af ráðuneytinu 3. júlí 1967.

1. Reiturinn milli Rauðarárstígs, Laugavegar, Þverholts og Háteigsvegar:
   Í stað nýtingarhlutfallsins 0.5 komi nýtingarhlutfallið 0.75.
2. Reiturinn Bjargarstígur, Bergstaðastræti, Spítalastígur og Grundarstígur:
   Í stað hverfisstofnun (skóla, barnaheimili o. fl.) komi íbúðarsvæði og skrifstofur.

Framangreind breyting hefur verið samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma rakarastofa í Reykjavík.

1. gr.

Afgreiðslutími rakarstofa í Reykjavík er svo sem segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga er afgreiðslutími rakarastofa frá kl. 9.00—18.00 og föstudaga kl. 9.00—19.00, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

3. gr.

Laugardaga er afgreiðslutími kl. 8.30—12.00 allt árið.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní skal lokað allan daginn.

Á gamlaársdag og aðfangadag jóla skal lokað kl. 12.00.

5. gr.

Síðasta laugardag fyrir Þorláksmessu og á Þorláksmessu, skal lokað kl. 21.00 og næst síðasta laugardag fyrir Þorláksmessu skal lokað kl. 18.00.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn á rakarastofu fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða, eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, er renna í borgarsjóð.

Um mál vegna brota á samþykkt þessari fer að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík nr. 171 27. desember 1946.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverzlana í Reykjavík, þ. á m. söluturna, svo og til brauð- og mjólkurbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkazt hafa í hverri grein.

Borgarstjórn getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og benzínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar borgarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra og Kaupmannasamtaka Íslands, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verzlunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlanir opnar til kl. 24.00.

Borgarráð getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00 virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr., skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Afgreiðslutími mjólkurbúða skal vera hinn sami og afgreiðslutími almennra verzlana. Heimilt er þó að hafa þær opnar kl. 9.00—12.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 6. gr.

4. gr.

Borgarráð getur að fengnum tillögum lögreglustjóra og heilbrigðismálaráðs leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna og sambærilega sölustaði, þannig að þeir verði opnir til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A-lið 6. gr.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr. skulu algerlega aðgreindir frá verzlun eða birgðageymslu verzlunar. Borgarráð getur ákveðið, að sala þar megi eingöngu fara um söluop.

Borgarráð setur að fengnum tillögum Kaupmannasamtaka Íslands sérstakan vörulista, þar sem tilgreint sé, hvaða vörur kemur til greina að selja megi á sölustöðum þeim, sem um ræðir í þessari grein.

Í hverju leyfi, sem veitt verður til rekstrar, skv. þessari grein, skal tekið fram, hvaða vörur af áðurnefndum lista heilbrigðismálaráð telur fært að leyfa þar til sölu með hliðsjón af aðstæðum. Á hverjum sölustað skal komið fyrir á stað, þar sem viðskiptamenn geta greinilega séð, skrá um það, hvað selja má á staðnum, og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni ráðsins.

5. gr.

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðismálaráðs heimilað, að verzlanir, sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, öl, gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 5. mgr. 4. gr., svo og verzlanir, sem eingöngu selja neyzluís mega vera opnar alla daga, nema þá, sem um getur í A-lið 6. gr., sbr. C-lið sömu greinar.

Borgarráð getur og að fengnum meðmælum lögreglustjóra leyft, að slíkar verzlanir verði opnar eftir kl. 23.30. Í leyfi skal þá tiltekið, hvenær loka skuli, svo og nánari skilyrði um umbúnað allan á hlutaðeigandi sölustað.

6. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði í 3.—5. gr.

C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00.

7. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðismálaráðs, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

8. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verzlun eða sölustað, þegar lokað er.

9. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla. Þá getur hann leyft tilteknum verzlunum afgreiðslu á vörubirgðum til skipa, hvenær sem er sólarhrings.

10. gr.

Borgarráð getur leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum að vori til og sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði, svo og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

Það getur og leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða minjagripaverzlanir.

Reglur um rýmri afgreiðslutíma skv. þessari grein skulu settar að fengnum tillögum Kaupmannasamtaka Íslands.

11. gr.

Fyrir leyfi, skv. 4. gr., skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 10 þúsund á ári. Gjalddagi þess er 15. janúar ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Borgarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð, heilbrigðismálaráð eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má borgarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1971, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík frá 6. des. 1963, svo og samþykkt um breyting á henni frá 28. júlí 1964, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við hana.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Fylgiskjal.

Tillaga um vörulista skv. 3. mgr. 4. gr.

Sælgæti.
Súkkulaðikex alhúðað.
Tóbaksvörur.
Öl og gosdrykkir.
Blöð og tímarit.
Ís, ískökur, íssósur.
Heitar pylsur.
Rafhlöður.
Skyndiplástur.
Blöðrur.
Flugeldar.

Saltstengur.
Salthnetur.
Öryggi.
Eldspýtur.
Dömubindi.
Rakblöð.
Sólgleraugu.
Kort.
Frímerki.
Bolluvendir.
Spil.
Greiður.
Hárlakk.
Hárkrem.
Filmur.
Stílabækur, reiknibækur, blýantar.
Vinnuvettlingar.
Rakspíritus.
Raksápa.
Sokkar.
Sokkabuxur.
Kaffi.

Nr. 138. 28. júlí 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningagjafasjóður Kvenfélags Hreyfils.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega ekkjur og börn bifreiðastjóra á Hreyfli.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00, sem gefnar eru af Rósu Sveinbjarnardóttur til minningar um eiginmann sinn Helga Einarsson.

4. gr.

Tekjur sjóðsins er hagnaður af sölu minningarkorta, svo og gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

5. gr.

Tekjur sjóðsins svo og vextir skal leggja óskert við höfuðstól, þar til hann hefur náð kr. 100 000.00. Má þá veita úr honum alla ársvexti. Þegar sjóðurinn hefur náð

kr. 200 000.00, má veita úr honum auk vaxta allar tekjur hans. Höfuðstóll sjóðsins má aldrei vera minni en kr. 200 000.00.

6. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt bókhald og fjárreiður og skal fé hans ávaxta á sérstökum bankareikningi. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Stjórn Kvenfélags Hreyfils sér um úthlutun úr sjóðnum og fer með stjórn hans. Stjórn Kvenfélagsins er heimilt að tilnefna sérstakan gjaldkera til að fara með bókhald og reikningshald sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Kvenfélags Hreyfils.

9. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. júlí 1971. Nr. 139.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Brynleifs Tobiassonar, og er stofnaður við fráfall hans af kennurum Menntaskólans á Akureyri og vinum og samherjum hans í bindindismálum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 35 955.90. Gjafir, sem sjóðnum kunna að bætast, leggist óskertar við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer með vörzlu hans eftir sömu almennu reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans.

4. gr.

Skólaráð fer með stjórn sjóðsins og ákveður úthlutun úr honum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en árlega má veita ⅘ ársvaxta til nemenda, sem skara fram úr í sagnfræði og/eða hafa unnið að bindindismálum í skólanum eða utan hans. Úthlutun fari fram í skólaárslok.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Guðrúnar Jónsdóttur, og var hann stofnaður með gjafabréfi dags. 17. júní 1945 af skólasystkinum og vinum Guðrúnar, sem fórst með Dettifossi 21. febr. það ár.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 45 164.80. Gjafir, er sjóðnum kunna að berast, leggist óskiptar við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer með vörzlu hans eftir sömu almennu reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans. Skólameistari ræður einn úthlutun úr sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar námsmeyjar í Menntaskólanum á Akureyri. Að öðru jöfnu gangi þær fyrir, sem sýnt hafa sérstakan hug á námi tungumála.

5. gr.

Árlega má úthluta úr sjóðnum ⅔ ársvaxta hans samkv. tilg. 4. gr. en afgangur vaxta leggist við höfuðstólinn. Úthluta má fleiri en einum styrk, ef ástæða þykir til. Úthlutunardagur sé 17. apríl, sem er afmælisdagur Guðrúnar Jónsdóttur. Áður en úthlutun fer fram skal leitað eftir umsóknum frá námsmeyjum skólans.

6. gr.

Verði einhvern tíma gerð sú breyting á skólaskipan á Norðurlandi, að stofnaður verði á Akureyri sérskóli fyrir stúlkur, sem nema vilja til stúdentsprófs, án þess þær fái aðgang að Menntaskólanum á Akureyri, verði sjóðurinn eign þess skóla með sama fyrirkomulagi og skipulagsskrá þessi kveður á um.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1971 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

Menntamálaráðuneytið, 5. ágúst 1971.

Magnús Torfi Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

30. júlí 1971. Nr. 142.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 31 22. febrúar 1961, reglugerð nr. 145 30. júní 1964 og reglugerð nr. 70 6. apríl 1970.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan hreppsnefnd Garðahrepps ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 350 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðahreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 350 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 350 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu áliti biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154 1963:

Í stað 18. töluliðar komi tveir töluliðir er orðist svo:

18. **Kársnesprestakall:** Kársnessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað vestan Reykjanesbrautar.

19. **Digranesprestakall:** Digranessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað austan Reykjanesbrautar.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Nr. 144. 30. júní 1971.

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og símamálastjóri veitir leyfi til talstöðvaviðgerða samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. gr.
Almenn ákvæði.

1.1 Leyfi til þess að reka talstöðvaverkstæði geta þeir einir fengið, sem hafa meistararéttindi í talstöðvaviðgerðum, sem viðurkennd eru af póst- og símamálastjórninni, eða hafa mann með slík réttindi í sinni þjónustu til að veita verkstæðinu forstöðu.

1.2 Leyfi til að gera við, flytja og setja upp talstöðvar eru bundin við ákveðnar tegundir stöðva, sem leyfishafi hefur, með samningi við innflytjanda eða framleiðanda, skuldbundið sig til þess að gera við og veita þá viðgerðarþjónustu, sem nauðsynleg er. Talstöðvategundir skulu tilteknar í leyfisbréfi og viðbótum við það.

1.3 Í fyrsta skipti skal leyfi útgefið til eins árs til reynslu. Hafi leyfishafi haldið skilmála þessarar reglugerðar, svo og ekki orðið brotlegur við önnur fjarskiptalög eða reglugerðir, framlengist leyfið til fimm ára í senn, sé þess óskað.

1.4 Á reynslutíma er leyfishafa skylt að færa skrá yfir allar viðgerðir, flutninga og uppsetningar með örstuttri lýsingu á því, sem við var gert.

Radíóeftirliti Pósts og síma skal heimilt að rannsaka nefnda skrá fyrirvaralaust og fá af henni afrit, ef því þykir tilefni til. Enn fremur skal senda radíóeftirlitinu afrit af skránni mánaðarlega.

1.5 Flutning og nýuppsetningar á talstöðvum ber leyfishafa ávallt að tilkynna radíóeftirlitinu tafarlaust.

Leyfishafi er ábyrgur gagnvart Pósti og síma á því, að nýjar eða tilfluttar talstöðvar séu ekki teknar í notkun fyrr en leyfisbréf vegna þeirra hefur verið gefið út og þær prófaðar og samþykktar af radíóeftirlitinu.

1.6 Leyfishafa er heimilt að hafa í sinni þjónustu meistara í talstöðvaviðgerðum, einnig símvirkja (radíó), loftskeytamenn og útvarpsvirkja með sérprófi í talstöðvaviðgerðum og reglugerðum.

Leyfishafa er óheimilt að nota aðra en ofangreinda aðila til þess að annast talstöðvaviðgerðir í sínu umboði.

2. gr.
Kröfur um menntun og starfsþjálfun.

2.1 Meistari í talstöðvaviðgerðum skal hafa góða þekkingu á talstöðvum og innlendum og alþjóðareglugerðum þar að lútandi.

2.2 Þær menntunarkröfur, sem gerðar eru til símvirkjameistara með sérgrein í radíófræðum eru fullnægjandi.

2.3 Meistarar í talstöðvaviðgerðum geta auk þess orðið útvarpsvirkjameistarar, sem lokið hafa talstöðvaprófi, sem Póstur og sími heldur og afla sér auk þess eins og hálfs árs starfsreynslu hjá viðurkenndum meistara í talstöðvaviðgerðum.

2.4 Námsefni til talstöðvaprófs innifelur fræðslu um tæknilega uppbyggingu talstöðvasenda, talstöðvaviðtækja, loftneta, jarðsambanda og hleðslubúnaðar, svo og mælitækni og reglugerðir, innlendar og alþjóðlegar.

2.5 Tæknifræðingar og verkfræðingar með sérgrein í radíófræðum, sem óska eftir meistararéttindum til talstöðvaviðgerða, skulu ljúka prófi í reglugerðum um fjarskipti, sem Póstur og sími heldur.

2.6 Símvirkjar (radíó), loftskeytamenn og útvarpsvirkjar, sem lokið hafa 3 ára starfsþjálfun hjá viðurkenndum meistara í talstöðvaviðgerðum, geta öðlast meistararéttindi með því að ganga undir og standast talstöðvameistarapróf, sem Póstur og sími heldur.

2.7 Prófdómendur við ofangreind próf skulu vera aðalkennarar Póst- og símaskólans í radíófræðum annars vegar og reglugerðum hins vegar, en þriðji maður skal skipaður af skólanefnd Póst- og símaskólans hverju sinni.

2.8 Póst- og símamálastjórnin ákveður prófgjald hverju sinni.

3. gr.
Mælitæki, varahlutir, þjónusta.

3.1 Gerðar eru kröfur um, að talstöðvaverkstæði hafi til afnota öll mælitæki, sem Póstur og sími telur nauðsynleg til þess að viðhalda og stilla þær talstöðvar, sem verkstæðið hefur fengið til að annast með tilliti til viðgerðarþjónustu.

3.2 Í samningi þeim, sem leyfishafi og innflytjandi eða framleiðandi gera með sér um viðhaldsþjónustu, skal tekið fram, hvor aðilinn skuldbindur sig til þess að hafa ávallt nægar varahlutabirgðir í landinu vegna talstöðvanna.

3.3 Leyfishafa er skylt að veita góða, samfellda þjónustu um allt land eftir því sem við verður komið og hægt er að krefjast miðað við aðstæður og fjölda þeirra talstöðva, sem hann annast með tilliti til viðgerðarþjónustu.

4. gr.
Afturköllun leyfis.

4.1 Endurtekin eða gróft brot á ákvæðum þessum eða öðrum reglum um fjarskipti varða afturköllun leyfis.

4.2 Ef rökstuddar kvartanir berast frá notendum um, að þjónusta leyfishafa sé óviðunandi og póst- og símamálastjórnin hefur gengið úr skugga um að svo sé, skal gefa leyfishafa 6 mánaða frest til þess að bæta þá þjónustugalla, sem fram hafa komið.

Umsóknir um framangreint leyfi til talstöðvaviðgerða skulu sendar til póst- og símamálastjórnarinnar.

Póst- og símamálastjórnin, 30. júní 1971.

Jón Skúlason.

Sigurður Þorkelsson.

Utkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1971.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 11. janúar 1971, nr. 1.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. febrúar 1971, nr. 2.

Lög um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1971, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetnum 5. apríl 1971, nr. 5.

Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1971, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 8.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. marz 1971, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1971, nr. 10.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1971, nr. 11.

Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1971, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1971, nr. 13.

Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 14.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1971, nr. 15.

Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1971, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 2. apríl 1971, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 18.

Útvarpslög, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 19.

Lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 20.

Lög um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 21.

Lög um kjördag við kosningar til Alþingis 1971, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1971, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1971, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1971, nr. 24.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1971, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1971, nr. 27.

Lög um virkjun Svartár í Skagafirði, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 28.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 15. apríl 1971, nr. 30.

Lög um Iðnþróunarstofnun Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af forsetanum 7. apríl 1971, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1971, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1971, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1971, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1971, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 37.

Lög um Kennaraháskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 38.

Lög um utanríkisþjónustu Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 40.

Lög um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um lönlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 42.

Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 43.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 44.

Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 45.

Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 46.

Lög um náttúruvernd, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 47.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 48.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 30. apríl 1971, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 50.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 3. maí 1971, nr. 51.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 8. maí 1971, nr. 52.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1971, nr. 53.

Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1971, nr. 54.

Lög um fiskvinnsluskóla, undirskrifuð af forsetanum 15. apríl 1971, nr. 55.

Lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 56.

Lög um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1971, nr. 59.

Auglýsing um vegáætlun fyrir 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972, undirskrifuð af samgönguráðherra 30. apríl 1971, nr. 60.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, undirskrifuð af forsetanum 19. maí 1971, nr. 61.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969, undirskrifuð af forsetanum 19. maí 1971, nr. 62.

Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 63.

Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 65.

Lög um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 66.

Lög um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1971, nr. 67.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 15. júní 1971, nr. 68.

Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963, undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1971, nr. 69.

Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1971, nr. 70.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu, undirskrifuð af forsetanum 4. júní 1971, nr. 71.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 22. júní 1971, nr. 72.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 25. júní 1971, nr. 73.

Auglýsing um skipting starfa ráðherra, undirskrifuð af forsætisráðherra, 14. júlí 1971, nr. 74.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 19. júlí 1971, nr. 75.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, undirskrifuð af forsetanum 21. júlí 1971, nr. 76.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, undirskrifuð af forsetanum 21. júlí 1971, nr. 77.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, undirskrifuð af forsetanum 30. júlí 1971, nr. 78.

REIKNINGUR

Verzlunarbanka Íslands hf. árið 1970.

Rekstursreikningur.

Gjöld:

Rekstursкostnaður bankans:			
Laun	kr.	18 456 621.00	
Annar kostnaður	—	9 477 252.00	
		kr.	27 933 873.00
Greiddir vextir		—	73 158 902.70
Afskrifað		—	1 775 416.90
Lagt í varasjóð		—	4 313 000.00
Óráðstafaður tekjuafgangur		—	2 074 985.10
		Kr.	109 256 177.70

Tekjur:

Forvextir	kr.	49 926 837.70
Vextir af bankainnstæðu og verðbréfum	—	31 844 974.90
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings	—	14 264 891.00
Aðrar tekjur	—	13 099 258.00
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	120 216.10
	Kr.	109 256 177.70

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Fasteignir	kr.	34 200 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	4 900 000.00
Verðbréf	—	241 653 440.50
Víxlar	—	584 982 074.30
Skuld í hlaupareikningi	—	141 760 383.40
Ógreiddir vextir	—	10 734 583 70
Skuldir viðskiptamanna v/ábyrgða	—	16 766 321 90
Ýmsir skuldunautar	—	1 796 693.10
Innstæða í Seðlabanka á bundnum reikningi	—	210 728 000.00
Innstæður í bönkum	—	2 857 342.90
Verzlunarlánasjóður	—	8 000 000.00
Ógreitt hlutafé	—	2 990 000.00
Sjóður	—	5 077 742.90
	Kr.	1 266 446 582 70

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	29 000 000.00
Verðbréf til endurlána	—	6 733 338 00
Verzlunarlánasjóður	—	70 866 662 00
Innstæður í sparisjóði	—	999 857 053.70
Innstæður í hlaupareikningi	—	98 439 694.50
Fyrirfram greiddir vextir	—	10 563 510.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	16 766 321.90
Arður 1967	—	186 190.00
Arður 1968	—	292 416.00
Arður 1969	—	611 694.50
Ýmsir kröfuhafar	—	1 054 717.00
Yfirfært til næsta árs	—	2 074 985.10
	Kr.	1 266 446 582 70

Reykjavík, 8. janúar 1971.

Höskuldur Ólafsson. **Tryggvi Árnason.**

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1970 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að víxlabirgðir bankans, verðbréf, sjóðseign og aðrar eignir samkvæmt reikningi þessum eru fyrir hendi.

Reykjavík, 8. febrúar 1971.

Jón Helgason. *Pétur Pétursson.* *Hilmar Fenger*

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1970 hefur bankaráð samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 12. febrúar 1971.

Magnús J. Brynjólfsson. **Þ. Guðmundsson.** **V. H. Vilhjálmsson.**

Reikningsyfirlit pr. 30. júní 1970.

Eignir:

Fasteignir	kr.	34 200 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	2 566 588.90
Verðbréf	—	182 577 306.80
Ógreitt hlutafé	—	4 020 980.00
Víxlar	—	529 285 173.30
Skuld í hlaupareikningi	—	144 017 583.00
Ógreiddir vextir	—	8 266 224.10
Ýmsir skuldunautar	—	904 826.20
Reksturskostnaður	—	10 602 956.10
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	10 585 900.00

Innleystar ávísanir	kr.	16 292 944.50
Bankainnstæða	—	44 972 440.60
Stofnkostnaður útibúa	—	750 000.00
Bundin innstæða vegna bindiskyldu	—	191 735 000.00
Rekstur fasteigna	—	458 943.90
Framlag til Verzlunarlánasjóðs	—	6 000 000.00
Útibú bankans	—	93 823 872.00
Vaxtagjöld	—	2 148 783.20
Sjóður	—	10 628 576.10
	Kr.	1 296 838 098.70

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	24 243 000.00
Innstæður í sparisjóði	—	908 747 764.00
Innstæður í hlaupareikningi	—	115 900 952.50
Fyrirfram greiddir vextir	—	6 251 378.00
Forvextir af víxlum	—	24 324 388.40
Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningi	—	4 781 831.40
Aðrar vaxtatekjur	—	4 242 760.00
Ýmsar tekjur	—	5 897 071.70
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	10 585 900.00
Ýmsir kröfuhafar	—	1 032 987.00
Verzlunarlánasjóður	—	62 895 397.80
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	120 216.10
Útibú bankans	—	81 684 741.30
Verðbréf til endurlána	—	14 650 000.00
Óinnleystur arður 1967, 1968, 1969	—	1 479 710.50
	Kr.	1 296 838 098.70

Höskuldur Ólafsson. **Tryggvi Árnason.**

Nr. 146.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1970.

Rekstrarreikningur séreignadeildar 1. janúar til 31. desember 1970.

Tekjur:

Framlag sveitarfélaga 50%	kr.	5 086 050.00
Vextir af innstæðum sveitarfélaga	—	1 561 181.69
	Kr.	6 647 231.69

Gjöld:

Tekjuafgangur 1970	kr.	6.647.231.69
	Kr.	6 647 231.69

Rekstrarreikningur sameignardeildar 1. janúar til 31. desember 1970.

Tekjur:

Framlög:		
Framlag ríkissjóðs	kr.	10 172 100.00
Framlag sveitarfélaga	—	2 543 025.00
Aukaframlag ríkissjóðs vegna heyflutningastyrkja	—	5 839 414.00
	kr.	18 554 539.00
Vextir	—	481 669.90
Lántökugjöld A-lána	—	4 900.00
Húsaleigutekjur	—	261 120.00
	Kr.	19 302 228.90

Gjöld:

Stjórnunarkostnaður	kr.	1 079 265.10
Rekstur fasteignar	—	98 960.20
Styrkir, eftirgefin lán	—	7 592 181.00
Vextir og innheimtukostnaður	—	356 469.70
	kr.	9 126 876.00
Tekjuafgangur 1970	—	10 175 352.90
	Kr.	19 302 228.90

Rekstrarreikningur afurðatjónadeildar 1. janúar til 31. desember 1970.

Tekjur:

Framlög:			
0.25% gjald af söluverði landbúnaðarafurða skv. 4. gr. c af framleiðslu 1968 og 1969	kr.		5 882 117.55
÷ bókfært 1969	—		2 112 284.20
	Kr.		3 769 833.35
0.33⅓% gjald af söluverði landbúnaðarafurða skv. 4. gr. c af framleiðslu 1970	—		28 636.60
	Kr.		3 798 469.95
Mótframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. d	—		3 798 469.95
	kr.		7 596 939.90
25% af framlagi sveitarfélaga skv. 4. gr. a	—		2 543 025.00
	kr.		10 139 964.90
Vextir:			
Dráttarvextir af B-lánum	kr.	2 990.00	
Dráttarvextir af harðærislánum 1967 og 1968	—	6 670.00	
Dráttarvextir af harðærislánum 1969	—	4 950.00	
	—		14 610.00

Lántökugjöld:			
Af B-lánum	kr.	21 180.00	
Af C-lánum	—	33 100.00	
Af harðærislánum 1969 og 1970	—	579 020.00	
Af harðærislánum 1970 og 1971	—	127 500.00	
		kr.	760 800.00
		Kr.	10 915 374.90

Gjöld:

Tjónastyrkir skv. 12. gr. laga sjóðsins nr. 82/1967		kr.	295 000.00
Vextir og lántökukostnaður		—	6 811 649.25
Innheimtulaun Framleiðsluráðs landbúnaðarins ..	kr. 118 215.05		
÷ bókfært 1969	— 42 245.70		
		—	75 969.35
		Kr.	7 182 618.60
Tekjuafgangur 1970		—	3 732 756.30
		Kr.	10 915 374.90

Aðalrekstrarreikningur Bjargráðasjóðs Íslands frá 1. janúar til 31. desember 1970.

Tekjur:

Tekjuafgangur séreignadeildar 1970	kr.	6 647 231.69
Tekjuafgangur sameignardeildar 1970	—	10 175 352.90
Tekjuafgangur afurðatjónadeildar 1970	—	3 732 756.30
	Kr.	20 555 340.89

Gjöld:

Yfirfært á hreina eign 1970	kr.	20 555 340.89
	Kr.	20 555 340.89

Efnahagsreikningur séreignadeildar pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Sparisjóðsinnstæður		kr.	18 380 640.00
Skuldunautar:			
Bráðabirgðalán sameignardeildar	kr. 4 100 000.00		
Bráðabirgðalán afurðatjónadeildar	— 2 840 000.00		
		—	6 940 000.00
		Kr.	25 320 640.00

Skuldir:

A. Lánsfé:			
Skuldheimtumenn:			
Ofgreiddir vextir sameignardeildar		kr.	12 083.00
B. Eigið fé:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr. 18 661 325.31		
Tekjuafgangur 1970	— 6 647 231.69		
		—	25 308 557.00
		Kr.	25 320 640.00

Efnahagsreikningur sameignardeildar pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Hlaupareikningsinnstæða	kr. 9 165 484.70		
Sparisjóðsinnstæða	— 33 719.00		
		kr.	9 199 203.70
Skuldunautar:			
Útistandandi vextir	kr. 343 869.00		
Bráðabirgðalán til afurðatjónad. landb.	— 4 828 587.40		
Ofreiknaðir heyflutningastyrkir	— 25 600.00		
Ofreiknaðir vextir	— 12 083.00		
		—	5 210 139.40
Skuldabréfaeign:			
Ríkistryggð útdráttarskuldabréf	kr. 610 500.00		
Afborganaskuldabréf	— 1 605 833.36		
A-lán	— 11 291 835.99		
Óþurrkalán 1958	— 39 300.00		
Óþurrkalán 1961	— 133 000.00		
		—	13 700 469.35
Innbú og lausafé		—	230 945.21
Fasteign Laugavegur 105 8.3%		—	192 228.00
		Kr.	28 532 985.66

Skuldir:

A. Lánsfé:			
Skuldheimtumenn:			
Ógreidd stimpilgjöld A-lána	kr. 132.00		
Bráðabirgðalán séreignadeildar	— 4 100 000.00		
		kr.	4 100 132.00
B. Eigið fé:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr. 14 257 500.76		
Tekjuafgangur 1970	— 10 175 352.90		
		—	24 432 853.66
		Kr.	28 532 985.66

Efnahagsreikningur afurðatjónadeildar pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Skuldunautar:			
Ríkissjóður Íslands			kr. 9 860 998.00
Skuldabréfaeign:			
B-lán	kr.	4 397 100.00	
C-lán	—	3 310 000.00	
Harðærislán 1967 og 1968	—	11 244 000.00	
Harðærislán 1969	—	15 683 000.00	
Harðærislán 1969 og 1970	—	77 156 000.00	
Harðærislán 1970 og 1971	—	12 750 000.00	
			— 124 540 100.00
			Kr. 134 401 098.00

Skuldir:

A. Lánsfé:			
Skuldheimtumenn:			
Ógreidd stimpilgjöld B-lána	kr.	672.00	
Ógreiddir vextir pr. 31.12 1970	—	2 937 351.00	
Ríkissjóður, ofgreitt mótframlag	—	829 430.05	
Bráðabirgðalán sameignardeildar	—	4 828 587.40	
Bráðabirgðalán séreignadeildar	—	2 840 000.00	
			kr. 11 436 040.45
Föst lán:			
Jarðeignasjóður ríkisins	kr.	20 000 000.00	
Seðlabanki Íslands	—	47 500 000.00	
Landsbanki Íslands	—	18 750 000.00	
Búnaðarbanki Íslands	—	18 750 000.00	
			— 105 000 000.00
			kr. 116 436 040.45
B. Eigið fé:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr.	14 232 301.25	
Tekjuafgangur 1970	—	3 732 756.30	
			— 17 965 057.55
			Kr. 134 401 098.00

Höfuðstólsreikningur Bjargráðasjóðs Íslands pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Séreignadeild:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr.	18 661 325.31	
Tekjuafgangur 1970	—	6 647 231.69	
			kr. 25 308 557.00

Sameignardeild:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr.	14 257 500.76	
Tekjuafgangur 1970	—	10 175 352.90	
		kr.	24 432 853.66
Afurðatjónadeild landbúnaðarins:			
Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970	kr.	14 232 301.25	
Tekjuafgangur 1970	—	3 732 756.30	
		—	17 965 057.55
		Kr.	67 706 468.21

Skuldir:

Hrein eign:			
Hrein eign 1. janúar 1970		kr.	47 151 127.32
Séreignadeild:			
Tekjuafgangur 1970	kr.	6 647 231.69	
Sameignardeild:			
Tekjuafgangur 1970	—	10 175 352.90	
Afurðatjónadeild landbúnaðarins:			
Tekjuafgangur 1970	—	3 732 756.30	
		—	20 555 340.89
		Kr.	67 706 468.21

Reykjavík, 10. febrúar 1971.

Magnús E. Guðjónsson.

Nr. 147.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Aðalsteins Kristjánssonar, Winnipeg,

frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1970			kr. 52 938.50
2) Vextir:			
a) Af verðbréfum	kr.	425.00	
b) Af sparisjóðsbók	—	3 168.00	
		—	3 593.00
		Kr.	56 531.50

Gjöld:

1) Innheimtulaun		kr.	114.00
2) Eignir 31. desember 1970:			
a) Verðbréf	kr.	8 000.00	
b) Sparisjóðsbók	—	48 417.50	
		—	56 417.50
		Kr.	56 531.50

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Sóttvarnarsjóðs ríkisins frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1970			kr. 1 816 372.73
2) Vextir:			
a) Af verðbréfum	kr.	39 095.50	
b) Af spb. við Landsbankann	—	78 582.90	
c) Af spb. við Iðnaðarbankann	—	20 278.00	
			— 137 956.40
			Kr. 1 954 329.13

Gjöld:

1) Innheimtulaun			kr. 2 183.00
2) Greiðsla til próf. Júlíusar Sigurjónssonar ..	kr.	30 000.00	
Greiðsla til Ragnh. Torfad.	—	10 000.00	
			— 40 000.00
3) Eignir pr. 31. desember 1970:			
a) Verðbréf	kr.	373 342.00	
b) Spb. við Landsbankann	—	1 228 843.80	
c) Spb. við Iðnaðarbankann	—	309 960.33	
			— 1 912 146.13
			Kr. 1 954 329.13

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 149.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Jafetsdóttur, frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1970	kr. 6 895.93
2) Vextir af viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands	— 655.11
	Kr. 7 551.04

Gjöld:

Eign 31. desember 1970	kr. 7 551.04
	Kr. 7 551.04

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar, frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1970			kr. 146 586.60
2) Vextir af sparisjóðsbók	kr.	6 883.50	
3) Vextir af skuldabréfi	—	10 000.00	
			— 16 883.50
			Kr. 163 470.10

Gjöld:

1) Innheimtulaun			kr. 100.00
2) Eignir 31. desember 1970:			
a) Verðbréf	kr.	50 000.00	
b) Sparisjóðsbók	—	113 370.10	
			Kr. 163 470.10

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 151.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Lárusar G. Lúðvíkssonar og Málfríðar Jónsdóttur frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eign 1. janúar 1970			kr. 232 250.00
2) Vextir:			
a) Af verðbréfum	kr.	1 228.00	
b) Af sparisjóðsbók	—	15 299.20	
			— 16 527.20
			Kr. 248 777,20

Gjöld:

1) Innheimtulaun			kr. 228.00
2) Eignir 31. desember 1970:			
a) Verðbréf	kr.	4 400.00	
b) Sparisjóðsbók	—	244 149.20	
			— 248 549.20
			Kr. 248 777,20

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Ólafssjóðs frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Tekjur:

1) Eignir 1. janúar 1970	kr.	17 149.31
2) Vextir af viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands	—	1 629.18
	Kr.	18 778.49

Gjöld:

Eign 31. desember 1970	kr.	18 778.49
	Kr.	18 778.49

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 153.

REIKNINGUR

Læknishéraðasjóðs frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1970.

Austur—Egilsstaðahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	122 423.10	
Innborgað af landlækni	—	40 709.00	
Vextir árið 1970	—	10 065.70	
	kr.	173 197.80	
÷ Kostnaður	—	100.00	
			kr. 173 097.80

Bakkagerðishérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	922 805.10	
Innborgað af landlækni	—	101 475.00	
Vextir árið 1970	—	68 325.60	
	kr.	1 092 605.70	
÷ Kostnaður	—	100.00	
			— 1 092 505.70

Bíldudalshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	72 844.20	
Innborgað af landlækni	—	101 475.00	
Vextir árið 1970	—	8 632.60	
	kr.	182 951.80	
Greitt Jóni Baldvinssyni, sveitarstjóra	—	6 333.30	
÷ Kostnaður	—	100.00	
			— 176 518.50

Búðardalshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	1 426.60		
Innborgað af landlækni	—	34 488.00		
Vextir árið 1970	—	1 367.30		
	kr.	37 281.90		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			kr.	37 181.90

Djúpavíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	781 523.60		
Innborgað af landlækni	—	101 475.00		
Vextir árið 1970	—	51 552.50		
	kr.	934 551.50		
Móttekið skuldabréf Ræktunarsambands Árneshrepps	—	600 000.00		
	kr.	1 534.551.10		
Greitt til Ræktunarsamb. Árneshrepps	—	600 000.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	934 451.10

Djúpavogshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	77 021.60		
Innborgað af landlækni	—	50 738.00		
Vextir árið 1970	—	4 231.00		
	kr.	131 990.60		
Greitt Þór h.f., Reykjavík	—	40 000.00		
Greitt Kjartani Árnasyni, héraðslækni	—	8 458.30		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	83 432.30

Egilsstaðahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	11 236.70		
Vextir árið 1970	—	786.50		
	kr.	12 023.20		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	11 923.20

Flateyjarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	428 570.50		
Innborgað af landlækni	—	92 909.00		
Vextir árið 1970	—	33 414.30		
	kr.	554 893.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	554 793.80

Flateyrarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	85 614.20		
Innborgað af landlækni	—	38 842.00		
Vextir árið 1970	—	7 420.40		
	kr.	131 876.60		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			kr.	131 776.60

Hafnarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	3 721.30		
Vextir árið 1970	—	260.50		
	kr.	3 981.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	3 881.80

Hofsóshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	7 772.30		
Innborgað af landlækni	—	32 073.00		
Vextir árið 1970	—	1 722.70		
	kr.	41 568.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	41 468.00

Hólmavíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	19 219.80		
Innborgað af landlækni	—	16 418.00		
Vextir árið 1970	—	1 948.70		
	kr.	37 586.50		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	37 486.50

Hvammstangahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	7 577.20		
Vextir árið 1970	—	530.40		
	kr.	8 107.60		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	8 007.60

Höfðahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	83 508.80		
Innborgað af landlækni	—	96 903.00		
Vextir árið 1970	—	8 844.10		
	kr.	189 255.90		
Greitt Þorfinni Bjarnasyni, sveitarstjóra	—	60 280.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	128 875.90

Ísafjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	30 820.40		
Vextir árið 1970	—	2 157.40		
	kr.	32 977.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			kr.	32 877.80

Kirkjubæjarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	24 091.40		
Vextir árið 1970	—	1 686.40		
	kr.	25 777.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	25 677.80

Kleppjárnsreykjahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	41 590.30		
Vextir árið 1970	—	2 911.30		
	kr.	44 501.60		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	44 401.60

Kópaskershérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	233 559.20		
Innborgað af landlækni	—	105 846.00		
Vextir árið 1970	—	17 191.60		
	kr.	356 596.80		
Greitt Sig. Ingimundarsyni	—	60 753.70		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	295 743.10

Laugaráshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	9 097.70		
Vextir árið 1970	—	636.80		
	kr.	9 734.50		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	9 634.50

Neshérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	—	241 030.90		
Innborgað af landlækni	—	178 722.00		
Vextir árið 1970	—	9 640.50		
	kr.	429 393.40		
Greitt sjúkrahúsinu Neskaupstað	—	123 133.90		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	306 159.50

Ólafsvíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	2 880.70		
Vextir árið 1970	—	201.60		
	kr.	3 082.30		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			kr.	2 982.30

Patreksfjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	8.110.70		
Vextir árið 1970	—	567.70		
	kr.	8 678.40		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	8 578.40

Raufarhafnarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	48.101.50		
Innborgað af landlækni	—	13 112.00		
Vextir árið 1970	—	3 848.90		
	kr.	65 062.40		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	64 962.40

Reykdælahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	3 217.60		
Vextir árið 1970	—	225.20		
	kr.	3 442.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	3 342.80

Reykhólahérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	195.275.30		
Innborgað af landlækni	—	52 099.00		
Vextir árið 1970	—	9 873.60		
	kr.	257.247.90		
Greitt Flugskóla Helga Jónssonar	—	29 300.00		
Greitt Val Júlíussyni, lækni	—	5 583.00		
Greitt Inga G. Sigurðssyni, oddvita	—	100 000.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	122 264.90

Súðavíkurhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	521.315.30		
Innborgað af landlækni	—	101 475.00		
Vextir árið 1970	—	40 221.30		
	kr.	663 011.60		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	662 911.60

Suðureyrarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	117 160.80		
Innborgað af landlækni	—	101 475.00		
Vextir árið 1970	—	11 349.20		
	kr.	229 985.00		
Greitt Þorv. Brynjólfssyni	—	8 905.30		
Greitt Sjúkrasaml. Suðureyrar	—	1 997.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			kr.	218 982.70

Vopnafjarðarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	61 886.70		
Vextir árið 1970	—	3 761.10		
	kr.	65 647.80		
Greitt Auðuni Kl. Sveinbjörnssyni	—	9 118.60		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	56 429.20

Þingeyrarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	36 628.80		
Vextir árið 1970	—	2 564.00		
	kr.	39 192.80		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	39 092.80

Þórshafnarhérað.

Eftirstöðvar 1. janúar 1970	kr.	56 523.50		
Innborgað af landlækni	—	101 475.00		
Vextir árið 1970	—	4 304.80		
	kr.	162 303.30		
Greitt Auðuni Kl. Sveinbjörnssyni	—	6 604.30		
Greitt Jörgen Sigurðssyni	—	8 247.30		
Greitt Skúla Johnsen, héraðslækni	—	89 060.00		
÷ Kostnaður	—	100.00		
			—	58 291.70
			Kr.	5 367 733.80

Landlæknir, Reykjavík, 15. marz 1971.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands hf. árið 1970.

Rekstursreikningur.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	53 394 041.20
Reksturskostnaður	—	30 940 933.40
Fyrningar	—	1 198 276.70
Fært á afskriftareikning	—	1 000 000.00
Lagt í varasjóð	—	1 980 208.40
	Kr.	88 513 459.70

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	77 651 670.30
Aðrar tekjur	—	10 861 789.40
	Kr.	88 513 459.70

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1970.

Eignir:

Verðbréf	kr.	184 858.729.20
Víxlar	—	252 001 701.00
Yfirdráttarlán	—	171 141 888.50
Afurðalán	—	62 500 000.00
Seðlabankinn: bundin innstæða	—	156 250 651.00
Seðlabankinn: viðskiptareikningur	—	37 280 049.10
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	28 506 000.00
Fasteignir, áhöld og búnaður	—	14 028 000.00
Ógreiddar tekjur	—	14 123 622.40
Ýmsir skuldunautar	—	10 962 310.90
Aðrar eignir	—	4 403 474.70
Sjóður	—	23 286 472.10
	kr.	959 342 898.90

Skuldir:

Hlutafé	kr. 15 905 000.00		
— þar af greitt	— 1 300 000.00		
		kr.	14 605 000.00
Varasjóður		—	7 963 456.70
Afskriftareikningur		—	1 070 000.00
Spariinnlán		—	711 812 838.20
Veltiinnlán		—	139 073 697.90
Endurseld afurðalán		—	48 000 000.00

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	kr.	28 506 000.00
Fyrirfram greiddir vextir	—	4 942 112.50
Aðrar skuldir	—	3 369 793.60
	kr.	959 342 898.90

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1970 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1970 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 31. marz 1971.

Halldór E. Sigurðsson. *Óskar Jónatansson.* *Ásgeir G. Jóhannesson.*

Reykjavík, 15. janúar 1971.

Kristleifur Jónsson. **Einar Ágústsson.**

Einar S. Einarsson.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 2. apríl 1971.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson.** **Hjörtur Hjartar.**

Nr. 155.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1970.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B. bls. 620): Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	16 813.46
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1 597.28
	Kr.	18 410.74

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr.	1 437.00
2. Sjóður í árslok: Söfnunarsjóðsinnstæða	—	16 973.74
	Kr.	18 410.74

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds árið 1970.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B bls. 594):		
1. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	22 505.84
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	—	2 059.20
3. Vextir árið 1970 af aðalsjóðnum	—	2 138.05
4. Vextir árið 1970 af sparisjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	—	143.30
	Kr.	26 837.39

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:		
1. Í Söfnunarsjóði	kr.	24 643.89
2. Í Landsbankanum:		
a. Trjáræktarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs	—	576.80
b. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs	—	566.80
c. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi	—	536.60
d. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	—	513.30
	Kr.	26 837.39

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 157.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1970.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B. bls. 620):			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	28 503.94	
b. Í Landsbankanum	—	21 663.70	
			kr. 50 167.64
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2 707.87	
b. Af bankainnstæðu	—	1 466.50	
			— 4 174.37
			Kr. 54 342.01

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 29 406.81	
b. Í Landsbankanum	— 24 935.20	
		kr. 54 342.01
		Kr. 54 342.01

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 158.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Giga's árið 1970.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B bls. 595):		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 73 477.68	
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 6 980.38	
		Kr. 80 458.06
Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 80 458.06	
		Kr. 80 458.06

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1970.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B bls. 621):	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 90 907.72
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 8 636.23
		Kr. 99 543.95

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 99 543.95
		Kr. 99 543.95

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 160.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda árið 1970.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B bls. 593):			
	a. Innritunarskírteini	kr.	101 170.40	
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	47 811.62	
	c. Bankainnstæða	—	47 714.90	
				kr. 196 696.92
2.	Vextir:			
	a. Af innritunarskírteini	kr.	3 546.00	
	b. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	4 540.52	
	c. Af bankainnstæðu	—	3 147.40	
				— 11 233.92
				Kr. 207 930.84

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr. 101 170.40	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 48 787.14	
c. Bankainnstæða	— 57 973.30	
		kr. 207 930.84
		Kr. 207 930.84

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 161.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda árið 1970.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1970 B bls. 593):		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 51 185.95	
b. Bankainnstæða	— 29 492.70	
		kr. 80 678.65
2. Vextir:		
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 4 862.67	
b. Af bankainnstæðu	— 1 940.60	
		— 6 803.27
		Kr. 87 481.92

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 51 672.62	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 35 809.30	
		kr. 87 481.92
		Kr. 87 481.92

Í landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1971.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

Jólaglaðnings- og hjálparsjóðs Gunnlaugs Bjarna 1970.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr.	242 676.99	
2. Skuldabréf byggingasamvinnufélags prentara	—	25 000.00	
			kr. 267 676.99
II. Vextir:			
1. Af skuldabréfum	kr.	1 750.00	
2. Af söfnunarsjóðsbók	—	22 933.93	
			— 24 683.93
			Kr. 292 360.92

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr.	267 360.92	
2. 7% skuldabréf byggingasamvinnufél. prentara nr. 384, 380, 378, 377, 379	—	25 000.00	
			kr. 292 360.92
			Kr. 292 360.92

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1970, fyrir Jólaglaðnings og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæður og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. maí 1971.

pr. Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

Nr. 163.

REIKNINGUR

Áhaldasjóðs Barnaspítalasjóðs Hringsins 1970.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Landsbankabók nr. 5797	kr.	72 247.90	
II. Vextir:			
1. Af Landsbankabók nr. 5797	—	6 404.70	
			kr. 78 652.60
			Kr. 78 652.60

Gjöld:

1. Saumavél	kr.	7 500.00
2. Yfirfært til næsta árs:		
Landsbankabók nr. 5797	—	71 152.60
	Kr.	78 652.60

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1970, fyrir Áhaldasjóð Barnaspítalasjóðs Hringsins, hef ég endurskoðað.
Ég hef sannreynt að bankainnstæða eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. maí 1971.

pr. Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

Nr. 164.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen 1970.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr.	24 873.77	
2. Söfnunarsjóðsbók nr. 572	—	15 869.02	
			kr. 40 742.79
II. Vextir:			
1. Af söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr.	2 356.28	
2. Af söfnunarsjóðsbók nr. 572	—	1 480.93	
			— 3 837.21
			Kr. 44 580.00

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr.	26 052.05	
2. Söfnunarsjóðsbók nr. 572	—	18 527.95	
			kr. 44 580.00
			Kr. 44 580.00

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1970, fyrir Minningarsjóð Gunnars Jakobsen, hef ég endurskoðað.
Ég hef sannreynt að bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. maí 1971.

pr. Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, tímabilið 17. febrúar 1967 til 31. desember 1968.

Eignir:

Hálft húsið Hagamelur 21, Reykjavík, fasteignamat			kr. 141 250.00
Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands pr. 31/12 '68:			
Í bók nr. 28028	kr.	12 132.64	
Í bók nr. 34320	—	108 755.78	
			— 120 888.42
			kr. 262 138.42
Gjöld umfram tekjur á reikningstímabilinu			— 56 563.19
			kr. 205 575.23

Skuldir:

6% skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins útg. 24/11 1952 (1. veðréttur)	kr.	67 526.62	
6% skuldabréf hjá Búnaðarbanka Ísl. (2. veðréttur)	—	4 000.00	
			kr. 71 526.62
Eignir umfram skuldir			— 134 048.61
			kr. 205 575.23

Tekjur:

Húsaleiga:			
a. Stærri íbúðin	kr.	82 425.00	
b. Minni íbúðin	—	36 335.00	
			kr. 118 760.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu:			
1967	kr.	12 859.15	
1968	—	14 230.22	
			— 27 089.37
Gjöld umfram tekjur			— 56 563.19
			Kr. 202 412.56

Gjöld:

Verðlaunagreiðsla til Þorbjörns Sigurgeirssonar				kr. 20 000.00
Viðgerðir				— 143 238.76
Fasteignagjöld				— 15 371.00
Búnaðarbanki Íslands:				
Afborgun 1967	kr.	4 000.00		
Afborgun 1968	—	4 000.00		
			kr. 8 000.00	
Vextir 1967	kr.	720.00		
Vextir 1968	—	480.00		
			— 1 200.00	
				— 9 200.00

Tryggingastofnun ríkisins:				
Afborgun 1967	kr.	2 859.83		
Afborgun 1968	—	3 031.42		
			kr.	5 891.25
Vextir 1967	kr.	4 478.07		
Vextir 1968	—	4 233.48		
			—	8 711.55
			kr.	14 602.80
			Kr.	202 412.56

Í menntamálaráðuneytinu, 2. júní 1971.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Framanskráður reikningur hefur verið borinn saman við fylgiskjöl og sparisjóðsbækur og reynzt réttur.

Reykjavík, 27. apríl 1971.

F. h. Ríkissendurskoðunarinnar,

Einar Bjarnason.

Nr. 166.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, 1. janúar 1969 til 31. desember 1970.

Eignir:

1) Hálft húsið Hagamelur 21, Reykjavík, fasteignamat			kr.	141 250.00
2) a) Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands (nr. 28 028 og 34 320) pr. 31/12 1968	kr.	120 888.42		
b) Tekjur umfram gjöld á reikningstímabilinu, lagt í sparisjóðsbók	—	152 101.87		
			—	272 990.29
			Kr.	414 240.29

Skuldir:

1) 6% skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr)	kr.	60 907.20
2) Eignir umfram skuldir	—	353 333.09
	Kr.	414 240.29

Tekjur:

Húsaleiga:			
a) Stærri íbúðin	kr.	135 000.00	
b) Minni íbúðin	—	93 750.00	
			kr. 228 750.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu			— 27 449.88
			Kr. 256 199.88

Gjöld:

1) Búnaðarbanki Íslands:			
Afborgun 1969	kr.	4 000.00	
Vextir 1969	—	240.00	
			kr. 4 240.00
2) Tryggingastofnun ríkisins:			
Afborgun 1969	kr.	3 213.31	
Afborgun 1970	—	3 406.11	
Vextir 1969	—	4 051.59	
Vextir 1970	—	3 858.80	
			— 14 529.81
3) Viðgerðarkostnaður á íbúðum			— 67 292.20
4) Fasteignagjöld			— 18 036.00
5) Tekjur umfram gjöld			— 152 101.87
			Kr. 256 199.88

Í menntamálaráðuneytinu, 2. júní 1971.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Framanskráður reikningur hefur verið borinn saman við fylgiskjöl og sparisjóðsbækur og reynzt réttur.

Reykjavík, 2. júní 1971.

F. h. Ríkissendurskoðunarinnar,

Einar Bjarnason.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Kristínar V. Jakobsen 1970.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr.	23 043.25	
2. Söfnunarsjóðsbók nr. 571	—	23 977.40	
			kr. 47 020.65
II. Vextir:			
1. Af söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr.	2 189.11	
2. Af söfnunarsjóðsbók nr. 571	—	2 244.27	
			— 4 433.38
			Kr. 51 454.03

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr.	23 773.36	
2. Söfnunarsjóðsbók nr. 571	—	27 680.67	
			kr. 51 454.03
			Kr. 51 454.03

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1970, fyrir Minningarsjóð Kristínar V. Jakobsen, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. maí 1971.

pr. Ragnar Á. Magnússon, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

15. júlí 1971. Nr. 168.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umfl. nr. 40/1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið: Vegna viðgerðar verður Brákarbraut neðan Egilsgötu að afgreiðslu Shell lokuð um óákveðinn tíma. Bifreiðastöður á Egilsgötu eru bannaðar. Stöðvunarskylda er á Skúlagötu ofan við gatnamót Egilsgötu.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Borgarnesi, 15. júlí 1971.

e. u.

Þorvaldur Einarsson.

AUGLÝSING

um lækkun gjalda af hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 1, 11. febrúar 1970 um tollskrá o. fl., að lækka gjöld af eftirtöldum hráefnum til sælgætisframleiðslu frá því sem er í gildandi tollskrárlögum, þannig:

Tollskrárnr.	Vöruheiti	Tollur skv. tollskrá	Tollur lækkar í
úr 11—08—09	Bragðlaus sterkja	15%	7%
13—02—01	Gúmmí arabikum	21%	15%
13—03—01	Pektín	25%	18%
13—03—02	Lakkrísextrakt (lakkrísrót)	30%	20%
úr 17—02—03	Síróp í 25 og pakkningum og stærri	70%	20%
18—01—00	Kakaóbaunir	20%	10%
18—03—00	Kakaódeig	30%	15%
18—04—00	Kakasmjör	30%	15%
úr 21—07—09	Hyfoama	100%	18%
35—02—00	Eggjahvítur	25%	18%
úr 35—03—09	Gelatín duft í 25 kg pakkningum og stærri	70%	30%

Framangreind lækkun er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að varan verði einungis notuð sem efnivara í sælgætisframleiðslu. Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 1. ágúst 1971.

Fjármálaráðuneytið, 3. ágúst 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Nr. 170. 5. ágúst 1971.

AUGLÝSING

um umferð á Hofsósi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hofsóshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 26. maí 1968 er hér með ákveðið, að hámark ökuhraða bifreiða, bifhjóla og annarra vélknúinna ökutækja á Hofsósi skuli vera 45 km miðað við klukkustund.

Umferðarmerki um þetta verða sett við alla þjóðvegi, sem inn í kauptúnið liggja, og byrja hraðatakmörkin við þau.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 5. ágúst 1971.

Jóh. Salberg Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Þingvallahreppi í Árnessýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 100% álagi í Þingvallahreppi í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

12. ágúst 1971. Nr. 172.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

12. ágúst 1971. Nr. 173.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 191 8. júlí 1968.

1. gr.

Gjöld samkvæmt VII., VIII., IX., X., XII. og XIII. köflum reglugerðarinnar hækka um 17% — seytján af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 175. 19. ágúst 1971.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fenginni yfirlýsingu um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Kanada.

Iðnaðarráðuneytið, 19. ágúst 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Snævarr.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 128—175. Útgáfudagur 1. september 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1971

AUGLÝSING

um sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt samþykktum sveitarstjórna Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, og að fenginni umsögn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og samþykki dómsmálaráðuneytisins, um að Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu verði sameinaðir, vill ráðuneytið, samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58 29. marz 1961, tilkynna eftirfarandi:

1. Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skulu vera eitt sveitarfélag, sem heitir Ísafjarðarkaupstaður.
2. Mörk hins nýja sveitarfélags skulu vera hin sömu og núverandi mörk þessara sveitarfélaga, sem ekki eru sameiginleg hreppnum og kaupstaðnum, og verður lögsagnarumdæmi kaupstaðarins í samræmi við hin nýju mörk hans.
3. Íbúar Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags, Ísafjarðarkaupstaðar.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Eyrarhreppi og Ísafjarðarkaupstað, skulu tilheyra hinum nýja Ísafjarðarkaupstað. Allar ábyrgðir og fjárhagslegar skuldbindingar, sem sveitarstjórnirnar kunna að gera eða hafa gert eftir 28. maí 1971, og sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þeirra fyrir yfirstandandi ár, skulu því aðeins vera bindandi fyrir hið nýja sveitarfélag, að þær hafi hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna.
5. Þangað til settar hafa verið nýjar samþykktir og reglugerðir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.
6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 3. október 1971.
7. Kosning til bæjarstjórnar hins nýja Ísafjarðarkaupstaðar skal fara fram 3. október 1971 og er kjörtími hinnar nýju bæjarstjórnar til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
8. Tala bæjarfulltrúa í Ísafjarðarkaupstað hinum nýja skal vera 9.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 176. Útgáfudagur 25. ágúst 1971.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1971

Nr. 177. 326 3. maí 1971.

REGLUGERÐ

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir, kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélaga, annast alla stjórn og framkvæmd á þeim hver á sínu svæði. Þó mega ákvarðanir þessara aðila aldrei brjóta í bága við ákvæði þessarar reglugerðar, og skal sýslunefnd og hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllum atriðum eftir ákvæðum hennar.

2. gr.

Þessi eru upprekstarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:

1. Upprekstrarfélag Skagahrepps.
2. Upprekstrarfélag Höfðahrepps.
3. Upprekstrarfélag Vindhælis- og Engihlíðarhrepps.
4. Upprekstrarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps.
5. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
6. Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Hvert upprekstrarfélag sér um leitir og önnur fjallskil innan sinna takmarka. Samningar milli hreppa eða upprekstrarfélaga skulu í fullu gildi, þó þeir fari að einhverju leyti í bága við þessa skipan, enda hafi þeir verið samþykktir af sýslunefndinni. Slíkum samningum má ekki breyta nema með samþykki sýslunefndar. Allir slíkir samningar skulu skráðir í sérstaka bók, er oddviti sýslunefndar geymir og sér um færslu á.

II. KAFLI
um smölun og fjárgeymslu á vorum.

3. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við að margir eigi fjárvon á, mega hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eigi fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hreppsnefnd þykir sanngjarnt vera, og má jafna slíkum kostnaði niður með fjallskilum.

Hreppsnefndir skulu hafa vald til að láta fara fram göngur á afrétti, ef þörf gerist. Skulu hreppsnefndir sjá um að fé sé rúið og lömb mörkuð, sbr. 5. gr., ef það er ekki hirt, þá leit er lokið.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða gjald fyrir rúningu á kind, er nemi þriðjungi af andvirði vinnustundar á því verði, sem hún er metin sem gjaldstofn til sýsluvegasjóðsgjaldsins, enda séu lömb mörkuð. Skulu eigendur greiða þennan kostnað, og er heimilt að selja ullina til greiðslu hans. Fjallskilastjórar, þar sem eigendur eiga heima, geta þó ákveðið að greiða slíkan kostnað af sjóði hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

4. gr.

Verði einhver ber að því að smala illa eða alls ekki heimaland sitt ákveðinn smölunardag, hefur fjallskilastjórn vald til að setja umsjónarmann við smölun hans eða láta framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað.

5. gr.

Það sauðfé, sem sloppið hefur úr löndum eigenda, eða kemur fyrir svo fjarri eigendum, þegar rúning fer fram eða er afstaðin, að það getur ekki komizt til skila í bæjarrekstrum, er finnandi skyldur að hirða, ef unnt er. Skal hann rýja fé og marka ómörkuð lömb í votta viðurvist, er hægt er. Geri hann eiganda skil á ullinni og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, samkvæmt 3. gr.

III. KAFLI
Um rekstur á afrétt.

6. gr.

Mönnum er skylt að reka sauðfé og stóðhross á afrétt, nema um afgirt heimalönd sé að ræða. Þó má aldrei reka á afrétt fyrr en 4 vikur eru af sumri, nema með leyfi hreppsnefndar. Heimilt skal sveitarstjórn að takmarka eða banna upprekstur hrossa á minni eða stærri afréttarsvæði, enda sé það sameiginlegt álit fjallskilanefndar og gróðurverndarráðs að um ofbeit sé að ræða á afréttinni. Sé ágreiningur um þetta innan sveitarstjórnar ræður afl atkvæða á almennum sveitarfundi.

Reka skal á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórn hafi ákveðið annað. Séu víðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, enda komi leyfi landeiganda til.

Þannig skal reka í gegnum heimalönd manna að sem minnstur bagi verði að og er fjallskilastjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt. Aldrei má án leyfis eiganda reka annarra manna fénað á afrétt, nema víst sé, að á afrétti eigi að vera. Nú eru stóðhross ekki rekin á afrétt eftir skipun hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar, skal þá láta reka þau á kostnað eiganda.

7. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir, sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta innan takmarka upprekstrarfélagsins. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar fé eða hross af öðrum nema með fullu samþykki fjallskilastjórnar, sem tekur þá fullt hagagjald, sem sýslunefnd ákveður hverju sinni. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

8. gr.

Heimilt er landráðanda, sem verður fyrir ágangi afréttarpenings að sumrinu, eða peningi, sem á að vera í girtum heimahögum, að gera umkvörtun um það til hlutaðeigandi fjallskilastjórnar. Skal hún þá láta reka fénaðinn á afrétt.

Hafi hún ekki látið framkvæma rekstur þennan innan tveggja sólarhringa, hefur sá, sem fyrir áganginum verður, heimild til að reka fénaðinn á afrétt. Kostnaður við þessa rekstra greiðist að ¼ af landráðanda, en ¾ skulu teljast með sameiginlegum fjallskilakostnaði upprekstrarfélagsins. Láti ágangsþoli framkvæmda reksturinn, ákveður hreppsnefnd greiðslu fyrir hann. Þó getur ágangsþoli skotið ágreiningi um þetta atriði til sýslunefndar til úrskurðar. Enginn má reka fénað þann, sem úr afrétt gengur, til sveitar eða nágranna.

9. gr.

Eigi má ónáða fénað á afrétti og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé, tamin hross eða söluhross.

IV. KAFLI
Um fjallskil.

10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á stóðhross. Skal hver leggja til fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Fjallskilastjórn metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafnar honum á alla sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal þá jafnt gjald lagt á hvert stóðhross og 3—6 kindur. Gjaldhlutfalli þessu má ekki breyta nema með samþykki sýslunefndar. Skyldur er hver húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, er eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá fénaðareiganda. Fjallskilastjórn leggi búnaðarskýslur eða skattframtal til grundvallar niðurjöfnun fjallskila, þó með leiðréttingum vegna vanhalda og eigendaskipta, sem borizt hafa eigi síðar en 15. júlí.

11. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í þeim hreppi, sem hann á heimili í. Skal maður greiða full fjallskil í þeim hreppi, sem fénaði er framfleytt í árlangt, þó hann eigi þar ekki lögheimili, enda er maðurinn þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði, þar sem hann á lögheimili.

Nú notar einhver til upprekstrs annan afrétt eða heimaland en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil að hálfu, móts við fjallskil annarra í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur. Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einhver maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, er rekinn er á afréttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá, sem notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefnd í þeim hreppi, sem hann á heima í, áður en 12 vikur eru af sumri. Í tilkynningu þessari sé fénaður greinilega sundurliðaður.

12. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fjallskilastjórn eiga fund með sér eigi síðar en í 17. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur, kveður til þessa fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því hvernig fjallskilin skiptast milli hreppa.

13. gr.

Nú eiga nokkrir fénaðareigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeim, er þeir eru búsettir í, skal þá hreppstjóri, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, sem hlut á að máli, skýrslu um fénaðareign manna eftir búnaðarskýrslum eða skattframtali, áður en 14 vikur eru af sumri.

14. gr.

Fjallgöngur skulu tvennar, eða þrennar haust hvert. Og auk þess flugleit, þar sem hún á við. Skal þá smala til réttar víðlend heimalönd, er afréttarfénaður gengur í að jafnaði. Þriðju göngum skal lokið fyrir fjárskiladag. Fjallskilastjórnum er heimilt að láta fara fram eftirleitir á afréttarlönd og fjalllönd.

15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd (fjallskilastjórn) jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. október. Náist ekki samkomulag, getur aðili skotið máli sínu til sýslunefndar.

Upprekstrarfélögin skulu hafa sérstakan fjallskilasjóð og renni í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, sem af fjallskilum stafa, og lög ákveða. Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

16. gr.

Fjallskilastjórn eða þar til kjörinn maður, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Auk þess varðar slíkt sektum, sem hækka, ef brotin eru ítrekuð.

17 gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í nátthaga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gagnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

18. gr.

Gangnastjóri skal sjá um, að áminna gangnamenn um, að fara svo vel sem unnt er með fé og hross í göngunum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttа, skal slátra þeim og taka úr þeim innyfli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Ef hross einhverra orsaka vegna ekki geta gengið til réttar eða ef hross drepst í göngunum, þá skal fjallskilastjórn tilkynnt það, þegar komið er til byggða. Lætur hún þá sækja það og flytja til réttar. Sama ákvæði gildir um kindur, er farast í göngum og gangnamenn geta ekki flutt til réttar.

19. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum, hefur þá hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til gangna þann sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er þarf til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem sannað er með vottorðum tveggja manna, að reynzt hafi óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, þá er hann skyldur að borga gangnaskilin að nokkru eða öllu leyti. — Sama gildir um önnur fjallskil.

20. gr.

Ef fjáreigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd skriflega eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en skilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað, sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim.

21. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá, er leiðir af þessu, greiðast af fjallskilasjóðum.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda á haustum.

22. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa land sitt á haustum svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

23. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti, skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem hún skipar, með samlögum búenda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir þar sem það á við. Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar.

24. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustin séu öll heimalönd rækilega smöluð, svo oft er hún telur nauðsynlegt og að fénu verði komið áfram eftir þeim leiðum, er hún ákveður, að öðru leyti eru menn skyldir til að láta fé ganga í bæjarrekstrum eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

25. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima eða aðrar ástæður hamla, er komið er með fjárhóp að bæ, skal skilja úr fé það, er eftir á að vera, en halda áfram með fjárhópinn til næsta bæjar eða lengra, ef þar er eins ástatt, en skylt er þeim, sem við fjárrekstri eða fjárhóp skyldi taka að greiða þóknun og flutningskostnað. Ef ágreiningur verður sker hreppsnefnd úr.

VI. KAFLI
Um réttun sauðfjár og hrossa.

26. gr.

Skilaréttir eru:

1. Hofsrétt.
2. Spákonufellsrétt.
3. Skrapatungurétt.
4. Hlíðarrétt.
5. Stafnsrétt.
6. Auðkúlurétt.
7. Vatnsdalsrétt.

Aukaréttir eru:

1. Tjarnarrétt.
2. Vindhælisrétt.
3. Kirkjuskarðsrétt.
4. Beinakeldurétt.
5. Hagarétt.
6. Þórormstungurétt.

Jafnframt fjallgöngum og leitum skulu aðalréttardagar vera sem hér er ákveðið: Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða-, Engihlíðar- og Vindhælishrepps sé fyrri rétt sunnudag og mánudag í 22. viku sumars. Síðari rétt sé þar sunnudag í 23. viku sumars.

Hlíðarrétt sunnudag í 22. viku sumars.

Hlíðarrétt síðari miðvikudag í 23. viku sumars.

Í Stafnsrétt skulu hross réttuð miðvikudag í 22. viku sumars.

Fyrri Stafsrétt sé fimmtudag í 22. viku sumars.

Síðari Stafnsrétt miðvikudag í 23. viku sumars.

Fyrstu fjárréttir í Auðkúlu- og Vatnsdalsréttum sé laugardag í 22. viku sumars.

Stóð sé réttað í sömu réttum 1. október. Heimilt er einnig að hafa síðari fjárrétt sama dag. Ella skal síðari fjárréttardagur vera þar 4. október. Heimilt er fjallskilastjórnum að ákveða smalanir á tilteknum svæðum fyrir venjulegar leitir ef þurfa þykir og rétta það fé í viðkomandi réttum. Úr slíkum réttum skal úrtíningi komið í góðan haga til næstu réttar. Á afréttum vestan Blöndu skulu þriðju göngur fara fram samtímis og vera lokið 10. október. Heimilt er að nota flugvélar sem hjálpartæki.

Austan Blöndu skal fjárskiladagurinn vera fyrsti þriðjudagur eftir 10. október. Vestan Blöndu sé fjárskiladagurinn 12. október.

27. gr.

Stjórnir fjallskilafélaganna ákveða hver á sínu svæði hver lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu, sker sýslunefnd úr.

28. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til, hver að sínum hluta, að kosta byggingu rétta (almennings og dilka) og viðhald þeirra eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir eða hreppsnefnd ákveða með samþykki lögmæts sveitarfundar.

Nú koma aðilar sér ekki saman um hvernig kostnaði við réttarbyggingu skal jafna niður, sker þá sýslunefnd úr.

Við hverja skilarétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Enn fremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum og mega fjallskilastjórnir taka gjald fyrir afnot dilkanna. Við hverja skilarétt er hlutaðeigandi fjallskilastjórn heimilt að byggja sérstaka hrossarétt. Heimilt er að jafna niður hæfilegu gjaldi á hverja fjallskilaskylda einingu, auk venjulegra fjallskila, er leggist í sjóð til byggingar og viðhalds rétta og afréttagirðinga, að því leyti er sveitarsjóður greiðir ekki þann kostnað.

29. gr.

Hreppsnefndir eru skyldar til að fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi, þegar þarf að nota þá. Skal hann í samráði við fjallskilastjórnina sjá um viðhald réttanna. Á hverju vori skal eftirlitsmaður athuga rétt og dilka. Virðist honum dilkar ekki í viðunandi ástandi, skal hann tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda, eða ekki síðar en 1. júní ár hvert og skýra um leið frá, hvað hann telji nauðsynlegt að gera, enda séu allar slíkar endurbætur framkvæmdar í samráði við hann. Nú vanrækir einhver eða einhverjir slíka viðgerð eða gerir hana svo illa, að umsjónarmaður telur hana ekki viðunandi, þá má hann láta framkvæma verkið á kostnað dilkeigenda eða dilkfélags og eru gjöld fyrir slík verk lögtakskræf.

30. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skuli hagað og heldur mönnum til starfs. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töf við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Vanræki einhver réttarstörfin skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað.

31. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna áður en það er rekið frá réttinni.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa einn eða fleiri menn frá hverju dilksfélagi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfin.

32. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo eigendum gefist kostur á að láta lambamæður helga sér þau.

Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs, nema að ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum réttarstörfum afhendir réttarstjóri hreppstjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar, sem ekki hafa fundið mæður. Frá aukaréttum gangi ómerkingar til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu sem síðari réttum og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Á meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum haldast, skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

33. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

34. gr.

Í réttum má enginn marka fénað, ár þess hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepnunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkist, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

VII. KAFLI
Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.

35. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á fjárskil og vera við úrtíningssölu annarra sveita, þar sem helzt eru fénaðarsamgöngur, til að hirða þar fé og hross fyrir sveitunga sína. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af höndum, hefur hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til þess hvern þann, er hæfastur er í hreppnum annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin átti að vinna. Reynist sá, sem sendur er til að hirða fénað utanhreppsónýtur eða ófullnægjandi til þessa starfa, gilda um hann ákvæði 19. gr. um ófullkominn gagnamann.

36. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrr en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám. Sannist það, að hann láti verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem eru með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Hreppsnefnd ákveður hvert reka skuli fénað þenna og hvernig haga skuli skilum á honum.

VIII. KAFLI
Um smölun og hirðing og réttun hrossa.

37. gr.

Í síðari göngum á haustum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og heimalöndum og rétta þau í síðari rétt.

Til Stafnsréttar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu þau hross, sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðréttuninni og þá farið með þau sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum 20. október og fyrsta þriðjudag í mánuðinum desember og febrúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala næsta færan dag. Skal þá í hverjum hreppi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem hreppsnefnd ákveður. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr.

Takist sala ekki og telji 2 menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests.

Ella ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu 8 vikur gegn fullu endurgjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests. Hreppsnefndir skulu sjá um, að almennar göngur fari fram í öllum heimalöndum hreppanna, hina ákveðnu hrossasmölunardaga.

38. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum, skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum rekinn tafarlaust til skilaréttar. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld og skal hann kappkosta, að haga allri meðferð á hrossum þannig, að ekki hljótist slys af.

IX. KAFLI
Um meðferð óskilafénaðar.

39. gr.

Eftir að töfludrætti er lokið, skal úrtíningshross afhenda til sölu þegar í stað hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur. Skal hreppstjóri skrásetja mark, lit, aldur og auðkenni hverrar skepnu, sem seld er, eftir lýsingu tveggja markglöggra manna, er hreppsnefnd hefur þar til kosið, svo rétt og ákveðið sem framast má verða. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorazt undan þeim starfa nema hann hafi forföll. Við sölu hrossa sé 10 vikna innlausnarfrestur eftir söludag, nema ómarkaðra folaldra, þá sé fresturinn aðeins 4 sólarhringar. Hrútar, sem að áliti hreppstjóra, marklýsenda og sauðfjárræktarráðunauta eru, hæfir til kynbóta, svo og forustufé, skal tekið í örugga vörzlu í 3 vikur. Fé þetta skal auglýsa innan fjárskiptasvæðisins og ef enginn eigandi finnst þar, skal ráðstafa því til slátrunar eins og öðru óskilafé.

Skepnur þær, sem seldar eru með innlausnarfresti, eru í vöktun kaupanda, en ekki á ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfrestinum liðnum. Borgun fyrir geymslu og haga þess fénaðar, ber eiganda að greiða, ef innleystur er. Sýslunefnd ákveður vöktunargjald um sólarhringinn. Hreppsnefndir annast innheimtu á verði alls óskilafénaðar, sem fargað er, og gera skilagrein fyrir því, sem fylgi sveitarreikningunum.

40. gr.

Þær óskilakindur, sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd sjá um, að eigendum gefist kostur á að hirða, séu þeir í næstu hreppum, annars skal ráðstafa þeim sem öðru óskilafé. Finnist óskilafé í fé manna eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum innan sama fjárskiptasvæðis.

41. gr.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í febrúar, skal landráðandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart, er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu á þeim. Ef þörf gerist, sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda hér í sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu og auglýsir um leið, að uppboð á hrossunum fari fram eftir hálfan mánuð. Skal landráðanda skylt að annast hrossin til söludags án endurgjalds nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilegri borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki, ef landráðandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við febrúarsmölun. Tekur hreppsfélagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

Takist sala ekki, fer um hrossin eins og segir í 37. gr., næst síðustu málsgrein. Þegar óskilafénaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd eigi síðar en með næstu póstferð á eftir, senda nákvæma lýsingu til allra hreppsnefnda innan sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar og láta hreppsbúa sína vita ef líkur eru til, að þeir eigi nokkuð af hinum seldur skepnum. Hross skal þó einnig auglýsa í útvarpi og tilgreina kyn, mark, aldur, lit og önnur auðkenni, ásamt innlausnarfresti.

42. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppsnefnd senda manni, sem er kosinn af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði, er fargað hefur verið í hreppnum

og eigendur hafa ekki helgað sér. Hinn kosni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaðinu. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

43. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:
1. gæzlukostnaður,
2. sölukostnaður (sölulaun og vottalaun),
3. auglýsingakostnaður,
4. fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eigenda, ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði innan upprekstrarfélagsins, að tiltölu við sameiginlegan fjallskilakostnað.

X. KAFLI
Um eftirleitir einstakra manna.

44. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki hreppsnefndar í þeim hreppi, er næst liggur afrétti, að gera eftirleitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins. Borgun fyrir þessar leitir fer eftir samningi og greiðist af fjallskilasjóðum upprekstrarfélagsins að tiltölu eftir sameiginlegum fjallskilakostnaði.

Finnist hross eða sauðfé óheimt á afréttum eftir að eftirleitir hafa farið fram, skulu fjallaskilasjóðir upprekstrarfélagsins greiða sanngjörn björgunarlaun fyrir skepnur þessar eftir mati fjallskilastjórnar. — Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógöngum á hvaða tíma árs sem er, ákveðst og greiðist af sömu aðilum.

XI. KAFLI
Um fjármörk og hrossamörk.

45. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glöggt mark á öllu fé sínu og sýslu- og hreppsbrennimörk á öllu hyrndu fé. Sýslunefndin skal svo oft sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark.

Ef kind hefur eyrnamark eins manns en hornamark eða brennimark annars, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hafi eignast kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talinn eign þess sem brennimarkið á, þó geta eigendur hinna markanna krafizt þess, að hann geri grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Nú er kind ómörkuð eða með óglöggu marki og vill einhver eigna sér hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hann hefur til síns máls.

Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það séu miklu meiri líkur að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún sem óskilakind.

Þessi ákvæði ná ekki til ómerkinga, sem ær helgar sér.

Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi bjöllu eða böllukeng í horni.

Hross skulu eins og fé hafa glöggt markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé með óglöggu marki.

46. gr.

Yfirmarklýsingardómur skal skipaður þremur mönnum. Markaverði sýslunnar og tveim mönnum skipuðum af sýslumanni eftir tilnefningu sýslunefndar og tveimur til vara. Dómurinn skal skipaður til fjögurra ára í senn. Dómurinn kýs sér formann. Þóknun til viðkomandi markadómsmanna greiðist úr viðkomandi fjallskilasjóði; annar kostnaður skiptist eftir úrskurði dómnefndar.

47. gr.

Enginn má taka upp mark, er líkist svo mörkum, sem eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna, að ætla megi, að valda misdrætti. Særingarmörk mikil má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandkvæði er á að marka svo glöggt sé.

Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra.

Verði ágreiningur með markaverði og markeiganda eða þeim, er vill taka upp nýtt mark, má vísa þeim ágreiningi til Yfirmarklýsingardóms, enda víki þá markavörður fyrir varamanni.

Oddviti sýslunefndar skal, með samþykkt sýslunefndar, ráða mann til að annast undirbúning að prentun markaskrár fyrir sýsluna, og kallast hann markavörður.

Skal hann gæta þess, að ekki séu tekin upp ný mörk, sem notuð eru í héruðum, sem búast má við samgöngum við.

Nú vill maður taka upp nýtt mark milli þess, sem ný markaskrá er prentuð, og skal hann þá snúa sér til markavarðar og fá samþykki hans til að taka upp markið.

Markavörður tilkynni síðan hreppstjórum í nærliggjandi hreppum markið og auglýsi það í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark, nema það sé prentað í markaskrá sýslunnar eða tilkynnt af markaverði. Markvörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim, er til falla við prentun markaskrár.

Þeir sem taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu greiða kostnað við tilkynningu þess.

Sama gildir um mörk þeirra, sem flytjast inn í sýsluna, milli þess er markaskrá er prentuð, og ný mörk.

48. gr.

Brennimörk hreppanna eru:

1.	Vindhælishreppur	H 1	6.	Svínavatnshreppur	H 4
2.	Höfðahreppur	H 1 a	7.	Torfalækjarhreppur	H 5
3.	Skagahreppur	H 1 b	8.	Blönduóshreppur	Blós
4	Engihlíðarhreppur	H 2	9.	Sveinsstaðahreppur	H 6
5.	Bólstaðarhlíðarhreppur	H 3	10.	Áshreppur	H 7

XII. KAFLI
Um eftirlit, rekstur og bílflutning búfjár.

49. gr.

Þegar sauðfé er keypt á mörkuðum, skal hreppstjóri í þeim hreppi, þar sem markaðir eru haldnir sjá um, að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mark á öllu fé og hrossum, sem selt er. Hreppstjóri skoði eða láti skoða mark á öllum hrossum, sem seld eru úr hreppnum til útflutnings eða slátrunar. Kaupandi og seljandi eru skyldir að veita aðstoð við það. Kaupandi eru einnig skyldir að tilkynna hreppstjórum, áður en kaupin fara fram. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal farið með það eins og fyrir er mælt með sauðfé í 45. gr. Þeir sem hross kaupa til sölu í önnur héruð, skulu skrá nöfn seljanda, mörk, lit og aldur hrossanna og afhenda hreppstjóra þess hrepps, þar sem hrossið er keypt frá, þá skrá. Sá, sem markað heldur, greiði kaup markskoðunarmanna.

50. gr.

Í hverju sláturhúsi skal láta samvizkusaman mann skoða mark á öllu sauðfé og hrossum, sem slátrað er. Skal hann gæta þess að réttir hlutaðeigendur séu við slátrun fjársins og skrifa hjá sér mark og einkenni, ef vafi þykir um eiganda. Komi fram við slátrun kind með vafasömu marki, skal kveðja til, auk markskoðunarmanns, tvo menn valda af eigendum sláturhúsa á staðnum og skulu þeir úrskurða um mark á kindinni, ef unnt er, áður en henni er lógað. Þeim úrskurði má áfrýja til yfirmarklýsingardóms, enda verði það gert strax, eða þegar eftir að hlutaðeigendur hafa fengið að vita um úrskurð marklýsingardómsins. Ef úrskurði er áfrýjað, eða ef ekki fæst úr því skorið strax, þá skal varðveita haus kindarinnar og leggja afurðir af henni inn á sér reikning. Sömu ákvæði gilda um hross.

51. gr.

Allt fé og öll hross í sölufjárrekstrum skulu vera með skýru rekstrarmerki, er sé svo glöggt, að það sjáist tilsýndar í bjórtu og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi.

52. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð.

Varast skal, að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Eigi má leggja upp með rekstur, fyrr en markljóst er orðið.

53. gr.

Nú ber við að öðru fé lendir saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, þegar viðstaða verður og rekstrarféð dreifir sér til muna, telja rekstrarféð.

Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur með rekstrarmönnum og ber yfirmanni rekstursins að greiða þóknun eftir úrskurði oddvita sýslunefndar, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með borgun, ef honum hefur ekki verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að það fé, sem komið hefur saman við, komist til átthaga sinna eigendum að kostnaðarlausu.

54. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum í þéttbýli nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæzlumenn, og ef vænta má umferðar ökutækis um veginn, skal einn gæzlumaður ætíð fara fyrir. Fénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar.

55. gr.

Nú er vegi lokað um tíma fyrir bílaumferð vegna fjárrekstra, skulu þá allir þeir, sem þá leið ætla að fara, reka fé á þeim tíma, sem veginum er lokað.

56. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fé annarra í reksturinn eða á bíl heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður kveður til ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið af skeytingarleysi, varðar það einnig sektum.

57. gr.

Þegar skepnur eru fluttar á tengivögnum, skulu þeir þannig útbúnir að gólf sé lárétt, þegar tengt hefur verið í dráttartækið á jafnsléttu. Taki vagn meira en 10 kindur skal setja þvergrind í hann þannig að ekki verði fleiri en 10 kindur í hólfi. Tengsli milli dráttartækis og vagns skulu vera traust. Grindur skulu vera það háar að fé komist ekki yfir. Á gólf vagns skal setja sand eða gera það stamt með öðrum hætti. Hámarkshraði ökutækis með dráttarvagn, sem skepnur eru í, skal vera 35 km/h.

58. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Annast hann um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt og ber ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

59. gr.

Eigi má svelta fénað við réttir eða í rekstrum frekar en minnst verður hjá komizt. Eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun. Sérstaklega er bannað að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu.

XIII. KAFLI

Um hirðingu og vörzlu búfjár.

60. gr.

Á hverri jörð skulu vera til hús yfir búpening, einnig þann fénað, sem er í umsjón ábúanda, þótt aðrir eigi, enda ber ábúandi ábyrgð á öllum fénaði, sem hann tekur í land jarðarinnar.

61. gr.

Fóðurbirgðir skulu vera nægar fyrir áhöfn jarðar hverrar, þar með taldar þær skepnur, sem ábúandi á ekki, en hefur í sinni umsjón á jörðinni. Komist fóðurskoðunarmenn að því að fóður vanti, skulu þeir tilkynna hreppsnefnd, sem þá gerir þær ráðstafanir, sem koma að gagni.

62. gr.

Komist menn í heyþrot, eða skepnur eru vanfóðraðar, skal hreppsnefnd láta bæta úr því á kostnað eiganda. Séu skepnur það langt leiddar, að þeim verði ekki

bjargað, að áliti valinkunnra manna og dýralæknis, skal þeim lógað. Sé um að kenna hirðuleysi eiganda, skal hann sektaður.

63. gr.

Hrútar mega ekki ganga lausir í haga eftir 3. nóvember. Stóðhestar skulu hafðir í öruggri vörzlu frá 15. marz—1. júní.

64. gr.

Ef hross valda ágangi frá því, að þau koma af fjalli og þar til þau eru rekin á afrétt, skal eigandi sækja þau og koma þeim fyrir í heldum girðingum. Hafi ábúandi tekið hross í hagagöngu eða á hans vegum eru óhagvön hross og þau valda ágangi, skulu þau tekin á hús, ef ekki er hægt með öðru móti að koma í veg fyrir ágang. Sama gildir, ef ágangshross leggjast á hey eða garða eða valda ágangi við hýbýli manna.

65. gr.

Ef eigandi sauðfjár eða hrossa, sem ágangi valda, reynir ekki að stemma stigu við áganginum eftir að honum hefur verið tilkynnt um hann, má ágangsþoli taka skepnurnar í sína vörzlu og verður þá eigandi að greiða kostnað við smölun og gæzlu þeirra. Ágangsþoli hefur haldsrétt í viðkomandi skepnum til tryggingar kostnaði öllum og skaðabótum, enda sé hvorttveggja í hóf stillt. Eiga úttektarmenn að úrskurða, ef ágreiningur verður, en viðkomandi hreppstjórar, ef deilan nær til fleiri hreppa. Úrskurðinum má áfrýja til sýslunefndar. Hreppsnefnd er skylt að veita ágangsþola allan stuðning og hefur sama rétt og hann, ef hún sér um að taka ágangspening í sína vörzlu.

66. gr.

Kinda, sem fara úttektarhæfar girðingar, skulu eigendur gæta. Geri þeir það ekki þrátt fyrir áskoranir má taka þær og selja fyrir áföllnum kostnaði og skaðabótum. Hrossa, sem brjóta girðingar og hlið, skal gætt af eigendum. Geri þeir það ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, má taka þau og setja inn og selja fyrir áföllnum kostnaði og skaðabótum. Um þessi tilvik gilda að öðru leyti ákvæði 65. greinar.

XIV. KAFLI
Almenn ákvæði.

67. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá kr. 5000.00 til 50 000.00 nema þyngri refsing liggi við eftir lögum.

68. gr.

Með mál er rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til úrskurðar sýslunefndar.

69. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., nr. 19 23. janúar 1961.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING
um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð notaðra bifreiða, sem keyptar eru til landsins, skal fundið skv. meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., sbr. einkum 2. mgr. 7. gr. Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð skv. 2. gr. auglýsingar þessarar, skal þá leggja það verð til grundvallar, sem hærra er.

2. gr.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs, þegar um bifreiðar er að ræða, sem teljast til nr. 87.02.12, 87.02.35, 87.02.36, 87.02.37 og 87.02.39:

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum 1% fyrir hvern aldursmánuð bifreiðarinnar frá 1 mánaðar aldri til og með 48 mánaða, og er það hámarksfyrning (þ. e. bifreið fyrnist ekki eftir 4 ár), nema um sé að ræða tilfelli, er greinir í næsta tölulið.
2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 1.5% á mánuði frá 4 ára aldri, þó skal aldrei farið niður fyrir 10% af verði því, sem til grundvallar er lagt í tl. 1.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun, og skal það undantegningarlaust sannað með vottorði opinbers skráningarmanns í því landi, er bifreiðin var fyrst tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal heimilt að miða fyrningu við 1. janúar næsta árs á eftir framleiðsluári.

   Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

   Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðststarfmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fyrnist samkv. 1. og 2. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.
4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1971 og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 246/1970 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóstbræðrasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóstbræðrasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóstbræðrasjóður og er hann stofnaður af framlögum nokkurra einstaklinga og Kaupfélagi Eyfirðinga á árinu 1968.
Hann er kenndur við þá Þórarin Kr. Eldjárn bónda og kennara á Tjörn í Svarfaðardal og Snorra Sigfússon skólastjóra og námsstjóra á Akureyri, en þeir ólust upp að nokkru samtímis á Tjörn á síðasta tug 19. aldarinnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 140 000.00 — eitt hundrað og fjörutíu þúsund krónur — og skal það ávaxtast í Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík.
Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast, skulu teljast til stofnfjár hans ásamt vöxtum, sem til falla, þar til hann tekur til starfa, sbr. 5. gr. Er þetta höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja til að styrkja fyrrverandi nemendur í Húsabakkaskóla í Svarfaðardal til náms einkum í þeim fræðum, er lúta að landbúnaði, kennslu- eða samvinnumálum.

4. gr.

Með stjórn sjóðsins fer skólanefnd Húsabakkaskóla. Lætur hún gera ársreikning sjóðsins, og skal hann endurskoðast af kjörnum endurskoðendum hreppsreikninga.

5. gr.

Fyrst um sinn og þangað til sjóðurinn hefur náð kr. 200 000.00 skulu vextir leggjast við höfuðstól hans sbr. 2. gr. Eftir það getur sjóðurinn tekið til starfa, og eru þá allir vextir hans sjóðstjórninni heimilir til ráðstöfunar.
Innan þeirra takmarka, sem vextir setja er stjórninni í sjálfsvald sett, hve oft og hve háa styrki hún veitir úr sjóðnum.

6. gr.

Skipulagsskrá þessa skal færa inn í gerðabók skólanefndar Húsabakkaskóla eða sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn. Henni má því aðeins breyta, ef sjóðstjórnin leggur það til, og hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps samþykkir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Ólafsdóttur frá Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi í Lýtingsstaðahreppi til minningar um móður hans Sigurlaugu Ólafsdóttur, sem var fædd 19. febrúar 1851 og andaðist 1. marz 1939.

Heimili og varnarþing sjóðsins skal vera að þingstað Lýtingsstaðahrepps.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —, í hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar, heilsulitlar eða barnmargar ekkjur í Lýtingsstaðahreppi, og skal til þess verja vaxtatekjum sjóðsins.

Komi til þess, að sjóðsstjórnin telur eigi ástæðu til að úthluta styrk úr sjóðnum, skal vöxtum varið til kaupa á hlutabréfum í hf. Eimskipafélagi Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn: Oddviti Lýtingsstaðahrepps, fátækrafulltrúi hreppsins og bóndinn á Daufá. Verði sveitarstjóri settur í hreppinn, tekur hann sæti oddvita í stjórninni.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega samdir af stjórn sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga Lýtingsstaðahrepps.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 181. 3. september 1971.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, en það nær yfir Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu, ef fyrir hendi eru.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubifreiðastjórafélagið Neisti viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. september 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

6. september 1971. Nr. 182.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

Á eftir 150. gr., um búnað gúmmíbáta, komi 3 nýjar greinar, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það, þannig:

151. gr.

Varmapokar.

Gúmmíbátar fiskiskipa skulu búnir varmapokum fyrir sama fjölda manna og þeim er ætlað að rúma.

Skulu pokarnir vera af viðurkenndri gerð.

152. gr.

Handrið á stýrishúsum.

Séu gúmmíbjörgunarbátar geymdir á þaki stýrishúss, skal á því vera handrið, ef við verður komið, 80 cm hátt að minnsta kosti. Á bátum, sem eru minni en

30 brl, má handrið þetta vera einn stálvír strengdur milli stoða, sem festar eru á þak hússins með 1.5 m millibili í hæsta lagi. Tillit skal tekið til staðsetningar áttavita við val efnis í stoðirnar.

153. gr.

Lífgunartæki.

Í hverju fiskiskipi með þilfari skal vera tæki til lífgunar úr dauðadái af viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslenzku.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. september 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 183. 7. september 1971.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Seltjarnarneshrepps.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarhitun í Seltjarnarneshreppi.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarneshrepps, hér eftir nefnd Hitaveitan, er eign Seltjarnarneshrepps og fer hreppsnefnd með stjórn Hitaveitunnar. Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir Hitaveituna.

Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Seltjarnarneshrepps.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 3. gr.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur Hitaveitan ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum innanhúss, að miðstöðvarkerfi húss. Þetta á þó ekki við um lagnir ofan kjallara eða ofan 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust. Innanhúss leggur Hitaveitan til stofnloka, síur og stýrihemla.

7. gr.

Sá varmi, sem Hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en greinir í 1. málsgrein og þarf þá til þess heimild Hitaveitunnar.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af Hitaveituvatni skuldbindur ekki Hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð Hitaveitu.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss.

Ef Hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn getur hún leyft notkun þess til upphitunar á t. d. geymslu, bílskúr eða gróðurhúsi.

Hitaveitan getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hún þarf á vatninu að halda.

Tenging við Hitaveitu.

11. gr.

Áður en tengt er við hitaveitu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af bygginganefnd. Hitaveitan skal vera til aðstoðar byggingarnefnd í málum, sem snerta hitalagnir. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum, sem breyta á, getur Hitaveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Við gerð uppdrátta skal miða við reglur byggingarsamþykktar.

Eftirlit.

12. gr.

Starfsmenn Hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

13. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi Hitaveitunnar sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Viðurlög við brotum.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá Hitaveitunni heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Haltgrímur Dalberg.

Nr. 184. 13. september 1971.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970 um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

12. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita framkvæmdalán, meðan á byggingatíma stendur, til þeirra aðila, sem um getur í b-lið 2. gr. reglugerðar þessarar, allt að 600 þús. krónur út á hverja íbúð. Lán þessi verða einungis veitt til íbúða í fjölbýlishúsum og öðrum sambyggingum, enda sé um hæfilega stóra byggingaráfanga að ræða að dómi húsnæðismálastjórnar. Heimilt er þó að veita lán þessi til byggingar staðlaðra einbýlishúsa, sem byggð eru af sama aðila á sama byggingarsvæði, enda sé ekki um færri en 8 íbúðir að ræða í byggingaráfanga. Þegar í hlut á fámennt sveitarfélag og sveitarstjórn þess er framkvæmdaaðili er þó heimilt að víkja frá kröfunni um minnst 8 íbúðir í byggingaráfanga, svo og um stöðlun slíkra íbúða. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum að íbúðirnar verði seldar fullgerðar og húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra. Húsnæðismálastjórn ákveður vexti og greiðslutilhögun slíkra framkvæmdalána, og er heimilt að dreifa greiðslum á 12 til 24 mánuði eftir umfangi hvers byggingaráfanga um sig.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands.

Rekstrarreikningur Fiskveiðasjóðs Íslands 1970.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	9 289 555.30
2.	Vextir greiddir á árinu	—	97 579 050.32
3.	Lántökugjald	—	1 100 000.00
4.	Afskrifuð töpuð útlán	—	3 175 000.00
5.	Lagt í stofnsjóð	—	165 000 000.00
6.	Lagt í afskriftareikning	—	10 000 000.00
7.	Lagt í varasjóð	—	4 350 956.00
8.	Yfirfært til næsta árs	—	4 440 774.21
		Kr.	294 935 335.83

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	8 272 545.26
2.	Af útflutningsgjaldi	—	50 000 000.00
3.	Uppbætur á útflutningsgjald, lög nr. 79/1968, 15. gr. G	—	46 000.00
4.	Vextir, innheimtir á árinu	—	236 616 790.57
		Kr.	294 935 335.83

Efnahagsreikningur Fiskveiðasjóðs Íslands 31. desember 1970.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:			
	a. Fiskiskip		kr.	1 834 464 041.00
	b. Hraðfrystihús		—	339 190 232.40
	c. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur:			
	P.L. 480 lán	kr. 21 149 039.00		
	Önnur lán	— 94 330 315.00		
			—	115 479 354.00
	d. Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	69 485 172.00
	e. Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	89 384 364.00
	f. Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)		—	8 056 135.00
2.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendra skipasmíða		—	195 175 409.15
3.	Verðbréf		—	37 004 525.15
4.	Ýmsir skuldunautar		—	6 795 881.96
5.	Bankainnstæður:			
	a. Fiskveiðasjóður	kr. 12 840 125.77		
	b. Stofnfjársjóður	— 70 792 393.31		
	c. Gengisjöfnunarstyrkur	— 65 251 808.00		
			—	148 884 327.08
			Kr.	2 843 919 441.74

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr. 411 161 245.80	
	Skuldir við Framkvæmdasjóð P.L. 480	— 26 673 950.00	
			kr. 437 835 195.80
2.	Skuldir í erlendri mynt		— 292 269 827.90
3.	Framlagsreikn. Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka ..		— 175 393 000.00
4.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa .		— 373 336 352.00
5.	Stofnfjársjóður fiskiskipa		— 70 792 393.31
6.	Gengisjöfnunarstyrkur		— 62 312 201.00
7.	Viðskiptamenn		— 22 539 697.52
8.	Eigið fé		— 1 409 440 774.21
			Kr. 2 843 919 441.74

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 27. janúar 1971.

Sverrir Júlíusson.

Guðjón Halldórsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. marz 1971.

Birgir Finnsson. *Einar Bjarnason.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1970 rétta.

Reykjavík, 23. marz 1971.

Davíð Ólafsson. **Jóhannes Elíasson.** **Svanbjörn Frímannsson.**

Jónas G. Rafnar. **Björgvin Vilmundarson.**

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1970 hér með staðfestir.

Reykjavík, 20. apríl 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1971

STOFNSKRÁ

fyrir Útflutningsmiðstöð iðnaðarins

1. gr.

Stofnendur.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun til þess að efla útflutning iðnaðarvara. Stofnendur eru Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Viðskiptaráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti. Stofnunin starfar skv. ákvæðum laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins nr. 14 frá 30. marz 1971.

2. gr.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða. Stofnunin takmarkar ábyrgð sína við eigur sínar á hverjum tíma. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsskrifstofa Félags ísl. iðnrekenda.

Samtímis því að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins tekur til starfa er Útflutningsskrifstofa Félags ísl. iðnrekenda lögð niður, en skjalasafn og vísir að bókasafni, sem er eign Útflutningsskrifstofu, færist yfir í eigu Útflutningsmiðstöðvar.

4. gr.

Verkefni.

Hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að efla útflutning íslenzkra iðnaðarvara og veita honum fyrirgreiðslu með því, meðal annars:

1. Að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi, með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.
2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur, og annað er útflutningssölu varðar.
3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.
4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra í milli.
5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um nýtingu á þeim.
6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenzkar iðnaðarvörur, þó ekki sem beinn umboðsaðili.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa sex menn valdir til 4 ára í senn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna einn mann hver. Jafn margir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefningar skulu berast iðnaðarráðuneytinu en iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna eftir tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum sjálf.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Lögmætir stjórnarfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum stofnunarinnar með þeim hætti er landslög og stofnskrá þessi ákveður. Skulu þeir haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega nema formaður ákveði annað. Aukafundi skal halda að beiðni eins eða fleiri stjórnarmanna, enda sé tilefnið brýn úrlausnaratriði.

Stjórnarfundur telst lögmætur og ákvörðunarhæfur þegar mættir eru 4 stjórnarmenn eða fleiri. Rísi ágreiningur um afgreiðslu mála til meðferðar á stjórnarfundi ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundi skal boða með hæfilegum fyrirvara. Haldin skal gjörðabók þar sem ákvarðanir eru skráðar ásamt stuttri skýrslu um annað sem gerist. Fyrir störf í þágu stofnunarinnar skal greiða stjórnarmönnum þóknun.

6. gr.

Verksvið stjórnar.

Megin skyldustörf stjórnarinnar eru:

1. Að marka stefnu stofnunarinnar og ákveða þau meginverkefni, sem stofnunin tekst á hendur.
2. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör að öðru leyti, og veita honum lausn frá störfum.
3. Að hafa stöðugt og ýtarlegt eftirlit með öllum rekstri stofnunarinnar, sjá um að bókhald og fjármál séu í fullkomnu lagi og gæta vel hags stofnunarinnar á hverjum tíma.
4. Að sjá um ráðningu og uppsögn annarra helztu starfsmanna stofnunarinnar eftir tillögum framkvæmdastjóra.
5. Að setja reglur um það, hvernig og hverjir starfsmenn geti skuldbundið stofnunina.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar hefur heimild til að skuldbinda hana og er undirskrift tveggja stjórnarmanna nægileg til sölu og veðsetningar á fasteignum stofnunarinnar, sem hún kann að eignast, enda liggi stjórnarsamþykkt fyrir um þau efni.

8. gr.

Starfsmenn.

Fulltrúar, sem ráðast til starfa hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skulu að jafnaði ráðnir til ákveðins tíma. Heimilt er þó að framlengja ráðningartímabil þeirra eftir ákvörðun stjórnar.

9. gr.

Verksvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar í samræmi við þær

reglur sem honum er settar af stjórn stofnunarinnar og/eða samkvæmt samþykktum þessum ásamt sjóðsvörzlu og reikningshaldi. Í samráði við stjórn ræður framkvæmdastjóri og segir upp starfsmönnum stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri skal og sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa málfrelsi og tillögurétt, þó ekki í því tilviki, að rætt sé um málefni, er varða hann persónulega. Framkvæmdastjóri skal leita úrskurðar stjórnar um mikilsverð málefni sem stofnunina varða, og heimilt er honum að leita álits hennar um hvert það mál, sem hann óskar. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar, sem þessir aðilar óska.

10. gr.

Reikningshald, endurskoðun og ársskýrsla.

Starfsár stofnunarinnar og reikningsár er almanaksárið. Stjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga stofnunarinnar. Þeir skulu gerðir upp og lagðir fyrir stjórn eigi síðar en í júní hvert ár ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Reikningum skal fylgja umsögn endurskoðanda. Á sama fundi skal leggja fram ársskýrslu.

11. gr.

Í 5. gr. laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins segir svo:

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal Útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum sem hún veitir þjónustu.

Framkvæmdastjóri ákveður í samráði við stjórn hve há fyrrgreind þóknun skuli vera á hverjum tíma. Innan hæfilegs tíma verði kannað af stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins í samráði við framleiðendur, hvort eðlilegt sé að taka upp fjármögnun á starfi stofnunarinnar með öðrum hætti, t. d. með því að leggja á útflutningsgjald.

12. gr.

Stofnskrá þessi er gerð skv. 6. gr. laga nr. 14 frá 30. marz 1971 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Þ. Árnason.

26. ágúst 1971. Nr. 187.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp á Vegamótastíg, Klapparstíg og Grettisgötu vestan Klapparstígs. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur og hámarksstöðutími ein klukkustund.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. ágúst 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verðið ákveðið:

1. Bifreiðastöðubann verður beggja vegna Holtavegar milli Langholtsvegar og Kleppsvegar.
2. Bifreiðastöðubann verður á Hamrahlíð að sunnanverðu.
3. Bifreiðastöðubann verður á Eiríksgötu að sunnanverðu frá Barónsstíg að Snorrabraut.
4. Einstefnuakstur verður á götu við Hlemm til norðurs frá Laugavegi að Hverfisgötu.
5. Biðskylda verður á Grjótagötu við Garðastræti.
6. Hámarkshraði á Kringlumýrarbraut verður 60 km m. v. klst. á kaflanum frá Miklubraut að mörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur í Fossvogi.
7. Framúrakstur verður bannaður á Blesugrófarvegi frá Bústaðavegi að Reykjanesbraut.
8. Einstefnuakstur verður á Lynghaga til vesturs frá Suðurgötu að Ægisíðu og á Starhaga til austurs frá Ægisíðu að Suðurgötu. Bifreiðastöður á Starhaga og Lynghaga verða leyfðar norðan megin gatna.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. ágúst 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 189. 31. ágúst 1971.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frystrar rækju frá 1. ágúst til 31. október 1971.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frystrar rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst til 31. október 1971.

Vélskelflett rækja:

1.	10 × 4 × 1 lbs. blokkfryst	£ 0.52 pr. lbs.
	10 × 4 × 2 lbs. blokkfryst	- 0.52 — —
	10 × 2 × 2 lbs. blokkfryst	- 0.52 — —
2.	24 × 1 lbs. blokkfryst	- 0.53 — —
3.	2 × 5 kg sérfryst	- 0.53 — —
4.	4 × 2 kg og 5 × 2 kg sérfryst	- 0.54 — —
5.	24 × 450 gr sérfryst	- 0.54 — —

Handskelflett rækja:

1.	10 × 4 × 1 lbs. blokkfryst	£ 0.64 pr. lbs.
	10 × 4 × 2 lbs. blokkfryst	- 0.64 — —
2.	24 × 1 lbs. blokkfryst	- 0.65 — —
3.	6 × 4 lbs. sérfryst	- 0.66 — —
4.	6 × 4 × 1 lbs. sérfryst	- 0.67 — —
	24 × 540 gr sérfryst	- 0.67 — —
	Í saltlegi	- 0.57 — —

Verðbil skulu vera 2% fyrir vél- og handskelfletta rækju, en 2.5% fyrir handskelfletta rækju í saltlegi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. ágúst 1971.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

31. ágúst 1971. Nr. 190.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst til 31. desember 1971.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst til 31. desember 1971 og á söltuðum ufsaflökum fyrir sama tímabil:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 54.00
Millifiskur nr. 1	— 50.50
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 46.50
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 43.00

Verð á öðrum gæðaflokkum verði ákveðið í hlutföllum söluverða.
Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verði 2.5%.

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 52.90
21/25	— 50.65
26/30	— 48.40
31/35	— 46.10
36/40	— 43.90

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 2.5%.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. ágúst 1971.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1971.

Með tilvísun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst til 31. desember 1971:

	U.S. cent á lbs. cif.
Þorskur:	
8 × 7 m/r	24.70
8 × 7 r/l	27.30
10 × 5	43.30
4 × 15	47.20
5 × 10	45.60
12 × 1	45.20
4 × 12 eða 3 × 18	43.30
Sporðar	45.20
Blokk	36.80
Ýsa:	
10 × 5	54.30
12 × 1	56.80
Blokk	40.50
Steinbítur:	
10 × 5	54.60
12 × 1	58.30
Blokk	37.80
Gráðlúða:	
Blokk	35.40
Karfi:	
8 × 7 m/r	29.70
10 × 5 m/r	28.90
10 × 5 r/l	38.00
12 × 1	40.50
Blokk	35.00
Ufsi:	
8 × 7 r/l	23.40
Blokk	28.50
Langa:	
8 × 7 r/l	25.50
10 × 5	42.00
Blokk	33.30
Heilfrystur fiskur	13.40

Verðbil verði 2.5%.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. ágúst 1971.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

Með áorðnum breytingum skv. heimild í IV. kafla gjaldskrár þessarar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

01 1. Um kWh-mæli á kr. 10.66 hverja kWh.

02 2. Um kWh-mæli á kr. 5.10 hverja kWh auk fastagjalds er nemi kr. 1380.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 26.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 12.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

12 Um kWh-mæli á kr. 2.35 hverja kWh og auk þess fastagjald kr. 240.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

20 1. Um kWh-mæli á kr. 5.10 hverja kWh.

23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 2530.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWh-mæli á kr. 0.90 hverja kWh. Minnsta aflgjald er kr. 12 650.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWh-mæli á kr. 2.35 hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á kr. 0.83 hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
3. Um kWh-mæli á kr. 0.43 hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
d. Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.

e. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

50 Um mæla þannig reiknað enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 4064.00 hvert árskW.
Orkugjald: kr. 0.45 hverja kWh.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
a. Um kWh-mæli á kr. 5.60 hverja kWh.
b. Um mestastraumsrofa á kr. 56.00 hvert amper á mánuði. Rafveitstjóri ákveður hvort settur skuli upp kWh-mælir eða mestastraumsrofi.

41 3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 14 635.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 12.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 30.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 50.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 76.00 á mánuði.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr.	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
220 V kerfi:				
63 A 1-fasa	9 900	550	7.500	7.290
100 A 1-fasa	12 000	660	9 500	9 110
63 A 3-fasa	12 400	660	9 500	9 110
100 A 3-fasa	15 400	750	10 800	11 390
125 A 3-fasa	19 200	840	13 500	11 950
200 A 3-fasa	30 000	1140	21 400	13 660
300 A 3-fasa	43 300	1390		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr.	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
380 V kerfi:				
63 A 1-fasa	9 900	550	8 500	7 290
63 A 2-fasa	12 000	550	9 500	8 500
63 A 3-fasa	16 800	660	12 900	9 110
100 A 3-fasa	26 600	750	19 200	11 390
125 A 3-fasa	33 200	840	23 300	11 950
200 A 3-fasa	52 000	1140	36 800	13 660
300 A 3-fasa	75 000	1390		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 400.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V. kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi, reiknast frá varkassa stytztu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 4000 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkvæmt kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að ákveða leigu fyrir mælitæki og fjarstýrisrofa og að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannarafveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1968, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í kafla I í gjaldskrá þessari. Gjaldskrárliðirnir í kafla I að undanskildum lið F 3 og liðum G 1—4, gilda frá og með 20. september 1970. Gjaldskrárliðirnir F 3 og liðirnir G 1—4 ásamt köflum II, III og IV, gilda frá og með 1. nóvember 1970 samkvæmt heimild Iðnaðarráðuneytisins hinn 1. febrúar 1971, 22. marz 1971 og 9. ágúst 1971.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 65 22. febrúar 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 1. september 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 193. 21. september 1971.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fenginni yfirlýsingu um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Svíþjóðar.

Iðnaðarráðuneytið, 21. september 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Þ. Árnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. september 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag Tónskólans og sjóðurinn Styrktarsjóður Tónskólans. Hvortveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita skólanum árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi skólans, er heitir Styrktarfélag Tónskólans.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð, er nefnist Styrktarsjóður Tónskólans. — Sjóðurinn er eign skólans. Stjórn skólans skal hafa stjórn sjóðsins með höndum, og ráðstafar sjóðnum eftir þörfum skólans hverju sinni og í hans þágu. — Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, bankavaxtabréfum eða fasteignum.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum skólans og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

5. gr.

Félagar í Styrktarfélagi Tónskólans eru þeir, sem með árlegum framlögum, ákveðnum á aðalfundi félagsins ár hvert, leggja fram fé til Styrktarsjóðs Tónskólans. — Félag eða stofnun, sem styrkir skólann með slíkum fjárframlögum telst einn meðlimur í Styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. — Ef fulltrúi frá stofnun eða félagssamtökum er einnig persónulegur styrktarfélagi, hefur hann þó aldrei nema eitt atkvæði á fundum þess. — Umsókn um þátttöku í Styrktarfélagi Tónskólans skal senda stjórn Styrktarfélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

6. gr.

Stjórn Styrktarfélags Tónskólans skal kosin á aðalfundi félagsins, sbr. 10. gr. Skipulagsskrár Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, og er hún jafnframt stjórn skólans.

7. gr.

Aðalfundur Styrktarfélags Tónskólans skal haldinn fyrir lok september ár hvert, og skulu þar afgreidd eftirfarandi málefni:

a) Greinargerð skólastjóra Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar um rekstur skólans á liðnu ári.
b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar skólans og Styrktarsjóðs Tónskólans, fyrir síðasta reikningsár, og samþykktir.
c) Ákveðin upphæð árgjalds til Styrktarsjóðs Tónskólans fyrir næsta ár.

d) Kosin stjórn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, skv. skipulagsskrá fyrir skólann, 10. gr., en sú stjórn er jafnframt stjórn Styrktarsjóðs Tónskólans og Styrktarfélags Tónskólans. Þá skulu og kosnir endurskoðendur samkv. fyrrgreindri skipulagsskrá skólans.

Aðalfundur skal boðaður bréflega með viku fyrirvara. Aðrir fundir Styrktarfélagsins skulu boðaðir með 3ja daga fyrirvara bréflega eða með auglýsingu.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans hinn 29. nóv. 1970.

Í stjórn Styrktarfélags- og Styrktarsjóðs Tónskólans

Sigursveinn D. Kristinsson. Hallgrímur Jakobsson. Guðni Guðnason.

Nr. 195. 15. september 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 15. september 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Styrktarfélags Tónskólans, er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og heitir Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 12/1963 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna músikþekkingu þjóðarinnar ekki síst meðal þess fólks, sem aðeins getur varið takmörkuðum tómstundum til þess að iðka músik og auka þekkingu sína á því sviði.

5. gr.

Markmið virðingarinnar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti eignarinnar á þeim tíma, sem virðingin fer fram. Í þessu augnamiði skal í virðingunni lýsa nákvæmlega hverju einstöku húsi. Á grundvelli þeirrar lýsingar skal svo ákveða hvað kosta muni að byggja slíkt hús.

3. gr.

Þegar um endurmat á eldri húsum er að ræða, skal draga frá nýbyggingarupphæð hússins hæfilega upphæð fyrir sliti og elli í hlutfalli við aldur þess og í samræmi við meðferð og viðhald á því.

4. gr.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur eða réttinda, er því fylgja.

5. gr.

Rita skal allar virðingar í sérstaka virðingabók, sem stjórnarráðið löggildir, og skal hver virðing undirrituð af virðingarmönnum og umboðsmanni viðkomandi tryggingarfélags.

6. gr.

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal vátryggði greiða sem hér segir:

a.	Fyrir hús, sem virt er allt að	700 þús. kr.	kr. 560.00
b.	Fyrir hús, sem virt er allt að	700— 1 500 þús. kr.	— 700.00
c.	Fyrir hús, sem virt er allt að	1 500— 3 000 þús. kr.	— 1 120.00
d.	Fyrir hús, sem virt er allt að	3 000— 5 000 þús. kr.	— 1 360.00
e.	Fyrir hús, sem virt er allt að	5 000— 8 000 þús. kr.	— 1 680.00
f.	Fyrir hús, sem virt er allt að	8 000—11 000 þús. kr.	— 2 080.00
g.	Fyrir hús, sem virt er allt að	11 000—13 000 þús. kr.	— 2 400.00

Af því sem umfram er 13 milljónir, skal greiða kr. 120.00 fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi vátryggingarfélags.

Nú vill eigandi eða vátryggingarfélag eigi sætta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma sér saman um. Ella skal hann tilnefndur af viðkomandi dómara. Þóknun til hans

skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkv. gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af vátryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi fógeti eða sýslumaður skipar. Fyrir slíkt yfirmat greiðist tvöfalt gjald, samkv. ofangreindri gjaldskrá ⅓ til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkv. reikningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

22. október 1971. Nr. 206.

REGLUGERÐ
um starfskjör á póst- og símastöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna, fá mánaðarþóknun vegna starfa við póst og síma á eftirtöldum stöðvum, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

kr. 21 300.00 **Póst- og símastöð:** Breiðdalsvík.

— 20 400.00 **Póst- og símastöð:** Króksfjarðarnes, Reynihlíð, Reykholt, Varmahlíð, Skagaf., Eiðar, Fosshóll, Svignaskarð, Staðarhóll, Hella, Skarðshlíð, Skútustaðir, Borgarfjörður.

Símastöð: Breiðamýri, Galtafell, Hvanneyri, Stöðvarfjörður.

Póststöð: Garðakauptún.

— 18 700.00 **Póst- og símastöð:** Eyrarbakki, Hrísey, Tálknafjörður, Grenivík, Eyrarkot, Skógar, Ásar, Gnúp., Vogar, Gerðar.

— 17 900.00 **Póst- og símastöð:** Súðavík, Stokkseyri.

Símastöð: Munkaþverá, Ásgarður í Grímsnesi, Mælifell.

— 16 700.00 **Póst- og símastöð:** Fossvellir, Neðri-Brunná, Bólstaðarhlíð, Minni-Borg, Húsatóftir, Síðumúli, Bakkafjörður, Hallormsstaður.

Símastöð: Arnarstapi, Mýrum, Bægisá.

Póststöð: Stöðvarfjörður.

— 15 800.00 **Póst- og símastöð:** Drangsnes, Stóru-Akrar.

Símastöð: Hjarðarfell, Gaulverjabær.

— 14 200.00 **Póst- og símastöð:** Seljaland, Ás, Skarð, Ásgarður, Dölum, Staðarfell, Bifröst, Kirkjuból.

Símastöð: Eyrarland, Villingaholt, Hnausar, Haganesvík.

— 13 200.00 **Póst- og símastöð:** Varmahlíð, Rang., Ingólfsfjörður, Hjalteyri, Þykkvibær.
Símastöð: Flaga, Hjaltastaður.
Póststöð: Laugar, Haganesvík.

— 9 200.00 **Póst- og símastöð:** Hafnir.

Starfsþóknunin er miðuð við 1. september 1971 og felur í sér greiðslu fyrir aðstoð vegna forfalla. Auk þess skal greiða orlofsfé samkvæmt orlofslögum.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu, gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og síðan áfram til ríkisskattanefndar.

Ef viðskiptamagn stöðvar er meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórn ákveðið sérstaka greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Þóknun fyrir rekstur stöðvar, þar sem þjónustutími er 2 eða 4 klst. á virkum dögum og 3 klst. á helgidögum er sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

1. Föst ársþóknun: Kr. 12 500.00, ef þjónustutími er 2 klst. á virkum dögum, en kr. 25 000.00, ef þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum.
2. Kr. 13.50 fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum eða hvert útfarið símskeyti, og eru þjónustusímtöl og þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.
3. Kr. 435.00 á ári fyrir hvern símnotanda.

Við ofannefnda heildarþóknun, sem er miðuð við 1. september 1971, bætist orlofsfé, samkvæmt orlofslögum. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, svo og forföll.

3. gr.

Þóknun samkvæmt 1. og 2. gr. hækkar 1. janúar 1972 um 7,50% og 1. júlí 1972 um 4,34%.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla þóknun samkvæmt reglugerð þessari eftir kaupgreiðsluvísitölu er kauplagsnefnd reiknar. Við setningu reglugerðarinnar er miðað við kaupgreiðsluvísitölu 100.0 stig.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofannefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða annað hvert ár.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöðvar verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður Póst og símamálastjórn til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fyrri reglugerð, frá 14. desember 1967, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

fyrir Kennaraháskóla Íslands námsárið 1971—72.

I. Stjórn skólans og kennarar.

1. gr.

Við skólann starfa lektorar, og skal miða við, að einn lektor hið fæsta komi á hverja skor.

2. gr.

Störf lektora skiptast á kennslu, umsjón og rannsóknir. Skólaráð ákveður hlutfallið milli þessara starfa. Að jafnaði skal starf lektors vera kennsla að meiri hluta og umsjón ekki fara fram úr 10% af heildarstarfi hans. Ef lektor sinnir engum störfum öðrum en kennslu á háskólastigi, er kennsluskylda hans allt að 18 vikustundir. Nú er tilskilinn stundafjöldi ekki fyrir hendi á háskólastiginu, og er þá lektor skylt að kenna í öðrum deildum skólans, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands, svo að kennsluskyldu hans sé fullnægt. Skulu 3 kenndar stundir í þeim deildum jafngilda 2 kenndum stundum á háskólastiginu.

3. gr.

Ef aðeins einn lektor er við skor, gegnir hann skyldum skorarstjóra. Kosning skorarstjóra fer í fyrsta skipti fram innan mánaðar frá ráðningu lektora haustið 1971.

4. gr.

Skorarstjórar hafa umsjón með greinum sínum í öllum deildum skólans. Þó er heimilt að ráða deildarkennara svo sem verið hefur til að sinna störfum, sem skorarstjórar anna ekki í deildum þeim, sem eldri eru en lagasetningin um Kennaraháskólann.

5. gr.

Skólastjórn skipa rektor og fastir kennarar (lektorar) Kennaraháskólans, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans ásamt einum fulltrúa tilnefndum af nemendaráði fyrir hverja aðra fjóra fulltrúa, er sæti eiga í skólastjórn. Fastráðnir kennarar við gömlu deildirnar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólastjórn, — þótt ekki séu þeir lektorar, — þegar fjallað er um málefni, er varða þær deildir. Um aðild nemenda þeirra deilda gilda sömu reglur og hingað til.

6. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, þrír fulltrúar tilnefndir af nemendaráði og einn fulltrúi lausráðinna kennara Kennaraháskólans. Deildarkennarar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólaráði í málefnum, er varða gömlu deildirnar sérstaklega, sbr. 4. gr. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs víkja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.

7. gr.

Skólastjórn kýs í fyrsta sinn rektor úr hópi fastra kennara (lektora) í janúarmánuði 1972. Kosning skal vera skrifleg.

8. gr.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið

þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

9. gr.

Heimilt er að ráða aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara, þótt eigi sé hann lektor.

II. Námsgreinar.

10. gr.

Á fyrsta ári Kennaraháskólans skal ljúka námi í kjarna, eftir því sem fært er, en með kjarna er átt við það námsefni, sem öllum nemendum skólans er skylt að stunda. Þessar greinar skulu kenndar veturinn 1971—1972:

A. Bóklegar greinar.
   1. Uppeldisgreinar, 4 stundir á viku, þar af 1 verkleg.
   2. Íslenzka og íslenzk fræði, 5 stundir.
   3. Kristinfræði og trúarbragðasaga, 4 stundir.
   4. Stærðfræði, 5 stundir.
   5. Félagsfræði, 2 stundir.

B. List- og verkgreinar.
   1. Teikning, 2 stundir.
   2. Föndur, 2 stundir.
   3. Söngur, 2 stundir.
   4. Íþróttir og fimleikafræði, 2 stundir.

Námsefni:

1. **Uppeldisgreinar.**

   a. **Almenn sálarfræði.**
   Farið skal yfir nokkur meginviðfangsefni almennrar sálarfræði og skýrðar rannsóknaraðferðir hennar og markmið. Gera skal einfaldar tilraunir bóklega náminu til skýringar.

   b. **Uppeldisfræði og uppeldisleg sálarfræði.**
   Fjalla skal um meginviðhorf til uppeldis og forms þess, bæði í sögu og og samtíð. Kannaðir valdir kaflar íslenzkrar löggjafar um uppeldismál. Farið yfir nokkur meginhugtök þróunarsálfræði og skýrðar aðferðir hennar.

   c. **Áheyrn og skipulegar athuganir.**
   Einni stund á viku skal varið til áheyrnar í skóla eða annarri uppeldisstofnun, þar sem hlýtt er á kennslu eða fylgzt með öðru uppeldisstarfi. Kennaraefnin skulu þjálfuð við skipulega, hlutlæga athugun og mat á atferli einstaklinga eða hópa.
   Áheyrnarnemendur skulu skila skriflegum skýrslum um hverja áheyrnarstund eða verklega athugun, hver fyrir sig eða í áheyrnargengi, eftir því sem æfingastjóri ákveður.

2. **Íslenzka og íslenzk fræði.**

   a. **Hljóðfræði.**
   Kenna skal rækilega hljóðmyndun, hljóðritun og mállýzkur og tengja þessa kennslu lestrarkennslunni.

b. **Hagnýt íslenzkukennsla.**
Leggja skal áherzlu á almenna málnotkun, sögu íslenzkukennslu, þróun orðaforðans, skilgreining hugtaka í stílfræði og bókmenntarýni.

c. **Bókmenntalestur.**
Nemendur skulu lesa og skýra bókmenntaverk bæði í lausu máli og bundnu.

d. **Ritgerðir.**
Nemendur skulu semja ritgerðir og flytja erindi í kennslustundum. Viðfangsefni skulu tengd því námsefni, sem við er fengizt.

3. **Kristin fræði og trúarbragðasaga.**
Markmið kristindómsfræðslu er:
a. Að veita kennaraefnum staðgóða þekkingu á höfuðatriðum kristinnar trúar og yfirlit um forsögu hennar og höfund, mótun, útbreiðslu og áhrif á heimsmenninguna fyrr og síðar.
b. Að veita kennaraefnum hjálp til að efla þroska sinn og manngildi með fræðslu um lífsskoðun og siðgæði kristindómsins og glæða með þeim löngun til að veita nemendum sínum það veganesti, sem orðið geti þeim til heilla, hver sem lífsbraut þeirra kann að verða.
c. Að veita kennaraefnum kunnáttu og þjálfun í að kenna kristin fræði samkvæmt ákvæðum fræðslulaga og reglugerða.

Námsefni:

I. **Biblíufræði.**
Veita skal kennaraefnum yfirlit yfir bækur og bókmenntaflokka Biblíunnar og kenna þeim að notfæra sér hana, bæði Gamla og Nýja testamentið. Þeir skulu læra meginatriði Ísraelssögunnar. Þeir skulu læra um sögusvið Nýja testamentisins. Vandlesa skal eitt samstofna guðspjall með hliðsjón af hinum guðspjöllunum. Enn fremur skulu þeir þekkja sögu og boðskap frumkristninnar samkvæmt Postulasögunni og öðrum ritum Nýja testamentisins.

II. **Trúarbragðafræði.**
1. Veita skal kennaraefnum yfirlit yfir helztu trúar- og siðakenningar Hindúadóms, Búddhadóms, Íslams og Taóisma, og útskýra fyrir þeim meginhugtökin í frumstæðum átrúnaði og nýjum gerðum trúarbragða utan kristninnar, svo sem Mormóna, Bahaimanna o. fl.
2. Kenna skal kennaraefnum um helztu kirkjufeður, brautryðjendur klausturhreyfinga og helztu klausturreglur, útbreiðslu kristninnar á Vesturlöndum, fremstu andans menn hámiðalda, nokkra mikilhæfa páfa, forgöngumenn siðbótar á síðmiðöldum, leiðtoga siðbótarkirknanna, helztu kirkjudeildir innan kristni nútímans, alþjóðlegt samstarf kirkna, veigamestu mannúðarhreyfingar og þróun og útbreiðslu náttúruréttar og mannréttinda. Kenna skal einnig yfirlit yfir kirkjufræði evangeliskrar og katólskrar kirkju, útskýra messuna og aðrar helgar athafnir og fara yfir úrvalssálma og andleg ljóð.

4. **Stærðfræði.**
a. Farið verður kennslufræðilega yfir samfelldan nútímatexta í námsefni á fyrstu 7 árum skyldunámsins og skýrðir með samanburði einstakir þættir í öðrum samfelldum textum þessa námsstigs.
b. Grein gerð fyrir þróun hugtaka, og fjallað kennslufræðilega um starfsaðferðir, kennslutæki og sögu stærðfræðinnar.

c. Auk þess verður farið yfir fræðilegan texta til að dýpka grundvallarskilning á fyrrgreindum viðfangsefnum.

5. **Félagsfræði.**

Með kennslu í félagsfræðum skal stefnt að því, að nemendur öðlist þekkingu og skilning á skipulagi, gerð og starfsháttum hinna ýmsu félagskerfa á vorum dögum, bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þá skal þjálfa nemendur í að afla upplýsinga og notfæra sér heimildir samkvæmt aðferðum félagsfræðanna og setja vitneskju sína fram á viðeigandi hátt. Með þessu móti skulu kennaraefnin búin undir að veita börnum og unglingum fræðslu í félagsfræðum.

Námsefni:

Námið miðist að nokkru við þær kröfur, sem kennsla í samfélagsfræðum á grunnskólastigi gerir til kennaraefna, einkum er varðar:

1) almenna félagsfræði,
2) stjórnmálafræði,
3) hagfræði og þjóðarbúskap,
4) eitthvert svið íslenzks þjóðfélags,
5) norrænt eða annað erlent þjóðfélag,
6) alþjóðamálefni,
7) æfingar kennslufræðilegs eðlis.

Ekki er skylt að fylgja þessari efnisaðgreiningu í kennslu. Viðfangsefnin, einkanlega hin þrjú síðasttöldu, skulu skoðuð í sem víðustu samhengi, efnahagslegu, stjórnmálalegu og menningarlegu, og veita nemendum tækifæri til að kynnast helztu hugtökum í félagsfræðum.

Nemendur skulu fást við sjálfstæð verkefni, söfnun og úrvinnslu efnis og viðeigandi framsetningu. Niðurstöður má setja fram ýmist munnlega eða skriflega.

6. **Föndur.**

Kennslan er miðuð við 6—9 ára börn.

Viðfangsefni:

Alls konar pappírsföndur, einföld brot, bast og tágavinna, grindvefnaður, formum í pappírsmassa og ýmis konar hnýtingar. Jafnframt skal fjallað kennslufræðilega um viðfangsefnin.

7. **Teiknun.**

Í kennslunni skal glæddur skilningur kennaraefna á myndlist og vinnubrögðum í greinum hennar með sérstakri hliðsjón af sálarfræði, uppeldisfræði og kennslufræði.

Stefnt skal að því að þjálfa nemendur í almennri teiknun, gera þá færa um að tjá sig í línum, litum og formum. Að því skal miðað, að teiknikunnáttan geti orðið nemandanum hjálpartæki hinna ýmsu náms- og kennslugreina.

Kennslan skal dýpka skilning kennaraefna á myndrænni tjáningu barna. Farið skal yfir valda kafla almennrar listasögu.

8. **Söngur og tónfræði.**

Markmiðið er að vekja áhuga og glæða skilning nemenda á söng og tónlist almennt. Sérstök hliðsjón skal höfð af gildi tónlistar fyrir skólastarf og uppeldi yfirleitt. Á fyrsta ári skulu kennd undirstöðuatriði almennrar tónfræði og lögð áherzla á að þjálfa lestrarhæfni nemenda á nótur að því marki, að þeir geti sungið af blaði óþekkt, einfalt lag, án aðstoðar eða með hjálp hljóðfæris. Jafnframt skal kennd raddbeiting með sérstakri hliðsjón af söng í skólum.

9. **Íþróttir og fimleikafræði.**
Íþróttir og fimleikafræði skulu glæða skilning kennaraefna á líkamsrækt, einkum með hliðsjón af hreyfiþörf barna og gildi hinna ýmsu þátta líkamsþjálfunar fyrir andlegan og líkamlegan þroska og þrifnað.
Fjallað skal um helztu þætti leikfimi, knattleiki, leiki barna á skólaaldri, dansa, einkum hljóðfallsleik og barnadansa, útivist og útiíþróttir.

III. Námstími, próf og einkunnir.

11. gr.

a. Námsárið 1971—72 skiptist í haustmisseri frá 1. okt. til 20. des. og vormisseri frá 7. janúar til 15. júní.
b. Próf fara fram í lok hvors misseris. Á haustmisseri skal prófað í öllum bóklegum greinum og einkunn gefin í list- og verkgreinum. Veita má fötluðum nemanda undanþágu frá prófi í íþróttum og fimleikafræði.
c. Í lok vormisseris skal prófað í öllum greinum.
d. Meta skal verklegar úrlausnir í bóklegum greinum á hvoru misseri á móti úrlausnum á prófi í hlutfallinu 1 : 2.
e. Auk prófseinkunnar skal gefa einkunn fyrir verklegar úrlausnir í list- og verkgreinum á vormisseri. Er sú einkunn ⅓ af árseinkunn, prófseinkunn ⅓ og einkunn á haustmisseri ⅓.
f. Árseinkunn er meðaltal einkunna á haustmisseri og vormisseri í hlutfallinu 1 : 2. Skal vera ein einkunn í hverri grein.
g. Einkunnir skal gefa í tölunum 0—10 með fjórðungsbilum. Er 9—10 1. ágætiseinkunn, 7—8.99 fyrsta einkunn, 6—7.99 önnur einkunn og 5—5.99 þriðja einkunn.
h. Til að fá að taka próf skal nemandi að jafnaði hafa sótt 80% kennslustunda hið minnsta og skilað verklegum úrlausnum, sem fullnægja lágmarkseinkunn í greininni.
i. Til að standast próf skal meðaltal árseinkunna eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verkgreinum hvorum fyrir sig, og árseinkunn eigi vera lægri en 5 í íslenzku og uppeldisgreinum og eigi lægri en 4 í neinni grein annarri.
j. Ef nemandi nær tilskildu meðaltali árseinkunna, en stenzt ekki próf í einstökum greinum, er honum heimilt að þreyta próf að hausti.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með skírskotun til laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, öðlast þegar gildi og gildir til loka námsársins 1971—72.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. október 1971.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Ríkið rekur skóla í sambandi við aðalfávitahæli ríkisins. Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að mennta fólk til þess að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun vangefinna á Íslandi.

3. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn samkvæmt tillögu Þroskaþjálfafélags Íslands, tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður skólastjórnar, og einn samkvæmt tillögu nemendafélags skólans. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður er árlega.

Skólastjóri skólans hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

II. KAFLI

Inntaka nemenda í skólann.

5. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal ekki vera yngri en 18 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið gagnfræðaprófi, landsprófi miðskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

   Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.
3. Umsækjandi má ekki hafa næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum getur stafað hætta af, eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
4. Umsækjandi skal hafa góða framkomu og óspillt siðferði. Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eftir umsögn skólastjóra.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Umsókn skal fylgja:

a) Staðfest afrit af prófskírteini.
b) Læknisvottorð.
c) Sakavottorð.
d) Meðmæli. (Frá vinnuveitanda, skólastjóra eða öðrum.)

III. KAFLI
Námstími og námsefni.

7. gr.

Námstími skólans skal vera 2½ ár, þar með talin skólaleyfi.

8. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóknámið fer fram í námskeiðum. Verknámið fer fram á aðalfávitahæli ríkisins og öðrum skyldum stofnunum eftir því, sem um verður samið af skólastjórn.

9. gr.

Námið hefst 1. október með bóknámskeiði, sem stendur í 5 vikur. Kenna skal í 4 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Barnasálarfræði (stutt yfirlit yfir heilbrigða þróun barnsins) ..	16	stundir
Undirstöðuatriði um vangefni	16	—
Námsleiðbeiningar	4	—
Siðfræði	6	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	18	—
Heilsufræði og heilsuvernd	18	—
Hjúkrunarfræði	12	—
Hjálp í viðlögum	8	—
Félagsfræði	8	—
Föndur	8	—
Músik	8	—
Alls	122	stundir
Til upprifjunar	4	—
Til prófa	8	—
Samtals	134	stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í barnasálarfræði, undirstöðuatriðum um vangefni, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd.

Annað bóknámskeiðið fer fram, þegar nemandi hefur lokið fyrsta verknámstímabilinu, sem nær yfir um það bil 4 mánuði, frá fyrri hluta nóvember til febrúarloka, en sá tími er reynslutími af beggja hálfu. Ákvörðun af hálfu skólans við lok reynslutíma tekur skólastjóri, að fenginni umsögn viðkomandi forstöðumanns, ef nemandi hefur starfað á reynslutímanum á annarri stofnun en aðalfávitahæli ríkisins. Námskeiðið stendur í 11 vikur. Kenna skal í 10 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Barnasálarfræði	10	—
Almenn uppeldisfræði	10	—
Sálarfræði (Almennur inngangur, atferðisvakar, dulvitund, sefjun og fl. skylt, sálgerðir, heilbrigð og afbrigðileg greind) ..	40	—
Umgengni við vangefna m. siðfræði	10	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar og ritgerðir o. fl.	14	—
Þjálfun í talkennslu	20	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	40	—
Heilsufræði og heilsuvernd	10	—

Sjúkdómafræði (Algengir sjúkd., smitsjúkd., undirstöðuatriði um fávitasjúkd. og orsakir m. lyfjafræði)	20	—
Lyfjafræði og meðferð lyfja	10	—
Næringarefnafræði	10	—
Hjúkrunarfræði (Bókleg, verkleg og sýnikennsla, meðferð barna og gamalmenna)	30	—
Starfsstellingar	10	—
Félagsfræði	20	—
Föndur	20	—
Músik m. rytmik	20	—
Alls	304	stundir
Til upprifjunar	6	—
Til prófa	12	—
Samtals	322	stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í barnasálarfræði, sálarfræði, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd, sjúkdómafræði og hjúkrunarfræði.

Þriðja bóknámskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið öðru verknámstímabilinu, sem nær yfir um það bil 7 mánuði, frá síðari hluta maí til byrjunar janúarmánaðar.

Í öðru verknámstímabilinu er sumarleyfi innifalið.

Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur. Kenna skal í 7 vikur og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Sálarfræði (Nám, minni, gleymska og skyld efni. Starf og þreyta, starfsval m. tilliti til vangefinna)	21	stundir
Geðvernd (Taugaveiklun, geðvilla o. fl. m. hliðsjón af uppeldi og mannlegum samskiptum)	14	—
Umgengni við vangefna og uppeldi m. siðfræði	14	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, ritgerðir o. fl.	13	—
Athugun og þroskamat	7	—
Uppeldisfræði, sögulegt yfirlit	7	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	21	—
Heilsufræði og heilsuvernd	7	—
Sjúkdómafræði. (Algengir sjúkd., geðsjúkd. sjúkd. í taugakerfi, fávitasjúkd. og orsakir m. lyfjafr.)	28	—
Lyfjafræði	7	—
Næringarefnafræði og sérfræði	7	—
Hjúkrunarfræði	14	—
Heimilisfræði	14	—
Deildarstjórn	7	—
Dagbókarfærslur og skýrslugerðir	7	—
Föndur	14	—
Músik m. rytmik	14	—
Alls	216	stundir
Til upprifjunar	6	—
Til prófa	12	—
Samtals	234	stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í sálarfræði, geðvernd, umgengni við vangefna og uppeldi, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdómafræði og hjúkrunarfræði.

Fjórða bóknámskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið þriðja verknámstímabilinu, sem stendur yfir í um það bil 8 mánuði, frá fyrri hluta marz til fyrstu viku nóvembermánaðar.

Sumarleyfi er innifalið í þriðja verknámstímabilinu.

Námskeiðið stendur í 6 vikur. Kenna skal í 5 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Uppeldis- og barnasálarfræði	15	stundir
Sálarfræði (Maður og samfélag og skyld efni)	15	—
Geðvernd	20	—
Uppeldi á stofnunum	10	—
Námsleiðbeiningar	6	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	15	—
Heilsufræði og heilsuvernd	15	—
Sjúkdómafræði (Fávitasjúkd., geðsjúkd.)	20	—
Lyfjafræði	5	—
Næringarefnafræði og sjúkrafæði	5	—
Deildarstjórn	5	—
Dagbókarfærslur og skýrslugerðir	5	—
Föndur	10	—
Músik með rytmik	10	—
Alls	156	stundir
Til upprifjunar	8	—
Til prófa	16	—
Samtals	180	stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í uppeldis- og barnasálarfræði, geðvernd, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd, sjúkdómafræði, lyfjafræði, næringarefnafræði og sjúkrafæði. Auk áður talinna námsgreina skal kenna varnargrip í 20 stundir og verja a. m. k. 20 stundum til heimsókna á aðrar stofnanir á námstímabilinu.

Alls skulu kenndar um 910 stundir.

IV. KAFLI
Próf og einkunnir.

10. gr.

Próf fara fram í lok námskeiða í öllum aðalgreinum skólans samanber 9. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10. Til þess að standast lokapróf skólans þarf einkunnina 5 í aðaleinkunn. Sama gildir um próf í lok námskeiða og einkunn fyrir verknám.

11. gr.

Heilbrigðisráðuneytið skipar prófdómara í aðalnámsgreinar skólans, að fengnum tillögum skólastjórnar.

12. gr.

Verknámið skal skipulagt þannig, að nemendur læri á hinum ýmsu deildum fávitahæla.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild, fær nemandinn einkunnir eða vitnisburð, sem deildarþroskaþjálfi gefur.

13. gr.

Að loknu námi skal nemandi hljóta prófskírteini og starfsheitið þroskaþjálfi með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

V. KAFLI

Laun og kjör nemenda.

14. gr.

Laun skulu nemendur taka sem hér segir: Fyrsta árið 40% af launum þroskaþjálfa, annað árið 50% og síðustu 6 mánuðina 75%.

Veikindaleyfi skal vera 30 dagar og sumarleyfi 7 vikur alls.

VI. KAFLI

Um rekstur skólans.

15. gr.

Kostnaður við rekstur Þroskaþjálfaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði. Þó skulu þau fávitahæli, vistheimili eða dagheimili, sem hafa nemendur í verknámi, greiða þeim laun þann tíma.

16. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytinu er heimilt að fela skrifstofu ríkisspítalanna eða öðrum aðila að sjá um fjárreiður skólans.

VII. KAFLI

Framhaldsnám.

17. gr.

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsmenntun í uppeldi og þjálfun vangefinna.

VIII. KAFLI

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda eins fljótt og við verður komið samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir röntgentæknaskóla.

I. KAFLI

Markmið og stjórn röntgentæknaskóla.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari og með leyfi ráðherra, er sjúkrahúsum, er hafa sérstakar röntgengreiningardeildir með a. m. k. 15000 rannsóknum á ári, heimilt að starfrækja röntgentæknaskóla.

Sjúkrahúsum þessum er og heimilt að starfrækja sameiginlega skóla, þar sem bókleg kennsla fer fram, en verklegt nám fer þá fram í röntgendeildum viðkomandi sjúkrahúsa.

2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennta aðstoðarfólk við röntgengreiningu, er geti aðstoðað röntgenlækna, og framkvæmt sjálfstætt sumar tegundir röntgenrannsókna eftir fyrirmælum. Enn fremur metið ástand sjúklinganna að nokkru og aðstoðað þá eftir þörfum og samkvæmt fyrirmælum.

3. gr.

Stjórn skólans skipa forstöðukona sjúkrahússins, framkvæmdastjóri þess eða sjúkrahússtjóri, einn fulltrúi skipaður af ráðherra til þriggja ára og einn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans til eins árs í senn. Yfirlæknir viðkomandi deildar er skólastjóri skólans.

Ef fleiri sjúkrahús reka sameiginlegan skóla, skal einn fulltrúi frá hverju þeirra eiga sæti í stjórninni og auk þess einn fulltrúi skipaður af ráðherra til þriggja ára.

Stjórnin kýs þá skólastjóra, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi skólans.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði.

4. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal vera fullra 17 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi með fyrstu einkunn í stærðfræði, eðlisfræði, íslenzku og einu erlendu máli.
3. Umsækjandi, sem lokið hefur stúdentsprófi, hjúkrunarprófi, framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða hefur tilsvarandi menntun, skal að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.
4. Umsækjandi skal framvísa læknisvottorði um heilsufar sitt.

5. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Umsókn skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli (vinnuveitanda eða skólastjóra).

III. KAFLI
Námstími og námsefni.

6. gr.

Námstíminn er 2 ár og 6 mánuðir og skiptist á 5 kennslumisseri, en í 3 stig, sbr. 7. gr.

Hjúkrunarfólk, sem byrjar nám í skólanum, getur lokið því á styttri tíma, enda sleppir það þeim hluta, er að hjúkrun lýtur.

7. gr.

Námið skiptist í 3 stig:

1. Undirbúningsstig.
2. Bók- og verknámsstig.
3. Starfsþjálfunarstig.

1. a) Undirbúningsstig, 26 vikur. Þetta námsstig tekur yfir eftirfarandi:

Starfskynning á röntgendeild, 2 vikur. Hér er átt við fyrstu starfskynningu. Nemandinn fer ásamt leiðbeinanda yfir alla starfstilhögun.

Móttaka sjúklinga og dreifing á rannsóknarstofur.

Skrásetning sjúklinga til rannsóknar, starfsemi skjala- og myndasafna.

Framkvæmd hinna ýmsu rannsókna.

Tilhögun vinnu við framköllun, röðun mynda og undirbúning rannsókna.

Jafnframt fær nemandinn 4—6 fyrirlestra um ofangreind atriði.

1. b) Nám í sjúkradeildum, slysa- og skurðdeildum, 20 vikur:

Nemandinn starfar sem sjúkraliðanemi og fær jafnframt bóklega kennslu á námskeiði í sjúkrahjálp:

Siðfræði.
Heilsufræði.
Líffæra- og lífeðlisfræði.
Almenn hjúkrun.
Frumatriði í skyndihjálp.

1. c) Upprifjunarnámskeið í stærðfræði og eðlisfræði, 4 vikur.

1. Stærðfræði 20 stundir.

Farið skal yfir eftirfarandi atriði:

Hlutfallsreikningur, prósentureikningur, einfaldar jöfnur, kvaðratrætur og grundvallaratriði flatarmálsfræði.

2. Eðlisfræði 20 stundir.

Í þeim tilgangi að veita nemandanum grundvöll til skilnings á undirstöðum röntgeneðlisfræði og tækjagerð er farið yfir grundvallaratriði eðlisfræðinnar, með sérstakri áherzlu á ljósfræði og rafmagnsfræði.

Að loknu 7.1.b) og 7.1.c) skal nemandi gangast undir **undirbúningspróf.** Gefin skal einkunn fyrir b), en sín einkunnin fyrir hvorn lið c).

Nota skal einkunnastiga 0—10.

Nemandi, sem ekki nær meðaleinkunn 5, getur ekki haldið áfram námi bók- og verknámsstigs. Heimilt er þó að leyfa nemanda að endurtaka próf einu sinni í hverri grein, sem ekki hefur náðst framhaldseinkunn í.

2. **Bók- og verknámsstig:**

52 vikur, þar af 3 vikur leyfi.

Kennsla á þessu stigi er tvíþætt, bókleg og verkleg.

2. a) Bókleg kennsla:

1. **Líffærafræði og lífeðlisfræði, ásamt meinafræði. Að minnsta kosti 90 stundir.**

Jafnframt kennslu í undirstöðuatriðum líffærafræðinnar, þar sem farið er yfir hin einstöku líffærakerfi hvert um sig, eru kennd undirstöðuatriði í lífeðlis- og meinafræði hinna ýmsu kerfa og líffæra.

Í kennslu í líffærafræði skal taka sérstakt tillit til þarfa röntgentækna, þannig að miðunartækni (innstillingum) og algengustu röntgengreindum sjúkdómum verði gerði góð skil, t. d. öndunarfærasjúkdómum, hjarta- og æðasjúkdómum, þvagfærasjúkdómum, taugakerfissjúkdómum. Eðlilegast er, að í þessu námskeiði sé einnig lögð áherzla á geislavernd og geislalíffræði (radiobiologiu).

2. **Eðlisfræði og röntgentækni. A. m. k. 46 stundir.**

Upprifjun á almennri eðlisfræði, jafnframt nauðsynlegri stærðfræðiupprifjun. Síðan er sérstaklega kennt með tilliti til röntgeneðlisfræði og röntgentækni. Þá skal a. m. k. 10 stundum varið til yfirferðar á tækjakosti: Röntgenlampar, spennar, síukerfi, sjálfvirkni í myndatöku, sneiðamyndatækni, röntgenkvikmyndun, myndmögnun og sjónvarp.

3. **Geislavarnir og geislalíffræði. A. m. k. 10 stundir.**

Farið yfir gildandi lög og reglur um geislavarnir, ásamt verklegum sýningum.

4. **Ljósmyndatækni. A. m. k. 12 stundir.**

Farið yfir undirstöðuatriði í ljósmyndatækni.

Ljósmyndafilman, eiginleikar hennar, framköllun, fixering kopering, sérhæfð tækni, svo sem subtraction.

Sýnikennsla og verklegar æfingar.

5. **Starfsfræðsla. A. m. k. 12 stundir.**

Fyrirlestrar um félagsfræði, sálfræði og skipulagsmál.

6. **Viðbótarkennsla. A. m. k. 24 stundir.**

Verkstjórn, almenn sjúkrahússtarfsfræðsla, hjálp í viðlögum, röntgentækni, sérhæfðar rannsóknir, undirbúningur sjúklinga undir rannsóknir, eftirmeðferð.

2. b) **Verkleg kennsla:**

Nemandinn hlýtur verklega tilsögn og þjálfun á öllum rannsóknartækjum deildarinnar.

Kennslan miðar að því að gera nemandann færan í hvers kyns rannsóknaraðferðum, og að hann hafi vald og þekkingu á þeim tækjum, sem notuð eru. Hver nemandi skal hafa námsferilsbók, þar sem í eru skrifaðar þær rannsóknir, sem hann tekur þátt í:

1) Sýnikennsla,
2) Framkvæmdar með aðstoð og tilsögn,
3) Framkvæmdar án aðstoðar.

Samtals skal nemandinn hafa framkvæmt a. m. k. 800 rannsóknir, sem skiptast milli hinna ýmsu líffæra eftir töflu, er skólastjóri ákveður.

Bók- og verknámsstigi lýkur með prófum.

Skólastjóra er heimilt að ákveða röðun prófa og einstakra þátta námsefnis innan þess tíma, sem námið miðast við, en próf skulu þreytt í eftirfarandi greinum 7.2.a., 1.2.3.4.

Um einkunnir fer eins og við undirbúningspróf.

3. **Starfsþjálfunarstig. 52 vikur, þar af 3 vikur leyfi.**

3. a) Að loknu og stöðnu prófi annars stigs vinnur nemandinn 1—2 vikur í senn á öllum vinnustöðvum röntgendeildar, einnig við sérhæfðar rannsóknir.
   b) Nemandinn tekur þátt í athugun lækna á gerðum rannsóknum, a. m. k. tvær athuganir vikulega, 100 stundir.
   c) Nemandinn sækir fræðslufundi þá, er deildin og sjúkrahúsið standa að.
   d) Nemandinn tekur þátt í myndasýningum og umræðum um einstaka sjúklinga eða sjúkdómsflokka a. m. k. hálfsmánaðarlega, 24 stundir.

Þátttöku nemanda í ofangreindu skal skrá í námsferilsbók.

8. gr.

Nemendur fá engin laun fyrsta misseri námsins. 2. og 3. misseri fá nemendur námslaun, sem svara til 50% byrjunarlauna röntgentæknis í samningum hverju sinni. Á 4. og 5. misseri fá nemendur 75% ofangreindra launa.

9. gr.

Að loknu námi og prófum skal nemandinn hljóta prófskírteini og starfsheitið röntgentæknir með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja lögum samkvæmt. Prófdómari skal tilnefndur af ráðherra.

IV. KAFLI
Um rekstur skólans.

10. gr.

Kostnaði við rekstur röntgentækniskóla skal skipt svo sem hér segir:

1) Öll laun kennara greiðast úr ríkissjóði.
2) Námslaun nemenda greiðast af hlutaðeigandi sjúkrahúsi.
3) Kennsluefni og kennsluaðstaða er á kostnað hlutaðeigandi sjúkrahúss.
4) Allur kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 64/1971 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Njarðvíkurhreppi:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar öðrum megin á neðanskráðum götum:
   a. **Þórustíg, vestan megin.**
   b. **Holtsgötu,** milli Borgarvegar og Bolafótar, austan megin.
   c. **Borgarvegi,** milli Reykjanesbrautar og Sjávargötu, norðan megin.
2. Umferð vörubifreiða um áðurnefndar götur er bönnuð.

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 1971.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 25. október 1971.

Einar Ingimundarson.

25. október 1971. Nr. 211.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ:

Bifreiðastöður eru bannaðar við **Linnetsstíg** milli Strandgötu og Fjarðargötu NV-megin götunnar.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 25. október 1971.

Einar Ingimundarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Níelsar Dungals prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Níelsar Dungals prófessors.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Sjóður Níelsar Dungals prófessors. Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá Rannsóknnarstofu Háskólans í meina- og sýklafræði, og fær árlegar tekjur frá þeirri stofnun samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda hverju sinni.

2. gr.
Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkvæmt þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

3. gr.
Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, prófessornum í meinafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður stjórnarinnar, einum manni, er læknadeild tilnefnir og öðrum er háskólaráð nefnir til.

4. gr.
Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalds við Háskóla Íslands íslenzkum eða erlendum fræðimönnum, og skulu fyrirlestrarnir tengdir nafni prófessors Níelsar Dungals.

5. gr.
Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.
Leita skal staðfestingu forseta Íslands á skipulagskrá þessari.

Nr. 213. 2. nóvember 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. nóvember 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra hjóna og fósturdóttur, Marsilíu Ingibjörgu Bessadóttur, konu Hóseasar Björnssonar, til minningar um foreldra og fósturforeldra þeirra, þau Björn Eiríksson og Kristínu Marteinsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er öll jörðin Höskuldsstaðasel í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegt afgjald af jörðinni, sem setja skal á vöxtu, svo og gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.

Afkomendur Hóseasar Björnssonar og Marsilíu Ingibjargar Bessadóttur sitja fyrir um ábúð á jörðinni, en að þeim frágengnum skal öðrum afkomendum fyrrnefndra hjóna, Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur, boðin jörðin til ábúðar. Að öðru leyti fer um byggingu jarðarinnar samkvæmt ábúðarlögum.

4. gr.

Þegar vaxtatekjur sjóðsins nema orðið kr. 2000.00 á ári, má árlega verja vöxtum sjóðsins til umbóta á jörðinni Höskuldsstaðaseli. Stjórn sjóðsins annast úthlutun vaxtanna, sem greiðist ábúanda Höskuldsstaðasels í hlutfalli við þær umbætur, sem gerðar hafa verið á jörðinni næsta ár á undan. Nú hafa, að dómi sjóðsstjórnar, engar þær umbætur verið gerðar neitt ár, sem ástæða þykir til að verðlauna og leggjast þá vextirnir það ár við höfuðstólinn. Nú eru gerðar á einu ári óvenjumiklar umbætur á jörðinni og má þá verja til styrktar úr sjóðnum meira en eins árs vöxtum, er áður hafa verið lagðir við höfuðstólinn.

Til umbóta í þessu skuli teljast hvers konar framkvæmdir í jarðrækt og húsabætur, bæði íbúðarhúsa, útihúsa, raforkuframkvæmdir og skógrækt.

Þegar stjórn sjóðsins og ábúandi sjá fjárhagslega fært má sjóðurinn kaupa hús jarðarinnar svo og aðra jörð.

Um ábúðarrétt á hinni keyptu jörð fer samkvæmt reglum skipulagsskrárinnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn í Breiðdal, hreppstjóri og oddviti hreppsnefndar. Skulu þeir hafa umsjón með jarðarhluta sjóðsins, sjá um byggingu hans og innheimtu jarðargjalda. Handbært fé skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal, nr. 30 frá 5. apríl 1961.

26 október 1971. Nr. 214.

REGLUGERÐ

um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi,

og sama á við um sambúðarfólk. Berist sjóðnum ekki tilkyning um, hvernig aðild skuli háttað, eða séu hlutaðeigendur ekki sammála um það atriði, sker sjóðstjórn úr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á lögbýlum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

Við ákvörðun um, hverjir skuli teljast bændur á lögbýlum, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir maður rök að því, að ekki sé um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins á atriðum, er máli skipta í sambandi við réttindi hans eða skyldur, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um aðild hans að sjóðnum með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla skráningu ófullnægjandi eða ranga.

Stjórnin tekur ákvörðun um, hvort breytt skráning skuli gilda um liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Þó skal ekki reikna iðgjöld aftur í tímann gegn vilja þess, sem hlut á að máli, nema líklegt megi teljast, að hann hafi haft vitneskju um málavexti. Reikna skal vexti af vangreiddum iðgjöldum samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. 6. gr., og biðtími sá, sem tilgreindur er í 10., 11. og 12. gr. laga nr. 101 1970, skal reiknaður frá þeim tíma, er stjórnin tók skráningu til athugunar. Heimilt er þó til ársloka 1972 að telja liðinn iðgjaldagreiðslutíma til biðtíma í þessu sambandi.

Skylt er félagsbúi að senda lífeyrissjóðnum tilkynningu um, hverjir séu aðilar að búinu og hvernig tekjum þess sé skipt milli þeirra. Á sama hátt skulu allar breytingar í þessu efni tilkynntar sjóðnum jafnóðum og þær eiga sér stað. Sjóðstjórnin ákveður, hvort leiðrétting á skiptingu iðgjalda skuli gerð fyrir liðinn iðgjaldagreiðslutíma, ef tilkynning hefur verið vanrækt.

3. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði, þar með töldum gjöldum til sjóða og kostnaði, er sölufélög greiða vegna framleiðenda, sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda, í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og við álagningu hans skal farið eftir sömu reglum og gilda um búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr. laga nr. 101 1970, skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr. laganna, en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að

hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsgr. Ráðherra ákveður hundraðshlutann að fengnum tillögum sjóðstjórnar fyrirfram fyrir hvert almanksár. Nú kemur í ljós við reikningsuppgjör, að heildarfjárhæð framlags samkvæmt þessari málsgr. er ekki í réttu hlutfalli við heildarfjárhæð iðgjalda samkvæmt 1. málsgr., og skal þá taka tillit til mismunarins við næstu ákvörðun gjaldsins, enda nemi hann a. m. k. 5%.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 15. desember ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 15. desember 1971, birta auglýsingu um þá hundraðshluta búvöruverðs, sem nefndir eru í 1. og 3. málsgr. og gilda eiga eftirfarandi almanaksár.

4. gr.

Tekjur af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsveiði og reka skulu vera gjaldskyldar til sjóðsins að ⅔, en þó skulu tekjur af veiðileigu aldrei vera gjaldskyldar. Skal iðgjald samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. nema 4% af hinum gjaldskylda hluta þessara tekna, en framlag samkvæmt 3. málsgr. 6%.

5. gr.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 3. gr. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsgr. 1. gr. skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsgr. 3. gr. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Séu laun greidd í fóðrum, fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, skulu þau reiknuð til peningaverðs eftir samkomulagi launþega og vinnuveitanda innan marka, sem sjóðstjórn kann að ákveða.

6. gr.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlanir, skulu innheimta iðgjöld samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar. Sama gildir um framlög samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., nema ráðherra ákveði að greiða þau úr ríkissjóði í sambandi við niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Heimilt er söluaðila að innheimta iðgjöld jafnóðum og greiðslur til bænda fara fram, en skil til sjóðsins skulu við það miðuð, að innheimta eigi sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal gjalddagi fyrri árshelmings vera 1. ágúst, en gjalddagi síðari árshelmings 1. marz næsta ár. Þó skal gjalddagi vegna ársins 1971 verða aðeins einn, þ. e. 1. marz 1972. Séu skil eigi gerð innan 30 daga frá gjalddaga, skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga, jafnháa hæstu útlánsvöxtum banka. Skilagrein fyrir síðari árshelming skal fylgja sundurliðun á iðgjöldum ársins eftir nöfnum og nafnnúmerum iðgjaldsgreiðenda. Enn fremur skal tilgreina heimilisfang, ef sjóðstjórn óskar þess.

Með búvöruframleiðslu bónda reiknast einnig búvörur, sem lagðar eru inn á nafn maka hans, sambýliskonu eða sambýlismanns, sbr. 21. gr. laga nr. 101 1970. Heimilt er söluaðila í samráði við sjóðstjórn að takmarka innheimtu iðgjalds vegna hvers einstaks bónda við fjárhæð sem svarar hámarksiðgjaldi því, sem kvæntum manni ber að greiða samkvæmt 2. málsgr. 3. gr.

Bændur skulu standa skil á iðgjöldum og framlögum samkvæmt 4. og 5. gr., og sama gildir um iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsgr. 3. gr., ef sala á sér stað beint til neytenda. Gilda ákvæði 1. málsgr. um gjalddaga og dráttarvexti um þessar greiðslur.

Nú berast ekki iðgjöld af launþega samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. innan þriggja mánaða frá gjalddaga, og skal hann þá talinn hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

Iðgjöld, sem ekki er skilað til sjóðsins, veita sjóðfélaga ekki lífeyrisréttindi.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Framleiðsluráð landbúnaðarins um, að það annist innheimtu fyrir sjóðinn hjá söluaðilum og öðrum, sem gera eiga skil við hann á iðgjöldum og framlögum samkvæmt þessari grein.

Nú nær samanlagt verð innlagðrar búvöru framleiðanda hjá söluaðila ekki kr. 10 000.00 á árinu 1971, og er þá söluaðilanum heimilt að fella niður iðgjaldsinnheimtu hjá hlutaðeigandi framleiðanda vegna þess árs. Sjóðnum er þó skylt að veita slíku iðgjaldi viðtöku, ef skil eru gerð fyrir árslok 1972.

7. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris eða náð 70 ára aldri, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Telji sjóðstjórn endurgreiðslurétt ótvíræðan og upplýsingar um móttakanda fullnægjandi, skal hún sjá um endurgreiðslu, annað hvort til söluaðila eða beint til iðgjaldsgreiðanda, án þess, að krafa sé gerð. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 3. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

8. gr.

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera ¼ þess, sem í 3.—5. gr. segir, helmingur árið 1972 og ¾ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 3.—5. gr.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson

Nr. 215. 4. nóvember 1971.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Reykjahlíðar og Voga.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Skútastaðahrepps fer með stjórn hitaveitunnar og kýs þriggja manna hitaveitunefnd sér til ráðuneytis. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Þar til öðru vísi verður ákveðið, fer oddviti (sveitarstjóri) Skútustaðahrepps með störf hitaveitustjóra.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á byggðasvæðinu í Reykjahlíð og Vogum, með þeim takmörkunum, sem um getur í 10. og 12. gr. samnings við eigendur Reykjahlíðar jarðar og 9. og 11. gr. samnings við landeigendur í Vogum.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

4. gr.

Dreifikerfi.

Hreppsnefnd lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu þaðan inn fyrir rennslishemil og telst dreifikerfið ná þangað, og vera eign hitaveitunnar.

5. gr.

Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.

6. gr.

Þeim, sem á húseign við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hreppsnefnd ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta þeim húseigendum, sem hafa fullnægjandi kynditæki, þegar hitaveitan er tengd, í té millihitara endurgjaldslaust, enda hafi þeir ekki átt kost á hitaveitu, þegar kynditækin voru sett upp. Millihitarar eru eign húseigenda og hafa þeir viðhaldsskyldu á þeim.

8. gr.

Bótaskylda hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld vegna ófullnægjandi varmaflutnings í miklum kuldum, rafmagnstruflana, breytinga á borholum eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hitalögnum innanhúss, enda ber notanda að hafa öryggisventil á hitakerfi sínu.

9. gr.

Nýting.

Notandi skal sjá um að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C til að hlífa holræsalögnum við miklum hitaspennum. Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss.

10. gr.

Varmanotkun.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Hitaveitan ákveður hámark varmaafls til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir, telji hún það nauðsynlegt vegna viðgerða eða annars.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

11. gr.

Umsóknir.

Þeir, sem óska eftir að gerast notendur hitaveitunnar, skulu sækja skriflega um það til hreppsnefndar.

Enn fremur skal húseigandi, sem ætlar að leggja hitakerfi í hús sitt eða breyta eldra kerfi, senda umsókn um það til hitaveitustjóra. Umsókn skal rita á þar til gert eyðublað, sem hitaveitustjóri lætur í té, og skal hún undirrituð af húseiganda eða fullgildum umboðsmanni hans. Umsókn skal fylgja uppdráttur í tveimur eintökum gerðum af sérmenntuðum manni af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni. Uppdrátturinn skal verða á blaði af íslenzkri staðalstærð, helzt A2. Hreppsnefnd er heimilt að láta ákvæði síðustu málsgreinar ekki koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1972.

12. gr.

Samþykkt umsókna.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt umsókn, skal hann árita bæði eintök uppdrátta. Annað varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt afhendist umsækjanda. Samþykkt hitaveitustjóra fellir enga ábyrgð á hann varðandi hæfni hitakerfisins.

Áður en verkið hefst, skal viðkomandi meistari rita nafn sitt á eintak hreppsins.

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan meðan á verki stendur.

Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af eftirlitsmanninum.

14. gr.

Áður en hitaveitan tekur til starfa skal sveitarstjórn semja gjaldskrá fyrir hitaveituna, og fá hana staðfesta af viðkomandi ráðuneyti, samanber 29. gr. laga nr. 58 1967.

Gjaldskráin skal endurskoðuð á 5 ára fresti.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar, staðfestri 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald kr. 390.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a. Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki, fyrir 1. október 1971.
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 13 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 13 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 15.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utamáli kr. 38 500.00 fyrir 2000 m³ og kr. 10.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

b. Fyrir önnur hús.
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 23 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 23 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 20.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 57 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 15.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 3500.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 4. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 31. okt. 1971, en breytast, eins og hún gefur tilefni til, þó þannig að miða skal við meðalvísitölu hvers árs.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 250.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1971.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 203—216. Útgáfudagur 16. nóvember 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1971

12. nóvember 1971. 409 Nr. 217.

REGLUGERÐ

um kosningu og starfssvið iðnráða.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Heimilt er einnig iðnaðarmönnum utan kaupstaða, í kauptúnum og annars staðar að stofna iðnráð, en skilyrði fyrir því er þó það, að 25 iðnaðarmenn hið fæsta í 10 iðngreinum standi að iðnráðinu, enda sé iðnaðarmannafélag eða iðnfélag á staðnum. Þar sem ekki eru iðnráð á staðnum skulu lögreglustjórar, iðnaðarmenn og aðrir, sem þurfa á aðstoð iðnráða að halda, snúa sér til iðnráðs næsta kaupstaðar eða Iðnráðs Reykjavíkur.

2. gr.

Iðnráðin skulu vera iðnaðarmönnum almennt til aðstoðar og ráða í ágreinings- og vandamálum þeirra. Þau skulu og vera lögreglustjórum, ríkisstjórn og bæjarstjórnum til ráðuneytis, um mál er iðnað varða.

3. gr.

Iðnráðin skulu eftir því, sem við verður komið hafa eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um mál iðnaðarmanna sé framfylgt. Þau gera tillögur til lögreglustjóra um útgáfu meistarabréfa og um iðnréttindi próflausra manna, enda mega lögreglustjórar ekki veita próflausum mönnum neins konar iðnréttindi nema samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi iðnráðs eða Landssambands iðnaðarmanna. Verði ágreiningur um afgreiðslu máls milli þessara aðila úrskurðar ráðherra.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli iðngreina, eða einhverra annarra um það, hvaða verk tilheyri hverri iðngrein, eða hvað skuli teljast iðnaðarvinna, skal leita álits viðkomandi iðnráðs. sem þá skal beita sér fyrir að ná samkomulagi um lausn ágreiningsmálsins, með gerðardómi eða á annan hátt. Náist ekki samkomulag skal iðnráðið gera tillögur til lögreglustjóra um úrskurð. Um öll slík mál skal hafa samráð við Iðnráð Reykjavíkur.

5. gr.

Í hverju iðnráði skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hverja iðngrein, kosinn sameiginlega af sveinum og meisturum á staðnum í þeirri iðngrein. Þó skal þar sem bæði sveinafélög og meistarafélög eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, kosinn sinn fulltrúinn af hverju félagi og sitja þá í því tilfelli tveir fulltrúar frá viðkomandi iðn í iðnráðinu.

Sé ekki bæði sveinafélag og meistarafélag starfandi í sama stað í sömu iðngrein, skal í fjölmennum iðngreinum, þar sem starfandi meistarar og sveinar eru 50 eða fleiri kjósa tvo fulltrúa, svein og meistara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Kjósa skal varafulltrúa fyrir hvern aðalmann í iðnráðinu, á sama hátt og aðalmenn. Deyi aðalmaður, eða flytji burt úr umdæminu eða biðjist lausnar frá starfinu, tekur varafulltrúi við. Einnig er aðalfulltrúa heimilt að láta varafulltrúa gegna störfum í sinn stað, ef hann hefur lögleg forföll sjálfur.

Ef iðnráðsfulltrúi, kosinn af sveinafélagi gerist meistari, eða öfugt, hefur viðkomandi félag rétt til að taka af honum umboð hans og fá það varamanni. Sama gildir, ef í iðngrein, sem áður var óskipt, er myndað sveina- eða meistarafélög. Ef varamaður forfallast á sama hátt, skal fara fram aukakosning í iðngreininni. Aukakosning fer fram með sama hætti og regluleg kosning. Nú kýs einhver iðngrein engan fulltrúa í iðnráð og getur iðnráð þá valið sér fulltrúa fyrir þá iðngrein.

6. gr.

Kosningarétt eiga allir, sem lögleg iðnréttindi hafa í einhverri iðngrein, þó þannig, að þar sem bæði sveina- og meistarafélög eru starfandi á sama stað, er kosningaréttur bundinn við félagsréttindi í viðkomandi félagi. Rísi ágreiningur um kosningarétt, sker viðkomandi lögreglustjóri úr, samkvæmt skrá þeirri er um getur í 24. gr. laga nr. 79 13. ágúst 1971.

Eigi einhver maður iðnréttindi í fleiri en einni iðngrein, er honum óheimilt að nota kosningarétt sinn nema með einni iðngrein og velur hann þá sjálfur, hver það skuli vera, en tilkynna skal hann því félagi, sem fyrir kosningu stendur. Kjörgengi er ekki bundið við kosningarétt.

7. gr.

Kosning til iðnráðs skal fara fram í nóvembermánuði, og er kjörtímabilið fjögur ár.

Þar sem bæði sveina- og meistarafélög eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, sjá þau um kosninguna, hvert hjá sér. Skulu þau hafa lokið þessu og tilkynnt iðnráði úrslitin fyrir 30. nóvember það ár, sem kjósa skal. Í þeim iðngreinum, sem engan félagsskap hafa sér framkvæmdastjórn iðnráðsins um kosninguna.

Kjörfund skal boða með viku fyrirvara bréflega, í blöðum eða á annan hátt, svo tryggt sé eins vel og unnt er, að fundarboðið komist til allra hlutaðeigandi.

Kosning skal vera leynileg og bundin við uppástungur, og telst sá kosinn, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn af þeim, sem í kjöri eru meirihluta greiddra atkvæða og skal þá kosið á ný um þrjá, sem flest fengu atkvæðin. Fái enginn þeirra meirihluta greiddra atkvæða, skal enn kosið milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði fengu og hlýtur þá sá kosningu, er fleiri fær atkvæðin. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Kjörfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.

8. gr.

Fráfarandi framkvæmdastjórn boðar hið nýkjörna iðnráð saman til fyrsta fundar og stjórnar honum. Hún gefur skýrslu um störf og hag iðnráðsins. Hún stjórnar kosningu nýrrar stjórnar, 3 eða 5 manna og jafnmargra til vara, 2 endurskoðenda og eins til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

9. gr.

Framkvæmdastjórn skal halda fundi svo oft, sem henni þykir þurfa, og með öllu iðnráðinu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eða þegar 5 iðnráðsfulltrúar frá jafnmörgum iðngreinum eða fleiri óska þess. Iðnráðsfundi skal boða bréflega, eða á annan tryggilegan hátt með þriggja daga fyrirvara. Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Ef mál kemur fyrir fund framkvæmdastjórnar, sem varðar beinlínis einhverja iðngrein eða iðnfélag, sem ekki á fulltrúa í framkvæmdastjórn, skal viðkomandi fulltrúi boðaður á fundinn.

Framkvæmastjórnin fer að öðru leyti ein með mál iðnráðsins milli funda þess og getur iðnráðið sjálft sett nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjórnina.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 79 13. ágúst 1971 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 118 25. október 1937 um kosningar og starfssvið iðnráða svo og auglýsing nr. 189 14. október 1939 um breyting á þeirri reglugerð.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. nóvember 1971. Nr. 218.

REGLUGERÐ

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Rétt til eftirlauna (ellilífeyris) eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum.

a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands. Sama gildir um fullgilda félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.
b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 5. gr.

2. gr.

Nú andast maður, sem öðlazt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 1. gr. eða hefði getað öðlazt slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969 og uppfyllt skilyrði a-liðar 1. gr., átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 1. gr.

3. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 1. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga. Það telst stórfelld lækkun í þessu sambandi, ef árlegar launatekjur ná ekki lengur helmingi þeirra launatekna, sem hlutaðeigandi hafði undanfarandi ár, eða svara ekki til helmings þess árlega stigafjölda, sem lagður er til grundvallar útreikningi eftirlauna. Nú lætur maður af fullu starfi, en heldur áfram starfi að hluta, og er þá heimilt að greiða

honum skert eftirlaun, enda séu launatekjur hans eigi hærri en hálf föst laun þau, sem fylgja starfi því, er hann gegndi.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 1. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt. Sé um stopula vinnu að ræða, skal reikna 25 vinnudaga í mánuði, en sé óvissa um lengd vinnutímans, skal reikna mánaðartekjur sem tekjur af dagvinnu að viðbættum 40%, miðað við taxta þann, sem lagður er til grundvallar við útreikning eftirlauna, sbr. 1. málsgr. 5. gr. Aldrei skal þó fella niður eftirlaun, ef árlegar launatekjur svara til minna en ¼ af árlegu meðaltali stiga, sem lagt er til grundvallar útreikningi eftirlauna.

4. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum sbr. a-lið 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlazt gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

Nú hefur félagi verið bóndi á lögbýli eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri, og skal þá slíkur tími reiknast með réttindatíma, enda eigi félaginn ekki rétt til lífeyris samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda. Sama gildir um búrekstur utan lögbýlis, ef hann hefur að dómi umsjónarnefndar eftirlauna verið aðalatvinna hlutaðeigandi félaga og vinnuframlag félagans telst hafa verið verulegt í samanburði við fullt starf launþega.

5. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þess að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsgr. 4. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðzt við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár til ársloka 1969, og sama gildir um tíma eftir árslok 1969, þar til skylduaðild að lífeyrissjóði hefur verið komið á, sbr. a-lið 1. gr.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná, skal miða við meðaltal stiga þrjú beztu árin, sem upplýsingar eru um.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

6. gr.

Sé taka lífeyris hafin á sama ári og iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs lýkur og ekki vitað um grundvallarlaun ársins, skal úrskurður um eftirlaun til bráðabirgða miðast við áunninn rétt í ársbyrjun, en síðan skal leiðrétting eiga sér stað eftir lok ársins. Leiki vafi á, hvort áunnin stig á árinu eru einvörðungu fyrir tíma, áður en taka eftirlauna hófst, skal ekki reikna með fleiri stigum en réttindatími á árinu og áunnin stig næsta ár á undan veita tilefni til.

7. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann féll frá.

Maður getur notið samtímis elli- og makalífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

8. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1972. Við slíka ákvörðun skal m. a. hafa hliðsjón af breytingum, er orðið hafa á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 1. málsgr. 5. gr., og hliðstæðum uppbótum, sem almennt eru greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga.

9. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18 1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

Eigi eftirlaunamaður innstæðu í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi, skal árlegur frádráttur nema 10% af innstæðunni, eins og hún er, þegar eftirlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein hefjast.

Hafi lífeyrissjóður krafizt iðgjalda umfram þau, sem greiða hefði átt samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969, skal umsjónarnefnd eftirlauna áætla þann hluta lífeyrisgreiðslna, sem stafar af slíkri umframgreiðslu iðgjalda, og kemur hann ekki til frádráttar.

10. gr.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðsstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 1. gr. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, skulu þau greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðluðust réttinn. Eftirlaun falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til greiðslutímabils, sbr. 1. málsgr.

11. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá lokum þess mánaðar, er umsókn berst sjóðsstjórn.

12. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 11. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

13. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er umsjónarnefnd eftirlauna lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást hjá verkalýðsfélögum og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji umsjónarnefndin upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta ávísun á greiðslu, unz úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga nr. 63 1971 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 242 1970 um eftirlaun til aldraða félaga í stéttarfélögum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.
Markmið rafveitunnar.

Rafveita Reykjarfjarðarhrepps er fyrirtæki, sem Reykjarfjarðarhreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um Reykjarfjarðarhrepp og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Reykjarfjarðarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Rafveita Reykjarfjarðarhrepps og skal hún hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.
Verksvið og orkusvæði.

Rafveita Reykjarfjarðarhrepps vinnur raforku í orkuveri, er hún reisir í hreppnum, eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Reykjarfjarðarhreppur eða sá hluti hans og nágrennis, sem hreppsnefndin kann að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Reykjarfjarðarhrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.
Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Reykjarfjarðarhrepps er í höndum hreppsnefndar en framkvæmdastjórn skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hún ræður að fengnu samþykki hreppsnefndar og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem Rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Í rafveitunefnd skulu eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.
Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, er óskað er eftir um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning fyrir hreppsnefndir til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast allar framkvæmdir allra raforkumála fyrirtækisins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra og setur þeim erindisbréf.

5. gr.
Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur og eftirlit með rafmagnslagningu á orkusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn rafveitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna. Fela má rafveitunefnd hreppsins framkvæmdir samkvæmt þessari grein eftir því sem þörf krefur eða henta þykir.

6. gr.
Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Reykjarfjarðarhrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til þess að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjur sem umfram verða, renna í varasjóð. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.
Raflagningareglur.

Öll tæknistörf, sem unnin eru við rafveituna, skulu framkvæmd í samræmi við þær kröfur, sem Rafmagnseftirlit ríkisins gerir um framkvæmd slíkra starfa, og reglur, sem það setur um þau.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.
Sala raforku.

Rafveita Reykjarfjarðarhrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er seld sem einfasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.
Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.
Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug, skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, er ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.
Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar, eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu. Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða í hvert sinn fyrir notkun þar til úr er bætt.

12. gr.
Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.
Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri hefur eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna. Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun. Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar á húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar. Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, og reglugerðum Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.

14. gr.
Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu. Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Notandi leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Rafveitunni er þó að sjálfsögðu heimilt að hafa eftirlit með tækjum þessum hverju sinni, og þarf samþykki hennar til þess að skipt sé um tæki eða ný sett, enda reiknað með því að rafveitan annist útvegun mælitækja fyrir notendur.

Gerist rafveitan hins vegar eigandi mælitækjanna, færist endurnýjunar- og viðhaldsskyldan yfir á hana. Verði þá mælitæki notanda fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess og endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/÷5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða ef skekkjan reynist minni en +/÷5% en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt +/÷5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og þær upplýsingar, er

fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en þrjá mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til þess að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegir hafa gerzt.

15. gr.
Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalds, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.
Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, sem raforka er notuð í, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu má setja í gjaldskrá.

17. gr.
Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þgar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfur, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a) Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
b) Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c) Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1) Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2) Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
3) Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til þess að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir því, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun skv. 14. gr.

18. gr.
Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tíma, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitunefnd leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á. Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega. Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur skv. framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir. Tilkynningu um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, skal afhenda á skrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefndir samþykkja og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli rafveitunefndar og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við skv. lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, eða reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. **Aðalbrautir verða:**

1. Réttarholtsvegur, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Miklubraut og Bústaðaveg.
2. Sogavegur, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Grensásveg, Réttarholtsveg og Bústaðaveg.
3. Eyrarland, þó þannig, að umferð um það víki fyrir umferð um Bústaðaveg.
4. Hörgsland, þó þannig, að umferð um það víki fyrir umferð um Bústaðaveg.
5. Ósland, þó þannig, að umferð um það víki fyrir umferð um Bústaðaveg.

II. **Umferðartakmarkanir:**

1. Stígur, sem tengir saman syðri og nyrðri hluta Arnarbakka, verður eingöngu ætlaður umferð strætisvagna.
2. Miðeyju Kringlumýrarbrautar hefur verið lokað við Sléttuveg, þó þannig, að haldið er opinni einni akrein, sem aðeins er ætluð umferð strætisvagna og sjúkrabifreiða.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. nóvember 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 221. 25. nóvember 1971.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfirði:

1. Reglur um einstefnuakstur á **Sunnuvegi** breytast þannig, að frá gildistöku þessarar auglýsingar er einungis heimilt að aka téða götu **til vesturs** frá Mánastíg að Hverfisgötu.

2. Reglur um aðalbrautarrétt við gatnamót **Vesturgötu** og **Vesturbrautar** breytast þannig frá gildistöku þessarar auglýsingar, að umferð um Vesturgötu hefur forgangsrétt fyrir umferð um Vesturbraut.

3. Umferð um **Flatahraun** hefur forgangsrétt fyrir umferð um Álfaskeið, Sléttahraun, Helluhraun og aðrar götur þar á milli.

4. Umferð um **Arnarhraun** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að nefndri götu liggja, milli Tjarnarbrautar og Reykjavíkurvegar.

5. Umferð um **Álfaskeið** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að götunni liggja, milli Arnarhrauns og Flatahrauns.

6. Bifreiðastöður eru bannaðar við **Vesturgötu** sunnan götunnar frá Fjarðargötu að húsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, við **Reykjavíkurveg** vestan megin götunnar á svæðinu frá Hraunhvammi þar til móts við húsið nr. 35 A og á svæðinu milli Skúlaskeiðs og Nönnustígs við nefnda götu.

Einnig eru bifreiðastöður bannaðar í sundi því, sem myndast milli hafnarinnar og Verkamannaskýlisins og enn fremur framan við skrifstofur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar við höfnina.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. desember 1971.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 25. nóvember 1971.

Einar Ingimundarson.

30. nóvember 1971. Nr. 222.

AUGLÝSING

um bann við síldveiðum með herpinót, á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi.

1. gr.

Samkvæmt heimild í d. og e. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um bann við síldveiði á svæði í hafinu vestur og suður af Englandi og Írlandi. Efni ályktunarinnar er birt í 2. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Síldveiðar með herpinót eru bannaðar á því svæði Atlantshafsins, sem takmarkast annars vegar af 49° norðlægrar breiddar og 52°30′ norðlægrar breiddar og hins vegar af 5° vestlægrar lengdar og 9° vestlægrar lengdar.

3. gr.

Bann þetta tekur þegar gildi. Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbætri, en samningur þessi hefur öðlast gildi, skv. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1971.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því, sem umfram er samkvæmt ákvæðum í reglugerð, dags. í nóv. 1969, ríkissjóðsgjöld sem hér segir:

A.	Áfengi	0.375 l	0.75 l
	1. Rauðvín, hvítvín, heit vín og vermouth		kr. 180.00
	2. Koníak, brandy, whisky, brennivín, vodka, gin, genefer, rom, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir	kr. 330.00	— 600.00

B. Reyktóbak:
Kr. 325.00 pr. dús. eða lbs.

C. Vindlingar:
Regular size kr. 460.00 pr. carton.
King size kr. 460.00 pr. carton.

D. Vindlar:
Smávindlar kr. 50.00. pr. 10 stk.
Meðalstærð kr. 175.00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir, kr. 250.00 pr. 25 stk.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. jan. 1972. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 22/1971 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1971.

F. h. r.
Björn Hermannsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 217—223. Útgáfudagur 29. desember 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1971

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða, og um notkun heimildar skv. 15. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 18. og 19. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um sama efni.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreindar heimildir eins og hér segir:

I. Endurgreiðslur vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafizt er handa um nýsmíði skips, skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það siglingamálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

2. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða skipasmíðastöðvum 7.5% af samningsverði skipa, annarra en súðbyrtra skipa, en þau skulu njóta tollendurgreiðslu samkvæmt 3. og 4. gr. þessarar auglýsingar. Með samningsverði er átt við verð það, sem skráð er í smíðasamningi. Endurgreiðsla getur farið fram í eftirtöldum áföngum, gegn staðfestingu siglingamálastjóra hverju sinni, um að viðeigandi smíðastigi sé lokið eða afhending til kaupanda hafi farið fram.

a. 2.5% þegar lokið er við að byrða bol skips eða sjóða hluta bols þess (sektionir) saman eða reisa bönd, ef um tréskip er að ræða.
b. 2.5% þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður.
c. 2.5% þegar afhending skips til kaupanda hefur farið fram, eða smíði er endanlega lokið.

Af aðalvél, sem er undir 300 hestöflum, endurgreiðir ráðuneytið toll gegn framvísun frumrits tollreiknings og vörureiknings (faktúru) vélarinnar. Endurgreiðsla getur farið fram, þegar siglingamálastjóri hefur staðfest, að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.

3. gr.

Telji skipasmíðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu samkvæmt 2. gr., skal hún, í stað umsóknar um þriðja áfanga endurgreiðslunnar, skv. c-lið 2. gr., senda siglingamálastjóra sundurliðun yfir allar tollagreiðslur vegna skipsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal greind vörutegund, magn, c.i.f. verð hverrar einingar, tollflokkur og sú tollupphæð, sem greidd hefur verið. Frumrit tollreikninga ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, þegar því verður við komið.

B 56

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Geti skipasmíðastöð ekki framvísað tollreikningum og vörureikningum yfir vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstök eyðublöð, þar sem greina skal heiti vörunnar, magn, kaupverð, tollflokk og upphæð þá, sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deilt með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti, né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun fylgi vörureikningar eða nótur yfir vörurnar.

5. gr.

Geti fjármálaráðuneytið fallizt á sundurliðun skv. 3. og 4. gr., fer fram uppgjör á þann hátt, að skipasmíðastöð verða endurgreiddir tollar þeir, sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi skv. 2. gr.

6. gr.

Hafi kaupandi skips sjálfur lagt til vélar, tæki eða annað ónotað innflutt efni til skipsins, getur ráðuneytið endurgreitt tolla af því til kaupanda gegn framvísun tollreikninga og vörureikninga, enda votti siglingamálastjóri, að hlutirnir hafi verið notaðir til skipsins, og hvorki verð þeirra né kostnaður við niðursetningu þeirra sé innifalinn í samningsverði skipsins.

7. gr.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu vegna aukins innflutnings efnis og tækja fram yfir það, sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af efni þessu og tækjum, enda sé endurgreiðslubeiðni vegna þessa borin fram svo sem segir í 3. og 4. gr.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendurgreiðslan samkvæmt 2. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

8. gr.

Sé skip smíðað fyrir eigin reikning, og því ekki hægt að leggja ákveðið samningsverð til grundvallar endurgreiðslu tolla, áætlar ráðuneytið „samningsverð" þess með hliðsjón af verði sambærilegra skipa.

9. gr.

Telji ráðuneytið smíði skips þannig háttað eða samningsgerð um það þess eðlis, að afbrigðilegt geti talizt, getur ráðuneytið ákveðið hverju sinni, hvernig tollendurgreiðslu skuli hagað.

10. gr.

Sala og smíði á nýjum skipum er undanþegin söluskatti og innheimtir skipasmíðastöð því ekki söluskatt af kaupanda eða eiganda skips.

Við gerð söluskattsskýrslu skal skipasmíðastöð telja sölu á skipum með heildarveltu, en jafnframt skal hún færð til frádráttar, sbr. 1. lið B, 28. gr. reglugerðar nr. 169/1970.

Efni til nýsmíði skipa, sem skipasmíðastöð kaupir innanlands með söluskatti, skal fært til frádráttar með söluskatti, sbr. 3. lið B, 28. gr. reglugerðar nr. 169/1970.

Skilyrði fyrir því að um frádrátt frá heildarveltu geti verið að ræða samkvæmt 2. og 3. mgr. hér að framan, er að bókhaldi sé hagað eins og fyrir er mælt í IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970, einkum 15.—17. gr.

II. Endurgreiðslur vegna skipaviðgerða og breytinga.

11. gr.

Fjármálaráðuneytið endurgreiðir tolla og söluskatt af efni til skipaviðgerða ef heildarkostnaður við einstaka samfellda viðgerð fer fram úr kr. 100 000.00 enda nemi endurgreiðslufjárhæðin samtals minnst kr. 15 000.00.

12. gr.

Tollur verður endurgreiddur eins og hér segir:

a. Af eftirtöldum tækjum verður tollur endurgreiddur sérstaklega við framvísun frumrits tollreikninga og vörureikninga:
   1. Aðalvél.
   2. Skrúfubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
   3. Öxulbremsa.
   4. Fjarstýringatæki véla.
   5. Ljósavélar.
   6. Rafalar.
   7. Loftþjöppur.
   8. Loftkútar.
   9. Gear fyrir aflúttak.
   10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
   11. Eldsneytisdælur.
   12. Smurolíudælur.
   13. Olíuskilvindur.
   14. Vökvahæðarmælar (pejlcentral).
   15. Ferskvatnsgenerator.
   16. Bógskrúfur.
   17. Frysti- og kælivélar.
   18. Ísvélar.
   19. Ísdælur eða færitæki.
   20. Spil hvers konar.
   21. Fiskdælur.
   22. Spildælur.
   23. Stýrisvélar.
   24. Sjálfstýring.
   25. Nótarkranar og kraftblakkir.
   26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
   27. Hverfirúður.
   28. Anker og keðjur.
   29. Áttavitar.
   30. Asdictæki, fiskileitartæki.
   31. Dýptarmælar.
   32. Talstöðvar.
   33. Lorantæki.
   34. Miðunarstöð.
   35. Radar.
   36. Ljóskastarar.
   37. Sveifarás í aðalvél.

b. Af varahlutum til dieselvéla verður tollendurgreiðsla 13% af kaupverði.

c. Af varahlutum til rafbúnaðar skips og rafeindatækja verður tollendurgreiðsla 17% af kaupverði.

d. Af efni til bolviðgerðar tréskipa verður tollendurgreiðsla 9% af kaupverði.
e. Af efni til bolviðgerðar á stálskipi og af efni vegna viðgerða eða endurnýjunar yfirbygginga og lestainnréttinga skipa, ef þær eru úr stáli eða áli, verður tollendurgreiðsla 1.5% af kaupverði.
f. Af efni til viðgerða eða endurnýjunar innréttinga annarra en lestainnréttinga verður tollendurgreiðsla 15% af kaupverði.
g. Af öllu öðru innfluttu efni verður tollendurgreiðsla 10% af kaupverði, sem sannanlega hefur farið til viðgerða á skipinu.
h. Af gasi og súr verður ekki endurgreitt.

13. gr.

Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina, að reikningar þeir, sem farið er fram á endurgreiðslu á, beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur.

14. gr.

Endurgreiðslan fer eingöngu fram til skipseiganda og skulu skipasmíðastöðvar, viðgerðaraðilar og aðrir seljendur innheimta söluskatt af efni til allra viðgerða.

15. gr.

Umsókn skipseiganda um endurgreiðslu skal fylgja verklýsing, sem staðfest er af siglingamálastjóra, enda fylgist hann með verkinu frá upphafi og taki það út.

III. Almenn ákvæði.

16. gr.

Umsóknir um endanlega endurgreiðslu tolla vegna nýsmíði skips, eftir að afhending hefur farið fram eða eftir að smíði er endanlega lokið, svo og vegna tolla og söluskatts af skipaviðgerðum, skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum, sem siglingamálastjóri lætur í té. Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina, að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar, og að þau séu undirrituð. Umsóknir um endurgreiðslu skulu sendast Siglingamálastofnun ríkisins og skulu þær hafa borizt innan árs frá því að nýsmíði eða viðgerð lauk.

17. gr.

Skipasmíðastöð eða skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum, skal tilgreina endurgreiddan toll og söluskatt sérstaklega í skattframtali sínu, annað hvort í ársreikningi, sem fylgir skattframtali eða í gögnum með honum, undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð og fjárhæð hennar.

18. gr.

Reglur þessar gilda um skip og báta, sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

19. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1972, en jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 180 12. ágúst 1970.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

Stjórnartíðindi B 18, nr. 224. Útgáfudagur 31. desember 1971.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1971

28. desember 1971. 429 Nr. 225.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. des. 1971, og innheimta á árinu 1972 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir, heimildarskjölum um veiðiréttindi, skjölum, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, og af kaupmálum.
b. Með 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965, eða önnur leyfisbréfagjöld, er koma í stað þeirra, samkvæmt sérstökum lögum.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

22. desember 1971. Nr. 226.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo og greiðslur samkvæmt 16. og 73. grein laganna, skulu hækka um 10% frá 1. janúar 1972 að telja.

Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris skv. 19. gr. eru undanþegnar þessu ákvæði.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 225—226. Útgáfudagur 31. desember 1971.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1971

Nr. 227. 430 30. desember 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. maí.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:
Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. maí til 30. apríl næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 30. apríl næstan á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. maí til 30. apríl næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1972.
Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 65 30. apríl 1971.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 227. Útgáfudagur 31. desember 1971.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1971

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

1. gr.

Fyrning bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í 2. gr., skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, vera fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eignanna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

a. Byggingar úr steinsteypu:	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Íbúðarhús (sbr. þó 2. gr.) þar með taldir bílskúrar — sérbyggðir	1.0	2.0
Skrifstofu- og verzlunarhús	1.0	2.0
Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugeymsluhús, svo og önnur atvinnurekstrarhús, ótalin annars staðar, s. s. benzínstöðvarhús, gisti- og veitingahús og útihús á bújörðum	2.0	4.0

Nú er sama byggingin notuð til mismunandi starfsemi, sem fellur undir mismunandi fyrningarflokka, og skal þá heildarfyrningarverð hennar skipt-ast í fyrningarflokka í hlutfalli við rúmmál, þó þannig, að sé bygging notuð að 75% rúmmáls eða meir til starfsemi, er fellur undir sama fyrningarflokk, skal byggingin í heild háð þeim fyrningarflokki.

b. Byggingar, hlaðnar úr steinum, byggðar úr timbri eða stáli, eru háðar fyrn-ingarflokkum skv. a-lið, en lágmarks og hámarks fyrningarhundraðshlutar, sem þar greinir, skulu hækkaðir:

Af húsum hlöðnum úr steinum	um 30%
Af húsum byggðum úr timbri eða stáli	um 100%

c. Aðrar byggingar og mannvirki:	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	5.0	10.0
Bryggjur og plön úr steypu eða steini	2.5	5.0
Bryggjur og plön úr timbri eða stáli	5.0	10.0
Dráttarbrautir	5.0	10.0
Gróðurhús	5.0	10.0
Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar	5.0	10.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr steypu	3.0	6.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr stáli	4.0	8.0
Rafstöðvar (dísil- og gufuknúnar)	4.0	8.0
Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar)	2.0	4.0

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lágmarks- og hámarkshundraðshlutar bygginga og annarra mannvirkja, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í a—c liðum þessarar greinar, skulu ákvarðaðir af ríkisskattstjóra, að fenginni umsókn þar um frá skattþegni hverju sinni.

2. gr.

a. Fyrning íbúðarhúsnæðis, annars en þess, sem fyrnt er skv. ákvæðum 1. gr., skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steinsteypu	1.0%
Íbúðarhúsnæðis hlöðnu úr steinum	1.3%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	2.0%

b. Árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaður þess íbúðarhúsnæðis, er greinir í a-lið þessarar greinar, skal, í stað raunverulegs viðhaldskostnaðar, vera fastur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steini	1.5%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	2.0%

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðs og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1971. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 25. gr., 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. marz 1966 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 228. Útgáfudagur 14. janúar 1972.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1971

15. nóvember 1971. 433 Nr. 229.

REGLUGERÐ

um sóttvarnir.

I. KAFLI
Sóttvarnarsóttir.

1. gr.

Sóttvarnarsóttir, þ. e. þær sóttir, er sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga ber ávallt að beita gegn, eru eftirgreindar sóttir:

1. bólusótt (variola, variola minor);
2. kólera (cholera asiatica, cholera El Tor);
3. svarti dauði (pestis).

II. KAFLI
Sóttvarnarráðstafanir gegn sóttvarnarsóttum.

A. Bólusótt.

2. gr.

Meðgöngutími bólusóttar telst 14 sólarhringar.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir að menn, er koma til landsins frá tilteknum löndum eða landshlutum, og þyki ekki fullvíst að séu ónæmir fyrir bólusótt, skuli leggja fram gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð. Geti þeir ekki lagt fram slíkt vottorð, má sóttvarnarnefnd gefa þeim kost á að undirgangast kúabólusetningu (sbr. þó 3. málsgr. 10 gr.) eða hlíta sóttvarnareftirliti ella, þó ekki lengur en þar til 14 sólarhringar eru liðnir frá síðustu samskiptum við hlutaðeigandi land eða landshluta.

4. gr.

Ef menn, er koma til landsins, hafa fyrir skemmri tíma en nemur fullum meðgöngutíma bólusóttar komið við á eða haft samskipti við bólusýkt svæði, er heimilt að láta þá undirgangast kúabólusetningu eða hlíta sóttvarnareftirliti, eða sæta hvoru tveggja, nema örugglega megi telja þá ónæma fyrir bólusótt, annað hvort vegna undangenginnar kúabólusetningar eða fyrir það, að þeir hafi þegar haft bólusótt. Nú neita hlutaðeigendur að undirgangast kúabólusetningu, og má þá láta þá sæta einangrun. Eftirlits- og einangrunartími vegna bólusóttar má ekki vera lengri en nemi 14 sólarhringum, talið frá þeim tíma, er hlutaðeigendur höfðu síðast samskipti við hið bólusýkta svæði. Gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð skal telja fullnægjandi sönnun fyrir bólusóttarónæmi.

B 57

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Skip eða flugfar telst **bólusýkt:**

a. ef innan borðs er sjúklingur veikur af bólusótt;
b. ef bólusótt hefur gert vart við sig í skipinu (flugfarinu) á leið þess.

Öll önnur skip (flugför) skal telja **ósýkt,** enda þótt innan borðs séu menn, sem grunaðir eru um að vera sýktir bólusótt, en slíkir menn **skulu,** er þeir stíga af skipi (úr flugfari), sæta sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt 7. gr.

6. gr.

Sóttvarnarnefnd er óheimilt að veita bólusýktu skipi eða flugfari leyfi til fermingar eða affermingar, nema um sé að ræða affermingu í sambandi við framkvæmd sóttvarnarráðstafana gegn skipi (flugfari) samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og reglugerðar þessarar eða sérstaklega standi á og auðgert sé að haga fermingunni eða affermingunni svo, að ekki leiði til sóttnæmisútbreiðslu. Sóttvarnarnefnd má þó ætíð, er nauðsyn krefur, heimila bólusýktu skipi (flugfari) að birgja sig að eldsneyti, vatni og vistum. Þegar bólusýkt skip (flugfar) nýtur fyrirgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal gæta þeirra varúðarráðstafana, sem sóttvarnarnefnd telur nauðsynlegar og mælir fyrir um hverju sinni, enda skal nefndin hafa sérstakt og nákvæmt eftirlit með framkvæmd þeirra.

7. gr.

Þá er bólusýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal sóttvarnarnefnd

a. gera öllum, sem í skipinu (flugfarinu) eru og ekki teljast örugglega ónæmir fyrir bólusótt, kost á kúabólusetningu;
b. láta hvern mann, er stígur af skipi (úr flugfari), sæta einangrun eða sóttvarnareftirliti lengst 14 sólarhringa, talið frá þeim tíma, er hann telst síðast hafa verið í sýkingarhættu; þegar ákveðin er lengd einangrunar- og eftirlitstíma, skal taka tillit til undangenginna kúabólusetninga og hver líkindi séu til sýkingar;
c. gera ráðstafanir til sótthreinsunar
   1. farangurs hinna sýktu;
   2. annars farangurs og hluta, einkum notaðs sængurfatnaðar og líns, sem ætla má sóttmengað;
   3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan.

Skip eða flugfar skal telja bólusýkt, unz allir bólusýktir menn hafa stigið af skipinu (úr flugfarinu) og allar ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt. Að því loknu skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

8. gr.

Ósýktu skipi eða flugfari skulu þegar við komu heimiluð frjáls samskipti við land, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá bólusýktu svæði.

9. gr.

Ef í póstbögglum frá útlöndum er lín, föt eða sængurfatnaður og fatnaður þessi er notaður eða óhreinn og ástæða til að ætla hann mengaðan bólusóttarsýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til, að innihald bögglanna verði sótthreinsað.

10. gr.

Til þess að kúabólusetningarvottorð geti talizt gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð, skal það vera samið á enskri eða franskri tungu og gert úr garði, eins og sýnt er á 1. fylgiskjal með þessari reglugerð.

Kúabólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 4 ára, talið frá 8. degi eftir frumbólusetningu með jákvæðum árangri, en sé um endurbólusetningu að ræða, þá frá bólusetningardegi.

Ef bólusetjari telur að meinbugir séu á að bólusetja mann af læknisfræðilegri ástæðu, skal hann fá honum í hendur rökstudda yfirlýsingu þar um, ritaða á ensku eða frönsku. Sóttvarnarnefnd ber að taka tillit til slíkrar yfirlýsingar eftir því sem aðstæður þykja leyfa hverju sinni.

Kúabólusetningarvottorð gefin út handa hermönnum af hernaðaryfirvöldum teljast jafngild vottorðum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, ef þau eru að efni til samhljóða um þau læknisfræðilegu atriði, er máli skipta, enda sé greint á ensku eða frönsku, um hvers konar bólusetningu sé að ræða, hvenær bólusetningin hafi farið fram og að vottorðið sé út gefið í samræmi við ákvæði 93. greinar hinna alþjóðlegu sóttvarnarreglna.

11. gr.

Lík manns, sem látizt hefur úr bólusótt, eða grunur leikur á að hafi verið sýktur af bólusótt er andlát bar að, má því aðeins taka til flutnings inn í landið úr landi eða milli staða hér á landi, að það sé í loft- og lagarheldri málmkistu, en þar utan yfir sé traust trékista og þannig umbúið, að málmkistan haggist ekki innan í trékistunni. Skal fylgja vottorð frá sóttvarnaryfirvöldum þar sem líkið var búið til flutnings, um að þessum kröfum hafi verið fullnægt og þannig frá gengið að öðru leyti, að smithætta geti ekki talizt af flutningnum. Flutningi og vörzlu innanlands skal hagað eftir fyrirmælum sóttvarnarnefndar (héraðslæknis) hverju sinni. Stjórnandi skips (flugfars), er flytur lík, sem um ræðir í þessari grein, til landsins, skal gera sóttvarnarnefnd aðvart þar um fyrir landtöku.

B. Kólera.

12. gr.

Meðgöngutími kóleru telst 5 sólarhringar.

13. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að gera eftirfarandi sóttvarnarráðstafanir gegn manni, er kemur til landsins frá kólerusýktu svæði, áður en fullur meðgöngutími sóttarinnar er liðinn frá brottför hans:

a. ef hann hefur meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru, er heimilt að láta hann hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, frá því að hann fór frá hinu sýkta svæði;
b. ef hann hefur ekki meðferðis slíkt vottorð, er heimilt að láta hann sæta einangrun jafnlangan tíma.

14. gr.

Skip telst **kólerusýkt:**

a. ef innan borðs er sjúklingur veikur af kóleru;
b. ef kólera hefur gert vart við sig í skipinu á síðustu 5 sólarhringum fyrir komu þess.

Skip telst **grunað** um að vera kólerusýkt, ef kólera hefur gert vart við sig í skipinu á leið þess, en ekkert nýtt tilfelli gert vart við sig síðustu 5 sólarhringa fyrir komu þess.

Flugfar telst **kólerusýkt**, ef innan borðs er sjúklingur veikur af kóleru.

Flugfar telst **grunað** um að vera kólerusýkt, ef kólera hefur gert vart við sig í flugfarinu á leið þess, en enginn sjúklingur veikur af kóleru er innan borðs við komu þess.

Skip eða flugfar telst ósýkt, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá kólerusýktu svæði og þó að innan borðs sé maður frá slíku svæði, ef sóttvarnarnefnd telur hafa sannazt við læknisrannsókn, að kólera hafi ekki gert vart við sig í skipinu (flugfarinu) á leið þess.

15. gr.

Um leyfi til fermingar eða affermingar kólerusýkts skips eða flugfars fer í samræmi við ákvæði 6. greinar um bólusýkt skip.

16. gr.

Þá er kólerusýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal sóttvarnarnefnd

a. láta sérhvern farþega og sérhvern einstakling áhafnar hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, talið frá komudegi; farþega og einstaklinga áhafnar, sem hafa ekki meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru og stíga af skipi (úr flugfari), er heimilt að láta sæta einangrun jafn langan tíma;
b. gera ráðstafanir til sótthreinsunar
   1. farangurs hinna sýktu eða grunuðu;
   2. notaðs sængurfatnaðar, líns og annarra hluta, sem ætla má sóttmengaða;
   3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan;
c. gera ráðstafanir til sótthreinsunar og síðan brottflutnings vatns, sem ætla má sóttmengað, svo og sótthreinsunar vatnsgeyma.

Saur og þvag manna, skolp, þar með talið kjölvatn, hvers konar úrgang og annað, er ætla má sóttmengað, má ekki flytja burtu, fyrr en eftir að það hefur verið sótthreinsað. Að því loknu sér sóttvarnarnefnd um að það sé fjarlægt á tryggilegan hátt.

17. gr.

Þá er skip eða flugfar, sem grunað er um að vera kólerusýkt, kemur að landi, má sóttvarnarnefnd beita sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 16. greinar, b og c, og síðari málsgreinar sömu greinar.

Sóttvarnarnefnd er auk þess heimilt að láta sérhvern farþega og sérhvern einstakling áhafnar, er stígur af skipi (úr flugfari), hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, talið frá komudegi. Farþega og einstaklinga áhafnar, sem farið hafa frá kólerusýktu svæði fyrir skemmri tíma en nemur fullum meðgöngutíma sóttarinnar og hafa ekki meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru, er heimilt að láta sæta einangrun lengst 5 sólarhringa, talið frá þeim degi, er þeir fóru frá hinu sýkta svæði sbr. 13. gr. b.

18. gr.

Þá er ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 26. greinar sóttvarnarlega og 16. og 17. greinar þessarar reglugerðar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

19. gr.

Þá er ósýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal ætíð heimila skipinu (flugfarinu) frjáls samskipti við land, en komi skipið (flugfarið) frá kólerusýktu svæði, er sóttvarnarnefnd heimilt að beita sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum 13. greinar gegn sérhverjum farþega og sérhverjum einstaklingi áhafnar, er stígur af skipinu (úr flugfarinu).

20. gr.

Ef í póstbögglum er matvara, sem ákvæði fyrstu málsgreinar 21. gr. taka til, eða notaður eða óhreinn fatnaður, (lín, föt eða sængurfatnaður) og ástæða er til að ætla þetta mengað kólerusýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til að innihald bögglanna verði sótthreinsað.

21. gr.

Þá er kólerusýkt eða grunað skip eða flugfar kemur að landi eða skip eða flugfar kemur frá kólerusýktu svæði, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka sýni til bakteríuræktunar af fiski, skeldýrum, aldinum, grænmeti og annarri matvöru, svo og drykkjarvöru, nema umrædd matvara eða drykkjarvara sé kæfð í luktum, loftþéttum umbúðum og sóttvarnarnefnd telji enga ástæðu til að ætla, að varan geti verið menguð kólerusýklum. Sóttvarnarnefnd getur bannað affermingu allrar slíkrar mat- eða drykkjarvöru, sem reynist menguð, eða hlutast sjálf til um affermingu hennar og brottflutning á fyllilega tryggan hátt.

Ef matvara og drykkjarvara sú, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, er hluti af hleðslu vörugeymis eða af lestarfarmi skips eða flugfars, má aðeins sóttvarnarnefnd þeirrar hafnar eða flughafnar, sem varan er send til, hlutast til um brottflutninginn.

Flugfarsstjóri á rétt á að krefjast að matvara og drykkjarvara sú, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, sé flutt brott úr flugfari hans.

22. gr.

Til þess að vottorð um bólusetningu gegn kóleru geti talizt gilt alþjóðlegt kólerubólusetningarvottorð, skal það vera samið á enskri eða franskri tungu og gert úr garði, eins og sýnt er á 2. fylgiskjali með þessari reglugerð, enda standist bóluefnið kröfur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Kólerubólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 6 mánaða, talið frá 6. degi eftir bólusetningu (fyrri stungu, ef um tvær er að ræða); ef bólusetning hefur verið endurtekin, áður en gildistími vottorðsins var liðinn, telst vottorðið gilda frá þeim degi, er bólusetningin var endurtekin.

Kólerubólusetningarvottorð gefin út handa hermönnum af hernaðaryfirvöldum teljast jafngild vottorðum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, ef þau eru að efni til samhljóða um þau læknisfræðilegu atriði, er máli skipta, enda sé greint á ensku eða frönsku, um hvers konar bólusetningu sé að ræða, hvenær bólusetningin hafi farið fram og að vottorðið sé út gefið í samræmi við ákvæði 93. greinar hinna alþjóðlegu sóttvarnarreglna (1969).

23. gr.

Um flutning á líki manns, sem hefur dáið úr kóleru eða grunur leikur á að hafi verið sýktur af kóleru, er andlát bar að, fer í samræmi við ákvæði 11. gr.

C. Svarti dauði (pest).

24. gr.

Meðgöngutími svarta dauða telst 6 sólarhringar.

25. gr.

Sóttvarnarnefnd skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að maður fari úr landi frá lungnapestarsýktu svæði, ef grunaður er um sýkingu, nema hann hafi sætt einangrun í sex sólarhringa, talið frá síðasta degi hugsanlegrar smitunar (sbr. og ákvæði 19. gr. sóttvarnarlaga).

26. gr.

Skip eða flugfar telst **pestarsýkt:**

a. ef maður veikur af svarta dauða er innanborðs;
b. ef svarti dauði í mönnum hefur gert vart við sig innan borðs, síðar en 6 sólarhringum eftir að hinn sjúki kom í skipið;

c. ef sannazt hefur, að rottupest sé í skipinu eða önnur nagdýr innan borðs pestarsýkt:

Skip telst **grunað** um að vera pestarsýkt:

a. ef enginn maður veikur af svarta dauða er innan borðs, en svarti dauði í mönnum hefur gert vart við sig í skipinu á fyrstu 6 sólarhringum, eftir að hinn sjúki kom í skipið;
b. þegar sannazt hefur óvenjulegur rottudauði eða dauði annarra nagdýra í skipinu, án þess að orsök hans hafi verið leidd í ljós.
c. ef um borð er maður, sem hefur verið í smithættu af lungnapest, en ekki sætt einangrun í samræmi við ákvæði 25. gr.

Skip eða flugfar telst **ósýkt**, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá pestarsýktu svæði og enda þótt innan borðs sé maður frá slíku svæði, ef sóttvarnarnefnd telur hafa sannazt við læknisrannsókn, að því ástandi, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, sé ekki til að dreifa í skipinu (flugfarinu).

27. gr.

Um leyfi til fermingar eða affermingar pestarsýkts skips eða flugfars fer í samræmi við ákvæði 6. greinar um bólusýkt skip.

28. gr.

Þá er pestarsýkt skip eða grunað eða pestarsýkt flugfar kemur að landi, má sóttvarnarnefnd

a. láta hreinsa óþrif af öllum grunuðum, svo og láta þá hlíta sóttvarnareftirlit lengst 6 sólarhringa, talið frá komudegi;
b. gera ráðstafanir til eyðingar óþrifa og, ef nauðsynlegt þykir, til sótthreinsunar
   1. farangurs hinna sýktu eða grunuðu;
   2. notaðs sængurfatnaðar, líns og annarra hluta, sem ætla má sóttmengaða;
   3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan.

Ef maður er veikur af lungnapest er innan borðs, eða lungnapest hefur gert vart við sig í skipi innan 6 sólarhringa fyrir komu þess, er sóttvarnarnefnd heimilt, auk ráðstafana skv. ákvæðum fyrstu málsgreinar (a og b) þessarar greinar, að láta farþega og áhöfn sæta einangrun í 6 sólarhringa, talið frá síðasta degi smithættu.

Ef rottupest er í skipi eða vörugeymum þess, skal láta það undirgangast rottueyðingu og skordýraeyðingu, en þá er þessa að gæta:

a. rottueyðingu skal framkvæma, jafnskjótt sem lestir hafa verið tæmdar;
b. framkvæma má til bráðabirgða rottueyðingu, einu sinni eða oftar, áður en afferming hefst eða meðan á henni stendur, til þess að koma í veg fyrir, að pestarsýktar rottur sleppi **úr skipinu**;
c. ef fullkominni rottueyðingu verður ekki komið við, vegna þess að einungis nokkurn hluta farms á að taka úr skipi, má sóttvarnarnefnd þó ekki hindra affermingu þess hluta farmsins, en gera má hún allar ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir, að pestarsýktar rottur sleppi úr skipinu og áhöfnin sýkist.

Ef í flugfari finnast pestarsýktar rottur eða önnur pestarsýkt nagdýr, skal flugfarið undirgangast rottueyðingu og skordýraeyðingu eftir þeim reglum, er sóttvarnarnefnd mælir fyrir um.

29. gr.

Þá er ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 26. greinar sóttvarnarlaga og 28. greinar þessarar reglugerðar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, eða þegar sóttvarnarnefnd telur sannað, að óvenjulegur rottudauði stafi ekki af svarta dauða, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

30. gr.

Þá er ósýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal heimila skipinu (flugfarinu) frjáls samskipti við land, en komi skipið (flugfarið) frá pestarsýktu svæði, er sóttvarnarnefnd heimilt

a. að láta sérhvern grunaðan, er stígur af skipinu (úr flugfarinu), hlíta sóttvarnareftirliti lengst 6 sólarhringa, talið frá þeim degi, er skipið (flugfarið) fór frá hinu sýkta svæði;
b. að krefjast rottueyðingar og skordýraeyðingar í skipinu, ef rík ástæða er til, en láta skal þá skipstjóra í té skriflega greinargerð þar um.

31. gr.

Ef í póstbögglum frá útlöndum er lín, föt eða sængurfatnaður og fatnaður þessi er notaður eða óhreinn og ástæða til að ætla hann mengaðan prestarsýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til, að eytt verði óþrifum í bögglunum og innihaldið sótthreinsað, ef nauðsynlegt þykir.

32. gr.

Um flutning á líki pestarsýkts manns fer í samræmi við ákvæði 11. gr.

III. KAFLI

Greinargerð (yfirlýsing) um heilbrigðisástand í skipum og flugförum við komu að landi. Samskiptaleyfi.

A. Skip.

33. gr.

Þá er skip kemur að landi, lætur skipstjóri sóttvarnarnefnd í té skriflega greinargerð um heilbrigðisástand í skipinu (sbr. þó 37. gr.). Heilbrigðisgreinargerð skal gerð úr garði, eins og sýnt er á 3. fylgiskjali með þessari reglugerð. Ef skipslæknir er á skipi, undirritar hann heilbrigðisgreinargerð ásamt skipstjóra.

Skipstjóra og skipslækni er skylt að svara öllum eðlilegum fyrirspurnum sóttvarnaryfirvalda, er varða heilbrigðisástand í skipi þeirra á leið þess.

34. gr.

Sóttvarnarnefnd heimilar skriflega samskipti skips við land og gerir samskiptaleyfið úr garði, eins og sýnt er á 4. fylgiskjali með þessari reglugerð. Ef skip hefur fyrir komu sína að landi hlotið loftleiðis samskiptaleyfi, skal staðfesta leyfið skriflega eftir komu skipsins.

Ef heilbrigðisgreinargerð skipstjóra eða annað vekur grun um, að næm sótt sé í skipi eða hafi gert vart við sig á leið þess, skal ekki láta því í té samskiptaleyfi, fyrr en sóttvarnarlækni hefur gefizt ráðrúm til að kynna sér heilbrigðisástand innan borðs og gera ráðstafanir til sóttvarna, eftir því sem ástæða kann að vera til.

35. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 36. gr., eru skip, sem annast reglubundnar áætlunarferðir, undanþegin kvöð um heilbrigðisgreinargerð samkvæmt ákvæðum 33. greinar og að afla sér samskiptaleyfis, en þó getur sóttvarnarnefnd krafizt þess, að skipstjóri láti sóttvarnarnefnd í té, áður en skipið hefur frjáls samskipti við land, skriflega yfirlýsingu um, að einskis hafi orðið vart, er bendi til þess, að sótthættan stafi af skipi hans, og skal yfirlýsingin gerð úr garði, eins og sýnt er á 5. fylgiskjali með þessari reglugerð. Megi hins vegar ætla, að næm sótt sé í skipinu eða hafi gert vart við sig á leið þess, eru því óheimil frjáls samskipti við land, fyrr en sóttvarnarlækni hefur gefizt ráðrúm til að kynna sér heilbrigðisástand innan borðs og gera ráðstafanir til sóttvarna, eftir því sem ástæða kann að vera til.

Á sama hátt, og með sömu undantekningum, getur ráðherra eða í einstökum tilvikum sóttvarnarnefnd undanþegið önnur skip kvöð um heilbrigðisgreinargerð.

36. gr.

Undanþágur samkvæmt ákvæðum 35. greinar koma ekki til greina, þá er skip kemur frá eða hefur haft samskipti við svæði, sem ráðherra hefur auglýst, að teljast skuli sýkt sóttvarnarsótt, sbr. 1. gr. Sama máli gegnir, ef skipið hefur á leið sinni haft samskipti við skip, er kemur frá slíku svæði, eða upp hefur komið í skipinu eða í skipi, sem það hefur á leið sinni haft samskipti við, sjúkdómur, er ætla megi, að verið hafi sóttvarnarsótt.

37. gr.

Íslenzk varðskip og erlend herskip, sem koma á íslenzkar hafnir samkvæmt heimild í lögum nr. 44/1939, eru undanþegin kvöð um heilbrigðisgreinargerð og samskiptaleyfi, svo og heilbrigðisyfirlýsingu skipstjóra samkvæmt ákvæðum 35. greinar, enda fylgi þau almennum, viðurkenndum reglum um varúðarráðstafanir til tryggingar því, að með þeim berist ekki næmar sóttir til landsins.

B. Flugför.

38. gr.

Þá er flugfar kemur að landi, lætur flugstjóri, eða fulltrúi fyrir hans hönd, sóttvarnarnefnd í té, nema annað leiði af ákvæðum 41. og 43. greinar, samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs (sbr. 7. fylgiskjal).

39. gr.

Flugstjóra, eða fulltrúa fyrir hans hönd, er skylt að svara öllum eðlilegum fyrirspurnum sóttvarnaryfirvalda, er varða heilbrigðisástand í flugfari hans á leið þess.

40. gr.

Leyfi sóttvarnarnefndar til frjálsra samskipta við land tilkynnist flugfari loftleiðis fyrir komu þess eða munnlega, eftir að það er komið að landi.

41. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 42. gr., eru flugför, sem annast reglubundnar áætlunarferðir, undanþegin þeirri kvöð að láta af hendi samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs, svo og að afla sér samskiptaleyfis, en flugstjóra er skylt að tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarstjórn, áður en hann lendir flugfarinu, ef orðið hefur vart innan borðs á leiðinni sjúkdóms, sem ástæða er til að ætla, að verið gæti næm sótt, eða ef ástand innan borðs er að öðru leyti þannig, að ástæða er til að ætla, að hætta geti verið á, að næm sótt berist með flugfarinu. Í slíkum tilfellum mega farþegar og áhöfn ekki stíga úr flugfarinu, fyrr en sóttvarnarnefnd, að lokinni athugun sóttvarnarlæknis, hefur veitt leyfi til þess.

Á sama hátt og með sömu undantekningum getur ráðherra, eða í einstökum tilvikum sóttvarnarnefnd, veitt öðrum flugförum undanþágu frá ákvæði 38. gr.

42. gr.

Undanþágur samkvæmt ákvæðum 41. greinar koma ekki til greina um flugfar, sem

a. kemur frá eða hefur á leið sinni komið við á svæði, sem ráðherra hefur auglýst, að teljast skuli sýkt sóttvarnarsótt, sbr. 1. gr., eða

b. heyrir til, kemur frá eða hefur á leið sinni komið við í landi, sem er ekki aðili að hinum alþjóðlegu sóttvarnarreglum.

43. gr.

Herflugför, sem heimiluð er lending hér á landi, eru undanþegin þeirri kvöð að láta af hendi samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs, svo og að afla sér samskiptaleyfis, enda fylgi þau almennum, viðurkenndum reglum um varúðarráðstafanir til tryggingar því, að með þeim berist ekki næmar sóttir til landsins.

IV. KAFLI

Skipulögð rannsókn rottugangs og rottueyðing í skipum.

44. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 45. gr. skal skipum, er koma frá útlöndum á íslenzka höfn og hafa hvorki meðferðis gilt vottorð um að eytt hafi verið í þeim rottu (rottueyðingarvottorð), né vottorð um að ekki sé um rottugang að ræða í skipunum, eða önnur nagdýr (rottuvottorð), skylt að undirgangast rannsókn rottugangs og síðan rottueyðingu, nema hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að rannsókn lokinni, að engin nagdýr séu innan borðs svo að rottueyðingar sé ekki þörf.

Rottu- og rottueyðingarvottorð eru því aðeins gild, að þau séu látin í té af sóttvarnarnefndum, sem rétt hafa til að annast framkvæmd rannsóknar á rottugangi eða rottueyðingu í skipum samkvæmt ákvæðum 46. greinar, eða sóttvarnaryfirvöldum á erlendum hafnarstöðum, sem rétt hafa til að láta í té slík vottorð; vottorðin skulu samin á ensku eða frönsku og gerð úr garði, eins og sýnt er á 6. fylgiskjali með þessari reglugerð. Vottorðin gilda 6 mánuði, sbr. þó ákvæði 2. málsgreinar 47. greinar.

45. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til fiskiskipa, lystisnekkja, björgunarskipa, hafnsögubáta, vitaskipa, herskipa, ísbrjóta, dráttarskipa, dýpkunarskipa, skólaskipa, sem eingöngu eru notuð til kennslu, né heldur til smáskipa og báta, sem minni eru en 20 vergar rúmlestir.

46. gr.

Rannsókn á rottugangi og rottueyðing í skipum samkvæmt ákvæðum þessa kafla verða eingöngu framkvæmdar í Reykjavík og á Akureyri, en rannsókn á rottugangi auk þess á Ísafirði, Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum.

Sóttvarnarnefndir á framangreindum hafnarstöðum gera ráðstafanir til að framkvæmd sé af þar til hæfu starfsliði umrædd rannsókn á rottugangi eða rottueyðing í skipum.

47. gr.

Skipstjórum þeirra skipa, sem ákvæði þessa kafla taka til, er skylt, jafnframt því sem þeir gera sóttvarnarnefnd grein fyrir heilbrigðisástandi í skipum sínum samkvæmt ákvæðum III. kafla, að sýna rottu- eða rottueyðingarvottorð, ef til eru.

Ef skip hefur meðferðis rottu- eða rottueyðingarvottorð, en vottorðið er gengið úr gildi, er hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd heimilt að framlengja gildi þess um 1 mánuð, ef skipstjóri færir sönnur á, að skipið sé á leið til hafnarstaðar, þar sem auðveldara er að framkvæma rannsókn á rottugangi eða rottueyðingu í skipum.

Hafi skip ekki meðferðis rottu- eða rottueyðingarvottorð, eða slíkt vottorð skipsins er gengið úr gildi og gildi þess verður ekki framlengt samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar þessarar greinar, gerir sóttvarnarnefnd á hafnarstað, þar sem rottu-

eða rottueyðingarvottorð verða látin í té samkvæmt ákvæðum 46. greinar, ráðstafanir til þess, að framkvæmd verði rannsókn á rottugangi í skipinu, og tekur síðan í samræmi við niðurstöðu rannsóknarinnar ákvörðun um, hvort framkvæma skuli eða ekki rottueyðingu í skipinu; ákvörðun sína um þetta tilkynnir nefndin skipstjóranum skriflega. Á hafnarstað, þar sem rottu- eða rottueyðingarvottorð verða ekki látin í té, vísar sóttvarnarnefnd skipinu til hafnarstaðar, þar sem slík vottorð verða látin í té. Ef skipstjóri óskar þess þá eindregið, að rannsókn á rottugangi og, ef til kemur, rottueyðing í skipinu fari heldur fram á þeim hafnarstað, þar sem skipið er statt, er sóttvarnarnefnd staðarins heimilt að leita eftir því við þá sóttvarnarnefnd, sem auðveldast er að ná til af nefndum þeim, sem rétt hafa til að láta í té rottu- eða rottueyðingarvottorð, að hún taki að sér að sjá um framkvæmd umræddra aðgerða í skipinu, þar sem það er statt. Hinni tilkölluðu sóttvarnarnefnd er þá heimilt að taka þetta að sér og láta skipinu í té, að framkvæmd lokinni, tilheyrandi rottu- eða rottueyðingarvottorð.

48. gr.

Þá er skip kemur að landi og allan tímann, sem það liggur í höfn, á sóttvarnarnefnd og hver sá, er hún veitir til þess umboð, rétt á óhindruðum aðgangi að öllum lestarrúmum og vistarverum skipsins í því skyni að athuga um rottugang; jafnframt er skipstjóra og áhöfn skylt að svara samvizkusamlega öllum fyrirspurnum, er varða rottugang í skipinu.

49. gr.

Rannsókn á rottugangi og rottueyðingu í skipum skal hagað samkvæmt leiðbeiningum, er landlæknir gefur út.

50. gr.

Komist sóttvarnarnefnd að lokinni rannsókn á rottugangi í skipi að þeirri niðurstöðu, að innan borðs séu engin nagdýr, lætur nefndin í té vottorð um það og gerir vottorðið úr garði, eins og sýnt er á 6. fylgiskjali með þessari reglugerð (rottuvottorð). Slíkt vottorð er því aðeins heimilt að láta í té, að svo hafi verið ástatt um skipið, þá er rannsókn á rottugangi fór fram, að lestir hafi verið tómar að öðru en seglfestu, eða sá einn farmur, er rotta sækir ekki í, og honum komið svo fyrir í skipinu, að unnt hafi verið að framkvæma fullkomna rannsókn á lestarrúmum. Geymaskipum má þó láta í té rottuvottorð, enda þótt geymar hafi verið fullir, þegar rannsókn á rottugangi fór fram.

51. gr.

Komist sóttvarnarnefnd að þeirri niðurstöðu að lokinni rannsókn á rottugangi í skipi, að rottueyðing verði að fara fram, ákveður nefndin í hverju einstöku tilfelli, hverri aðferð skuli beita (venjulegri dreifingu rottueiturs, svælingu með loftteitri eða öðrum hagkvæmum ráðum) í samræmi við leiðbeiningar landlæknis, sbr. 49. gr., þannig að rottu verði á sem virkastan, tryggastan og hagkvæmastan hátt eytt í skipinu.

52. gr.

Rottueyðingu í skipi skal haga þannig, að skip og farmur skaðist sem allra minnst, og framkvæmdin má ekki taka lengri tíma en 24 klukkustundir.

Að svo miklu leyti sem unnt er, skal skip vera með tómar lestir, þegar rottueyðing er framkvæmd. Rottueyðingu er þó heimilt að framkvæma fyrir affermingu skips, ef svo verður litið á, að farmur sé þeirrar tegundar og honum þannig komið fyrir í skipinu, að unnt sé að framkvæma rottueyðingu til hlítar, án þess að skipið sé affermt. Ef um er að ræða skip með tómar lestir að öðru en seglfestu, skal ljúka rottueyðingu, áður en ferming skipsins hefst.

Heimilt er að framkvæma rottueyðingu í vöru, sem þannig er um búið, að rotta á þar afdrep, og kosta skal alls kapps um, að rotta berist ekki með vöru, né nái að hlaupa eftir landfestum milli skips og lands, hvorki úr skipi né í það. Til að koma í veg fyrir það, er sóttvarnarnefnd heimilt að krefjast, að skip láti setja rottuskildi á allar landfestar eða leysi landfestar og leggist fyrir akkeri hæfilega fjarri bryggju eða hafnarbakka.

Dauðri rottu má ekki fleygja í sjó í höfn, heldur flytja á þann stað, er sóttvarnarnefnd vísar á.

Hlíta skal í einu og öllu fyrirmælum sóttvarnarnefndar varðandi rottueyðingu í skipi, og er skipstjóra og áhöfn skylt að veita alla þá verklega aðstoð við rottueyðinguna, sem nefndin æskir.

Þegar rottueyðingu í skipi hefur verið lokið á fullnægjandi hátt, lætur sóttvarnarnefnd í té dagsett vottorð um framkvæmdina (rottueyðingarvottorð) og gerir vottorðið úr garði, eins og sýnt er á 6. fylgiskjali með þessari reglugerð.

Telji sóttvarnarnefnd, að rottueyðing í skipi hafi farið fram við þær aðstæður, að fullnægjandi árangri hafi ekki verið unnt að ná, lætur hún þó í té rottueyðingarvottorð, en getur þess í vottorðinu, að árangri hafi verið áfátt.

53. gr.

Ef eigandi eða útgerðarmaður skips ber fram óskir um að mega sjálfur annast rannsókn á rottugangi og, ef til kemur, rottueyðingu í skipi sínu, getur hann hlotið leyfi til þess af hendi sóttvarnarnefndar, sem rétt hefur til að láta í té rottu- eða rottueyðingarvottorð, en undirgangast verður hann nánara tilgreind skilyrði og þar á meðal, að sóttvarnarnefnd segi fyrir um framkvæmdina og hafi nákvæmt eftirlit með því, að allt fari fram á viðeigandi hátt.

54. gr.

Skip, er koma að landi í íslenzkri höfn, og ekki er skylt að undirgangast rottueyðingu samkvæmt ákvæðum 44. greinar, geta krafizt rannsóknar á rottugangi og rottueyðingar samkvæmt reglum þeim, er að framan greinir.

55. gr.

Þó að skip hafi meðferðis gilt rottueyðingar- eða rottuvottorð, er það ekki þar fyrir undanþegið ráðstöfunum samkvæmt ákvæðum 28.—30. greinar, ef að öðru leyti er ástæða til að láta þau ákvæði koma til framkvæmda.

56. gr.

Ef sérstök ástæða þykir til í sóttvarnarskyni, og grunur leikur á að nagdýr séu innan borðs, getur sóttvarnarnefnd látið rottueyðingu fara fram í flugfari.

V. KAFLI

Sóttvarnargjöld og sóttvarnarkostnaður.

57. gr.

Almenn sóttvarnargjöld greiða erlend skip, er stunda fiskveiðar eða aðra veiði við Ísland eða á nálægum höfum og leita til hafnar í sambandi við veiðarnar.

Almenn sóttvarnargjöld eru:

a. rúmlestargjald, miðað við vergar rúmlestir skips:
   1. af skipi, sem nær ekki 60 rúmlestum, kr. 500.00.
   2. af skipi, sem er frá 60 upp að 100 rúmlestum, kr. 750.00.
   3. af skipi, sem er fullar 100 rúmlestir, kr. 1000.00.

b. kostnaður af flutningi umboðsmanns sóttvarnarnefndar til skips og frá skipi.

Slíkt fiskiskip greiðir auk þess þóknun samkvæmt gjaldskrá héraðslækna fyrir aðgerðir sóttvarnarlæknis, þegar hann er tilkallaður samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar 23. greinar sóttvarnarlaga, svo og allan kostnað, er leiðir af frekari rannsóknum og ráðstöfunum í sóttvarnarskyni, er koma skipsins að landi kann að gera nauðsynlegar.

58. gr.

Skip, þó að önnur séu en fiskiskip þau, er 57. grein tekur til, svo og flugför, er leita hafnar eða flughafnar á Íslandi eingöngu til að setja á land sjúklinga eða lík, greiða samkvæmt reikningi allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum, er koma skipsins (flugfarsins) að landi kann að gera nauðsynlegar, þó ekki þóknun fyrir aðgerðir sóttvarnarlæknis, né nokkurn kostnað af rannsóknum til að leiða í ljós heilbrigðisástand farþega eða áhafnar í sóttvarnarskyni.

59. gr.

Skip greiða kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu samkvæmt ákvæðum IV. kafla og einnig flugför, ef samsvarandi aðgerðum er beitt gegn þeim. Skip greiða þennan kostnað samkvæmt ákvæðum 60. og 61. greinar og flugför í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði.

60. gr.

Fyrir rannsókn á rottugangi í skipi, sem sóttvarnarnefnd lætur framkvæma, greiðist:

a. rúmlestargjald miðað við vergar rúmlestir skips:
   1. af skipi, sem nær ekki 150 rúmlestum, kr. 500.00.
   2. af skipi, sem er frá 150 upp að 300 rúmlestum, kr. 1000.00.
   3. af skipi, sem er yfir 300 rúmlestir, kr. 2000.00;
b. kostnaður af flutningi starfsliðs sóttvarnarnefndar, er vinnur að rannsókninni, til skips og frá skipi; þegar um er að ræða ráðstafanir samkvæmt niðurlagsákvæði 47. greinar, greiðir skipið enn fremur ferðakostnað, svo og tímakaup eða dagpeninga aðkomins starfsliðs, í samræmi við það, sem títt er að greiða sambærilegum opinberum starfsmönnum.

Fyrir forsögn og eftirlit sóttvarnarnefndar með rannsókn á rottugangi í skipi samkvæmt ákvæðum 53. greinar greiðist hið sama og fyrir framkvæmd slíkrar rannsóknar af hendi sóttvarnarnefndar.

61. gr.

Fyrir svælingu skips með blásýru eða öðru virku lofteitri til eyðingar rottu greiðist sem hér segir:

a. kostnaðarverð eiturs þess, sem eyðzt hefur;
b. kaup starfsfólks:
   1. tímakaup starfsliðs sóttvarnarnefndar, sem annazt hefur svælinguna, svo og verkafólks, er kann að hafa verið ráðið því til nauðsynlegrar aðstoðar, hvort tveggja í samræmi við það, sem tíðkast um sambærilegar greiðslur á staðnum;
   2. tímakaup varðmanns, ef hans hefur verið þörf, í samræmi við það, sem tíðkast um greiðslur fyrir slík störf á staðnum.
   3. ferðakostnaður, tímakaup eða dagpeningar aðkomins starfsliðs sóttvarnarnefndar, ef svælingin fer fram utan þess staðar, þar sem sóttvarnarnefnd situr, í samræmi við það, sem títt er að greiða opinberum starfsmönnum;
c. 25% af fjárhæðum þeim, sem greiða ber samkvæmt ákvæðum liða a og b, 1, og gengur það til greiðslu annars kostnaðar af þessum framkvæmdum;

d. þóknun fyrir yfirumsjón sóttvarnarlæknis með svælingunni; fer um þóknunina samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, en að öðru leyti, sem hér segir:
   1. fyrir svælingu minni háttar, en aðgengilegra lestarrúma eða vistarvera greiðist sem fyrir eina læknisvitjun í skip;
   2. fyrir meiri háttar svælingu en greinir í lið d, 1, í skipi, sem nær ekki 300 rúmlestum, greiðist sem fyrir 2 læknisvitjanir í skip;
   3. fyrir meiri háttar svælingu en greinir í lið d, 1, í skipi, sem er yfir 300 rúmlestir, greiðist sem fyrir 3 læknisvitjanir í skip.

Ef rottueyðing í skipi er framkvæmd með gildrum, venjulegri dreifingu rottueiturs eða á annan þvílíkan hátt, greiðist kostnaður af eitri því, sem eyðzt hefur, svo og tilfæringum auk kostnaðar, er greinir í liðum b og c.

62. gr.

Rottueyðingu í skipum og flugförum samkvæmt ákvæðum 28. og 30. greinar lætur sóttvarnarnefnd framkvæma á kostnað hlutaðeigandi.

63. gr.

Sóttvarnargjöld innheimtast með öðrum gjöldum til ríkissjóðs af skipum (flugförum) og renna í ríkissjóð. Skip (flugför), sem sóttvarnargjöld falla á, má ekki afgreiða til brottfarar úr höfn (flughöfn), fyrr en gjöld þessi hafa verið innt af hendi, eða fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslunni.

64. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd sóttvarnarráðstafana samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og þessarar reglugerðar greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

65. gr.

Erindrekstur og afgreiðslu sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og þessarar reglugerðar annast umboðsmaður nefndarinnar fyrir hennar hönd. Umboðsmaður sóttvarnarnefndar er tollgæzlumaður, nema önnur ráðstöfun sé sérstaklega gerð. Umboðsmaður (tollgæzlumaður) kemur fram fyrir hönd nefndarinnar gagnvart skipstjóra (flugfarsstjóra) eða fulltrúa hans, þá er skip (flugfar) kemur að landi, tilkynnir um samskiptaleyfi og undirritar slík leyfi í umboði nefndarinnar. Þá er ræðir um sóttvarnarnefnd í þessari reglugerð, er því eftir atvikum einnig átt við umboðsmann sóttvarnarnefndar (tollgæzlumann).

66. gr.

Um einstakar sóttvarnaraðgerðir, sem inna verður af hendi í sambandi við framkvæmd ákvæða sóttvarnarlaga og þessarar reglugerðar, en ekki er nánari grein gerð fyrir í reglugerðinni, svo sem almenn sótthreinsun skipa, vöru og fólks, lúshreinsun og aðra sníkjudýraeyðingu, kúabólusetningu og aðrar ónæmisaðgerðir o. s. frv., fer eftir almennum viðurkenndum reglum, svo og eftir sömu eða hliðstæðum reglum, sem á hverjum tíma gilda um sömu eða hliðstæðar aðgerðir í sambandi við framkvæmd farsóttavarna innan lands.

67. gr.

Fjármálaráðuneytið gefur út eða útvegar ásamt öðrum fyrirskipuðum eyðublöðum, sem notuð eru við afgreiðslu skipa, og lætur sóttvarnarnefndum (tollgæzlu) í

té eyðublöð þau, sem nota ber samkvæmt ákvæðum 10., 22.. 33.—35., 44., 50. og 52. greinar og skulu eyðublöðin gerð úr garði, eins og sýnt er á 1.—7. fylgiskjali með þessari reglugerð.

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

68. gr.

Rangar skýrslur um það, sem sóttvarnaryfirvöld mega krefjast vitnisburðar um samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og þessarar reglugerðar, svo og önnur brot á ákvæðum reglugerðarinnar, varða viðurlögum samkvæmt 43. gr. sóttvarnarlaga.

69. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað, og fellur jafnframt úr gildi sóttvarnarreglugerð nr. 112, 27. ágúst 1954.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

FYLGISKJÖL (1—7)

1. fylgiskjal.

International Certificate of Vaccination or Revaccination against Smallpox.

Certificat International de Vaccination ou de Revaccination contre la Variole.

This is to certify that / Je soussigné(e) certifie que ..... date of birth / né(e) le ..... sex / sexe .....

whose signature follows / dont la signature suit .....

has on the date indicated been vaccinated or revaccinated against smallpox with a freeze-dried or liquid vaccine certified to fulfill the recommended requirements of the World Health Organization.

a été vacciné(e) ou revacciné(e) contre la variole à la date indiquée ci-dessous, avec un vaccin lyophilisé ou liquide certifié conforme aux normes recommandées par l'Organisation mondiale de la Santé.

Date	Show by "x" whether Indiquer par "x" s'il s'agit de	Signature and professional status of vaccinator Signature et titre du vaccinateur	Manufacturer and batch no. of vaccine Fabricant du vaccin et numéro du lot	Approved stamp Cachet autorisé	
1a	Primary vaccination performed			1a	1b
	Primovaccination effectuée				
1b	Read as successful / Prise				
	Unsuccessful / Pas de prise				
2	Revaccination			2	3
3	Revaccination				

The validity of this certificate shall extend for a period of three years, beginning eight days after the date of a successful primary vaccination or, in the event of a revaccination, on the date of that revaccination.

The approved stamp mentioned above must be in a form prescribed by the health administration of the territory in which the vaccination is performed.

This certificate must be signed by a medical practitioner in his own hand; his official stamp is not an accepted substitute for the signature.

Any amendment of this certificate, or erasure, or failure to complete any part of it, may render it invalid.

La validité de ce certificat couvre une période de trois ans commençant huit jours après la date de la primovaccination effectuée avec succès (prise) ou, dans le cas d'une revaccination, le jour de cette revaccination.

Le cachet autorisé doit être conforme au modèle prescrit par l'administration sanitaire du territoire où la vaccination est effectuée.

Ce certificat doit être signé par un médecin de sa propre main, son cachet officiel ne pouvant être considéré comme tenant lieu de signature.

Toute correction ou rature sur le certificat ou l'omission d'une quelconque des mentions qu'il comporte peut affecter sa validité.

2. fylgiskjal.

International Certificate of Vaccination or Revaccination against Cholera.

Certificat International de Vaccination ou de Revaccination contre le Choléra.

This is to certify that / Je soussigné(e) certifie que ..... date of birth / né(e) le ..... sex / sexe .....

whose signature follows / dont la signature suit .....

has on the date indicated been vaccinated or revaccinated against cholera.
a été vacciné(e) ou revacciné(e) contre le choléra à la date indiquée.

Date	Signature and professional status of vaccinator Signature et titre du vaccinateur	Approved stamp Cachet autorisé	
1		1	2
2			
3		3	4
4			

The vaccine used shall meet the requirements laid down by the World Health Organization.

The validity of this certificate shall extend for a period of six months, beginning six days after one injection of the vaccine or, in the event of a revaccination within such period of six months, on the date of that revaccination.

The approved stamp mentioned above must be in a form prescribed by the health administration of the territory in which the vaccination is performed.

This certificate must be signed by a medical practitioner in his own hand; his official stamp is not an accepted substitute for the signature.

Any amendment of this certificate, or erasure, or failure to complete any part of it, may render it invalid.

Le vaccin utilisé doit satisfaire aux normes formulées par l'Organisation mondiale de la Santé.

La validité de ce certificat couvre une période de six mois commençant six jours après une injection de vaccin ou, dans le cas d'une revaccination au cours de cette période de six mois, le jour de cette revaccination.

Le cachet autorisé doit être conforme au modèle prescrit par l'administration sanitaire du territoire où la vaccination est effectuée.

Ce certificat doit être signé par un médecin de sa propre main, son cachet officiel ne pouvant être considéré comme tenant lieu de signature.

Toute correction ou rature sur le certificat ou l'ommission d'une quelconque des mentions qu'il comporte peut affecter sa validité.

3. fylgiskjal.

Heilbrigðisgreinargerð skipstjóra.
Maritime Declaration of Health.

Látin í té af skipstjórum skipa, þá er þau koma að landi frá útlöndum.
To be rendered by the masters of ships arriving from ports outside the territory.

Hafnarstaður. *Port of* ..... Dagsetning. *Date* .....

Heiti skips. *Name of ship* ..... Frá. *From* ..... Til. *To* .....

Þjóðerni. *Nationality* ..... Nafn skipstjóra. *Master's name* .....

Rúmlestatal, réttindis. *Net Registered Tonnage* .....

Rottueyðing eða undanþága frá rottueyðingu. *Deratting or Deratting Exemption*
{ Vottorð. *Certificate* ..... Dagsett. *Dated* .....
{ Látið í té í/á. *Issued at* .....

Fjöldi farþega: *No. of Passengers:* Káetufarþegar: *Cabin* ..... Fjöldi einstaklinga áhafnar *No. of Crew:* .....
Þilfarsfarþegar. *Deck* .....

Skrá um hafnarstaði þá, sem skipið hefur komið við á, frá því að ferð þess hófst; greindur brottfarardagur frá hverjum hafnarstað: *List of ports of call from commencement of voyage with dates of departure:*

.....

.....

Spurt um heilbrigðisástand:
Health Questions:

Svör: Já eða nei
Answer: Yes or No

1. Hefur orðið vart innan borðs, frá því að ferðin hófst*) nokkurs tilfellis eða grunaðs tilfellis svarta dauða, kóleru, gulrar hitasóttar eða bólusóttar? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.
*Has there been on board during the voyage**) any case or suspected case of plague, cholera, yellow fever, or smallpox? Give particulars in the Schedule.* .....
2. Hefur orðið vart innan borðs, frá því að ferðin hófst*) rottu- eða músapestar, eða ástæða verið til að gruna slíkt, eða hefur borið á óvenjulegum rottu- eða músadauða?
*Has plague occurred or been suspected among the rats or mice on board during the voyage**) or has there been an abnormal mortality among them?* .....
3. Hefur nokkur látizt innan borðs, frá því að ferðin hófst*) af öðrum orsökum en slysförum? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.
*Has any person died on board during the voyage**) otherwise than as a result of accident? Give particulars in Schedule.* .....
4. Er nú innan borðs sjúkdómstilfelli, eða hefur þar orðið vart sjúkdómstilfellis, frá því að ferðin hófst*), sem yður gæti grunað að væri (hefði verið) næm sótt? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.
*Is there on board or has there been during the voyage**) any case of disease which you suspect to be of an infectious nature? Give particulars in Schedule.* .....
5. Er nokkur veikur innan borðs eins og er? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.
Is there any sick person on board now? Give particulars in Schedule. .....

Aths.: Ef skipslæknir er ekki á skipinu, ber skipstjóra að líta svo á, að eftirgreind sjúkdómseinkenni séu vísbending um, að ástæða sé til grunsemda um næma sótt: sótthiti, sem hefur í för með sér magnleysi, eða stendur nokkra daga, eða eitlaþroti fylgir; skyndileg útþot eða útbrot með eða án sótthita; ákafur niðurgangur ásamt losteinkennum; gula samfara sótthita:

Note: In the absence of a surgeon, the Master should regard the following symptoms as ground for suspecting the existence of disease of an infectious nature: fever accompanied by prostration or persisting for several days, or attended with glandular swelling; or any acute skin rash or eruption with or without fever; severe diarrhoea with symptoms of collapse; jaundice accompanied by fever.

6. Er yður kunnugt um nokkurt það annað ástand innan borðs, er leitt gæti af sér sótthættu eða hættu á sóttnæmisútbreiðslu? .....
Are you aware of any other condition on board which may lead to infection or the spread of disease?

Ég lýsi hér með yfir því, að upplýsingar þær og svör, er ég hef veitt í framanskráðri heilbrigðisgreinargerð, (taflan meðtalin) eru, eftir því sem ég bezt veit og trúi, sannar og réttar.

I hereby declare that the particulars and answers to the questions given in this Declaration of Health (including the Schedule) are true and correct to the best of my knowledge and belief.

Undirskrift. *Signed* .....
Skipstjóri. *Master*

Meðundirskrift. *Countersigned* .....
Skipslæknir. *Ship's Surgeon*

Dags. *Date* .....

Er rottugangur innan borðs, eða hefur verið á leiðinni? Já/Nei.
Are there rats on board or have any rats been seen on board during the voyage? Yes/No.

.....
Skipstjóri. *Master*

*) Ef ferðin hefur staðið lengur en 4 vikur, nægir greinargerð um 4 vikur.
**) *If more than 4 weeks have elapsed since the voyage began, it will suffice to give particulars for the last 4 weeks.*

Tafla. Viðauki við heilbrigðisgreinargerð. *(Schedule to the Declaration.)*

Skýrsla um öll sjúkdómstilfelli og mannslát, sem komið hafa fyrir innan borðs *(Particulars of every case of illness or death occurring on board)*

Nafn *(Name)*	Farrými farþega eða staða skipverja *(Class or rating)*	Aldur *(Age)*	Kyn *(Sex)*	Þjóðerni *(Nationality)*	Kom í skipið, á hvaða hafnarstað *(Port of embarkation)*	Kom í skipið, dags. *(Date of embarkation)*	Hvers konar sjúkdómur *(Nature of illness)*	Sjúkdómur hófst, dags. *(Date of its onset)*	Hvernig reiddi sjúklingnum af*) *(Results of illness*)*	Ráðstafanir**) *(Disposal of case**)*

*) Greinið, hvort sjúklingnum er batnað, hvort hann er veikur enn; dáinn. *(State whether recovered; still ill; died,)*

**) Greinið, hvort sjúklingurinn er enn innan borðs; farinn í land (nafn hafnarstaðar); útför hans gerð í hafi. *(State whether still on board; landed at (give name of port); buried at sea.)*

4. fylgiskjal.

Samskiptaleyfi.
Pratique.

Með skírskotun til sóttvarnarlaga nr. 34 12. apríl 1954.
In accordance with the Quarantine Act of 12th April 1954.

veitist hér með

skipinu .....
name of ship

skipstjóri .....
master

er kemur frá .....
arriving from

og ætlar til .....
destined for

leyfi til frjálsra samskipta við land í þessari ferð, hvar sem er á Íslandi.
is hereby given free pratique on this voyage with all places in Iceland.

/ 19.....

Í umboði sóttvarnanefndar í/á .....
For the Quarantine Commission,

.....
(Undirskrift)
(Signature)

.....
(Staða)
(Office)

Leyfið skal varðveitt, meðan á ferðinni stendur, og er skylt að sýna það sóttvarnarnefnd, þegar krafizt er.

This certificate must be carried on the whole voyage and must on demand be produced to the Quarantine Commission.

5. fylgiskjal.

Heilbrigðisyfirlýsing til sóttvarnarnefndar um skip, sem annast reglubundnar áætlunarferðir.
Declaration to the port quarantine commission for ships sailing on regular routes.

Ég undirritaður skipstjóri skipsins *I, the underwritten, master of* .....

.....

sem á heimahöfn í/á *registered in* .....

kemur frá *coming from* .....

og hefur á leiðinni komið við í/á *having touched at* .....

lýsi hér með yfir því, að innan borðs í skipi mínu eru ekki:
do hereby declare that on board there is:

1. menn, sem eru eða ætla má, að séu haldnir næmri sótt, eða
   not any case of disease known or suspected to be of an infectious nature
2. lík manna, er kunnugt sé um eða ætla megi, að látizt hafi úr næmri sótt, og enn fremur
   no corpses of persons known or suspected to have died from diseases of an infectious nature
3. að ekki hefur borið á rottudauða eða dauða annarra nagdýra, er vera kunna innan borðs og
   no indication of abnormal mortality among rats or other rodents, and
4. að mér er ekki kunnugt um nokkurt það annað ástand, er leitt gæti af sér sótthættu eða hættu á sóttnæmisútbreiðslu.
   as far as I am aware of, no such other condition which may lead to infection or the spread of disease.

Undirskrift. *Signed* .....
Skipstjóri. *Master*

Dags. *Date* .....

Er rottugangur innan borðs eða hefur verið á leiðinni?*) Já/Nei
*Are there rats on board the ship or have rats been seen on board during the voyage***) *Yes/No.*

*) Ekki krafizt svars fyrir skip, sem ná ekki 20 vergum rúmlestum.
**) *Not to be filled in for vessels of less than 20 tons gross register.*

Undirskrift. *Signed* .....
Skipstjóri. *Master*

6. fylgiskjal.

Rottueyðingarvottorð.

Rottuvottorð (um undanþágu frá rottueyðingu)*).

Deratting Certificate/Certificat de Dératisation).*

Deratting Exemption Certificate/Certificat d'Exemption de la Dératisation).*

Gert úr garði í samræmi við ákvæði 54. gr. hinna alþjóðlegu sóttvarnarreglna.

Issued in accordance with Article 54 of the International Health Regulations.

Délivré conformément à l'article 54 du Règlement sanitaire international (1969).

Hafnaryfirvöldum er óheimilt að halda vottorðinu eftir.

Not to be taken away by Port Authorities/Ce certificat ne doit pas être retiré par les atuorités portuaires.

Dags. ..... Hafnarstaður .....

Date/Date *Port of/Port de*

Með þessu vottorði staðfestist, að rannsókn á rottugangi hefur farið fram

og { rottueyðing / undanþága verið veitt frá rottueyðingu } *) greindan dag á greindum hafnarstað

*This certificate records the inspection and { deratting / exemption } *) at this port and on the above date*

*Le présent certificat atteste l'inspection et { la dératisation / l'exemption } *) en ce port et à la date ci-dessus*

í skipinu ..... sem er að stærð ..... rúmlestir, réttindis**)

of the ship/du navire *of/de* *net tonnage/tonnage net***)

Þá er framkvæmd var { rannsóknin / rottueyðingin } *) voru farmrúm hlaðin ..... lestum ..... farms

*At the time of { inspection / deratting } *) the holds were laden with ..... tons of ..... cargo*

*Au moment de { l'inspection / la dératisation } *) les cales étaient chargées de ..... tonnes de ..... cargaison*

Athugasemd: Ef veitt er undanþága frá rottueyðingu, skal greina hér þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að halda í skefjum rottugangi innan borðs.

Recommendations made: In the case of exemption, state here the measures taken for maintaining the ship in such a condition that it is free o rodents and the plague vector.

Observations: Dans le cas d'exemption, indiquer ici les mesures prises pour que le navire soit maintenu dans des conditions telles qu'il n'y ait á bord ni rongeurs, ni vecteurs de la peste.

.....

.....

.....

.....

Stimpill, nafn, staða og undirskrift þess, er vottorðið lætur í té.

Seal, name, qualification and signature of the inspector.

Cachet, nom, qualité et signature de l'inspecteur.

---

*) Strikið út, það sem ekki á við.
Strike out the unnecessary indications.
Rayer les mentions inutiles.

**) Greinið, hvort átt sé við rúmmál, eða hvort lestatala sé fundin á annan hátt.
Specify whether applies to metric deplacement or any other method of determining the tonnage.
Spécifier s'il s'agit de déplacement métrique ou, sinon, de quel autre tonnage il s'agit.

Rottueyðingarvottorð.
Rottuvottorð (um undanþágu frá rottueyðingu).

1 FARMRÚM OG VISTARVERUR *Compartments* b) *Compartiments*	2 UMMERKI EFTIR ROTTU *Rat indications* c) *Traces de rats*	ROTTUVER *Rat harborage/Refuges à rats* 3 fundin *discovered* d) *trouvés*	4 sætt aðgerð *treated* *supprimés*
Farmrúm 1. *Holds/Cales*			
— 2.			
— 3.			
— 4.			
— 5.			
— 6.			
— 7.			
Milliþilfar ..... *Shelter deck space/Entrepont*			
Kolarúm ..... *Bunker space/Soute à charbon*			
Vélarrúm öxulgöng ..... *Engineroom and shaft alley/Chaufferies, tunnel de l'arbre*			
Stafnhylki og geymslurými ..... *Forepeak and storeroom/Peak avant et magasin*			
Skuthylki og geymslurými ..... *Afterpeak and storeroom/Peak arrière et magasin*			
Björgunarbátar ..... *Lifeboats/Canots de sauvetage*			
Kortaklefi og loftskeytaklefi ..... *Charts and wireless rooms/Chambre des cartes, T.S.F.*			
Eldhús ..... *Galley/Cuisines*			
Býtibúr ..... *Pantry/Cambuses*			
Matvælageymsla ..... *Provision storerooms/Soute à vivres*			
Vistarverur áhafnar ..... *Quarters (crew)/Postes (équipage)*			
Vistarverur yfirmanna ..... *Quarters (officers)/Chambres (officiers)*			
Vistarverur káetufarþega ..... *Quarters (cabin passengers)/Cabines (passagers)*			
Vistarverur þilfarsfarþega ..... *Quarters (steerage)/Postes (émigrants)*			

a) Strikið yfir það, sem ekki á við.
Strike out the unnecessary indications/Rayer les mentions inutiles.
b) Ef einhver greind farmrúm eða vistarverur eru ekki í skipi, skal þess skilmerkilega getið.
In case any of the compartments enumerated do not exist on the ship, this fact must be mentioned.
Lorsqu'un des compartiments énumérés n'existe pas sur le navire, on devra le mentionner expressément.

Deratting Certificate/Certificat de dératisation. a)
Deratting Exemption Certificate/Certificat d'exemption de la dératisation.

Rottueyðing *Deratting/Dératisation*

Með svælingu *By fumigation/Par fumigation*

Hvaða eitur notað
Fumigant/Gaz utilisé .....

Hve lengi svælt
Hours exposure
Exposition (heures) .....

Með gildrum eða eitruðu agni
By catching, trapping, or poisoning
Par capture ou poison

Rúmmál (teningsm.) *Space (cubic feet)* 5 *Espaces (mètres cubes)*	Hve mikið eitur notað *Quantity used* c) 6 *Quantités employées*	Tala fundinna rottuhræja *Rats found dead* 7 *Rats trouvés morts*	Hve margar gildrur egndar; hve mörgum eiturskömmtum dreift/*Traps set or poisons put* 8 *out/Pièges ou poisons mis*	Veiddar rottur eða drepnar *Rats caught or killed* 9 *Rats pris ou tués*

7. fylgiskjal.

Health Part of the Aircraft General Declaration.

Declaration of Health

Persons on board with illnesses other than airsickness or the effects of accidents (including persons with symptoms or signs of illnesses such as rash, fever, chills, diarrhoea) as well as those cases of illness disembarked during the flight

.....

.....

Any other condition on board which may lead to the spread of disease .....

.....

.....

Details of each disinsecting or sanitary treatment (place, date, time, method) during the flight. If no disinsecting has been carried out during the flight, give details of most recent disinsecting .....

.....

.....

.....

.....

.....

Signature, if required .....

Crew member concerned

ALÞINGISMENN

kosnir í júní 1971.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, SF = Samtök frjálslyndra og vinstri manna).

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Reykjavík:
1. Jóhann Hafstein (S).
2. Geir Hallgrímsson (S).
3. Magnús Kjartansson (Ab).
4. Þórarinn Þórarinsson (F).
5. Gunnar Thoroddsen (S).
6. Auður Auðuns (S).
7. Gylfi Þ. Gíslason (A).
9. Magnús Torfi Ólafsson (SF).
10. Pétur Sigurðsson (S).
11. Einar Ágústsson (F).
12. Ragnhildur Helgadóttir (S).

Fyrir Vesturlandskjördæmi:
1. Ásgeir Bjarnason (F).
2. Jón Árnason (S).
3. Halldór E. Sigurðsson (F).
4. Friðjón Þórðarson (S).
5. Jónas Árnason (Ab).

Fyrir Vestfjarðakjördæmi:
1. Steingrímur Hermannsson (F).
2. Matthías Bjarnason (S).
3. Hannibal Valdimarsson (SF).
4. Bjarni Guðbjörnsson (F).
5. Þorvaldur Garðar Kristjánsson (S).

Fyrir Norðurlandskjördæmi vestra:
1. Ólafur Jóhannesson (F).
2. Gunnar Gíslason (S).
3. Björn Pálsson (F).
4. Ragnar Arnalds (Ab).
5. Pálmi Jónsson (S).

Fyrir Norðurlandskjördæmi eystra:
1. Gísli Guðmundsson (F).
2. Magnús Jónsson (S).
3. Ingvar Gíslason (F).
4. Stefán Valgeirsson (F).
5. Lárus Jónsson (S).
6. Björn Jónsson (SF).

Fyrir Austurlandskjördæmi:
1. Eysteinn Jónsson (F).
2. Lúðvík Jósefsson (Ab).
3. Páll Þorsteinsson (F).
4. Sverrir Hermannsson (S).
5. Vilhjálmur Hjálmarsson (F).

Fyrir Suðurlandskjördæmi: 1. Ingólfur Jónsson (S).
2. Ágúst Þorvaldsson (F).
3. Guðlaugur Gíslason (S).
4. Björn Fr. Björnsson (F).
5. Garðar Sigurðsson (Ab).
6. Steinþór Gestsson (S).

Fyrir Reykjaneskjördæmi: 1. Matthías Á. Mathiesen (S).
2. Jón Skaftason (F).
3. Oddur Ólafsson (S).
4. Gils Guðmundsson (Ab).
5. Jón Ármann Héðinsson (A).

B. Landskjörnir þingmenn.

1. landskjörinn þingmaður: Eggert G. Þorsteinsson (A).
2. — — Pétur Pétursson (A).
3. — — Bjarni Guðnason (SF).
4. — — Svava Jakobsdóttir (Ab).
5. — — Stefán Gunnlaugsson (A).
6. — — Helgi Friðriksson Seljan (Ab).
7. — — Karvel Pálmason (SF).
8. — — Benedikt Gröndal (A).
9. — — Ellert B. Schram (S).
10. — — Geir Gunnarsson (Ab).
11. — — Ólafur G. Einarsson (S).

C. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur:

Fyrir Alþýðubandalagið: Jón Snorri Þorleifsson.
Sigurður Magnússon.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Sigurður E. Guðmundsson.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Tómas Karlsson.
Baldur Óskarsson.

Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Inga Birna Jónsdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Birgir Kjaran.
Geirþrúður H. Bernhöft.
Þorsteinn Gíslason.
Gunnar J. Friðriksson.
Ragnar Júlíusson.
Hjörtur Jónsson.

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Skúli Alexandersson.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Alexander Stefánsson.
Daníel Ágústínusson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Ásgeir Pétursson.
Kalman Stefánsson.

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn: Halldór Kristjánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Hjördís Hjörleifsdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Ásberg Sigurðsson.
Arngrímur K. Jónsson.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:

Fyrir Alþýðubandalagið: Hannes Baldvinsson.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Magnús Gíslason.
Stefán Guðmundsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Eyjólfur Konráð Jónsson.
Jóhannes Guðmundsson.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:

Fyrir Framsóknarflokkinn: Jónas Jónsson.
Ingi Tryggvason.
Heimir Hannesson.

Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Benóný Arnórsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Halldór Blöndal.
Jón G. Sólnes.

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Sigurður Blöndal.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Tómas Árnason.
Kristján Ingólfsson.
Þórður Pálsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Pétur Blöndal.

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Sigurður Björgvinsson.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Hafsteinn Þorvaldsson.
Jón Helgason.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Einar Oddsson.
Gísli Gíslason.
Helgi Jónsson.

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Karl G. Sigurbergsson.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Karl Steinar Guðnason.

Fyrir Framsóknarflokkinn: Björn Sveinbjörnsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Axel Jónsson.
Ingvar Jóhannsson.
Benedikt Sveinsson.

Varamenn landskjörinna þingmanna:

Fyrir Alþýðubandalagið: Stefán Jónsson.
Sigurður Björgvinsson.
Hannes Baldvinsson.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Bragi Sigurjónsson.
Birgir Finnsson.
Karl Guðjónsson.
Erling Garðar Jónasson.

Fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: Halldór S. Magnússon.
Haraldur Henrysson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Halldór Blöndal.
Eyjólfur Konráð Jónsson.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. október 1971.

Nr. 231. 11. nóvember 1971.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Frá og með mánudegi 8. nóvember 1971 verður gjald fyrir afnot stöðumælareita á Hverfisgötu, vestan Ingólfsstrætis, fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarksstöðutími 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. nóvember 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 232. 18. nóvember 1971.

AUGLÝSING

um umferð á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 verða frá og með 15. desember umferðarljós sett í notkun á gatnamótum flugvallarvegar, Vesturbrautar og Austurbrautar á Keflavíkurflugvelli.

Tilkynnist þetta öllum, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn, Keflavíkurflugvelli, 18. nóvember 1971.

Björn Ingvarsson.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Danmerkur og Hollands.

Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

19. nóvember 1971. Nr. 234.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur frá Bræðraparti á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. nóvember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur frá Bræðraparti á Akranesi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Jóns Gunnlaugssonar og Guðlaugar Gunnlaugsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins lagt fram af börnum þeirra: Ingunni M. Jónsdóttur Freeberg, Jóni Kr. Jónssyni og Ólafi Jónssyni, sem teljast stofnendur sjóðsins, er landareignin Bræðrapartur á Akranesi með öllum gögnum og gæðum, að undanskildu íbúðarhúsinu Bræðrapartur og lóð umhverfis það, sem áður hefur verið selt og afsalað. Með landareigninni fylgja allir leigusamningar, sem nú eru í gildi.

Heimilisfang sjóðsins er Akranes.

3. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er, að stuðla að því að komið verði á fót og starfrækt á Akranesi, fiskiðnaðarskóli er hafi það hlutverk að annast kennslu í meðferð og vinnslu sjávarafurða og öðru því er að sjávarútvegi lýtur.

Enn fremur að styrkja efnilega nemendur til náms og framhaldsnáms í nefndum fræðum.

4. gr.

Umsókn um styrk úr minningarsjóðnum skal vera skrifleg og send stjórn sjóðsins. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um aldur og efnahag umsækjanda, til hvers á að nota styrkinn og annað sem stjórn minningarsjóðsins telur nauðsynlegt.

5. gr.

Höfuðstólinn eins og hann er á hverjum tíma má aldrei skerða.

Allur kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

Heimilt er að hefja styrkveitingar þegar ákveðið hefur verið að reisa skóla þann er um ræðir í 3. gr., eða þegar meiri hluti sjóðstjórnar ákveður.

Úthluta má allt að 80% af hreinum tekjum sjóðsins árlega. Því, sem ekki er úthlutað, skal leggja við höfuðstólinn.

6. gr.

Eignir sjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir og framlög, sem honum kunna síðar að berast frá einstaklingum eða fyrirtækjum.

Sjóðstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins. Laust fé skal hún ávaxta í ríkistryggðum bréfum eða ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

Sjóðstjórnin hefur heimild að selja af fasteignum sjóðsins, en andvirði hins selda má ekki skerða.

7. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skipa 5 menn og 5 til vara. 3 tilnefndir af stofnendum sjóðsins eða af nánustu afkomendum þeirra á hverjum tíma og gildir tilnefning þeirra ævilangt, forseti bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar og sóknarprestur Akraness.

Aðalmenn tilnefna varamenn hver fyrir sig, sem tekur þátt í stjórnarstörfum í forföllum aðalmanns. Þá geta stjórnarmenn, til tilnefndir eru af stofnendum sjóðsins, ákveðið á hverjum tíma hver af þeirra varamönnum mætir, (eða hverjir, ef fleiri en 1 þeirra eru forfallaðir.)

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Fram til þess tíma, að farið verður að úthluta styrkjum úr minningarsjóðnum, fá stjórnarmenn enga þóknun fyrir störf sín. En eftir að úthlutun hefst, hafa stjórnarmenn rétt til vægrar þóknunar, sem þarf þá samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Sjóðstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók, og skráir þar allar ákvarðanir, sem teknar eru varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

Í fundargerð skal færa skrá yfir allar úthlutanir úr minningarsjóðnum og nöfn þeirra, er styrks verða aðnjótandi.

Ályktanir sjóðstjórnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef meiri hluti sjóðstjórnar er sammála um þær.

8. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sér um reikningshald, innheimtir tekjur sjóðsins og sér um allar greiðslur. Gengið skal frá ársreikningum innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir færðir inn í fundargerðabókina.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna.

Nafni sjóðsins, tilgangi, skv. 3. gr. og ráðstöfun skv. 10. gr. má þó aldrei breyta.

10. gr.

Verði ekki í náinni framtíð stofnaður skóli, sá, er um ræðir í 3. gr. en sjóðstjórnin er öll sammála um að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans renna til deildar Slysavarnafélags Íslands á Akranesi. Hafi deildin á Akranesi verið lögð niður, skulu eignirnar renna til Slysavarnafélags Íslands.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. nóvember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Æskulýðs- og sumarbúðirnar að Ölver er sjálfseignarstofnun með lögheimili í Melasveit, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru sumarbúðirnar að Ölver ásamt tilheyrandi innbúi og lóðarréttindum. Stofnunin tekur að sér greiðslu áhvílandi skulda.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er starfræksla æskulýðs- og sumarbúða á kristilegum grundvelli, svo og önnur kristileg starfsemi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð 7 mönnum og 1 til vara frá Akranesi og 1 frá Reykjavík. A. m. k. helmingur stjórnar skal hafa búsetu á Akranesi.

Stjórnina skipa: Kristrún Ólafsdóttir, sem er sjálfkjörin formaður stjórnar ævilangt eða svo lengi sem hún óskar. Fulltrúi K.F.U.M. á Akranesi. Fulltrúi K.F.U.K. á Akranesi. Fulltrúi Skógarmanna K.F.U.M. Fulltrúi Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík. Tveir í viðbót, er Kristrún Ólafsdóttir kveður til í fyrsta sinn.

Stjórnarmeðlimir skulu valdir til þriggja ára og ganga úr tveir og tveir í einu ár hvert og síðar þrír þriðja hvert ár, í fyrsta sinn eftir hlutkesti.

Stjórn Ölvers kveður til menn í stjórn í stað þeirra, sem úr eiga að ganga, fulltrúa félaganna þó að fengnu samþykki viðkomandi félagsstjórnar. Í fyrsta sinn gegnir Kristrún Ólafsdóttir hlutverki stjórnar við stjórnarskipun.

Fráfarandi stjórnarmeðlimur skal ekki hafa áhrif á skipun í stjórn.

5. gr.

Að öðru leyti en um getur í 4. grein velur stjórnin formann, varaformann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Í atkvæðagreiðslum innan stjórnarinnar ræður einfaldur meirihluti, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

6. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim. Ritari heldur gerðabók yfir það, sem gerist á stjórnarfundum. Gjaldkeri annast fjárreiður félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar á aðalfundi, og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Stjórnin skuldbindur stofnunina með undirskrift eigi færri en 4 stjórnarmeðlima.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok febrúar ár hvert. Að honum loknum skal afrit af starfsskýrslu og reikningum sent stjórnum félaga þeirra, er fulltrúa eiga í stjórninni.

8. gr.

Til að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki a. m. k. 5 stjórnarmeðlima. Kristrún Ólafsdóttir hefur neitunarvald gegn slíkum breytingum.

Nr. 236. 24. nóvember 1971.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Þorvaldsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þorvaldsdalsár. Heimili þess og varnarþing er í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Þorvaldsdalsá. Árskógshreppi, Eyjafirði, en þær eru Stærri-Árskógur, Kleif, Brattavellir, Vallholt, Sólvangur, Litli-Árskógur, Brimnes, Birnunes, (afrétt) Árskógshreppur og Arnarneshreppur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

24. nóvember 1971. Nr. 237.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Vestur-Eyfellinga.

1. gr.

Félagið heiti Veiðifélag Vestur-Eyfellinga. Heimili þess og varnarþing er Vestur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Rimhúsaál, Írá, Miðskálaá, Fosslæk, Kelduál, Fitarál, Hofsá og öðrum lækjum sem í vatnasvæðið falla, en þær eru: Varmahlíð, Vallatún, Ormskot, Holt, Efsta-Grund, Mið-Grund, Syðsta-Grund, Indriðakot, Hellnahóll, Efsta-Kot, Moldnúpur, Skálakot, Ásólfsskáli, Björnskot, Rimhús, Yzti-Skáli I, Yzti-Skáli II, Yzti-Skáli III, Yzti-Skáli IV, Mið-Skáli I, Mið-Skáli II, Mið-Skáli III, Núpur I, Núpur II, Núpur III, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Fit, Fitjamýri, Seljaland, Eystra-Seljaland, Ytra-Seljaland og Seljalandssel.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Félagið er bundið þeim fyrirvara, að ef veiðifélag yrði stofnað um allt vatnasvæði Holtóss, yrði þetta félag hluti þess félags.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, hinir meðstjórnarmenn með hlutkesti á sitt hvoru ári, og síðan með sömu röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, hlutkesti ráði, og hinir hitt árið.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veititíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

9. gr.

Arði af sameininlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 238. 25. nóvember 1971.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Skorradalshrepps.

I. KAFLI

Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallizt á tillögur skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi vegi eftir þörfum um sumarbústaðalönd, og leggi fram land undir sameiginlegt útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda er skipta á og samþykki hennar nær til. Lóðarmörk mega ekki vera nær vatnsborði Skorradalsvatns þegar vatnsborðið er í 67 m hæð, en 15 m, að öðru leyti vísast til 20. gr. náttúruverndarlaga frá 16. apríl 1971.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, skv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt af hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali. Á uppdrætti skal sýna :

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða, bílskýlis eða bátaskýlis, ef um slíkt verður að ræða. (Lágmarks stærð bílastæðis skal vera sú, að 2 bifreiðar geti lagt á stæðinu).
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0.5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m².

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða, skv. 1. mgr. sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villzt.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m². Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.

4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan útbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafizt þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara. Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslum, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villzt.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi: Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 5000.00 síðan kr. 500.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 17 500.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.

    Auk þessa er hreppsnefnd heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 500.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæzlu og eftirlits. Á gjöld samkvæmt grein þessari má koma álag, sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.
11. Landeigendum er skylt að standa skil á öllum gjöldum leigutaka sinna til sveitarsjóðs.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagasamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr. þó eigi stærri en 50 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 19/1959 um réttindi og skyldur sameigenda. Einnig áskilur hreppsnefnd sér vald til að banna allt hundahald á sumarbústaðasvæðum.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands selja það, með eða án mannvirkja, og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Skorradalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. nóvember 1971. Nr. 239.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. nóvember 1971 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Selfoss, sem gildir fyrir Selfosshrepp.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. nóvember 1971. Nr. 240.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélagið Skálavatnsveitu.

1. gr.

Félagið heitir Skálaveitan. Heimili þess og varnarþing er í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum félagsmanna fyrir vatni til heimilis og í gripahús, er tilheyra búrekstri jarðanna.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur jarðanna Öngulsstaðir I, Öngulsstaðir III, Staðarhóll, Garður og Höskuldsstaðir. Hver stofnandi greiði 1000.00 kr. sem stofngjald og telst hann þá þegar fullgildur stofnandi og er félagið skylt að láta honum í té ⅕ hl. af því vatni, er það hefur til umráða í dreifistöð.

4. gr.

Ábúendur fleiri býla má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagar og öll önnur gjöld sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn.

5. gr.

Stofnkostnaður á aðalæð og sameiginlegum mannvirkjum félagsins greiðist í hlutföllunum ⅕ hl. á býli. Skal hann greiddur með stofngjöldum og öðrum framlögum félagsmanna svo og væntanlegum styrk. Í sömu hlutföllum greiðist viðhald og viðbætur á aðalæð og brunnum.

Gjöld þessi má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef félagsmaður krefst þess, enda greini hann tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega. Á félagsfundum ræður einfaldur meiri hluti.

8. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert og telst hann lögmætur, ef ⅗ hl. félagsmanna sækir hann. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír í stjórn og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

9. gr.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum. Færa skal gerðabók stjórnar- og félagsfunda. Fundargerðir lesnar upp í lok hvers fundar og undirritaðar að lokinni samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér og um viðhald og viðgerðir á aðalleiðslu og brunnum.

Lagningu og viðhald heimæða, svo og umbúnað í húsum annast hver félagsmaður hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi enda hafi breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅗ hl. samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Skálavatnsveita, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Borgarfjarðarkauptúni.

Hámarkshraði ökutækja í Borgarfjarðarkauptúni í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal vera 35 km á klst. á þjóðveginum frá Árbæ suður fyrir kirkjuna, svo og á þjóðveginum frá Bakkamel að vegamótum við félagsheimilið.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. desember 1971. Nr. 242.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, en það nær yfir Hafnarfjörð, Garðahrepp og Bessastaðahrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 28, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði. Vinnuveitendasambands Íslands, bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu.

3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, sem Félag vörubílaeigenda rekur í Hafnarfirði, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði veitir Félag vörubílaeigenda, Hafnarfirði, viðtöku á nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 28. Gildar umsóknir skulu teknar til greina

aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabíla. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 243. 3. desember 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 28 9. febrúar 1963, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þingeyrarkauptún, nr. 33 14. marz 1958.

1. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerðinni hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 59 26. marz 1965, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.

1. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerðinni hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

3. desember 1971. Nr. 245.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 167 16. september 1963, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu, nr. 83 11. maí 1953.

1. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerðinni hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

frá fjármálaráðuneytinu um gildistöku aðalmats fasteigna 1970.

Aðalmati fasteigna samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963 var lokið í októbermánuði 1970. Matsgrundvöllur miðaðist við verðlag um áramótin 1969 og 1970.

Fasteignamatsskrár voru lagðar fram 22. október 1970. Kærufrestur vegna matsins var framlengdur til 20. desember 1970 og kæruúrskurðum allra fasteignamatsnefnda var að fullu lokið í marzmánuði 1971.

Meðferð yfirfasteignamatsnefndar á kærum, sem henni bárust, lauk 28. maí 1971.

Þannig var aðalmat fasteigna 1970 staðfest af fjármálaráðherra 23. júní 1971, en gildistöku frestað.

Því tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, að aðalmat fasteigna 1970 tekur gildi í lögskiptum lögum samkvæmt frá og með 31. desember 1971 að telja.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 247. 21. desember 1971.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Keflavík:

1. Sett verða stöðvunarskyldumerki B - 13 á gatnamót Hringbrautar og Skólavegar og einnig á gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu, beggja megin Hringbrautar.
2. Sett verða biðskyldumerki A - 4 á gatnamót Duusgötu og Vesturgötu, þannig að Vesturbraut sé aðalbraut.
3. Sett verða gangbrautarmerki með ljósi við gangbrautina móts við Hringbraut 55.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. janúar 1972. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 21. desember 1971.

Alfreð Gíslason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá sundstaða í Reykjavík, nr. 312 29. desember 1969.

I. **Fullorðnir:**		
Einstakir miðar	kr.	25.00
Afsláttarmiðar (10 stk.)	—	170.00
II. **Börn:**		
Einstakir miðar	—	10.00
Afsláttarmiðar (10 stk.)	—	60.00
III. **Gufuböð**	—	60.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	20.00
IV. **Sundnámskeið** (20 st.):		
Fullorðnir	—	600.00
Börn	—	400.00
V. **Íþróttafélög:**		
16 ára og eldri — 10 skipti	—	100.00
Yngri en 16 ára — 10 skipti	—	50.00

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 321 30. desember 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. desember 1971. Nr. 249.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Reykjavíkur.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans í Reykjavík, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram, samkv. bókum byggingarfulltrúans í Reykjavík.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Sá vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum, sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið vera 100% hærra pr. rúmmeter heldur en krafizt er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökunnar.

Um nánari atriði viðvíkjandi álagningu aukavatnsskatts vísast til ákvæða reglugerðar nr. 39 13. marz 1959 um Vatnsveitu Reykjavíkur.

3. gr.

Vatnssala til Reykjavíkurhafnar.

Borgarráð ákveður endurgjald hafnarsjóðs til Vatnsveitu Reykjavíkur vegna vatnsafnota, en hafnarstjórn ákveður gjaldið, sem einstakir notendur verða að greiða vegna vatnstöku úr vatnsdreifikerfi hafnarinnar.

Endurgjaldið, reiknað sem kr. pr. m^3 vatns, skal þó aldrei nema lægri upphæð, en krafizt er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum að viðbættum 100%.

Ef til kæmi, að Reykjavíkurhöfn byggði vatnsgeyma á hafnarsvæðinu, til þess að auðvelda og flýta vatnsafgreiðslu til skipa, er heimilt að lækka gjaldið samkv. 3. gr., 2. mgr., um allt að 50%.

4. gr.

Heildsala á vatni til sveitarfélaga.

Sé vatn selt til annarra sveitarfélaga skal endurgjald fyrir vatnsafnotin ákveðið með samkomulagi aðila eða eftir mati, náist eigi samkomulag.

Við ákvörðun endurgjaldsins skal tekið tillit til hlutfallsins milli mesta, meðal og minnsta álags, sem vatnssalan leggur á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur.

Komi vatnskaupandinn upp miðlunargeymum, sem leyfa takmörkun á vatnsrennsli til hans að degi til, skal tekið tillit til þess við ákvörðun endurgjaldsins.

Endurgjaldið skal aldrei vera minna en sannanlegur kostnaður Vatnsveitu Reykjavíkur af vatnsvinnslu og dreifingu vegna þessarar vatnssölu, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

5. gr.

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.15% (0.15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst 4.80, en mest 7.20 kr./m³
Vörugeymslur:	Minnst 3.60, en mest 8.40 kr./m³
Aðrar byggingar:	Minnst 4.80, en mest 8.40 kr./m³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 750.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmeter vatns.

Borgarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gildistími reglugerðar.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal á árinu 1972 vera 15. febrúar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík. nr. 200 24. des. 1957, með breytingum nr. 200 30. des. 1958, breytingum nr. 291 31. des. 1964, breytingu nr. 17 22. janúar 1966 og breytingu nr. 314 30. des. 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um leigu eftir íbúðarhúsalóðir í Reykjavík.

1. gr.

Ársleiga eftir lóðir, sem Reykjavíkurborg leigir til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 0.5% — fimm af þúsundi. — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1972 skal leiga samkv. 1. gr. vera 0.25% — tveir og hálfur af þúsundi — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar nr. 86 16. des. 1943, sbr. breyting frá 23. des. 1971, og öðlast hún gildi 1. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 251. 27. desember 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Kumbaravogs, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 27. desember 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Kumbaravogs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Kumbaravogs, Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þeim tilgangi að styrkja til náms börn, sem komið hefur verið fyrir að Kumbaravogi af barnarverndarnefndum víðs vegar af landinu.

3. gr.

Sjóðurinn aflar tekna með fjárframlögum einstaklinga og félaga, sem styrkja vilja sjóðinn.

4. gr.

Sjóðstjórn er skipuð 3 mönnum, þar sem afl atkvæða ræður úrslitum. Einn skal skipaður af barnaverndarnefnd Stokkseyrarhrepps, annar skólastjóri Hlíðardalsskóla Ölfusi og þriðji skal vera forstöðumaður, eða forstöðukona Kumbaravogs.

Stjórnin skiptir þannig með sér störfum:
Formaður: Skólastjóri Hlíðardalsskóla. Gjaldkeri: Forstöðumaður eða forstöðukona Kumbaravogs. Ritari: Fulltrúi barnaverndarnefndar Stokkseyrarhrepps. Formaður boðar til fundar, þegar þurfa þykir, og skulu fundargerðir færðar í fundargerðabók.

5. gr.
Heimil er ráðstöfun árlegra tekna sjóðsins samkvæmt framanrituðu.

6. gr.
Endurskoðandi sjóðsins skal vera sóknarprestur Eyrarbakka- og Stokkseyrarhrepps.

7. gr.
Þegar sjóðurinn hefur lokið hlutverki sínu, þ. e. þegar starfsemi hans hefur verið lögð niður, skal sú fjárhæð, sem í honum kann þá að vera, renna í Hjálparsjóðs æskufólks, sem áður hefur verið skrásettur.

8. gr.
1. og 2. grein má ekki breyta.

9. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

28. desember 1971. Nr. 252.

REGLUGERÐ
um orlof.

1. gr.
Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum.

2. gr.
Póststjórnin gefur út orlofsmerki að verðgildi 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur, 50 krónur, 100 krónur og 500 krónur.
Stærð merkjanna skal vera 20.5 × 24.5 mm. Á merkinu skal standa verðgildi þess og orðið: ORLOF. Lit merkjanna og nánari gerð þeirra ákveður póststjórnin. Orlofsmerki skulu vera til sölu á öllum póstafgreiðslum í landinu.

3. gr.
Póststjórnin gefur út orlofsbækur til varðveizlu orlofsmerkja. Bækurnar skulu vera í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár. Á titilblaði bókarinnar skal vera rúm fyrir nafn bókareiganda, heimilisfang hans og nafnnúmer svo og nafn stéttarfélags hans.
Í bókinni skulu vera hæfilega margar síður með reitum fyrir orlofsmerki. Aftast á hverri síðu skal vera dálkur fyrir fjárhæð merkja í hverri röð og heildarverð merkja á síðunni.
Eyðublöð fyrir vottorð vegna orlofstöku skulu vera aftast í bókinni.

4. gr.
Orlofsbækur skulu vera til afhendingar ókeypis í öllum póstafgreiðslum. Halda skal skrá yfir þá, sem fá orlofsbækur afhentar og skal sá, sem tekur við orlofsbók kvitta fyrir móttöku hennar á þar til gerð eyðublöð.

Titilblað bókarinnar skal orlofsþegi útfylla í viðurvist þess er afhendir honum bókina.

Orlofsbók gildir aðeins fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint á titilblaði bókarinnar og má aðeins festa í hana orlofsmerki fyrir vinnu í því orlofsári.

Hrökkvi orlofsbók ekki fyrir ársnotum, skal afhenda orlofsþega nýja bók.

5. gr.

Atvinnurekandi kaupir orlofsmerki og greiðir orlofsfé með þeim. Fer greiðsla þess fram hvert skipti, sem útborgun vinnulauna á sér stað eða eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Orlofsfé greiðist í heilum krónum þannig að 50 aurar teljast heil króna en færri aurum sleppt. Launagreiðandi skal sjálfur festa orlofsmerki í orlofsbók og stimpla þau eða árita upphafsstöfum sínum.

6. gr.

Þegar orlofsþegi ætlar í orlof, ritar atvinnurekandi hans á til þess gert blað í orlofsbókinni vottorð um það hvaða daga hann verði í orlofi.

Nú er maður ekki í starfi þegar hann vill fara í orlof eða hættur að starfa í þjónustu annarra og skal hann þá snúa sér til sveitarstjórnar og gefa yfirlýsingu um, að hann ætli að fara í orlof tiltekna daga og ritar þá fulltrúi sveitarstjórnar vottorð í orlofsbók hans um það.

7. gr.

Óheimilt er starfsmanni að vinna í orlofi sínu fyrir kaupi í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum. Það teljast skyldar starfsgreinar, þar sem vinna sú, sem framkvæmd er, reynir á svipaðan hátt á starfsþol manna. Þannig teljast að þessu leyti skyldar starfsgreinar hvers konar útivinna í sveit við heyskap, jarðabætur, húsagerð, mótak, torfskurð og annað slíkt og enn fremur hvers konar grjótvinna, vegagerð og gatnagerð, járnsmíðar, húsasmíðar, steinhögg og steinsteypuvinna, skurðgröftur og hvers konar jarðvinna með handverkfærum. Skyldar starfsgreinar teljast enn fremur þessu samkvæmt hvers konar sjósókn og siglingar, fiskveiðar og fiskverkun, frystihúsavinna, uppskipun með vélum og önnur hafnarvinna og þess háttar. Þá teljast skyldar starfsgreinar ritstörf, skrifstofustörf, búðarstörf, prentvinna, prófarkalestur, bókband, létt verksmiðjuvinna innanhúss, gistihúsa- og veitingahúsavinna og önnur innanhússtörf, sem ekki reyna mjög á líkamskrafta manna, bifreiðaakstur, húsgagnagerð, klæðasaumur, gull- og silfursmíðar, skósmíðar, söðlasmíðar og önnur létt handverk o. s. frv.

8. gr.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. des. 1971 um orlof til þess að öðlast gildi 1. janúar 1972 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um orlof nr. 101 19. maí 1943 og reglugerð nr. 48 26. marz 1957 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1972 samkvæmt eftirfarandi lista:

Tollskrárnr.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1972
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna	kr. 5 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	— 25 000 000
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	
17.04.05	Karamellur	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó	
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkat	— 5 000 000
22.03.00	Öl gert úr malti, sem inniheldur 2¼% af vínanda að rúmmáli eða minna	— 5 000 000
25.23.00	Portlandssement, alumínatsement, slaggsement og annað hydrolisert sement, einnig litað eða sem sementsgjall	10 000 tonn
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	120 tonn
Ex 59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og virmanilla	290 tonn
Ex 85.01.09	Spennar, þó ekki rafsuðuspennar	— 11 000 000
Ex 94.01.09	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02 eða sæti í farartæki	— 35 000 000
94.03.09	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra	
94.04.04	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar, stoppaður húsbúnaður með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni eða úr blásnu gúmmíi, frauð- eða svampgúmmíi, eða úr blásnu plasti, frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar)	
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	— 3 000 000
Ex 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1972.

Viðskiptaráðuneytið, 27. desember 1971.

Lúðvík Jósefsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um nám og störf sjúkraliða.

I. KAFLI

Markmið og stjórn sjúkraliðaskóla.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari og með leyfi ráðherra er deildaskiptum sjúkrahúsum heimilt að starfrækja sjúkraliðaskóla.

2. gr.

Hlutverk skólans er að kenna fólki einföld hjúkrunarstörf, er það síðan vinnur undir stjórn hjúkrunarkvenna.

3. gr.

Forstöðukona sjúkrahússins er skólastjóri skólans og ber ábyrgð á honum gagnvart heilbrigðisráðuneytinu.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði.

4. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið lokaprófi skyldunámsins.
3. Umsækjandi skal vera heilsugóður andlega og líkamlega.

5. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda forstöðukonu.

Umsókn skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli (vinnuveitanda eða skólastjóra).

III. KAFLI

Námstími og námsefni.

6. gr.

Námstími skólans skal vera 1 ár, þar með talið sumarleyfi.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Í byrjun hvers skólaárs skal vera 5 vikna bóklegt námskeið með 130—140 kennslustundum. Námsefni sem þá er eftir, skal dreifa á 7—8 mánuði.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Almenn hjúkrunarfræði:		
Bókleg kennsla og sýnikennsla	28	stundir
Verklegar hjúkrunaræfingar	42	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	26	—
Heilsufræði og heilsuvernd	30	—
Frumatriði í skyndihjálp	8	—
Hjúkrun gamalmenna	8	—
Siðfræði	10	—
Sjúkdómafræði	12	—
Sálarfræði	12	—
Næringarefnafræði, sérfæði	8	—
Starfsstellingar	4	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferðalög o. fl.	20	—
	Alls 208	stundir

7. gr.

Próf skulu vera í þremur námsgreinum: Hjúkrunarfræði, líffæra- og lífeðlisfræði og heilsufræði og heilsuvernd.

Skrifleg próf skulu vera í líffæra- og lífeðlisfræði og heilsufræði og heilsuvernd, er kennslu í þeim námsgreinum er lokið.

Skrifleg og verkleg próf í hjúkrun skulu fara fram í lok skólaársins.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10.

Til að standast próf þarf einkunnina 5 í öllum greinum.

8. gr.

Heilbrigðisráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur forstöðukonu um prófdómara.

9. gr.

Nemendur eru í verknámi á hinum ýmsu deildum sjúkrahússins. Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn einkunn, er deildarhjúkrunarkona gefur.

10. gr.

Nemendur skulu fá greidd laun, sem svarar til 60% af byrjunarlaunum sjúkraliða.

Veikindaleyfi skal vera 2 vikur og sumarleyfi í samræmi við lög um orlof.

11. gr.

Nemandi, sem stenzt próf, hlýtur prófskírteini og starfsheitið sjúkraliði með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

Sjúkraliði hefur rétt til að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við ákvæði námsskrár um námsefni, en ekki önnur störf. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

Ráðherra getur og veitt sjúkraliðum með erlent sjúkraliðanám ríkisviðurkenningu og leyfi til starfa.

IV. KAFLI
Um rekstur skólans.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fyrir kennslu og próf. Sjúkrahúsið greiðir námslaun, kennsluefni og kennsluaðstöðu.

V. KAFLI
Starfssvið sjúkraliða.

13. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarkonu.

Störf sjúkraliða í sjúkrahúsum.

Umbúnaður. Búið upp autt rúm. Búið um og skipt um lín á rúmum þeirra sjúklinga, sem minna eru veikir. Aðstoð við umbúnað og skiptingu á mikið veikum sjúklingum.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkeri og í rúmi. Aðstoð við að baða mikið veika sjúklinga í rúmi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgzt með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.

Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.

Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.

Aðstoð við framreiðslu matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíð. Sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.

Aðstoð við umbúnað líks.

Umbúðir gerðar.

Tekið við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.

Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.

Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum, baðherbergjum og líni. Hreinsun ýmissa hjúkrunargagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.

Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

VI. KAFLI

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 42 12. maí 1965, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 325 frá 12. nóvember 1965.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Stofnunin skiptist fyrst um sinn í fimm stofur, sem starfa á eftirtöldum sviðum:

Á eftir IV. tölulið sömu greinar komi nýr liður, svo hljóðandi:

V. **Reiknistofa,** (þjónustu- og rannsóknastofa í hagnýtingu rafreikna).

Starfssvið: Reikniþjónusta við Háskóla Íslands, einkum við rannsóknastarfsemi allra deilda og stofnana Háskólans, og við aðila utan hans, rannsóknir og kennsla, er snerta hagnýtingu rafreikna.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Forstöðumanni reiknistofu til ráðuneytis skulu vera þrír menn, tilnefndir til eins árs í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af háskólaráði úr hópi fastra kennara annarra háskóladeilda en verkfræði- og raunvísindadeildar, annar tilnefndur af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar úr hópi fastra kennara deildarinnar og hinn þriðji af menntamálaráðuneytinu fyrir aðila utan háskólans, sem notfæra sér þjónustu reiknistofunnar. Skulu þeir koma saman til fundar ásamt forstöðumanni eigi sjaldnar en ársfjórðungslega til að ræða notkunarsvið og verkefni rafreiknis reiknistofunnar. Þá skulu þeir og gera tillögur um breytingar á gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofunnar. Heimilt er háskólaráði að tilnefna tvo menn til viðbótar forstöðumanni til ráðuneytis.

3. gr.

Upphafsmálsgrein 5. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skipa sjö menn sem hér segir:

b-liður sömu greinar orðist svo:

Fimm forstöðumenn rannsóknastofanna.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum reiknistofu.

Á eftir setningunni „Öflun tekna á þennan hátt og ráðstöfun þeirra er háð samþykki stjórnarinnar", komi tvær nýjar setningar, svo hljóðandi:

Eigin tekjum reiknistofu skal varið í þágu starfsemi á vegum stofunnar. Gjaldskrá reiknistofu skal lögð fram árlega með fjárlagatillögum Raunvísindastofnunar og auglýst.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1972 að telja. Við gildistöku hennar er Reiknistofnun háskólans lögð niður, en Raunvísindastofnun háskólans tekur við hlutverki hennar og eignum.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1971.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. **Hafnarfjarðarvegur** frá brúm við Nýbýlaveg suður fyrir Fífuhvammsveg um gjá á Kópavogshálsi (nýlagður vegur nema á svæðinu milli Kópavogsbrautar og Fífuhvammsvegar). Aðalbraut samkvæmt 2. mgr. sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda), nema við innakstur til norðurs rétt sunnan eystri brúar við Nýbýlaveg, þar sem ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gildi (biðskylda). Bann við stöðvun og stöðu ökutækja, bann við framúrakstri. Fyrir sunnan þann stað, sem vegir tengjast í eina akbraut sunnan brúa við Nýbýlaveg sé ekið í báðar áttir, fyrst um sinn ein akrein í hvora átt.

2. **Vegur á vestari gjáarbarmi** (gamli Hafnarfjarðarvegur): Einstefna til suðurs nema milli Hábrautar og Digranesbrúar, en á því svæði er heimilt að aka í báðar áttir. Bann við stöðu ökutækja, bann við framúrakstri norðan Digranesvegar/Borgarholtsbrautar. Vegurinn lokist við Borgarholtsbraut nema fyrir strætisvagna og áætlunarbifreiðir með fasta viðkomu í Kópavogi, þ. e. almenn umferð til suðurs eftir vegi þessum, fram hjá mótum Borgarholtsbrautar, er bönnuð. Umferð um veg þennan hafi stöðvunarskyldu samkvæmt 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Hafnarfjarðarveg (1. tölul.) og Kópavogsbraut, svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa stöðvunarskyldu við gatnamót Hábrautar.

3. **Kópavogsbraut**: Bann við vinstri beygju af Kópavogsbraut á Hafnarfjarðarveg.

4. **Tengivegur milli Hafnarfjarðarvegar og Vogatungu**: Einstefna til norðurs (norðausturs). Aðalbrautarréttur samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Vogatungu og Hrauntungu.

5. **Hlíðarvegur.** Hlíðarvegur lokist við Hafnarfjarðarveg (algjör lokun).

6. **Vogatunga:** Akstur í báðar áttir (tvístefnuakstur) milli Hlíðarvegar og Digranesvegar. Umferð um Vogatungu njóti aðalbrautarréttar samkv. 2. mgr. sbr. 3. mgr., 48. gr. umferðarlaga fyrir umferð Hrauntungu (sbr. niðurlag 4. töluliðar). Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr. sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

7. **Bráðabirgðavegur milli Digranesvegar og vegar að Félagsheimili:** Vegur þessi lokist við Digranesveg (algjör lokun). Einstefna til norðurs frá Digranesvegarbrú. Bann við framúrakstri.

8. **Skeljabrekka** (áður Dalbrekka): Akstur í báðar áttir (tvístefnuakstur). Umferð um Skeljabrekku skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr., 48. gr. umferðarlaga við vegamót Auðbrekku, Álfhólsvegar og vegar að Félagsheimili.

9. **Tengivegir vestan Digranesvegarbrúar:** Bönnuð hægri beygja af nyrðri tengivegi á þann syðri.

10. **Vegur að Félagsheimili:** Umferð um veginn víki fyrir umferð um Skeljabrekku og bráðabirgðaveg 7. (tölul.), sbr. niðurlag 8. töluliðar.

11. **Hraunbraut/Urðarbraut:** Hraunbraut lokist við Urðarbraut (algjör lokun).

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. desember 1971.

Sigurgeir Jónsson.

30. desember 1971. Nr. 257.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	8
2.	11
3.	21
4.	21
5.	32
6.	51
7.	74
8.	106
9.	143
10.	171

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi „2400 krónur“ í stað „1700 krónur“.

3. gr.

3. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 11.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 106.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 106.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 1550.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 143.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 171.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri 171.00 kr. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 15.50 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna	heimilisdráttarvélar	kr. 420
—	rafstöðvar	— 210
—	súgþurrkunartækis	— 210
—	heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 210
—	bifhjóls	— 690
—	reiðhjóls með hjálparvél	— 690

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1972. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 33 21. febrúar 1971, um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 258. 30. desember 1971.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1972.

Árið 1972 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, vera kr. 105.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 33⅓% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 43.75% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 282 31. október 1968 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. desember 1971. Nr. 260.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Austur-Skaftfellinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs Austur-Skaftfellinga.

1. gr.

Kaupfélag Austur-Skaftafellinga stofnar sjóð, sem nefnist Menningarsjóður Austur-Skaftfellinga. Kaupfélagið leggur honum til stofnfé kr. 40 000.00 og svo árlegt fjárframlag eftir því, sem stjórn þess leggur til hvert sinn og aðalfundur samþykkir. Tekið verður á móti fjárframlögum annars staðar frá, ef einhver vill efla sjóðinn á þann hátt.

Þá skal Minningarsjóður látinna félagsmanna, sem er í vörzlu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, falla til Menningarsjóðsins og hann meðal annars annast hlutverk Minningarsjóðs.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Formaður stjórnar skal kosinn á aðalfundi K.A.S.K., annar kosinn af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu og þriðji af Menningarsambandi Austur-Skaftfellssýslu. Skulu þeir kosnir þannig að aðeins einn gangi úr ár hvert.

Endurskoðendur skulu vera tveir og einn til vara. Tilnefnir stjórn K.A.S.K. og sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu sinn hvorn endurskoðanda en Menningarsamband Austur-Skaftafellssýslu einn til vara.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styðja að menningarmálum í héraðinu með fjárframlögum eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

4. gr.

Heimilt er að veita allt að ⅔ af árlegum tekjum sjóðsins hvert sinn sem fjárveiting fer fram. Þó getur fjárveiting orðið hærri, ef engin fjárveiting hefur farið fram næsta ár eða næstu ár á undan.

5. gr.

Komi til þess að sjóðurinn hætti að starfa, leggst fé hans í Varasjóð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, þó eftir nánari ákvörðun aðalfundar.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með samþykki ⅔ greiddra atkvæða.

Skipulagsskrá samþykkt þannig á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hinn 29. maí 1971.

Óskar Helgason, fundarstjóri. Skarphéðinn Pétursson, fundarritari.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1970.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1970.

Gjöld:

I.	Vélbátaflotinn:			
	Tjón	kr.	50 628 606.47	
	÷ Hluti endurtryggjenda	—	37 258 919.73	
		Kr.	13 369 686.74	
	Tjónavarasjóður til næsta árs kr. 59 875 290.00			
	÷ Hl. endurtrygg. — 41 064 167.00			
		—	18 811 123.00	
				kr. 32 180 809.74
II.	Skip Landhelgisgæzlunnar:			
	Tjón	kr.	5 094 603.55	
	÷ Hluti endurtryggjenda	—	4 829 088.40	
		Kr.	265 515.15	
	Tjónavarasjóður til næsta árs kr. 2 252 792.00			
	÷ Hl. endurtrygg. — 2 140 153.00			
		—	112 639.00	
				kr. 378 154.15
III.	Samsteypa ísl. fiskiskipatrygginga:			
	Tjón	kr.	4 628 839.30	
	Tjónavarasjóður til næsta árs	—	3 758 800.00	
		Kr.	8 387 630.30	
	÷ Tjónvarasjóður frá fyrra ári	—	2 447 000.00	
				— 5 940 639.30
IV.	Tjón v/ábyrgðar-, slysa og farangurstr.	kr.	162 021.90	
	Tjónavarsjóður til næsta árs	—	55 314.00	
				— 217 335.90
V.	Rekstrarkostnaður:			
	Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun	kr.	5 773 690.57	
	Aðstöðugjald	—	1 181 330.00	
		Kr.	6 955 020.57	
	÷ Hluti Bráðafúadeildar í kostnaði	—	1 443 422.50	
				— 5 511 598.07
VI.	Umboðslaun til bátaábyrgðarfél.	kr.	5 492 085.96	
	Umboðslaun v/báta yfir 100 rúml.	—	667 805.10	
	Umboðslaun áb.-, slysa- og fargangurstr.	—	139 079.00	
				— 6 298 970.06
VII.	Vaxtagjöld			— 1 490 935.00

VIII.	Afskriftir:					
	Lágmúli 9	10% af	3 000 000.00	kr.	300 000.00	
	Innréttingar	20% af	1 606 318.02	—	321 263.60	
	Skrifstofuáh.	12% af	1 139 012.48	—	136 681.50	
	Björgunaráh.	12% af	331 269.14	—	39 752.30	
	Bifreið, ½ ár	20% af	434 153.00	—	43 415.00	
					kr.	841 112.40
IX.	Tekjuafgangur				—	7 097 461.36
					Kr.	59 957 015.98

Tekjur:

I.	Vélbátaflotinn:					
	1. Tjónavarasjóður frá fyrra ári			kr.	20 890 372.00	
	÷ Hluti endurtryggjenda			—	15 688 603.00	
				Kr.	5 201 769.00	
	2. Iðgjöld	kr.	115 561 127.78			
	÷ Hl. endurtr.	—	79 143 395.80			
				—	36 417 731.98	
				Kr.	41 619 500.98	
	3. Yfirfært til vara fyrir iðgj.afsl.	kr.	6 000 000.00			
	÷ Hl. endurtr.	—	4 200 000.00			
				—	1 800 000.00	
					kr.	39 819 500.98
	4. Umboðslaun				—	10 200 437.50
II.	Skip Landhelgisgæzlunnar:					
	1. Tjónavarasjóður frá fyrra ári			kr.	2 521 780.00	
	÷ Hluti endurtryggjenda			—	2 492 478.00	
				Kr.	29 302.00	
	2. Iðgjöld	kr.	14 583 754.17			
	÷ Hl. endurtr.	—	13 686 471.46			
				—	897 282.71	
					—	926 584.71
	3. Umboðslaun				—	907 232.54
III.	Samsteypa ísl. fiskiskipatrygg. og báta í beinni tryggingu:					
	Iðgjöld				—	6 932 602.70
IV.	Iðgjöld ábyrgðar-, slysa- og farangurstr. ..			kr.	1 171 040.80	
	÷ Hluti endurtryggjenda			—	378 796.40	
					—	792 244.40
V.	Vaxtatekjur				—	308 413.15
VI.	Leiga á björgunartækjum				—	70 000.00
					Kr.	59 957 015.98

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1970.

Eignir:

I.	Sjóður	kr.	268 921.89	
	Innstæður í hlaupareikningum	—	2 559 043.00	
	Innstæður í sparisjóðsbókum	—	3 160 459.70	
				kr. 5 988 424.59
II.	Útistandandi skuldir			— 137 099 258.37
	Geymslufé v/ábyrgðar- og slysatrygginga			— 92 684.80
III.	Verðbréfaeign	kr.	925 000.00	
	Víxileign	—	3 821 757.50	
	Hlutabréf í Björgunarfél. hf.	—	230 000.00	
	Hlutabréf í Verzlanasambandinu hf.	—	10 000.00	
				— 4 986 757.50
IV.	Lágmúli 9	kr.	3 000 000.00	
	Lágmúli 9, innréttingar	—	1 606 318.02	
		Kr.	4 606 318.02	
	Fyrning til 31. des. 1970	—	1 863 790.80	
				— 2 742 527.22
V.	Skrifstofuáhöld	kr.	1 139 012.48	
	Fyrning til 31. des. 1970	—	874 182.94	
				— 264 829.54
	Björgunaráhöld	kr.	331 269.14	
	Fyrning til 31. des. 1970	—	151 136.95	
				— 180 132.19
				Kr. 151 354 614.21

Skuldir:

I.	Stofnfé ríkissjóðs			kr. 2 000.000.00
II.	Skuldheimtumenn			— 70 433 869.24
	Ógreiddur launaskattur	kr.	34 145.00	
	— söluskattur	—	5 288.00	
	— opinber gjöld	—	845 705.00	
				— 885 138.00
III.	Tjóna- og iðgjaldavarasjóður:			
	Vélbátaflotinn fyrir tjónum	kr.	59 875 290.00	
	Vélbátaflotinn fyrir iðgjöldum	—	6 000 000.00	
	Skip Landhelgisg. fyrir tjónum	—	2 252 792.00	
	Samtr. ísl. fiskisk.tr. fyrir tjónum	—	3 758 800.00	
	Áb.-, slysa- og farangurstr. fyrir tjónum	—	55 314.00	
		Kr.	71 942 196.00	
	÷ Hluti endurtryggjenda	—	47 404 320.00	
				— 24 537 876.00

IV. Höfuðstóll 31. des. 1969	kr.	46 400 269.61	
Tekjuafgangur 1970	—	7 097 461.36	
			kr. 53 497 730.97
			Kr. 151 354 614.21

Reykjavík, 7. júlí 1971.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1970 er saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður ásamt verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 7. júlí 1971.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 262.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1970.
(Bráðafúadeild).

Rekstrarreikningur frá 1 janúar til 31. desember 1970.

Gjöld:

Uppgerð tjón á árinu	kr.	9 749 004.40	
Tjónavarasjóður til næsta árs	—	13 688 324.00	
	Kr.	23 437 328.40	
Tjónavarasjóður frá fyrra ári	—	20 682 475.00	
			kr. 2 754 853.40
Rekstrarkostnaður samkv. sundurliðun	kr.	2 224 959.71	
Fúarannsóknir	—	42 286.60	
Aðstöðugjald	—	151 270.00	
			— 2 418 516.31
Vaxtagjöld			— 20 373.00
Afskr. af skrifst. áh. afg. .. 12% af 110 580.30	kr.	11 274.31	
Afskr. af rakaeyðingatæki .. 12% af 480 832.17	—	57 699.86	
			— 68 974.17
Hreinar tekjur			— 23 781 912.99
			Kr. 29 044 629.87

Tekjur:

Iðgjöld	kr.	28 062 569.00
Vaxtatekjur	—	982 060.87
	Kr.	29 044 629.87

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1970.

Eignir:

Innstæður á hlaupareikningum	kr.	1 689 523.40	
Innstæður í sparisjóðsbókum	—	25 520 531.00	
			kr. 27 210 054.40
Verðbréf			— 1 507 010.50
Víxileign			— 986 398.96
Útistandandi skuldir			— 47 201 093.02
Fúavarnarefni			— 87 831.90
Fyrirfr.gr. söluskattur			— 20 806.47
Eign í m/b Reyni			— 84 444.59
Skrifstofuáhöld	kr.	110 580.30	
Fyrning pr. 31. des. 1970	—	99 522.27	
			— 11 058.03
Rakaeyðingartæki	kr.	480 832.17	
Fyrning pr. 31. des. 1970	—	236 535.34	
			— 244 296.83
			Kr. 77 352 994.70

Skuldir:

Skuldheimtumenn			kr. 10 205 312.30
Ógreiddur kostnaður			— 6 000.00
Tjónavarasjóður til næsta árs	kr.	13 688 324.00	
Greitt upp í óuppgerð tjón	—	5 739 348.70	
			— 7 948 975.30
Höfuðstóll 31. des. 1969	kr.	35 410 794.11	
Tekjuafgangur 1970	—	23 781 912.99	
			— 59 192 707.10
			Kr. 77 352 994.70

Reykjavík, 7. júlí 1971.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 21. des. 1970 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Reykjavík, 7. júlí 1971.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur ljósmóður frá Kóngsbakka árið 1970.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári	kr. 46 993.99
2.	Vextir 1970	— 4 405.14
		Kr. 51 399.13

Gjöld:

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 49 197.13
2.	Í vörzlu reikningshaldara	— 2 202.00
		Kr. 51 399.13

Kóngsbakka, 12. apríl 1971.

Haukur Sigurðsson. **Sigurborg Magnúsdóttir.** **Aðalheiður Bjarnadóttir.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1971

31. desember 1971. 497 Nr. 264.

REGLUGERÐ

um raforkuvirki.

1. KAFLI

Verksvið og tilhögun rafmagnseftirlits

1.1 Almenn ákvæði

§ 101 *Lagaheimild, tilgangur*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 1. júlí 1967. Samkvæmt 41. gr. þeirra laga, setur þessi reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru raforkuvirki í farartækjum, svo sem skipum, bifreiðum og flugvélum, enda falli þau undir aðrar eftirlitsstofnanir.

§ 102 *Heiti starfseminnar og framkvæmdastjóra og rekstrarfyrirkomulag*

Eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum orkulaga og þessarar reglugerðar hefur, undir yfirsumsjón Orkustofnunar, Rafmagnseftirlit ríkisins, og nefnist framkvæmdastjóri þess, er ráðherra skipar, rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal rekið sem fjárhagslega sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.

§ 103 *Um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum*

Raforkuvirki, hvort heldur til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárri spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni, að lífshætta eða hætta á heilsutjóni eða eignatjóni geti stafað af, skulu vera þannig úr garði gerð, þannig notuð, þannig við haldið og þannig eftir þeim litið, að hætta af þeim verði svo lítil sem við verður komið.

§ 104 *Réttindi til eftirlits og rannsókna*

Rafmagnseftirlit ríkisins skal ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum, sem það hefur eftirlit með, og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir, er það telur nauðsynlegar, og er eigendum og forstöðumönnum raforkuvirkja skylt að veita því til þess þá aðstoð, er þörf krefur og óskað kann að vera eftir.

B 65

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Rafmagnseftirlitinu er heimilt að kanna tæki og aðra hluta raforkuvirkja hjá verzlunum, framleiðendum og öðrum, er hafa þau til sölu eða undir höndum.

Rafmagnseftirlitið getur hvenær sem er tekið í sína vörzlu eða innsiglað viðurkenningarskyld tæki og aðra hluta raforkuvirkja, sem ekki eru færðir til prófunar í tæka tíð eða ástæða er til að ætla, að notaðir verði án heimildar Rafmagnseftirlitsins.

Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

§ 105 *Skyldur og ábyrgð eigenda og umsjónarmanna raforkuvirkja við Rafmagnseftirlitið*

Eigendum og umsjónarmönnum raforkuvirkja er ávallt skylt að láta Rafmagnseftirlitinu í té allar upplýsingar, er það kann að óska eftir, um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja þeirra, einnig þær upplýsingar, sem óskað er vegna almennrar skýrslugerðar um raforkuvirki.

Eigendum og umsjónarmönnum raforkuvirkja er skylt að tilkynna Rafmagnseftirlitinu tafarlaust um hvert það slys eða tjón (s. s. bruna), er kann að verða af völdum raforkuvirkjanna eða raflagna og tækja, sem notuð eru í sambandi við þau, og gera fulla grein fyrir öllum atriðum, sem þeim eru kunnug og geta skýrt orsök og upptök slyssins eða tjónsins.

Sérhvert raforkuvirki skal vera faglega gert og þannig fyrir komið, að það verði ekki að þarflausu til lýta í umhverfi sínu.

Setning, breytingar og viðgerðir tilkynningarskyldra raforkuvirkja skulu framkvæmdar af sérhæfðum mönnum, er hafa þá kunnáttu til að bera, sem krafizt er með lögum og í þessari reglugerð.

Eigendum og umsjónarmönnum raforkuvirkja er skylt að sjá um, að raforkuvirkjum sé vel við haldið og eftirlit með þeim sé þannig, að þau séu ávallt í samræmi við þær öryggiskröfur gegn hættum og tjóni, sem reglugerðin mælir fyrir um.

§ 106 *Umbætur á eldri virkjum*

Rafmagnseftirlitið getur, er það telur nauðsyn til þess, fyrirskipað umbætur og breytingar á raforkuvirkjum til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja sem fyrir eru, og ber að framkvæma slíkar umbætur eða breytingar tafarlaust að fyrirsögn þess. Það getur bannað notkun virkjanna, þar til fullnægjandi umbótum er lokið.

§ 107 *Kostnaðarberar öryggisráðstafana*

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru, eða

valda því, að hætta eða tjón geti stafað af þeim virkjum. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Rafmagnseftirlitið sker úr öllum ágreiningi um það:

1. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja eða geti valdið því, að hætta eða tjón stafi af þeim virkjum,

2. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum,

3. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og

4. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Rafmagnseftirlit ríkisins getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er það áskilur, eru komnar í framkvæmd.

§ 108 *Greining raforkuvirkja í almenn og sérstæð raforkuvirki*

Raforkuvirki greinast í almenn raforkuvirki og sérstæð raforkuvirki.

